

Skýrslur FSÍ um umhverfismat:

Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Kárahnjúka

Ritstjóri
Adolf Friðriksson



Reykjavík 2001
Fornleifastofnun Íslands

FS135a-00061

© Fornleifastofnun Íslands 2001
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is

Efni:

1. SAMANTEKT.....	4
2. INNGANGUR.....	6
3. UMHVERFISMAT OG FORNLEIFAR.....	6
4. FYRRI RANNSÓKNIR.....	7
5. FORNLEIFAR OG MAT Á ÁHRIFUM FRAMKVÆMDA.....	7
6. NIÐURSTÖÐUR.....	19
7. HEIMILDASKRÁ.....	21
VIÐBÆTIR 1. FLOKKUN MINJA EFTIR HÆTTU- MÖRKUM.....	23
VIÐBÆTIR 2. FORNLEIFASKRÁ.....	28

1. Samantekt

- Safnað var heimildum um fornleifar á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar, og minjastaðir athugaðir á vettvangi.
- Á þessu svæði eru a.m.k. 4000 fornleifar af ýmsu tagi, m.a. bæjarhólar, útihús, garðlög, stekkir, kuml, þingstaðir, vöð, ferjustaðir og þjóðsögustaðir. Með hliðsjón af heildarfjölda minja á svæðinu og umsvif framkvæmda, eru áhrif þeirra lítil.

Mat á áhrifum framkvæmda:

- **Háslón.** Á Háslónsreit eru 107 þekktir minjastaðir og þar af eru 32 staðir sem eru á eða við framkvæmdasvæði. Eru 25 staðir í landi Brúar og á Brúardölum, og þar lenda leifar kláfferju, varða og Sauðárkofi í Háslóni. Á Vesturöræfum eru 7 staðir þekktir og Sauðarkofi þar er á mörkum Háslóns, en aðrir staðir eru ekki í hættu.
- **Inntakslón í Jökulsá í Fljótsdal og Hraunaveita.** Á þessu svæði eru 14 þekktir minjastaðir, þar af 10 á Múla og 4 undir Fellum (afréttarsvæði). Sjónarhólskofi gæti lent undir Kelduárlóni.
- **Laugarfellsveita.** Á svæðinu eru 19 minjastaðir þekktir, en ekki er kunnugt um minjar í nágrenni fyrirhugaðrar veitu úr Grjótá, Hölná, og Laugará.
- **Stöðvarmannvirki í Fljótsdal.** Í nágrenni fyrirhugaðra stöðvarmannvirkja í Fljótsdal eru 71 minjastaður. Flestir eru fjarri framkvæmdasvæðum en Teigshús eru í uppnámi og jafnvel Gamlistekkur.
- **Jökulsá á Dal.** Á svæðinu frá Brú að Héraðsflóa eru 878 staðir. 22 eru á eða nálægt bökkum árinna, en ólíklegt að þeir verði fyrir raski þó rennsli í henni minnki. Ef árfarvegur breytist eða rof í bökkum eykst gætu bæjarstæði á borð við Bæjargerði og Bakkastaði spillst.
- **Jökulsá í Fljótsdal/Lagarfljót.** Á svæðinu frá Valþjófsstöðum að Héraðsflóa eru 1913 staðir. Er þetta helsta hættusvæði hvað minjar varðar enda rennur Lagarfljót um hérað sem hefur verið þéttbýlt um aldir. 217 minjastaðir eru nálægt bökkum Jökulsár og Fljótsins. Fjórðungur er að vísu ferjustaðir og vöð þar sem yfirleitt engin mannvirki eru, en þar eru einnig m.a. leiðir, garðlög, þingminjar, stekkir, heystæði, kuml, útihús, tóftir og leifar býla. Engin forn mannvirki munu verða sýnilega fyrir raski, en í uppnámi eru tóftir á Stekkjartanga, svifferja á Ferjutanga, bæjarstæði Hóls, Hólsvegur á Geirastöðum, tóft á Dratthalastöðum, og stekkir á Ekru, í Kirkjubæ og Húsey.
- **Haugsvæði og námur.** Fornleifar eru ekki á fyrirhuguðum haugsvæðum og námum.
- **Framkvæmdatími.** Ef talið verður nauðsynlegt að láta fornleifar víkja að undangenginni rannsókn, vegna mannvirkja eða fyrirsjáanlegs rofs, þarf að hefja rannsóknir í tæka tíð því fornleifauppgröftur er tímafrekur.
- **Strandsvæði.** Ekki er kunnugt um minjar á strönd Héraðsflóa, en framkvæmdir kunna að hafa áhrif á minjar á nyrstu bæjum. Þeir staðir falla undir áðurnefnd minjasvæði (Jökulsá á Dal og Lagarfljót).
- **Almenn atriði.** Alls eru 282 minjastaðir í næsta nágrenni (>100m) framkvæmdasvæða. 94 staðir eru í 20-100 m fjarlægð og ekki í hættu. 163 staðir eru í innan við 20m fjarlægð en ekki í sýnilegri hættu. 20 staðir eru í uppnámi vegna mögulegra áhrifa af framkvæmdum. 5 staðir munu hverfa.

Um mótvægisáðgerðir:

- Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðaðar. Óheimilt er að spilla fornleifum eða hylja þær. Fornleifar í sérflokki eru friðlýstar.
- Fornleifanefnd getur veitt heimild til þess að fornleifar verði látnar víkja, eða þær huldar og setur skilmála það að lútandi.
- 17 friðlýstar minjar eru á svæðinu öllu, 2 friðlýstir staðir eru nálægt bökkum Lagarfljóts, þ.e. Krakalækjarþing og Freysnes en líklega ekki í uppnámi.
- 5 staðir munu hverfa við rask eða lenda undir lóni. Gera þarf af þeim nákvæma uppmælingu og rannsaka með grefti ef við á, að fengnu leyfi þjóðminjavörslunnar.
- 20 staðir eru í námunda við hættumörk. Æskilegt er að merkja þá með flöggum sem eru nálægt umferð, haugstæðum, efnistöku og öðrum vinnusvæðum.
- 163 staðir eru innan við 20 m frá árbökkum jökulsáanna, fljótsins og öðrum áhrifasvæðum, en eru ekki í sýnilegri hættu. Meðal þeirra eru allnokkrir ferjustaðir og vöð, sem eru fornleifar samkvæmt lögum, en þar eru engin forn mannvirki, og vöð hafa oft breyst í aldanna rás. Því er ekki sýnilegt tilefni til mótvægisáðgerða.
- 94 staðir eru 20-100 m frá árbökkum jökulsáanna, fljótsins og öðrum áhrifasvæðum, en eru ekki í hættu.
- Hafa þarf eftirlit með ástandi þeirra staða sem eru á árbökkum eða þar sem telja má að aukinn vatnsagi eða rof geti valdið minjatjóni.
- Mikilvægt er að skipulag umferðar og efnistöku sem og frávik frá fyrirliggjandi tillögum verði skoðuð með hliðsjón af heildarskrá fornleifa svæðisins.

2. Inngangur

Að ósk Landsvirkjunar gerði Fornleifastofnun Íslands könnun á fornleifum á svæðinu milli Jökulsár í Fljótssdal og á Dal, frá jökli til sjávar. Er verkið liður í mati á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda vegna Kárahnjúkavirkjunar.

Undirbúningur að rannsókninni hófst sumarið 2000 og var heimildum safnað um fornleifar á svæðinu og gerðar vettvangsrannsóknir. Orri Vésteinsson stjórnaði verkinu, en rannsóknir á vettvangi gerðu Adolf Friðriksson, Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Magnús Á. Sigurgeirsson, Margrét Stefánsdóttir og Mjöll Snæsdóttir. Birna vann við kortagerð og úrvinnslu. Adolf Friðriksson tók saman afrakstur vettvangsrannsókna og ritaði þessa skýrslu um verkið.

Í þessari skýrslu er birtur árangur athugana á heimildum og á vettvangi og lagt mat á áhrif framkvæmda á grundvelli þeirra.

3. Umhverfismat og fornleifar

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 17. grein Þjóðminjalaga (nr. 88/1989, sbr. lög með síðari breytingum), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: “Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja.” Auk Þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 einnig yfir verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Er fornleifakönnunin sem þessi skýrsla byggir á unnin í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið með hinni nýju löggjöf.

Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í Þjóðminjalögum (16. gr.) víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja, 100 ára eða eldri, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á. Í lögunum eru gefin allnokkur dæmi, svo sem byggðaleifar, bæjarstæði, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum; einnig vinnustaðir þar sem aflað var fanga, sel, verstöðvar, ból, mógrafir, kolagrafir, gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, gamlir vegir, stíflur, brýr, vöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra; varnarmannvirki; þingstaðir, hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, Þjóðtrú eða Þjóðsagnahefð; áletranir, greftrunarstaðir og skipsflök.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll forn mannvirki í heldur einnig staðir sem á einn eða annan tengjast menningu og atvinnuvegum. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við umhverfismatið, á sama hátt og gert er við almenna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar fornleifanefndar. Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

Algengt er að staðir komi í ljós við vettvangsrannsókn, en ekki fullljóst hvort um fornleifar er að ræða eða ekki. Eru þeir láttnir njóta vafans og færðir á fornleifaskrá, enda

mjög óheppilegt ef minjar finnast við jarðrask í upphafi framkvæmda. Veldur það töfum og kostnaði fyrir framkvæmdaaðila auk þess sem minjastaðir spillast og aðilar fornleifavörslu eru knúin til að gera skyndirannsókn og jafnvel hefja stórfelldan björgunaruppgröft með skömmum fyrirvara.

Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati: Þrátt fyrir ítarlega heimildarkönnun og vettvangsathugun eru fornleifar þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd verði engin hætta á að minjar finnast þar við jarðrask.

4. Fyrri rannsóknir

Fyrstu skipulögðu athuganir á fornleifum á Héraði og í Jökuldal voru gerðar í tilefni af fornleifaskráningu hinnar konunglegu fornleifanefndar í Kaupmannahöfn árin 1817-1823. Sendu sóknarprestar inn stuttar skrár um helstu minjar. Í skýrslum úr Múlasýslum er getið um u.þ.b. 40 minjastaði. eru flestir þeirra meintir haugar fornanna, en það var helsti minjaflokkurinn sem fram kom við fornleifaskráningu á 19. öld. Um miðja öldina safnaði Bókmenntafélagið lýsingum á hverri sókn og þar var sumra þessara staða getið á ný, en fáir nýir bættust við. Er Hið íslenska fornleifafélag var stofnað 1879 hófust reglubundnar fornleifaathuganir víða um land. Tveir afkastamiklir vettvangsrannsakendur úr því félagi, Sigurður Vigfússon fornfræðingur og Daniel Bruun kapteinn gerðu báðir athuganir á Austfjörðum um síðustu aldamót. Frá aldamótum og fram til síðustu áratuga verða skil. Engar skipulegar athuganir voru gerðar, en á árunum í kringum 1930 friðlýsti Matthías Þórðarson þjóðminjavörður nokkra tugi minjastaða sem kunnir voru úr eldri skýrslum.

Er áhugi tók að vakna á ýmsum virkjanamöguleikum á Austurlandi var gerð fornleifakönnun í Fljótsdal. Er hún meðal fyrstu, ítarlegu fornleifaskráa sem þá voru gerðar. Auk hennar gerði Sveinbjörn Rafnsson nákvæma athugun á fornleifum í Hrafnkeldsdal og á Brúardölum.

Almenn fornleifaskráning hófst á Íslandi árið 1994 og á Austfjörðum 1996. Það ár vann Orri Vésteinsson svæðisskráningu fyrir Miðhálandi og safnaði upplýsingum um staði á afréttum ofan byggða, og gerð var aðalskráning í Hjaltastaðaðinghá 1996-1997 og Fellahreppi 1997. Svæðisskráning var gerð fyrir Fljótsdalshérað 1997-1998. Árin 1998-1999 voru loks gerðar athuganir á fornleifum fyrir Landsvirkjun, annars vegar á virkjanasvæði Fljótsdalsvirkjunar og hinsvegar á fyrirhuguðu línustæði Fljótsdalslínu.

Af þessu yfirliti má sjá að töluvert skráningarstarf hefur farið fram á Austurlandi síðustu ár og eru fornleifar þar betur þekktar en víðast annarsstaðar á landinu. Þegar neðangreind athugun hófst var byggt á eldri skráningargögnum, þau yfirfarin og staðir sem næstir eru framkvæmdasvæðum athugaðir á vettvangi að frátöldum fornleifum í Hjaltastaðaðinghá og Fellahreppi, enda liggja fyrir nýlegar og nákvæmar skrár um fornleifar þar.

5. Fornleifar og mat á áhrifum framkvæmda

Aðferðir

Verkið var unnið á eftirfarandi hátt: Fyrirliggjandi heimildir um fornleifar á áhrifasvæði voru kannaðar og tekin saman skrá sem telur 4000 minjastaði. Úr þeirri skrá var unnin sérskrá yfir þær fornleifar sem næstar eru framkvæmda- og áhrifasvæðum. Á þeirri skrá eru hafðar a) allar þekktar hálendisminjar, enda gætu tillögur um veitur, vegi, námur og haugstæði enn tekið breytingum, b) allar þekktar minjar á láglandi sem eru innan við 100 m frá vatnsföllum eða mannvirkjum sem varða framkvæmdirnar.

Mjög ólíklegt er að fornleif sem er um 100 m frá t.d. árbakka Jökulsár á Dal eða Fljótsdal, sé í hættu. Hins vegar dregur nær hættumörkum ef fornleifar eru innan við 100 metra frá ánum og er mikilvægt að hafa það í huga þar sem áhrif framkvæmda á rof í árbökkum og á farvegi eru ekki að öllu leyti fyrirsjáanleg. Minnt er á að griðamörk fornleifa eru samkvæmt reglu 20 metrar.

Hálslón

Minjasvæðið nær frá Brúarjökli að Brú, milli Vesturdalsár og Hölnár. Flestar minjarnar eru á Brúardölum og Vesturöræfum. Minjar á Brúaröræfum liggja utan svæðis. Á Hálslónsreit eru 107 þekktir minjastaðir. Þar af eru 24 staðir í landi Brúar, 16 á Brúardölum, en 7 á Vesturöræfum, 31 minjar eru í landi Aðalbóls og 29 á Vaðbrekku.

Aðalból. Í landi Aðalbóls eru 31 minjastaður, en allir fjarri framkvæmdasvæðum utan einn. eru það 2 fornar tóftir (NM-130:022) undir Smjörtungufelli, við Dysjarárgil þar sem heitir Hnitasporður. eru þær ekki í sýnilegri hættu.

Vaðbrekka. Í landi Vaðbrekku eru 29 staðir, og 4 þeirra eru nærri Jökulsá en ekki í hættu. Er það kumlstaði (NM-129:007), á svonefndu Reykjasesli. Þar hafa menn einnig talið vera leifar sels NM-129:008), en leifar þess hafa ekki fundist. Utan við Reykjasel eru leifar Bakkastaða (NM-129:006) sem sléttað hefur verið yfir. Við ós Hrafnkelu heitir Gerðishöfði (NM-129:013) og utar heitir Teigur. Hafa menn talið að leifar býlis væri að finna í Gerðishöfða, en þær hafa ekki fundist. Hinsvegar eru litlar heytóftir frá þessari öld í Teignum. Engir þessara staða eru í hættu.

Brú. Í landi Brúar eru 24 staðir, og þar af eru 3 í eða við Jöklu. Kláfferja (NM-122a: 011) var þar sem síðar var byggð járnbitabrá á Jöklu, undan bænum á Brú. Leifar fornbylisis Steingrímsstaða (NM-122a:018) standa á vesturbakka Jöklu, um 2 km frá Brú. Þar eru mannvistarleifar allt frá 12. öld. Roef er í minjastaðinn við ána og eru þær í hættu vegna þess, en minna vatnsmagn í ánni mun tæpast spilla staðnum. Vað er á Jökulsá við Kálfseyri, og heitir Kálfseyrarvað (NM-122a:021). Vöð eru samkvæmt lögum fornleifar. Mun vaðið eflaust breytast við minna vatnsmagn í Jöklu.

Aðrir staðir (NM-122a:001-010,012-017,019-020 og 022-024) standa fjær árbökkum og eru utan áhrifasvæðis.

Brúardalir. Á Brúardölum eru 22 staðir, og eru 21 við Jöklu og aðrar ár sem Háslón tekur af. Þeir staðir sem eru í uppnámi eru í Sauðárdal og við Sauða, og lenda líklega allir í Háslóni. eru það hlaðnir grjótstöplar undir kláfrátt (NM-122b:016 og 022) skammt neðan við foss (30m) sem er í Sauða (sjá myndir 1 og 2). Um 200 m ofan við fossinn, og um 30 m frá bakka Sauðar stendur varða (NM-122b:019) á blásnum mel. Þar nálægt er sæluhús, Sauðárkofi (NM-122b:009), sem fannst ekki við vettvangsathugun, en þessir staðir munu einnig fara undir lón.

Á árbökkum Laugarvallaár, Reykjarár og Jökulsár eru allnokkrir staðir. Við Reykjará eru leifar Múlakots (NM-122b:001) og Litlasels (NM-122b:015), hleðslur undan kláfferju sem var yfir ána (NM-122b:020) og vað (NM-122b:021) var um 200 m ofan við ármót Reykjarjár og Jöklu.





122b:016).

Ekki eru þessir staðir í sýnilegri hættu.

Á bökkum Jökulsár eru leifar Brúarsels (NM-122b:002), Ytri-Garða (NM-122b:003), Fremri-Garða (NM-122b:004), Geithúss (NM-122b:005), fjárskýlis hjá Trogsnesi (Fossnesi) (NM-122b:006), Hallar (NM-122b:007), og mannvirki utan við Hreindýrsmel (NM-122b:014). Ekki eru þessir staðir í hættu. Rétt er að nefna að staðsetning Fremri-Garða og Hallar er óviss og Geithús eru líklega þegar horfin í ána.

Við Laugarvallaá eru leifar Hringstaða (NM-122b:010), Laugarvalla (NM-122b:011), Laugarvallaskála (NM-122b:012), Laugarvallaskúta (NM-122b:008) og þar er tóft (NM-122b:017) sem gæti verið leifar af myllu. Út á nesi í ána, um 1,5 km utar en Laugarvellir er einnig tvær tóftir (NM-122b:018). Ekki eru þessir staðir í hættu.

Mynd 2: Hleðsla undan kláfi (NM-122b:022).



Mynd 3: Sauðakofi (NM-167e:002) í forgrunni, nýrra hesthús fjær.

Vesturöræfi. Á Vesturöræfum eru 7 þekktir staðir, og þar af er 1 í uppnámi: Sauðakofi (NM-167e:002) sem er sæluhús er stendur rétt norðan Sauðár stendur skammt frá mörkum Háslóns (sjá mynd 3). Miklar fornleifar eru á Glúmsstaðaseli (NM-167e:003) og Þuríðarstaðaseli (NM-167e:004) en þau eru í samnefndum dölum inn af Hrafnkeldsdal og ekki í sýnilegri hættu. Gert er ráð fyrir

aðkomugöngum undir Tungu, en gangnamunninn er austan Glúmsstaðadalsár og ósennilegt að haugstæði við göngin ógni minjunum vestan ár.

Herjólfshaugur (NM-167e:005) er talsvert utan lónstæðis og Einarsvarða (NM-167e:006) er fjarri athafnasvæðum. Á Vesturöræfum eru tveir staðir sem ekki verða staðsettir. Annars vegar er það Grjótteigssel (NM-167e:007) sem á að vera nærri Grjótteigsá og Einarsvörðu, en það hefur enginn fundið, og hins vegar meint dys við Dysjará (NM-167e:001). Má vera að örnefnið *Dysjará* í örnefnaskrá vísi til þess að þar hafi verið dys, en á Herforingjaráðskorti er þetta örnefni haft Desjará.

Samantekt. Á Háslónsreit eru 107 þekktir minjastaðir. Fimm staðir munu hverfa í lónið. 20 staðir eru við árbakka en ekki í sýnilegri hættu. Aðrar minjar liggja fjær.

Inntakslón í Jökulsá í Fljótsdal og Hraunaveita

Minjasvæðið nær frá Eyjabakkajökli að Djúfjallum og Grenisöldum. Á svæðinu eru 14 þekktir minjastaðir, þar af 10 á Múla og 4 undir Fellum (afréttarsvæði). Sjónarhólskofi (NM-167c:010) gæti lent undir Kelduárlóni (sjá mynd 4). Eyjafellskofi (NM-167c:009) og Hrakstrandarkofi (NM-167c:007) virðast ekki vera í uppnámi.

Laugarfellsveita

Minjasvæðið er á Fljótsdælaafrétt (NM-167d) og nær frá Snæfelli norðan, að Laugará, milli Hölknár og Jökulsár í Fljótsdal. Á Fljótsdælaafrétt er kunnugt um 19 fornleifar. Ekki er kunnugt um minjar í nágrenni Grjótár, Hölknár, og Laugarár, en vakin er athygli á eftirtöldum stöðum: Laugakofi (NM-167d:002) innan við Laugará, Hálskofi (NM-167d:003), á mótis við Þóriseyjar í Jökulsá, grjóthleðsla (NM-167d:005) um 70 m sunnan við Hafursárfoss austan Snæfells, og vörður Aðalbólsvegar (NM-167d: 006) liggja um þvera afréttina milli Kleifar í Fljótsdal og Aðalbóls í Hrafnkelsdal.



rústina standa Þórhallur Björgvinsson

Mynd 4: Sjónarhólskofi (NM-167c:010). Við

og Viðir Sigbjörnsson.

Stöðvarmannvirki í Fljótsdal

Minjasvæðið markast af Teigsbjargi og niður að Jökulsá í Fljótsdal. Í nágrenni fyrirhugaðra stöðvarmannvirkja í Fljótsdal eru 71 minjastaðir. Flestir eru fjarri framkvæmdasvæðum og ekki er kunnugt um staði í miklu uppnámi. Teigshús og Gamlistekkur eru við fyrirhugað stöðvarhússtaði, sjá Valþjófsstað í kaflanum um Fljótsdal.

Jökulsá á Dal

Minjasvæðið nær frá Brú/Eiríksstöðum að Héraðsflóa, beggja vegna Jökulsár á Dal. Á svæðinu eru 878 staðir. eru þetta einkum landbúnaðarminjar af ýmsu tagi í grennd við bæina. Á ystu jörðunum (frá Ketilsstöðum til Hlíðarhúsa) eru 117 minjastaðir, en þeir eru langt frá Jökulsá. Er sunnar dregur þrengist dalurinn sem áin rennur um og nokkrir minjastaðir eru á eða við bakkann.

Á Hnitbjörgum eru 10 fornleifar þekktar. Vað (NM-106:007) var þar sem Bæjarkvísl er við Jökulsá, en nú er þar stór varnargarður. Ferjustaður var við s.k. Ferjuklöpp (NM-106:011) sem er beint suður af bænum.

Á Sleðabrjóti eru 45 þekktar fornleifar. Þær eru flestar fjarri ánni en þar eru (um 2km inn frá Sleðbrjót) leifar Bæjargerðis (NM-107:017) á sjálfum árbakkanum. Rof er í bæjarhólinn og sjást hleðslur og bein í því þegar lítið er í ánni. Minna rennsli í ánni mun líklega stuðla að verndun staðarins. Æskilegt væri þá einnig sá í sárið og varðveita þannig minjarnar. Sömu sögu er að segja um Bakkastaði (NM-107:026) rétt utan Ekkjulágar, um 1.5 km NA af bænum og um 60 m frá Jöklu. Áin er að brjóta bæjarstaðið og uppblástur er að granda því. Sést hafa mannvistarleifar í árbakkanum. Skammt utan við Ranabakka heitir Ferjulág (NM-107:023), þar var eyri sem siglt var frá en hún er nú óðum að hverfa. Þar er einnig skarð í bakkann þar sem ferjan var tekin upp. Skammt norðar er Ytri-Ferjulág (NM-107:046).

Á Surtstöðum eru 35 fornleifar, og þar er gamall ferjustaður sem heitir einnig Ferjulág (NM-110:020), rétt SV heimreiðar, er þar skarð í árbakkann.

Á Hallilsstöðum eru 28 fornleifar. Þar er örnefnið Kolagrafarhraun (NM-111:021) niður við ána, en ekki sést til kolagrafa og heimildamönnum er ekki kunnugt um að þær hafi verið sýnilegar þar fyrr á öldinni.

Á Hrafnabjörgum eru 32 fornleifar. Rétt utan við Arnarmel er Svarðarklettur (NM-112:024) niður við ána, og svarðargrafir eru þar neðan við túnið.

Á Fossvöllum eru 17 fornleifar. Niður af Mó, innan við Laxárós eru leifar af seli, Leyningsgerði (NM-113:002). Eru tóftirnar um 60 m frá árbakka Jökulsár. Nokkuð fyrir innar Leyningsgerði er stekkjartóft (NM-113:005) og stendur skammt frá ánni. Undir Jökulsárbrú eru hleðsluleifar eldri brúar (NM-113:016). Á svæðinu frá Haukastöðum að Eiríksstöðum eru 281 fornleif, en landslagi hagar svo til að þær eru talsvert fjær árbökkum en þær minjar sem að ofan eru nefndar. Um fornleifar hjá Brú og á Brúardölum hefur áður verið fjallað.

Nú skal vikið að minjum austan Jökulsár. Syðst, frá Teigi (sem áður er nefndur), skammt norðan ósa Hrafnkelu, norður að Gili (NM-123-126b, NM-179) eru 172 fornleifar, en eins og vestan megin eru minjarnar fjarri árbakkanum á þessu svæði. Utan við Gil gegnir öðru máli.

Á Stórabakka (NM-075) eru 30 fornleifar. Bæjarstæðið (NM-075:001) er um 100 m frá Jökulsá. Þar var túngarður (NM-075:003) og stóðu Bakkahús (NM-075:004), Bjarnakofi (NM-075:005), Tvígarðahús (NM-075:006) og Austurhús (NM-075:007) á árbakkanum. Leifar Bakkahúss og Bjarnakofa hafa líklega þegar horfið við landbrot árinna en hinir staðirnir tveir eru í hættu vegna þess. Um 20-30 m frá bakkanum eru einnig útihúsaleifar (NM-075:008-009) sem hafa verið sléttaðar. Á árbakkanum var varða (NM-075:025) á merkjum milli Stórabakka og Litlabakka en hún er horfin.

Í landi Blöndugerðis (NM-076) eru 23 minjar. Þar hafa fundist leifar kumls (NM-076:015) við vegagerð hjá brúnni yfir Jökulsá, en svæðið er mjög raskað. Þó gætu þar leynst fleiri kuml og austan við veginn þar hjá hafa fundist mannabein (NM-076:023). Tóft (NM-076:024) er í gilskoru utan við brúna.

Á Litlabakka (NM-077) eru 35 fornleifar. Á Hagholti sem er 1,5 km norðan við bæinn er garðlag (NM-077:011) sem liggur 20 m frá bakka Jökulsár. Á holtinu er einnig landamerkjavarða (NM-077:012), um 100 m frá ánni. Nokkru innan við holtið er stekkjartóft (NM-077:025), 50 m frá árbakka.

Á Hræreklæk eru 39 fornleifar. Þar er stekkjartóft (NM-078:021) utan við Forvaðshöfða, tæpa 100 m frá ánni.

Á Galtastöðum ytri eru 14 fornleifar. Þar var ferjustaður við Ferjuholt (NM-079:006) en áin hefur brotið landið og staðurinn þar sem ferjan var dregin upp er horfinn. Skammt utan við holtið er stekkjartóft (NM-079:007).

Samantekt. Á svæðinu eru 878 minjar. 22 minjar eru á bökkum Jökulsár og eitt vað er í ánni. Aðrir staðir eru ekki í uppnámi og ólíklegt er að þessar minjar verði fyrir raski þó rennsli í ánni minnki. Landbrot hefur verið mikið og talsvert af minjum horfið við það. Ef sýnt þykir að landbrot aukist á stöðum þar sem minjar eru, er nauðsynlegt að leitast við að hlífa minjunum eða fjarlægja að undangenginni rannsókn. Líklegra er þó að minna rennsli í ánni hafi jákvæð áhrif og dragi úr minjaeyðingu vegna rofs á svæðinu.

Jökulsá í Fljótsdal og Lagarfljót

Minjasvæðið nær frá botni Norðurdals að Héraðsflóa. Á svæðinu eru 1913 staðir. Er þetta helsta hættusvæði hvað minjar varðar. 217 staðir eru nálægt bökkum árinna og fljótsins. Eru það m.a. ferjustaðir, vöð, stekkir, heystæði, garðlög, útihús, tóftir, og einnig leifar býla (t.d. Hóll) sem eru í uppnámi. Lýsingin hefst við Héraðsflóa vestan Lagarfljóts.

Húsey er ysti bærinn á Héraðssandi og þar eru 35 fornleifar. Leifar Fremrasels (NM-099:019) eru skammt frá Jökulsá á Brú og liggja um 2 m hærra en yfirborð árinna. Milli

Fremrasels og bæjar, austan við Langakíl, eru tóftir Ytrasels (NM-099:023). Um 1 km vestan við Lagarfljót eru Hólmatættur (NM-099:026) sem eru leifar af beitarhúsum. Við Hólsbug í Lagarfljóti sem er nálægt merkjum milli Húseyjar og Geirastaða var ferjustaður (NM-099:029), og annar sem nefndur er Flutningur (NM-099:031) um 600 m austan við Húseyjarbæ, en engin mannvirki eru þar sýnileg. Utan við Hólsbug er Stekkjarbugur; þar eru ekki glöggar tóftir, enda landið mjög þýft en þessi staður er næstur Fljótinu og því í uppnámi (NM-099:030).

Á Geirastöðum eru 19 fornleifar. Hólsvegur (NM-098:010) er bein, ógróin reiðgata sem liggur frá Hólsvaði í átt að ferjustaðnum, og er skammt austan Draga, er hann lítillaga hærra en yfirborð fljótsins. Ferjustaður (NM-098:014) er Geirastadamegin við Kvíslina, en þar eru engin mannvirki. Tóft (NM-098:016) af beitarhúsum er sunnan við Kílinn, um 100 m frá fljótsbökkum, sem eru hér mjög lágir og flatir.

Í Gunnhildargerði eru 61 fornleif þekkt. Garðlag (NM-096:011) er á merkjum móti Nefbjarnastöðum, og sér votta fyrir gömlum merkigardi niður yfir blána á milli bæjanna. Fljótið er um 30m austan við garðsendann og hallar landið með litlum bratta niður að því. Innan við svokallaða Bakka sem eru við Lagarfljót eru leifar beitarhúsa (NM-096:012) með litlum túnbleðli í kring, um 120 m frá fljótinu. Innan við beitarhúsatóftirnar er Smiðjuhóll, sunnan í honum eru tvær tóftir og gæti önnur þeirra verið leifar smiðju (NM-096:013). Niður af Smiðjuhól er melhryggur sem liggur meðfram Fljótinu og heitir Rimi. Þar var ferjustaður (NM-096:014 og 059) og bás í bakkann fyrir ferjuna. Götur (NM-096:058) liggja frá Ásnum niður Rimann sunnan við Smiðjuhólinn að ferjustaðnum við fljótið.

Á Kirkjubæ (NM-095) eru 55 fornleifar. Er stekkjartóft (NM-095:017) á norðurbakka Þorsteinsgerðislækjar þar sem hann rennur í fljótið. eru 10 m frá stekknunum að fljótinu. Svarðarlág, einnig nefnd Mógil (NM-095:023) er við fljótsbakkann, sunnan Kýrhöfða, en þar eru engin sýnileg merki mógrafar. eru báðir þessir staðir í uppnámi.

Í lítilli vík innan við Hólmann í Lagarfljóti er ferjustaðurinn (NM-095:029) *Yztiflutningur*. Þar eru engin mannvirki sýnileg. Tveir aðrir ferjustaðir, Miðflutningur (NM-095:030) og Innstiflutningur (NM-095:031) eru rétt innan við fremri Dýjalág. Þessir staðir eru beint á móti Lagarfossvirkjun og hefur fljótið mikið breyst vegna hennar. Því er erfitt að staðsetja ferjustaðinn nákvæmlega og mannvirki ekki sýnileg. Við Fossvík hjá Lagarfossi, um 150 m frá fossinum, eru leifar gamals býlis, Fossgerði (NM-095:032). Garðlag (NM-095:044) liggur á merkjum móti Gunnhildargerði, frá Vörðuhlíð að Lagarfljóti. Er austurendi þess um 100 m frá fljótinu.

Á Litla Steinsvaði eru 14 þekktar fornleifar. Bærinn stendur skammt frá fljótinu og eru því um helmingur minjanna í uppnámi vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Forn merkigardur (NM-087:002), víða útflattur eða rofinn, liggur á merkjum móti Kirkjubæ, frá Lagarfljóti í Búðarlækjarfoss. Gamlar götur (NM-087:005) liggja milli Gjáakletta við fljótið. Tóft af myllu (NM-087:011) var í læk ofan við Mylluvík við fljótið, en hún er ekki sjáanleg nú. Framan við Mylluvík er Ferjutangi og þar var lögferja (NM-087:012). Þar stendur enn steypur stöpull (frá 1905) á suðurodda tangans (gegnt samnefndum tanga austan megin) og eru það leifar dragferjunnar yfir fljótið (sjá mynd 5). eru ferjuleifar í uppnámi. Á Ferjutanga eru einnig miklar kolagrafir (NM-087:013). Gamall vörslugarður (NM-087:015) liggur úr Mylluvík í norður, að mestu hlaðinn úr steinum.



Mynd 5: Ferjustöpull (NM-087:012)

Á Straumi (NM-086) eru 22 fornleifar. Gamli bæjarhólinn (NM-086:001), og fjósið (NM-086:012) sem stóð við bæinn, eru nærri fljótsbakkannum. Skammt sunnan við bæinn er blásið holt og þar fannst kuml (NM-086:002), á smábungu við fljótið. Við rannsókn kom í

ljós að a.m.k. 4 einstaklingar hafi verið heygðir þar. Staðurinn hefur verið sléttaður að hluta, en ljóst er að þarna er kumlategur og eins víst að fleiri kuml leynist í hólnum. Að vísu er fljótsbakkinn á þessu svæði er hár, en aukið landbrot gæti spillt minjastaðnum. Gerði (NM-086:007) var afbýli og stóð annaðhvort á túnjaðrinum þar sem heitir Gerði eða þar sem síðar stóðu beitarhús og heitir einnig Gerði og er austan þjóðvegur milli Bæjartjarnar og fljótsins. Þar sjást óljósar húsaleifar. Austan við bæinn, alveg á fljótsbakkanum er hár hóll, og þar á er tóft (NM-086:011). Gamall merkigjarður (NM-086:014) lá á merkjum móti Litla-Steinsvaði, frá Álftavatni í Merkivík við Lagarfljót. Ekki sést hann neðan (austan) þjóðvegur og að fljótinu. Annað garðlag (NM-086:015), líklega náthagi, skammt innan við merkin, við suðurenda Hagavatns og þaðan í austur að fljótinu. Á brekku sem heitir Kinn, skammt frá bænum og beint norður af Bæjartjörn voru fjárhústóftir sem hafa verið sléttáðar, kölluð Kinnarhús (NM-086:017). Austast í kinninni voru fjárhústóftir sem einnig hafa verið sléttáðar, Lambhús (NM-086:018). Inn á Fljótsmóum sem eru innan við Bæjartjörn heitir Smiðjubotn (NM-086:020) og þar gæti hafa staðið smiðja en engin ummerki eru um það og óvíst er að þessi vísbending sem örnefnið óneitanlega felur í sér sé rétt. Þó man heimildamaður eftir tóftum sem stóðu í suðurenda Smiðjubotns, þ.e. við fljótið.

Á Heykollsstað (NM-084) sem var hjáleiga Rangár eru 25 fornleifar. Þar á meðal er einn merkasti minjastaðurinn á bökkum Lagarfljóts, en það eru leifar Krakalækjarþings (NM-084:004), vorþingstaðar frá söguöld sem er rétt norðan Krakalækjar og við Þinghöfða við fljótið. Þar eru um 20 tóftir (þingbúðir?), flestar í suðurhlíð Þinghöfða, og um 20 m frá fljótinu. Staðurinn var friðlýstur (sem kvöð á Vífilstaði) af þjóðminjaverði 1930. Á þingstaðnum og í nágrenni hans eru kolagrafir (NM-084:005 og 026) hér og þar. Garðlag (NM-084:012) er á merkjum á móti Straumi, frá Lagarfljóti og upp yfir Fljótsmóa, hleðslur hafa sigið mikið og rof eru í þær víða, ekki síst niður við fljótið.

Á Vífilsstöðum (NM-083) eru 30 fornleifar þekktar. Þar er tangi út í fljótið sem heitir Ferjutangi (NM-083:019) og var væntanlega ferjustaður en engin forn mannvirki sjást þar. Niður við fljótið er Hagagjóta sem stundum er einnig kölluð Stekkjarlág og þar á að hafa verið stekkjartóft (NM-083:022), en hún fannst ekki og heimildarmaður kannast ekki við það, enda hefur landið verið plægt og tóftin horfin. Rétt er að nefna hér einnig að í Þorsteins sögu hvíta er nefndur bærinn Krakalækur. Ekki er vitað nú hvar hann stóð.

Dagverðargerði (NM-085) var hjáleiga frá Rangá, þar eru 40 fornleifar þekktar. Í Dagverðargerðisnesi niður við fljótið eru kolagrafir (NM-085:008) og leifar af flóðgörðum, s.n. Þórarinsgarðar (NM-085:009) sem fljótið brýtur af. Forn merkigjarður (NM-085:013) var á merkjum móti Rangá, frá fljóti og vestur, en er nú ógreinilegur. Í nesinu er einnig Þvergarður (NM-085:031), gamall merkigjarður norðan bæjarins, og er hann ógreinilegur. Austan í Höfða er Höfðahvammur og þar eru kolagrafir (NM-085:032) og tóftir (NM-085:033) sem eru um 100 m frá fljóti, en nesið er mjög lágt. Utan við hvamminn og fjær fljótinu (200m) er stekkjartóft kölluð Gamli stekkur (NM-085:034). Sunnan við Dagverðargerðisnes var ferjustaður (NM-085:041) en þar eru engin mannvirki sýnileg. Heytóft (NM-085:043) er um 150m sunnan við bæinn, um 130 m frá fljóti.

Á Rangá (NM-082) eru 36 fornleifar þekktar. Ferja var á litlum tanga út í fljótið sem nefnist Ferjubakki (NM-082:006) og er neðan við Silungatjörn, og Rangárvað (NM-082:005) þar hjá. Stíflugarður (NM-082:024) er í um 30 m löngu skarði sem er í Mógarði, náttúrulegur garður sem liggur frá Ytrakýl að Fremrigróf. Á Mógarði, skammt utan við Stífluker eru leifar af heystæði (NM-082:025), nú ógreinilegar.

Á Urriðavatni (NM-137) eru 35 þekktar minjar. Þar eru nokkur forn mannvirki í hættu: Þorgerðarstaðir (NM-137:013) eru á Fljótsbakkanum, suðaustan við bæinn. Náthagi (NM-137:015), hlaðinn úr torfi og grjóti er á bakkanum ögn sunnar. Á milli Þorgerðarstaða og Álfhöfða er um 100 m langt garðlag (NM-137:034) sem liggur frá vík við fljótið og til

vesturs. Rof er í hleðslum nátthaga og þessa garðs. Framundan bænum á Urriðavatni eru þrjú vöð á Fljótinu: Ranavað (NM-137:018), Gerðisvað (NM-137:019) og Þórðarvað (NM-137:020). Við Fljótsbakkann er örnefnið Álfhöfði, einnig kallaður Álfhöfði og um hann eru til skráðar sagnir þar sem hann er álitinn vera huldufólksbústaður (NM-137:021).

Skógargerði (NM-138) var hjáleiga frá Urriðavatni og þar eru þekktar 37 fornleifar. Sjálfur bæjarhóllinn er rúma 100 m frá fljótsbakkannum og því ekki í hættu, en við bakkann eru þrjú forn mannvirki: Tóftir (NM-138:019) eru norður af Hrafnakletti. Suður af henni er Brúarkelda og þar er hlaðin brú yfir kelduna (NM-138:027). Á milli þessara staða er enn hringlaga, lítil tóft (NM-138:035), og um 20 m frá Fljótinu. Auk þessa er Skógargerðisvað (NM-138:031) framanvert við Skógargerðiseyri við Lagarfljót.

Í Ekkjufelli (NM-140) eru 33 þekktir minjastaðir. Nokkur forn mannvirki eru nálægt fljótsbökkum. Norður af Freysnesi við Lagarfljót er stekkjartóft (NM-140:024). Í Freysnesi eru meintar leifar þingstaðar og Goðatættur (NM-140:013), eru þetta friðlýstar minjar. Sunnar, þ.e. syðst í landi Ekkjufells, á milli Fljótsins og Víkurkletta eru leifar Bakkasels (NM-140:017) og tóftir beitarhúsa sem kölluð voru Víkurhús (NM-140:032). Norður af Víkurhúsum blés upp kuml (NM-140:020) úr heiðni. Má vera að þar leynist feiri heiðnar grafir. Ferjustaður var við Ferjusteina (NM-140:027) og ullarþvottastaður var á Ullartangi (NM-140:028) við Fljótið.

Í Ekkjufellsseli (NM-141) eru 11 þekktar fornleifar. Tóftir fjárhúsa og heytófta, Selhús (NM-141:004) eru austan á Selásum en þó ekki við fljótið. Á fljótinu er vað sem kallað er Einhleypingur (NM-141:007) og sagnir um að Grímur Droplaugarson hafi synt eða vaðið yfir fljótið á þessu vaði eftir vígið á Helga Ásbjarnarsyni.

Á Setbergi (NM-143) eru 30 fornleifar þekktar. Engin forn mannvirki eru við bakka Lagarfljóts, en ferjustaður var við Setbergsklöpp (NM-143:022). Upp af honum er Kolaás og þar kunna að hafa verið kolagrafir (NM-143:021).

Á Meðalnesi (NM-144) eru 37 fornleifar þekktar. Myllutóft og aðveituskurður (NM-144:011) eru í Þorleifarárhvammi við fljótið. Þar er einnig stekkjartóft (NM-144:015).

Á Hreiðarsstöðum (NM-146:001) er gamli bæjarhóllinn um 40 m austan við núverandi íbúðarhús og um 100 m frá Fljótinu. Um 70-80 m utar er tóftarbrot (NM-146:018).

Á Ormarsstöðum (NM-147) eru 27 þekktar fornleifar. Tóft af stekk ásamt garðlagi og annari óglöggri tóft hjá (NM-147:011) eru um 20 m frá fljótsbakka.

Á Ási (NM-149) eru 36 þekktar fornleifar. Gamli bærinn stóð á litlum tanga sem gengur út í Lagarfljót en bæjarhóllinn (NM-149:001) er ekki í uppnámi. Á hlaðinu var og er einnig kirkja (NM-149:002) og fjárhústóftir, s.k. Hólhús (NM-149:003) eru í bæjartúninu, um 80 m frá fljóti. Sunnan við bæ liggur mikill grjótgardur (NM-149:020 og 030) og í góðu ástandi úr Leginum og upp skriðuna í Klifsenda fremri. Syðst í landinu, inn með Klifunum við fljótið er gata (NM-149:025) og hún er upphlaðin á köflum.

Á Hofi (NM-150) eru 31 þekktar fornleifar. Við Fremstatanga norðaustan við bæinn og rétt ofan við fljótið, var nátthagi (NM-150:011), nú sléttur út. Í túnjaðrinum norðan við bæinn og um 50 m frá fljóti er bútur af fornum túngarði (NM-150:008). Bæjarstæðið stendur mjög nálægt fljótinu. Um 20 m frá fljóti og innan gamla túnsins er Lambhúshóll (NM-150:004) og þar voru útihús er hafa verið sléttuð. Ögn norðar og um 15 m frá fljóti stóð hesthús og hlaða, Blómsturvallakofi (NM-150:005) en húsin hafa verið sléttuð.

Á Skeggjastöðum (NM-151) eru 34 fornleifar þekktar. Norðarlega í landinu, við fljótsbakkann er tóft af rétt (NM-151:031), hlaðin úr grjóti. Sunnar með fljótinu, fram af Torfdal, er tóft (NM-151:017) af stekk. Önnur stekkjartóft (NM-151:021) er suður við Teigará, um 80 m frá bakka Lagarfljóts. Einnig er ferjustaður frá öndverðri öldinni við Ferjuklöpp (NM-151:030).

Í Hrafnsgerði (NM-153) eru 23 þekktar fornleifar. Tvær tóftir, kallaðar Gamli stekkur

(NM-153:013), eru ofan við Mófríðarhamar við Fljótið.

Á Arneiðarstöðum (NM-177) eru 50 þekktar fornleifar. ASA af bæ, við fljótið, er tóft (NM-177:015) sem er hálfgrafin inn í brekku og mun hafa verið naust. Tæpa 30 m suðvestan við naustið er jarðbrú (NM-177:016) yfir lind, sem talin er vera manngerð samgöngubót. Óglögg tóft af rétt (NM-177:030) er í gildragi utan og neðan við túnið, skammt frá fljótinu. Náthagi (NM-177:031) var nálægt gili sem er sunnan túns en ekki sést til hans lengur. Alveg niður við fljótið er Ærhúslág (NM-177:033) en engin tóft af fjárhúsum sjáanleg og óvíst hvort örnefni þetta sé traust vísbending um að þar hafi staðið hús. Hins vegar er þar garðlag (NM-177:034) og liggur það samsíða fljótinu, um 40 m leið. Um 50 m frá fljótinu eru beitarhúsartóftir kölluð Stekkhús (NM-177:036). Um 400 sunnar eru aðrar beitarhúsatóftir, Parthús (NM-177:042), sem eru 50 m frá fljóti.

Í Geitagerði (NM-178) eru 19 fornleifar þekktar. Náthagi (NM-178:016) með grjótgarði er á fljótsbakkanum, í norðaustur frá bænum. Út undir merkjum, í kletti við fljótið er Rauðihellir, lítill hellisskúti, stundum nefndur Grímshellir (NM-178:017) og eru ágiskanir um að Grímur Dropi hafi dvalið þar. Sunnan Frammýra, í suðaustur frá bænum og um 40 m frá fljóti er klettur sem nefnist Stekkjarklettur og þar vottar fyrir tóft (NM-178:020). Í Skipavík (NM-178:019) var lending vélbáta í upphafi 20. aldar.

Á Brekkugerðishúsum (NM-176) eru 12 fornleifar þekktar. Í Húsateig sem er milli lækja niður við Fljótið er gróin tóft, Fornistekkur (NM-176:006). Niður við fljótið, nánast beint niður af Brekkugerðishúsum er tóft af nausti (NM-176:011). Við Geitagerðismörkin, þar sem Marklækur rennur í Fljótið heitir Húsatangi, samkvæmt þjóðsögunni á Lagarfljótsormurinn að vera þar bundinn. Þar kunna að hafa staðið e.k. hús, en engin ummerki eru sjáanleg á yfirborði.

Í Brekkugerði (NM-175) eru 28 þekktar fornleifar. Vörslugarður úr stórgrýti (NM-175:010), töluvert hruninn, liggur frá Fljótinu og upp að klettum neðan vegar. Niðri í Bökkunum við Fljótið er óglögg tóft af stekk (NM-175:019). Skipabotn (NM-175:020), er vík við Fljótið, framan við Brúarlæk, og var líklega ferjustaður. Engin mannvirki sjáanleg.

Á Brekku (NM-174) eru 25 þekktar fornleifar. Greinilegar götur (NM-174:010) liggja frá norðri til suðurs rétt austan við grjóthlaðinn náthaga og Brekkustekki (NM-174:012) sem standa niður við Fljótsbotn, um 100 m frá Fljóti. Áveita (NM-174:013) var úr Hengifossi, sem kölluð var Stóralón, um 100 m frá Fljóti, en er nú að mestu ónýtt. Tóftir Fljótshúss (NM-174:015), vöruskemma fyrir áætlunarferðir á f.hl. aldarinnar stendur við Fljótsbotn. Grjótgarður liggur frá Fljótinu og að gilinu (NM-174:017) ofan rafstöðvar. Út við Brekkulækjarós er steypur grunnur Bátshúss (NM-174:016) þar sem áætlunarbáturinn mun hafa verið geymdur.

Á Hamborg (NM-173) eru 28 þekktar fornleifar. Áveitugarðar (NM-173:016) eru sunnan við Hamborgartanga í Lagarfljóti. Mjög óljósar þústir eru á Hamborgartanga, kallaðar Leikskálar (NM-173:017). Þær gætu verið leifar af áveitu, en þjóðsögur hafa fyrir samkomustað Fljótsdæla í fornöld og bæ. Skálavað (NM-173:018) svokallað er sagt hafa verið þar stutt frá. Garðlag (NM-173:023), ljóslega áveitumannvirki liggur frá fljóti og upp, neðan við bæinn Eyrarland. Einnig eru áveitugarðar (NM-173:024) meðfram Ferjukíl (NM-173:025), þar sem væntanlega hefur verið lent þegar ferjað var frá Hrafnkelsstöðum.



junar

Á Melum (NM-172) eru 20 þekktar fornleifar. Áveitugarður (NM-172:015) er við Fljótið suðaustur af bænum.

Í Bessastaðagerði (NM-171) eru 8 þekktar fornleifar. Áveituskurðir og hleðslur (NM-


171:005) eru á nesinu niður af bænum Litlu-Grund.

Á Skriðuklaustri (NM-169) eru 30 þekktar fornleifar. Reisulegir áveitugarðar (NM-169:009) hlaðnir úr torfi eru á Klausturnesi. Upp frá

Mynd 6: Teigshús (NM-167:015).

Klausturtanga, innan við Álana er garðlag (NM-169:013) og um 370 m sunnar er annað garðbrot, sem líklega er áveitugarður (NM-169:014). Vöð voru hjá Álum (NM-169:011), og þrautarvað kallað Bjarnarbrot (NM-169:012) sem var á stefnu á Veturhús hinumegin ár.

Á Valþjófsstað (NM-167) eru 41 þekkt fornleif. Landið liggur lágt og er flatt, en bæjarstaðið er fjarri ánni. Forn mannvirki við Jökulsá eru: áveituskurðir og garðlög (NM-167:006), hin fyrsta á Austurlandi (frá 1790?) eru á Valþjófsstaðanesi. Leifar (NM-167:007) elstu (?) myllunnar eru við Melgrófarlæk. Tóftir beitarhúsa, Teigshús (NM-167:015) eru inná Valþjófsstaðateig, hjá fyrirhuguðu stöðvarhúsastæði virkjunarinnar (sjá mynd 6). Um 200 m fyrir utan þau eru tóftir Gamlastekkiar (NM-167:016), sem einnig falla innan iðnaðarsvæðis (sjá mynd 7). Rétt (NM-167:018) sem var á Stekkjartanga við Jökulsá er líklega horfin í rofi. Þar á tanganum eru jafnframt aðrar tóftir (NM-167:019), e.k. skepnuaðhöld, sem áin hefur brotið af að hluta. Í Götudæld var gata (NM-167:025) sem lá niður á Valþjófsstaðanes og liggur



Mynd 7: Gamlastekkiar (NM-167:016).

rétt vestan Jökulsár. Auk þessara mannvirkja var ferja á Ferjueyri (NM-167:028) um 100 m innan við aðalbrúna. Vöð voru Drangsvað (NM-167:029), Teigshúsvað (NM-167:030), Hundsbrot (NM-167:031), Melgrófarvað (NM-167:032), Fremra-Skógarvað (NM-167:033), Ytra-Skógarvað (NM-167:034), Langhúsastrengur (NM-167:035), Kirkjuvað (NM-167:038).

Á Hóli (NM-168) eru 18 þekktar fornleifar. Fornleifar í túni eru ekki í hættu, en í fjallshlíðinni ofan við bæ eru staðir sem vert er að hafa í huga. Annars vegar eru það tóftir Hólssels (NM-168:008) á Nautahlíð og varða (NM-168:017) á Selhnútu.

Á Þuríðarstöðum (NM-166) eru 18 þekktar fornleifar, 17 á Egilsstöðum (NM-165), 18 á Kleif (NM-164), 15 á Glúmsstaðaseli (NM-160b), 38 á Glúmsstöðum (NM-160), 26 á Langhúsum (NM-163) og 13 á Klúku (NM-156). Þessar minjar virðast ekki vera í hættu.

Á Víðivöllum ytri (NM-155) eru 28 þekktar fornleifar. Þar er sjálfur gamli bæjarhöllinn (NM-155:001), vestan núv. íbúðarhúss, í námunda við ána. Um 10 m norðan við hann er líklegt að kirkjan hafi staðið (NM-155:002). Forn mannvirki næst jökulsánni eru: Áveitugarður (NM-155:011) sem liggur sunnan við bæinn, og byrjar um 20 m frá árbakka; Víðivallarétt (NM-155:018) sem talin er hafa staðið á eyri við ána hjá Húseyjarkvísl, en ekki sér til hennar nú. Veturhús (NM-155:026), tóftir af beitarhúsum, eru utarlega í landinu út með Jökulsá, en hafa verið skemmdar af vegalagningu og öðru raski (sjá mynd 8). Liggur fyrirhuguð háspennulína yfir þau. Lítil, grjóthlaðin rétt (NM-155:029) mun hafa staðið um 3-400 m norðvestur af bænum, og skammt frá ánni,



Mynd 8: Leifar Veturhúsa (NM-155:026) eru vinstra megin við bílinn.

en hefur líklega verið eyðilögð við túnrækt. Auk þessara leifa er skráður þvottastaður (NM-

155:010) í ánni um 240 m suðvestur af bæ, þar sem vegur hefur síðar verið lagður, og straumferja (**NM-155:019**) til fénaðarflutninga var þar sem nú er brúin yfir Jökulsá.

Í Suðurdal eru: Sturluflöt (**NM-157**) 13, Víðivellir fremri (**NM-158**) 10, Víðivallargerði (**NM-159**) 31, Þorgerðarstaðir (**NM-161**) 17, Arnhallstaðir (**NM-162**) 12. En áhrif á þessa staði verða lítil eða engin.

Á Hrafnkelsstöðum (**NM-154**) eru 38 þekktar fornleifar. Bæjarhóllinn (**NM-154:001**) gamli stendur nærri Fljóti. Tæpa 200 suðvestur af bæ er tóft (**NM-154:003**) þétt við þjóðveginn. Um 30 m sunnar er garðlag (**NM-154:004**) sigið og gróið. Um 80 m vestan við bæinn er heilleg tóft af hlöðu, Bakkahlaða (**NM-154:005**). Um 260 m norðan við bæinn heitir Grænistekkur (**NM-154:022**) en stekkarleifar sjást ekki. Hrafnkelsstaðir áttu land Hamborgartanga handan árinna, þar var hlaða eða hlöðutóft (**NM-154:037**) sem fljótið hefur líklega þegar sópað burtu. Auk þessa er sagt að í Kirkjuhamri (**NM-154:033**) sé huldufólkskirkja og skammt framan við hann er sögð vera dys (**NM-154:013**).

Á Hallormsstað (**SM-050**) eru 54 fornleifastaðir þekktir. Tóftir á bæjarstæði Ormsstaða (**SM-050:011**), sem er rétt utan Hesthúslækjar utarlega í landinu eru í námunda við Fljótið. Í túninu Hesthúsagrund og þar er einnig tóft (**SM-050:012**). Þar innan við Ormsstaðavík innri, hjá Ormsstaðakletti (Klif) er gömul þjóðleið (**SM-050:018**), reiðslóði sem liggur um Gatnaskóg. Við Vínlak í Gatnaskógi er talið að hafi verið áfangastaður (**SM-050:021**). Á Lambabóli, vestan við göngustíginn að Atlavík munu hava verið tættur (**SM-050:053**), en sjást ekki vegna skógargróðurs. Um 500 m sunnan við afleggjara að Sólheimum, neðan vegar og um 20 m ofan við fljót, eru óglöggar tóftir (**SM-050:054**). Ferjutangi er klettangi sem gengur út í Fljótið (**SM-050:031**) og milli hans og Þurshöfða er Barnahellir (**SM-050:030**).

Á Hafursá (**SM-048**) eru 26 þekktar fornleifar. Engin þeirra er alveg við fljótsbakkann, en þar var tóft (**SM-048:026**) af stekk sem sléttuð var út og tvær vörður (**SM-048:008**) eru á Vörðuhrauni.

Í Mjóanesi (**SM-046**) eru 30 fornleifar þekktar. Varða (**SM-046:017**) var á merkjum móti Freyshólum, á Þrætutanga, sem gengur út í Fljótið, en er ekki sýnileg nú.

Á Strönd (**SM-045**) eru 10 fornleifar þekktar. Í fljótsmáli Lagarfljóts, um 40 m norðar en heimreiðin að Strönd er hellisskúti og hleðsla (uppsátur?) þar í (**SM-045:011**). Við Réttarklett, um 50 m ofar, neðan við þar sem heimkeyrsla og þjóðvegur mætast, var rétt (**SM-045:010**), nú horfin. Aðrar þekktar fornleifar eru ekki í hættu en á bæjarstæðinu er gamli bæjarhóllinn (**SM-045:001**) og Eldhúshóll (**SM-045:003**), og huldufólksbústaðurinn Blómsturvellir (**SM-045:009**) þar skammt (30 m) suðaustan við, um 100-150 m frá Fljóti.

Í Vallanesi (**SM-040**) eru 35 þekktar fornleifar. Stekkjartóft (**SM-040:022**) er hjá Stekkjatjörn, á bakka Grímsár niður við Fljótið. Á Grímsá er Hólmavað (**SM-040:018**) út undir Fljóti. Um 500 m suður af Jaðri, ofan við vík í Lagarfljóti eru tvær mógrafir (**SM-040:021**). Á sjálfu Vallanesi liggja gamlar götur (**SM-040:023**) meðfram Fljótinu. Ferjustaður (**SM-040:024**) var við Skipakíl, en hann mun vera fyrsti kíllinn sem komið er að við Fljótsbakkann til norðurs frá Jaðri.

Á Ketilsstöðum (**SM-029**) eru 37 þekktar fornleifar. Utan við Grímsárós er Beinahvammur og þar eru tóftir beitarhúsa (**SM-029:020**) um 10 m frá bakka Lagarfljóts. Innan við Unalæk, um 100 m frá Fljóti var tóft, Kiðustekkur (**SM-029:027**) en þar er nú sumarbústaður.

Á Höfða (**SM-028**) eru 16 fornleifar þekktar. Í Hrafnsvík við Lagarfljót eru 2 tóftir (**SM-028:017**), líklega naust. Við klettarana sem er norðan víkurinnar er garðlag (**SM-028:018**).

Á Finnastöðum (**SM-018**) eru 37 þekktar fornleifar. Í Finnastaðanesi, um 50 m frá mótum Eyvindarár og Fljóts var rétt (**SM-018:038**) en ummerki um hana eru ekki sýnileg.

Á Mýnesi (SM-015) eru 32 fornleifar. Forn mannvirki eru ekki í hættu en kolagrafir (SM-015:033) eru í móanum niður með Fljótinu.

Á Breiðavaði (SM-014) eru 22 fornleifar. Í Stekkjargróf, um 80 m frá Fljóti, eru ógreinilegar tættur (SM-014:014) sem hafa verið jafnaðar út að nokkru. Skógagerðisvað (SM-014:009) var um 1 km suðvestan við bæinn, en Ranavað (SM-014:022) um 100 m norðvestan við stekkin.

Á bænum Fljótsbakka (SM-010) eru 24 þekktar fornleifar. Rétt (SM-010:008) stóð í túninu um 150 m suðvestur af íbúðarhúsinu og um 10 m frá fljóti. Tóft (SM-010:017), líklega af stekki, er um 20 upp af Fljótinu, í hvammi sem er upp af vík sunnan Fiskiklappar. Klöppin (SM-010:025) heitir svo því þar voru lögð net. Hesteyrarvað (SM-010:011) er spöl út af bænum og ferjustaður og vað voru á Rangárvaði (SM-010:016) við Ferjuhöfða hjá Fljótinu. Á Salnýjarhól (SM-010:005), yst og efst í gamla túninu var til skamms tíma búið um miðja 19. öld.

Í Gröf (SM-003) eru 18 þekktar fornleifar. Beitarhús (SM-003:007) standa á Húsatanga, um 140 m norðan Fljóts. Mógrafir eru við Húsalæk, um 100 m suðaustan beitarhúsanna. Um 20 m austan við Fljótið, við Húsalæk, er heytóft (SM-003:020).

Á Eiðum (SM-001) eru 95 fornleifar þekktar. Niður við Fljótið, vestur af suðurenda Fiskilækjarholts, eru kolagrafir (SM-001:095) og rafstöð (SM-001:094).

Á Tjarnarlandi (NM-207) eru 20 þekktar fornleifar. Nálgæt fljótsbakkannum eru tóftir beitarhúsa (NM-207:010) fyrir utan Rauðalæk. Svifferja út á Ferjutanga (NM-207:008) er í uppnámi vegna nálægðar en ekki í stórhættu verði ekkert rask gert á tanganum.

Á Stóra Steinsvaði (NM-206) eru 31 þekkt fornleif. Minjar næst fljóti eru vörslugarður (NM-206:015) milli Selvatns og Lagarfljóts og vaðið Stóra-Steinsvað (NM-206:010).


Á Ekru (NM-205) eru 33 þekktar fornleifar. Við Fljótsbakkann er stekkjartóft (NM-205:011) sem er í uppnámi. Tóft af rétt (NM-205:014) er þar sem heitir Ekra.

Á Datthalastöðum (NM-204) eru 27 þekktar fornleifar. Næst Fljótinu og í uppnámi er tóft (NM-204:019) utan við móa utan við túnið.


Á Víðastöðum (NM-200) eru 24 þekktar fornleifar. Í NV af bænum er tóft af stekki (NM-200:015), og utar í landareigninni eru tóftir af beitarhúsum (NM-200:019) á Steinboga. Steinbogi (NM-200:018) var afbýli og eru ógreinilegar leifar þess þar við Fljótsbakkann.

Á Hóli (NM-198) eru 29 þekktar fornleifar. Bærinn er aðeins 50 frá Fljóti og landið liggur lágt. Fornleifar á bæjarstæðinu og í næsta nágrenni eru í hættu: þ.e. bæjarhóll (NM-198:001), Miðbæjartótt (NM-198:016, sjá mynd 9), leifar Hólshjáleigu II (NM-198:018, nú Sandur), fjárhústóft (NM-198:024, sjá mynd 10) og hesthússtæði (NM-198:025). Þarna eru

einnig ferjustaðurinn Flutningsbakki (NM-198:008). Í sandhólum suðvestan við hús á Sandi munu hafa fundist sverðsleifar, og gætu þar hafa verið leifar kumls. Kuml hafa greinilega einnig fundist öðru sinni (óvíst hvar) í landareigninni og þar í leifar haugfjár kvenna (NM-198:027), bænhús var á Hóli (NM-198:028) en óvíst hvar, og loks er nefnt Bakkavað (NM-198:029) á Lagarfljóti í Fljóts dælu en óvíst hvar það var.



Mynd 9: Miðbæjartótt (NM-198:016).



Samantekt. Á svæðinu eru 1913 minjastaðir. Þar af eru 217 staðir innan við 100 m frá bökkum Jökulsár og Lagarfljóts. Vöð munu hverfa eða raskast. 13 aðrir staðir eru á flötu landi, nálægt eða á Fljótsbakka neðan Lagafoss. Ekki er unnt að leggja endanlegt mat á áhrif framkvæmda á þessa staði, en ef árfarvegur breytist ekki, vatnsborð hækkar ekki og rof í árbökkum verður í lágmarki, eru nær allir þessir staðir úr hættu. Verði minniháttar breytingar á farvegi, grunnvatnsstöðu og rof í ábökkum eru þeir staðir í uppnámi sem næstir eru á fljótsbakkanum eða á lágu flatlendi við ána, s.s. bæjarstaði Hóls og aðrar minjar í landi hans, ýmis garðlög og tóftir. Aðrir staðir í uppnámi eru: Svifferja á Ferjutanga, tóftir á Teigshúsum og Gamlastekk, sem lenda inná iðnaðarsvæði við stöðvarhús og tóftir á Stekkjartanga eru nærri frárennsli hjá stöðvarhúsi. Veturhús lenda undir háspennulínu. 119 staðir er innan við 20 m frá bökkum Jökulsár og Fljótsins en ekki í sýnilegri hættu og aðrir staðir (79) eru í 20-100 m fjarlægð.

Strandsvæði

Ekki er kunnugt um minjar á strönd Héraðsflóa. Nyrstu bæir og býli (Bakkagerði, Eyjasel, Hólmstunga, Húsey og Heyskálar) eru um 3 km frá sjó. Ætla má að framkvæmdir hafi áhrif á minjar á nyrstu bæjum, en þeir staðir falla undir áður nefnd minjasvæði (Jökulsá á Dal og Lagarfljót).

Haugsvæði og námur

Fornleifar eru í nágrenni fyrirhugaðra haugsvæða og náma í Fljótsdal og væri æskilegt að merkja þær með flöggum áður en framkvæmdir hefjast. Glúmsstaðasel er í námunda við haugstaði frá aðkomugöngum undir Tungu, en á og gil á milli og hætta því lítil eða engin.

Framkvæmdatími

Við áframhaldandi skipulag fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda er mikilvægt að huga að því strax í upphafi hvernig staðið skuli að nauðsynlegum fornleifarannsóknum. Þær verða óhjákvæmilegur undanfari framkvæmda og þar sem um mjög marga staði er að ræða verður umfang þessa þáttar afar mikið, enda kallar Kárahnjúkavirkjun á stærstu framkvæmd fornleifarannsókna frá upphafi. Mikilvægt er að tryggja að embætti þjóðminjavarðar og fornleifanefnd hafi rúma tíma til að leggja mat á óskir framkvæmdaaðila, hvort sem um er að ræða að minjar verði láttnar víkja að undangenginni rannsókn eða þær hular. Að lokum er rétt að minna á að fornleifarannsóknir geta reynst tímafrekar og því æskilegt að nýta sem best þann tíma sem gefst áður en framkvæmdir hefjast.

6. Niðurstöður

Á svæðinu frá rótum Vatnajökuls milli Öxarfells- og Brúarjökuls út að Héraðsflóa frá Jökulsá á Brú og Jökulsá á Fljótsdal eru um 4000 minjar þekktar. Í þessari skýrslu hefur umfjöllunin verið takmörkuð við þá staði sem næstir eru framkvæmdasvæði, en þeir eru 282. Af þeim eru langflestir of fjarri til að stafa ógn af framkvæmdum. 94 staðir eru í 20-100 m fjarlægð og eru ekki í hættu. 163 staðir eru í innan við 20 m fjarlægð en ekki í sýnilegri hættu.

Fimm staðir munu hverfa við jarðrask eða lenda undir lóni: kláfferja (NM-122b:016 og 022), varða (NM-122b:019) og Sauðárkofi (NM-122b:009) og Sauðakofi á Kofaöldu (NM-167e:002).

Tuttugu staðir eru innan við 20 m frá framkvæmdasvæðum eða í uppnámi: svifferja (NM-087:012 og NM-207:008), stekkur (NM-095:017), mógrafir (NM-095:023), gata (NM-098:010), Stekkjarbugur (NM-099:030), Veturhús (NM-155:026), Teigshús (NM-167:015), Gamlistekkur (NM-167:016), tóftir (NM-167:019), Sjónarhólskofi (NM-167c:010), bæjarhóll (NM-198:001), s.k. Miðbæjartótt (NM-198:016), Hólshjáleiga II (NM-198:018), fjárhústóft (NM-198:024) hesthússtæði (NM-198:025), kuml (NM-198:027), bænhús (NM-198:028), tóft (NM-204:019) og stekkur (NM-205:011).

Með hliðsjón af heildarfjölda minja á svæðinu og umsvifum framkvæmda, eru áhrif fyrirhugaðrar virkjunar lítil.

7. Heimildaskrá

Þjóðskjalasafn:

Túnakort 1918-1920.

Örnefnastofnun Íslands:

Ö-Arneiðarstaðir

Ö-Ás

Ö-Breiðamörk

Ö-Breiðavað

Ö-Brekkugerði

Ö-Brú

Ö-Dagverðargerði

Ö-Ekkjufell

Ö-Ekkjufellssel

Ö-Ekra

Ö-Fljótsbakki

Ö-Fossvellir

Ö-Galtastaðir ytri

Ö-Geitagerði

Ö-Geirastaðir

Ö-Gröf

Ö-Gunnhildargerði A; Ö-Gunnhildargerði B

Ö-Hafursá

Ö-Hallgeirsstaðir

Ö-Hallormsstaður.a.

Ö-Hamborg

Ö-Heykollsstaðir

Ö-Hjarðarból

Ö-Hnitbjörg

Ö-Hof

Ö-Hóll

Ö-Hrafnabjörg

Ö-Hrafnkelsstaðir II

Ö-Hrafnsgerði

Ö-Hrærekslækur; Ö-Hrærekslækur ath og viðb.

Ö-Húsey

Ö-Ketilstaðir

Ö-Kirkjubær

Ö-Litla-Steinsvað

Ö-Litlibakki

Ö-Mjóanes

Ö-Múlinn

Ö-Ormarsstaðir

Ö-Rangá

Ö-Setberg

Ö-Skriðuklausturs, endursk. af H.Hall.

Ö-Sleðabrjótur
Ö-Stóribakki
Ö-Straumur
Ö-Strönd á Völlum
Ö-Surtsstaðir
Ö-Urriðavatn
Ö-Vallholt
Ö-Vallanes
Ö-Valþjófsstaður
Ö-Vesturöræfi
Ö-Vífilsstaðir
Ö-Víðivellir ytri

Þjóðminjasafn Íslands:

HH: Mannvistarminjar...: Helgi Hallgrímsson: Mannvistarminjar í Fljótssdal, ópr.
Rannsóknarskýrsla Gunnlaugs Haraldssonar, ds. 15/10/1985 í skjalasafni Þjms., og viðbætur
Guðmundar Ólafssonar, ds. 21/10 1985.

Prentaðar heimildir:

ÁG: Skrá um friðlýstar fornleifar: Ágúst Ó. Georgsson: Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar
fornleifar. Reykjavík, 1990.
Árbók 1884-5, 24-37: Björn M. Ólsen: Valþjófsstaðarhurðin. Árbók Hins íslenska
fornleifafélags 1884-1885.
Benedikt Gíslason. Smíður Andrésson og þættir. Akureyri, 1949.
DB: Daniel Bruun: Við norðurbrún Vatnajökuls. Múlaþing VII, 1974.
DI IV, V, VII: Diplomatarium Islandicum.
Einar Pétursson: Svifferjan á Lagarfljóti. Múlaþing 3, 1968.
Fellam bók I: Fellamannabók I. Fellabær 1991.
FF: Frásögur um fornaldarleifar 1817- 1823. Sveinbjörn Rafnsson gaf út. Reykjavík, 1983.
Gestur Guðfinnsson: Steinatök eða aflraunasteinar Farfuglinn 1977.
Gunnar Gunnarsson: Árbók ferðafélags Íslands 1944. Reykjavík 1945.
Halldór Stefánsson: Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum. Múlaþing 5, 1970.
Halldór Stefánsson: Hrafnkelsdalur og byggðin þar. Austurland II, 1948.
Helgi Gíslason: Um vöð og ferjur á Lagarfljóti. Múlaþing V 1984.
HH: Helgi Hallgrímsson: Þrír steinar á Skriðuklaustri, Austri 24 árg.
IF XI: Íslenskt fornrit, Reykjavík 1933-.
JJ 1847: J.Johnsen (1847). Jarðatal á Íslandi. Kaupmannahöfn.
KEKH 1956: Kristján Eldjárn: Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi. Akureyri, 1956.
ÓO: Ferðabók: Ólafur Olavius: Ferðabók: landshagir í norðvestur-, norður-, og
norðaustursýslum Íslands 1775-1777. Reykjavík, 1964-65.
SJM I-II: Sveitir og jarðir í Múlaþingi I-II. 1974-.
SR Byggðaleifar: Sveinbjörn Rafnsson: Byggðaleifar í Hrafnkelsdal og á Brúardölum.
Reykjavík, 1990.
SV: Árbók 1893: Sigurður Vigfússon: Rannsókn í Austfirðingafjórðungi 1890. Árbók Hins
íslenska fornleifafélags 1893.

Viðbætur 1. Flokkun minja eftir hættumörkum

a) MINJAR SEM HVERFA:

Hálslón:

Sauðárkofi (NM-122b:009)

kláfferja (NM-122b:016)

kláfferja (NM-122b:022)

varða (NM-122b:019)

Sauðakofi (NM-167e:002)(?)

b) STAÐIR INNAN 20 M OG/EDA Í UPPNÁMI:

Jökulsá í Fljótsdal/

Lagarfljót, austan:

Veturhús (NM-155:026)

bæjarhóll (NM-198:001)

Miðbæjartótt (NM-198:016)

Hólshjáleiga II (NM-198:018)

fjárhústóft (NM-198:024)

hesthússtæði (NM-198:025)

kuml (NM-198:027)

bænhús (NM-198:028)

tóft (NM-204:019)

stekkur (NM-205:011)

Jökulsá í Fljótsdal/

Lagarfljót, vestan:

svifferja (NM-207:008)

svifferja (NM-087:012)

stekkur (NM-095:017)

mógrafir (NM-095:023)

gata (NM-098:010)

Stekkjarbugur (NM-099:030)

tóftir (NM-167:019)

*Inntakslón í Jökulsá í Fljótsdal og
Hraunaveita:*

Sjónarhólskofi (NM-167c:010)

Stöðvarmannvirki í Fljótsdal:

Teigshús (NM-167:015)

Gamlistekkur (NM-167:016)

**c) STAÐIR INNAN 20 M/ Í
LÍTILLI HÆTTU:**

Jökulsá í Fljótsdal/

Lagarfljót (austan):

Bakkahlaða (NM-154:005)
huldufólksbústaður (NM-154:033)
þvottastaður (NM-155:010)
áveitugarður (NM-155:011)
Víðivallarétt (NM-155:018)
straumferja (NM-155:019)
ferjustaður (NM-198:008)
Bakkavað (NM-198:029)
Stóra-Steinsvað (NM-206:010)
vörslugarður (NM-206:015)
beitarhús (NM-207:010)
rafstöð (SM-001:094)
kolagrafir (SM-001:095)
heytóft (SM-003:020)
Salnýjarhóll (SM-010:005)
rétt (SM-010:008)
Hesteyrarvað (SM-010:011)
ferjustaður (SM-010:016)
tóft (SM-010:017)
Fiskiklökk (SM-010:025)
Skógagerðisvað (SM-014:009)
Ranavað (SM-014:022)
tóftir (SM-028:017)
garðlag (SM-028:018)
beitarhús (SM-029:020)
Hólmavað (SM-040:018)
ferjustaður (SM-040:024)
hleðsla (SM-045:011)
varða (SM-046:017)
Barnahellir (SM-050:030)
ferjustaður (SM-050:031)
tóftir (SM-050:054)

Jökulsá í Fljótsdal/

Lagarfljót (vestan):

Rangárvað (NM-082:005)
ferjustaður (NM-082:006)
Stíflugarður (NM-082:024)
heystæði (NM-082:025)
ferjustaður (NM-083:019)
stökkjartóft (NM-083:022)
Krakalækjarþing (NM-084:004)
kolagrafir (NM-084:005)

garðlag (NM-084:012)
kolagrafir (NM-084:026)
kolagrafir (NM-085:008)
Póraringsgarðar (NM-085:009)
ferjustaður (NM-085:041)
merkigarður (NM-086:014)
merkigarður (NM-087:002)
gata (NM-087:005)
kolagrafir (NM-087:013)
vörslugarður (NM-087:015)
ferjustaður (NM-095:029)
ferjustaður (NM-095:030)
ferjustaður (NM-095:031)
ferjustaður (NM-096:014 og 059)
ferjustaður (NM-098:014)
ferjustaður (NM-099:029)
ferjustaður (NM-099:031)
Þorgerðarstaðir (NM-137:013)
nátthagi (NM-137:015)
Ranavað (NM-137:018)
Gerðisvað (NM-137:019)
Þórðarvað (NM-137:020)
huldufólksbústaður (NM-137:021)
garðlag (NM-137:034)
brú (NM-138:027)
Skógargerðisvað (NM-138:031)
tóft (NM-138:035)
ferjustaður (NM-140:027)
þvottastaður (NM-140:028)
vað (NM-141:007)
ferjustaður (NM-143:022)
tóft (NM-147:011)
bæjarhóll (NM-149:001)
kirkja (NM-149:002)
grjótgarður (NM-149:020 og 030)
garðlag (NM-149:021)
útihús (NM-150:004)
hesthús (NM-150:005)
nátthagi (NM-150:011)
stekkur (NM-151:017)
ferjustaður (NM-151:030)
rétt (NM-151:031)
stekkur (NM-153:013)
hlöðutóft (NM-154:037)
áveita (NM-167:006)
myllutóft (NM-167:007)
rétt (NM-167:018)
gata (NM-167:025)

ferjustaður (NM-167:028)
Drangsvað (NM-167:029)
Teigshúsvað (NM-167:030)
Hundsbrott (NM-167:031)
Melgrófarvað (NM-167:032)
Fremra-Skógarvað (NM-167:033)
Ytra-Skógarvað (NM-167:034)
Langhúsastrengur (NM-167:035)
Kirkjuvað (NM-167:038)
vað (NM-169:011)
vað (NM-169:012)
áveita (NM-171:005)
áveitugarður (NM-172:015)
áveitugarðar (NM-173:016)
Leikskálar (NM-173:017)
Skálavað (NM-173:018)
garðlag (NM-173:023)
áveitugarðar (NM-173:024)
ferjustaður (NM-173:025)
Bátshús (NM-174:016)
grjótgarður (NM-174:017)
vörslugarður (NM-175:010)
ferjustaður (NM-175:020)
naust (NM-176:011)
Húsatangi (NM-176:012)
tóft (NM-177:015)
garðlag (NM-177:034)
nátthagi (NM-178:016)
Grímshellir (NM-178:017)
Skipavík (NM-178:019)

Hálslón:

kláfferja (NM-122a:011)
Steingrímsstaðir (NM-122a:018)
Kálfseyrarvað (NM-122a:021)

Brúardalir:

Múlakot (NM-122b:001)
Brúarsel (NM-122b:002)
Ytri-Garðar (NM-122b:003)
Fremri-Garðar (NM-122b:004)
Geithús (NM-122b:005)
fjárskýli (NM-122b:006)
Höll (NM-122b:007)
Laugarvallaskúti (NM-122b:008)
Hringstaðir (NM-122b:010)
Laugarvellir (NM-122b:011)
Laugarvallaskáli (NM-122b:012)
hleðsla (NM-122b:014)

Litlasei (NM-122b:015)
tóft (NM-122b:017)
tóftir (NM-122b:018)
kláfferja (NM-122b:020)
vað (NM-122b:021)

Vesturöræfi:

Glúmsstaðasei (NM-167e:003)

Jökulsá á Dal:

túngarður (NM-075:003)
Bakkahús (NM-075:004)
Bjarnakofi (NM-075:005)
Tvígarðahús (NM-075:006)
Austurhús (NM-075:007)
Útihús (NM-075:008)
útihús (NM-075:009)
varða (NM-075:025)
legstaður (NM-076:023)
tóft (NM-076:024)
garðlag (NM-077:011)
Ferjuholt (NM-079:006)
stekkjartóft (NM-079:007)
vað (NM-106:007)
Ferjustaður (NM-106:011)
Bæjargerði (NM-107:017)
Ferjulág (NM-107:023)
Ytri-Ferjulág (NM-107:046)
Ferjulág (NM-110:020)
Kolagrafarhraun (NM-111:021)
Svarðarklettur (NM-112:024)
brú (NM-113:016)

d) MINJAR Í 20-100 M FJARLÆGÐ

Jökulsá á Fljótssdal/

Lagarfljót (austan):

bæjarhóll (NM-154:001)
tóft (NM-154:003)
garðlag (NM-154:004)
dys (NM-154:013)
Grænistekkur (NM-154:022)
bæjarhóll (NM-155:001)
kirkja (NM-155:002)
rétt (NM-155:029)
stekkur (NM-200:015)
Steinbogi (NM-200:018)
beitarhús (NM-200:019)
rétt (NM-205:014)
tættur (SM-014:014)
kolagrafir (SM-015:033)
rétt (SM-018:038)
Kiðustekkur (SM-029:027)
mógrafir (SM-040:021)
stekkur (SM-040:022)
götur (SM-040:023)
huldufólksbústaður (SM-045:009)
rétt (SM-045:010)
vörður (SM-048:008)
tóft (SM-048:026)
Ormsstaða (SM-050:011)
tóft (SM-050:012)
gata (SM-050:018)
áfangastaður (SM-050:021)
tættur (SM-050:053)

Jökulsá í Fljótssdal/

Lagarfljót (vestan):

garðlag (NM-085:013)
Þvergarður (NM-085:031)
kolagrafir (NM-085:032)
tóftir (NM-085:033)
bæjarhóll (NM-086:001)
kuml (NM-086:002)
Gerði (NM-086:007)
tóft (NM-086:011)
fjós (NM-086:012)
garðlag (NM-086:015)
Kinnarhús (NM-086:017)
Lambhús (NM-086:018)
smiðja? (NM-086:020)
mylla (NM-087:011)

Fossgerði (NM-095:032)
garðlag (NM-095:044)
garðlag (NM-096:011)
beitarhús (NM-098:016)
Fremrasel (NM-099:019)
Ytrasel (NM-099:023)
Hólmatættur (NM-099:026)
tóftir (NM-138:019)
Goðatættur (NM-140:013)
kuml (NM-140:020)
stekkjartóft (NM-140:024)
Víkurhús (NM-140:032)
Kolaás (NM-143:021)
myllutóft (NM-144:011)
stekkur (NM-144:015)
Hreiðarsstaðir (NM-146:001)
tóft (NM-146:018)
Hólhús (NM-149:003)
gata (NM-149:025)
túngarður (NM-150:008)
stekkur (NM-151:021)
áveitugarðar (NM-169:009)
garðlag (NM-169:013)
áveitugarður (NM-169:014)
gata (NM-174:010)
Brekustekkur (NM-174:012)
Áveita (NM-174:013)
Fljótshús (NM-174:015)
stekkur (NM-175:019)
Fornistekkur (NM-176:006)
jarðbrú (NM-177:016)
rétt (NM-177:030)
nátthagi (NM-177:031)
útihús? (NM-177:033)
Stekkhús (NM-177:036)
Parthús (NM-177:042)
tóft (NM-178:020)

Hálslón:

Bakkastaðir (NM-129:006)
kuml (NM-129:007)
sel (NM-129:008)
Gerðishöfði (NM-129:013)
tóftir (NM-130:022)

*Inntakslón í Jökulsá í Fljótsdal og
Hraunaveita:*

Hrakstrandarkofi (**NM-167c:007**)

Eyjakofi (**NM-167c:009**)

Jökulsá á Dal:

Stóribakki (**NM-075:001**)

kuml (**NM-076:015**)

varða (**NM-077:012**)

stekkur (**NM-077:025**)

stekkur (**NM-078:021**)

Bakkastaðir (**NM-107:026**)

Leyningsgerði (**NM-113:002**)

stekkur (**NM-113:005**)

Viðbætur 2. Fornleifaskrá

Hér að neðan er birt skrá um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Hverri fornleif er gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: NM-166:001).

Fornleifum er raðað eftir jörðum. Fremst er jarðarnúmer, heiti og almenn lýsing á jörðinni. Þá kemur skrá yfir fornleifar á þeirri jörð, sem eru í námunda við framkvæmdasvæði. Fremst í fornleifaskrá er númer fornleifar, þá skammstafað heiti (ef við á) minjastaðar, tegund, hlutverk og staðsetning í lengdar og breiddargráðum. Síðan er staðsetningu fornleifar lýst sem og minjunum sjálfum og heimilda getið, ef við á.

Tekið skal fram að í skránni eru ekki allar fornleifar á hverri jörð, enda eru þær flestar fjarri fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og varða ekki þau mögulegu umhverfisáhrif sem rædd eru í þessari skýrslu.

NM-075 Stóribakki

12 hdr. 1695, 1847 Blöndugerði hjáleiga. "Landamörk S eru við Blöndugerði við Blönduós og Tíkartjörn, við Fremrasel norður vestanverða Sprekahlíð og Stóra-Bakkaháls í vörðuna Píku og þaðan móti Hallfreðarstöðum og Litla-Bakka niðru í Jökulsá um það bil mitt á milli bæjarhlutanna." Stundum var þrjú á jörðinni á 19. öld. SJM I, 319.

1918: Tún 5,7 ha, garðar 635 m². Út frá túni og alla leið að mörkum Litla-Bakka liggur þurr harðvellisflæmi, víðfrægt og óbrigðult heyskaparland, heyjað mjög bæði af heimamönnum og ýmsum bændum í grennd, Stóra-Bakkaþýfi. Ofan við þýfið er greiðfært hálfdeigjusvæði, Stóra-Bakkablá, nú að mestu framræst. Þetta er mesta samfellda engjasvæðið í sveitinni ..." SJM I, 319.

NM-075:001 *Stóribakki* bæjarhóll bústaður 65°28.747N 14°32.912V
Fast við akveginn í Hróarstungu, vestað við hann er gamalt steinhús með áföstu fjósi. Steinhús þetta var byggt á þeim stað sem gamli bærinn stóð.
Gamla túnið liggur frá bænum og að ánni. Hún hefur nú brotið mikið af landinu, einkum við bæjarlækinn sem liggur A við bæjarhólinn. SV við staðinn er ræktað tún. Er um 100-150 m frá Jökulsánni.
Heimildir: Túnakort 1918; SJM I, 320

NM-075:003 heimild um túngarð 65°28.836N 14°32.852V
"Fyrir 1920: Hlaðinn hár torfgarður um hluta túns" segir í Sveitum og jörðum. Á malartökusvæði við enda ræktaðs túns, neðan akvegar.
Tún og malarnám.
Garðurinn er horfinn.
Heimildir: SJM I, 319

NM-075:004 *Bakkahús* heimild um fjárhús 65°28.741N 14°33.067V
"Þá 5 fjárhús, 6 hlöður 350 hesta, 5 hesthús." segir í Sveitum og jörðum. "Norðar, á bakka Jökulsár, sem rennur norðan við túnið, var fjárhús kallað Bakkahús." segir í örnefnalýsingu.
Um 3 m frá árbakkanum er gamall vegarslóði, í ræktuðu túni. A við hefur verið gerður varnargarður út í ána.
Engar minjar sjáanlegar. Áin hefur tekið mikið úr bakkanum við Stóra Bakka, og er sá staður þar sem 004 og 005 stóðu líklega horfinn í ána.
Heimildir: SJM I, 319; Ö-Stóribakki, 3

NM-075:005 *Bjarnakofi* heimild um fjárhús 65°28.760N 14°33.044V
"Þá 5 fjárhús, 6 hlöður 350 hesta, 5 hesthús." segir í Sveitum og jörðum. "Þar nokkru utar [en 004] var annað fjárhús, kallað Bjarnakofi." segir í örnefnalýsingu. Nær beint niður af steypa húsinu á 001, um 15-20 m frá ánni og um 20-30 m NA við 004. Rétt sunnan hvosarinnar þar sem bæjarlækurinn rennur í Jöklu. Stór sandeyri við ána, neðan bæjarlækjarins þar sem hann rennur í Jöklu. Fornleifar sjást ekki, og líklegt að staðurinn hafi hrunið í ána.
Heimildir: SJM I, 319; Ö-Stóribakki, 3

NM-075:006 *Tvígarðahús* heimild um fjárhús 65°28.786N 14°32.969V
"Þá 5 fjárhús, 6 hlöður 350 hesta, 5 hesthús." segir í Sveitum og jörðum. "Utan við lækinn [Bæjarlækurinn] er Bjarnahóll; þar var fjárhús, kallað Tvígarðahús." segir í örnefnalýsingu. Utan við bæjarlækinn eru leifar af Bjarnarhól, um 5-10 m frá Jöklu. Staðurinn er beint niður af N-enda fjóssins á Árbakka sem er áfast við steinhúsið á 001. Utan við bæjarlækinn er ræktað tún. Nokkuð breið sandeyri er við ána, bakkinn er um 5-8 m hár og hrynur mikið úr honum. A og V við eru hlaðnir varnargarðar í Jöklu. A við túnið er svæði sem notað hefur verið til efnistöku.
Heimildir: SJM I, 319; Ö-Stóribakki, 3

NM-075:007 *Austurhús* heimild um fjárhús 65°28.795N 14°32.939V
"Þá 5 fjárhús, 6 hlöður 350 hesta, 5 hesthús." segir í Sveitum og jörðum. "Beint austur af því [006] var enn fjárhús, kallað Austurhús." segir í örnefnalýsingu. Á túnspildu, mitt á milli bæjarlækjar og Jökulsár, um 20 m austar en 006 og 80-100 m N við bæinn (001). Ræktað tún er frá akvegi niður að Jökulsá, og brýtur hún mikið af landinu árlega. Utan við túnið er efnistökuastaður. Ofar er bæjarlækurinn. Engar minjar sjáanlegar.
Heimildir: SJM I, 319; Ö-Stóribakki, 3

NM-075:008 heimild um fjárhús 65°28.809N 14°32.901V
"Þá 5 fjárhús, 6 hlöður 350 hesta, 5 hesthús." segir í Sveitum og jörðum. Um 15 m utan við 007 og 30 m frá bökkum Jökulsár, um 50 m neðan bæjarlækjar og 70-80 m neðan við akveginn. Staðurinn er í ræktaðu túni, neðan bæjarlækjar. Tæpum 100 m utar er eyri og þar er malarnám. Engar minjar sjáanlegar.
Heimildir: SJM I, 319

NM-075:009 heimild um hesthús 65°28.718N 14°33.073V
"Þá 5 fjárhús, 6 hlöður 350 hesta, 5 hesthús." segir í Sveitum og jörðum. Um 20 m frá bakka Jökulsár, tæpa 100 m V frá bænum (001). Ræktað tún, notað til beitar fyrir nautgripi. Nær beint ofan við, aðeins í S, er nýjasta íbúðarhúsið á Árbakka. Innan við (inn til landsins) eru ræktað tún. Byggður var varnargarður í ánni hér úti fyrir og er þetta rétt utan við þar sem sá garður endar, ef horft er beint niður að ánni.
Heimildir: SJM I, 319

NM-075:025 varða landamerki 65°29.602N 14°32.592V
"Landamerki milli Litlabakka og Stórabakka: Úr áðurnefndri vörðu [?], bein lína í Rauðalækjarfoss, þaðan bein lína í vörðu við Jökulsá. ... Varðan við Jökulsá er utan við svonefnda Sláttulág." segir í örnefnalýsingu. Utan við tún á S-Bakka liggur vegur niður að ánni og að malarnámi þar. Skurður er á merkjum. Á árbakka Jökuls ár, við skurð á merkjum. V skurðar er sandur og blásin rofabörð, í ánni eru miklar eyrar. Varðan er horfin, enda brýtur talsvert af árbakkanum.
Heimildir: Ö-Stóribakki, 2

NM-076 Blöndugerði

Hjáleiga Stórabakka 1847. Talið 3 hdr með eyðihjáleigunni Hvammsseli. "Landamörk við Gil og um leið hreppamörk við Jökuldal eru frá Grásteini við Jökulsárgljúfur spöl innan við brúna og skáhallt sa. að vörðu við Dimmadal utanvert í Heiðarendanum, þaðan móti Fremraseli sjónhending norður í Tíkartjörn á norðanverðri Sprekahlíð og á móti Stóra-Bakka úr tjörninni niður í ós Blöndu í Jöklu skammt utan við bæ." SJM I, 316. 1918: Tún 1,8 ha, garðar 438 m². "Engjar í B þóttu reytingssamar og oft snöggar, en greiðfærar. Túnið var 1,5-2 ha. um 1910. Það var heldur jarðgrunnt og bólar víða á klöppum og stórgrýti. Besti hluti þess var bæjarhóllinn greiðfær en harðslægur. Inn með brekkunum fyrir ofan var grasgefið stórþýfi, seilukennt." SJM I,

NM-076:015 kuml legstaður

Um miðjan ágúst 1985 fann Guðbjörg Kolka, húsfreyja á Hvanná í Jökuldal, beinaleifar við vegarsneiðinginn hjá Jökulsá á Brú, Lágu beinin undir klettabelti sem að sumu leyti er til orðið við vegagerð. Haustið 1975 varð áður vart mannabeina á þessum slóðum, a.m.k. fannst þar lærleggur sem glataðist, og annar lærleggur mun hafa fundizt á þessum slóðum. Og á árunum milli 1920 og 1930 féll hauskúpa þarna niður af klettinum hjá manni, sem þar áði, en hún mun hafa glatazt einnig. "Gunnlaugur Haraldsson safnstjóri á Akranesi kannaði staðinn vandlega og skrifaðir ýtarlega skýrslu um fundinn, sem kom til safnsins 16/10 1985. -

Það sem þarna fannst voru leifar af tveimur höfuðkúpum, brot af kjálka, tennur, hálsliði- og fleiri beinaleifar, svo og brýni úr skífer með gati, járnbrot og viðarkolamolar. - Spanskgræna er á kjálkabrotinu, sem greinilega er frá bronshlut, sem þar hefur legið. "Gunnlaugi virtist ótvírætt, að beinin myndu vera komin úr kumlum, er verið höfðu á brúninni ofan við klettabeltið, en nýlega hafði jarðýta skafið jarðveginn þar uppi og ýtt fram af klettunum, en í ruðningnum þar niðri voru beinin og hlutirnir, án nokkurs skipulags að sjálfsögðu, en hlutir þessir, þótt fábreytilegir séu, benda vafalaust til kumla. Einnig styður höfuðkúpann sem áður varð vart þarna, það. "Á þessum slóðum fannst beinagrind árið 1929, sem sett hefur verið í samband við hvarf "silfursalans" svonefnda, sem á að hafa týnzt á þessum slóðum árið 1830. En þau bein eru örugglega talin af öðrum toga og munu yngri en þau sem nú fundust, og hefur jafnvel verið getið til, að þau munu vera að sakamanni, sem tekinn hafi verið af lífi "Trébrúarþingi", sem þarna var háð. Um 50-60 m inn af gömlu Jökulsárbrúnni, A við, veg, undir klettabelti.

Um 5-6 m hátt klettabelti, A við veginn þar sem hann liggur að brúnni. Mun staðurinn hafa verið undir klettunum, í jarðveginum sem þar er, mold og lausagrjót sem er lítillaga farið að gróa. Vegagerðin hefur mikið raskað þessum stað, þegar vegur var lagður að brúnni, var þá m.a. sprengt úr klettunum.

Engar minjar sjáanlegar.

Heimildir: Rannsóknarskýrsla Gunnlaugs Haraldssonar, ds. 15/10/1985 í skjalasafni Þjms., og viðbætur Guðmundar Ólafssonar, ds. 21/10 1985.

NM-076:022 Trébrúarþing heimild um þingstað

65°26.219N 14°35.545V

Þar sem vegurinn liggur á gömlu Jökulsárbrúnni er klettabelti. Þingstaðurinn virðist hafa verið þar í klettunum, um 150 m frá gjúfrinu.

Lyngmói er ofan við klettana, og neðan er akvegur í Hróarstungu. Rétt ofan við staðinn hefur verið grafinn ræsisskurður.

Engar þingminjar eru sjáanlegar, og ekki vitað með vissu hvar staðurinn var.

Heimildir: Benedikt Gíslason, Smiður Andrés�on, 129

NM-076:023 heimild um legstað

65°26.244N 14°35.643V

Mannabein fundust nálægt brúnni á Jökulsá á Brú sumarið 1929 "er verið var að ljúka við að gera hinn svokallaða Hróarstunguveg milli Lagarfljótsbrúar og Jökulsárbrúar ... Hinn sama dag, er beinin fundust, og aðeins stuttri stund síðar, bar mig þar að á ferðalagi. ... Verksmummerki voru þau, að stór steinn hafði klofnað í tvennt ... og var þar komin allvíð glufa, á að gizka 14-18 þumlunga breið, á milli steinanna. Þarna lágu beinin í hrúgu í glufunni, en þó höfuðið efst. Síðan var raðað hellum yfir glufuna milli klofninganna, og svo þakið með torfi, hnaus og snyddu yfir hellurnar. ... Eigi mun glufan hafa verið öllu meira en einn metri á dýpt. / Það, sem vakti athyglu mína fyrst og fremst, var, hvað haganlega og fallega var um allt búið, ... Vegagerðarmennirnir höfðu stungið torþakið ofanaf hellunum, því þarna var grýtt jörð og erfitt að afla efnis í veginn. Þá kom þessi umbúnaður í ljós. Hellurnar voru valdar af sem jafnastri þykkt, og raðað með hagleik, til hlífðar fyrir bein hins framliðna manns, og mun óhætt að segja, að að þeim hafi ekki komið deigur dropi síðan, er þau hlutu þennan umbúnað. ... Hellu hafði verið lyft til háls ofan af grafhýsinu, og seildist ég til höfuðkúpunnar, og fylgdu henni ekki kjálkarnir. Ósködduð, hvít og skinin, með afar sterklegum tönnum og öllum heilum. Bein öll hvít og skinin, og ekkert eyvi fata. Kom og ekkert í ljós í gröfinni, er benti til fata, hnappa eða þess háttar ..." Um 30 m innan við 015, um miðja vegu þar sem Vegagerðin sprengdi klettana (þeir eru ljósari á lit á þessu svæði).

Um 5-6 m hátt klettabelti, A við veginn þar sem hann liggur að brúnni. Mun staðurinn hafa verið undir klettunum, í jarðveginum sem þar er, mold og lausagrjót sem er lítillaga farið að gróa. Vegagerðin hefur mikið raskað þessum stað, þegar vegur var lagður að brúnni, var þá m.a. sprengt úr klettunum.

Engar minjar sjáanlegar.

Heimildir: Benedikt Gíslason, Smiður Andrés�on og þættir, 127-128.

NM-076:024 tóft óþekkt

65°26.314N 14°35.486V

Utan við Jökulsárbrú (gömlu) er klettaskora inn beggja vegna, utan við hana er skorningur niður að ánni - þar neðarlega er tóft, fast upp við kletta að A.

Klettur eru beggja vegna við í gilskoru, sem er að öðru leyti grasi vaxin.

Hleðsla er í brekkunni og sjást þar 4 umför af grjóti, neðan til virðist hafa verið hlaðið með stórgrýti. Um 8 m ofan við hefur verið hlaðið þvert fyrir skoruna.

NM-077 Litlibakki

6 hdr. 1695, 16 hdr. 1847. 1558: Kaupbréf fyrir Litlabakka í Tungu með landamerkjum. " ... með þessum takmaurkum wt j [Geirastadi. og sionhending norður j Jokulsáa. og rettsyni vpp j Hrerikslæk. og ör læknum og fram j Merkidal. er hann kalladi. En aa milli stora Backa og litla Backa. fyrr greindrar jardar. eru þessi takmaurk fram j Beriahól og vpp aa halsenn. og norður j Jokulsaa." Jón Jónsson greiddi 4 hdr fyrir jörðina "skýlði þar j vera þriu malnýtu kugilldi og þriu hundrut j aullum þarflegum peningum ..." DI XIII, 296-297. "Landamörk við Hrærekslæk eru yst á áðurnefndu Hagholti niður við Jökulsá og þvert austur í Hrærekslækinn, sem heitir Græfnalækur, þar sem hann liggur að landi L. Lækurinn deilir síðan löndum L og Hallfreðarstaða inn í krók niður af hallfreðarstöðum og þaðan liggja mörkin nokkrum vegin beint áfram í vörðuna Þíku á Hálsenda og frá henni móti Stóra-Bakka þvert niður í Jöklu nokkuð mitt á milli bæjanna og skurðgröfuskurður á mörkunum." Oft tvíþýli fyrir aldamót. SJM I, 321.

1918: Tún 3,3 ha, garðar 350 m². F18 er tún 2,5 ha, hálf slétt, hólótt, hálent og brunagarnt. SJM I, 322.

NM-077:011 Hagholt garðlag

65°31.475N 14°31.492V

"Nálægt Geirastöðum er hæð afgirt með torfgarði, kölluð Hagholt." segir í Sveitum og jörðum. Hagholt er um 1-1,5 km N frá Litla-Bakka. S og A í holtinu er garður sem byrjar um 20 m frá Jöklu, S við holtið.

Ofan við garð er mjög stór mólendismýri og á svæðinu vex gráviðir. Holtið sjálft er um 150-200 m í þvermál og þar er uppblástur og rofabörð á stöku stað.

Garðurinn liggur frá gömlum vegarsneiðingi (gamli vegurinn inn í Hróarstungu) sem er 15-20 m frá Jöklu. Garðurinn liggur í A og beygir svo í NA og liggur meðfram holtiinu í 300-350 m og hverfur út í mýrina. Garðurinn er mjög siginn og gróinn en sést þó ágætlega. Hann er um 0,2 - 0,3 m hárr, og um 1-1,5 m breiður.

Heimildir: SJM I, 321

NM-077:012 varða landamerki

65°31.750N 14°31.353V

Landamerki Litlabakka og Hrærekslækjar. "Bein sjónhending úr landamerkjavörðu þeirri, sem stendur á svonefndu Hagholti við Jökulsá." segir í örnefnalýsingu. Efst á Hagholti, um 100 m frá Jöklu er landamerkjavarða. Hún er um 1-1,5 km N frá L-Bakka. Ef horft er yfir Jöklu er varðan um miðja vega milli Surtsstaða og Hallgeirsstaða.

Ofan við holtið er stórt, gróið mýrlendi, mosavaxið, með grasi og lyngi. Á holtiinu eru berar klappir, vel sléttar. Hagholt er gróin klettahæð sem hefur nokkuð aflíðandi halla að Jöklu. Neðan við vörðuna, nær árbakkanum (sést ekki frá vörðunni) - er vegsneiðingur sem notaður var áður en vegurinn var færður þangað sem hann er nú, þ.e. mun ofar.

Varðan er hringlaga, og er að mestu hrunin. Sýnilega hefur þó verið reynt að hlaða hana, en hún er ekki vel hlaðin.

Heimildir: Ö-Litlibakki, 1

NM-077:025 tóft stekkur

65°30.759N 14°32.320V

"Neðan við Hafholtsblá, nokkuð innan við Hagholt eru hæðir við Jökulsá, sem heita Sandhæðir. Niður frá túni er Stekkjarnes. Við ána upp frá því eru rústir af Stekk." segir í örnefnalýsingu. Í N frá Litla-Bakka eru mýrar og mólendissvæði. Ef fylgt er ræsissturði N við ræktuð tún niður að Jöklu er komið að gömlum vegsneiðingi. Ofan við hann eru smáklettur, um 50 m frá Jöklu og yst í þeim er tóftin.

Þýft land, grasi vaxin. Árbakkarnir eru grónir og um 2-3 m háir. Ögn vestar gengur klapparnef út í ána og þar eru litlar flúðir.

Tóftin er hlaðin að klettaveggnum (um 2 m háum), sem myndar þannig suðurhlíð hennar. Í NV að ánni er garður sem hverfur áður en að vegsneiðingnum kemur. Tóftin skiptist í 2 hólf og eru dyr á milli þeirra. Stærri hólfid er í vesturendanum og eru dyr á NA horni þess.

Heimildir: Ö-Litlibakki, 5

NM-078 Hrærekslækur

6 hdr. 1555, 1695, 1847. 1555: Kaupbréf fyrir hrærekslæk með landamerkjum: "... og afent með takmorkum fram j Midmundahól og norður j Jökulsá. og halfa Geirastade gagnuart fra Midmundarhól og austur j Þoresuatn. vr Þoresuatnsfætinum ýtra og ut j Gliufravatnsfotin fræmra. vr Gliufravatnsfætinum ytra og vt at Stackastaudum. og norður at Jökulsáa." DI XIII, 22-23. 1561: H nefnd í jarðaskiptaréfi DI XIII, 589-90. "Landamörk eru að vestan við Jökulsá, að austan móti Kirkjubæ við Gljúfravatn og Fiskilæk, að sunnan frá

Hagholti við Jökulsá austur undir Þórisvatni, um 400 m frá norðurenda þess. Að norðan eru Galtastaðir út, mörk frá Gljúfravatnsósi og sjónhending nv. í Hræreklslækinn utan til (Vörðuholt nálægt brúninni á veginum) og svo með læknum í Jöklu." SJM I, 328.

"Bærinn stendur í halli vestan við lækinn austan í Bæjaröxl og gamla túnið er milli axlar og lækjar og hallar mót austur. Það var þýft mestallt, grasgefið að jafnaði. Engjar voru víðslægar, heygóðar og spruttu yfirleitt vel, en voru víða í blautara lagi einkum í Tjarnarblá og Blautadal austan við læk og hættur þar fyrir fé." SJM I, 328.

NM-078:021 *Á Stekknum/Forvaðahús* tóftir stekkur 65°32.527N 14°29.911V

"Utan við Forvaðann var Stekkur. Þar voru síðar byggð beitarhús, og voru þau ýmist kölluð Á Stekknum eða Forvaðshús (nú aflögð)." segir í örnefnalýsingu. "Á Stekknum voru aldrei og hafa aldrei verið beitarhús. Það er vitleysa. Þar var aðeins hús garðalaust, einn geimur, og dráttarkró." segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu. Forvaðinn er stór og hár klettahöfði við Jökulsá. Yfir hann liggur gamall vegur og þegar komið er niður þá eru tóftirnar fast V við slóðann, tæpa 100 m frá Jökulsá.

Tóftirnar eru í mólendi, en ofan við eru allháir klettur með lyngivöxnum skorningum á milli, sem götuslóðar liggja eftir, að stekknunum.

Tóftin skiptist í 2 hólf (7x15 m) og hefur dráttarkróin verið sunnan megin. A og V við vegaslóðann er garður sem hefur að líkindum fylgt þessum mannvirkjum. V við hefur verið mokað og útt í garð NA við króna.

Heimildir: Ö-Hræreklslækur, 4; Ö-Hræreklslækur ath og viðb, 4

NM-079 Galtastaðir ytri

12 hdr. 1695, 1847, Í rekaskrá Skálholts frá um 1270 segir að kirkjan eigi reka á Galtastaðasandi eins mikinn og máldagar greina frá. DI II, 75. Í máldaga Vallaneskirkju frá 1367 segir "hualreka a gripdeilld tolfung við gallsstöðinga ..." DI III, 238. 1397 er minnst á G, ekki ljóst hvora jörðina. DI IV, 220. 1562: Galtastaðir eign Heydalskirkju, ekki ljóst hvorir G. DI XIV, 29. 1570 og síðar eru tvennir G nefndi í máldaga Kirkjubæjar. DI XV, 678.

1847 eign Kirkjubæjarkirkju. HP: Ytri Galtastaðir eldra en Galtastaðir út. Árbók 1923, 90. "Galtastaðaland liggur að Jökulsá á 6-7 km kafla milli Kaldhöfða og Hræreklslækjar, og var þar lögferja fram á fjórða aldartug. Mörk við Geirastaði, Nefbjarnarstaði og Gunhildargerði liggja inn Tunguás milli Galtastaðalækjar og Haugalækjar, sem er austar. Suðurmörk eru við norðurenda Gljúfravatns." SJM I, 330.

1918: Tún 3,5 ha, garðar 3200 m². "Gamla túnið var þýft mestallt í grasgefnara lagi, engjar skammt frá bæ víðlendar og gróðurinn fjölbreytilegur og hollur, útbeitið kjarngóð, en nýtur oft illa sökum snjóá og ónæðis, sumarhagar góðir fyrir allan búpening, þótt afréttarland skorti fyrir sauðfé." SJM I, 330.

NM-079:006 *Ferjuholt* heimild um ferju 65°34.425N 14°27.275V

"Utan við Hræreklslækinn eru hæðir, kallaðar Hólar. Spölkorn utan við þá er lægð nefnd Pyttalág. Nokkuð utan við Pyttalág er lág hæð á árbakkanum, kölluð Ferjuholt. Þar var áður lögferja á Jökulsá norðvestur af bæ." segir í örnefnalýsingu. Beint A af Ferjulág hinu megin. Akvegurinn liggur yfir Ferjuholt. Pyttalág er láginn utan við þar sem raflínur koma yfir ána. Á V bakkanum eru Ferjulágar frá Sleðbrjót er nærri því að vera beint á móti þeirri ytri.

Svæðið er lyngi og grasi vaxið, á stöku stað eru uppblásin rofabörð. Neðan við, á ánni er sandeyri sem liggur framan við lágina. Rétt innan við er klöppin sem Klapparlág er kennd við. Um 3-4 m eru úr láginni að vatnsyfirborði.

Ferjað var til 1957 - sjá nánar um ferjuna hjá Sleðbrjót. Áin hefur brotið nokkuð af bakkanum og staðurinn þar sem ferjan var tekin upp er horfinn.

Heimildir: Ö-Galtastaðir ytri, 2

NM-079:007 tóft stekkur 65°34.805N 14°26.696V

"Skammt utan við Ferjuholtið [006] eru rústir af Stekk. Ofan við Stekkinn er Stekkjarklettur." segir í örnefnalýsingu. Um 4-500 m utan við (ferjustaðinn). Beint niður undan bænum (NV) um 150 m.

Stekkurinn er í grónu klettaholti. Leifar kartöflugarðs (frá 1920-30) eru ofan við. Niður við ána eru miklar eyrar. Tóftin liggur með klettavegg, hún er aflöng, snýr NV-SA. Dyr eru á NV enda, kró í SA enda. Garður liggur í SV frá dyrum.

Heimildir: Ö-Galtastaðir ytri, 2

NM-082 Rangá

12 hdr. 1695, 1847. Jarðarinnar er getið í Droplaugarsonasögu. IF XI, 168. 1491: Rangá nefnd í sölubréfi Hafrafellstungu. DI VI, 760-762. "Landamörk við Dagverðargerði eru að norðan lína úr vík við Kíltanga við Lagarfljót út og niður af bæ og í suðurenda Mjóavatns, að vestan móti Bótarlandi og Hlíð suður Merkidal í

Rangá. Að sunnan er Rangá, hreppamörk, og fljótið að austan." SJM I, 360.

1918: Tún 5,3 ha, garðar 3320 m². "Jörðin þótti engjajörð mjög góð, einkum voru ágætar slægjur í nesinu meðfram fljótinu og í hvömmum upp með Rangá, stundum slægt árlega og heyið gott, en þýft er þar víðast. ... Rangártún þótti grasgefið og var sléttað með mestu snemma." Túnsléttun hafin um 1887. SJM I, 360.

NM-082:005 *Rangárvað* heimild um vað 65°20.988N 014°24.312V

"Þá komum við næst að Rangárvaði, þar sem einnig var ferjustaðurinn. Það var fjölfarið, riðið út í fljótið við Ferjubakkahornið innra, þaðan þvert yfir grynningar nærri því í miðju Fljóti, þaðan breytt lítilsháttar stefnunni til suðurs og þeirri stefnu haldið á stóran stein við Fljótið að austan." segir Helgi Gíslason. Ferjubakki liggur út í Fljótið neðan við (c.40-50m) sumarbústaðinn Silungatjörn.

Fljótsbakkarnir eru sendnir, c.20m. breiðir, en innan við þá eru 3-4m háir bakkar. Enn má sjá stóra steininn sem Helgi nefnir á bakkanum austan við fljótið.

Heimildir: Helgi Gíslason. "Um vöð og ferjur á Lagarfljóti", 8

NM-082:006 *Ferjubakki* heimild um ferju 65°20.939N 014°24.232V

"Þá komum við næst að Rangárvaði, þar sem einnig var ferjustaðurinn. Það var fjölfarið, riðið út í fljótið við Ferjubakkahornið innra, þaðan þvert yfir grynningar nærri því í miðju Fljóti, þaðan breytt lítilsháttar stefnunni til suðurs og þeirri stefnu haldið á stóran stein við Fljótið að austan." segir Helgi Gíslason. "Inn með Fljótinu, innan við nýja túnið, heitir Ferjubakki. Innan við bakkann er eyri út í Fljótið, sem heitir Ferjubakki. Þar var ferja yfir Fljótið áður." segir í örnefnalýsingu. Ferjubakki liggur út í Fljótið neðan við (c.40-50m) sumarbústaðinn Silungatjörn.

Fljótsbakkarnir á þessu svæði eru sendnir, c.20m. breiðir, en innan við þá eru 3-4m háir bakkar. Ferjubakki er c.8m langur tangi út í fljótið.

Heimildir: Helgi Gíslason. "Um vöð og ferjur á Lagarfljóti", 8; Ö-Rangá, 4

NM-082:024 stífla 65°21.839N 014°24.699V

"Meðfram fljótinu eru harðvellisbakkar, kallaðir Bakkar. Ofan við Bakkana, frá Ytrakíl að Fremrigróf, sem er rétt niður af túni á Rangá, er mór, sem nefndur er Mógarður. Fremrikíll er upp frá Fljótinu á miðju nesinu, og nær upp að Mógarði, þar er skarð í Mógarðinn; í þetta skarð var hlaðinn stíflugarður." segir í örnefnalýsingu. Um 150m suðvestan við Tótt (082:025)

Mógarður er náttúrulegur garður, c.15-20m breiður, myndaður af þúfnabelti sem liggur norður-suður frá Ytrakíl að Fremrigróf. Skrað er í Mógarðinn þar sem Fremrikíll kemur í hann, og er mannhlaðinn stíflugarður á milli. Skarðið í Mógarðinn er um 30m breitt og er stíflugarðurinn í því. Hann er mjög beinn, liggur norður-suður yfir kílinn. Engir steinar eru í hleðslunni, en fjárstígur liggur eftir honum.

Heimildir: Ö-Rangá, 3-4

NM-082:025 *Tótt* tóft heystæði 65°21.915N 014°24.592V

"Á Mógarðinum skammt utan við Stífluker er gömul heytótt, alltaf kölluð Tótt." segir í örnefnalýsingu. Hóllinn er á Mógarðinum (sjá lýsingu 082:024), mitt á milli þjóðvegsins og fljótsins.

Grænn hóll, um 1-2m á hæð í þýfðu en jafnsléttu mólendi.

Hóllinn liggur nokkurnvegin norður-suður, er um 17x7m. Efri hluti hans er nokkuð þýfður og gæti verið um veggjarbrot að ræða, sem mynda nokkurnvegin "U" laga tóft á norðurenda hólins. Neðan við norðurenda hólins er 0,1m djúp dæld, c.5,5m löng og jafnbreið og tóftin.

Heimildir: Ö-Rangá, 4

NM-083 *Vífilsstaðir*

20 hdr. 1695, 1847. Býlisins Krakalækjar sem var sennilega í landi V er getið í Þorsteins sögu hvíta, 7. Sýslumaður taldi hana 10 hdr en sitt hvora hjáleiguna 6 hdr. Hjáleigur Heykollsstaðir og Dögunargerði. "Mörk við Heykollsstaði eru við fljótið út og niður af rústumum, en við Dagverðargerði um Stekkavatn rétt innan við túnið." SJM I, 355.

1918: Tún 3,5 ha, garðar 245 m². Túnið er á hjöllum og mishæðum upp af fljótinu, Vífilsstaðanes aðalengi jarðarinnar. SJM I, 355.

NM-083:019 *Ferjutangi* örnefni ferja 65°23.344N 014°24.051V

"Neðan við Dalinn er grýttur hryggur, sem kallaður er Hali. Yzt á halanum er stór steinn, sem heitir Hádegissteinn. Niður af Hádegissteini er tangi út í Fljótið, og heitir hann Ferjutangi." segir í örnefnalýsingu. Ferjutangi liggur út í fljótið beint neðan við við afleggjarann að Vífilsstöðum. Vegarslóði liggur út á tangann.

Þýfður tangi c.100x100m. Fljótsbakkinn sjálfur er grýttur, 5m breiður, en hækkar svo mjög skarpt um 2-3m.

Heimildir: Ö-Vífilstaðir, 4

NM-083:022 *Stekkur* heimild um stekk 65°23.668N 014°24.052V
"Nokkurn spöl út með fljótinu er dæld, sem nær frá Fljótsaxlarbrún og niður að Fljóti. Dæld þessi heitir Hagagjóta, yngra nefn er Stekkjarlág. Rústir af stekk eru skammt utan við dældina niður við Fljót. Þessar rústir eru kallaðar Stekkur." segir í örnefnalýsingu. Dæld neðan við klettana sem eru neðan við Vífilstaðatún. Þjóðvegurinn liggur þvert yfir dældina. Grasi gróin dæld sem liggur alveg niður að fljóti. Fannst ekki, heimildarmaður kannast ekki við töft hér. Landið neðan við þjóðveginn hefur allt verið plægt.
Heimildir: Ö-Vífilstaðir, 4

NM-084 Heykollsstaður

Hjáleiga Rangár, talin 6 hdr af sýslumanni 1847. Jörðin í eyði síðan 1965. "Jörðin á land frá Lagarfljóti og vestur að Sauðahrauni í Lágheiði að Brekkuselsslandi. Að norðan eru lönd Galtastaða og Straums og þar sums staðar forn garðlög á annars óglöggum mörkum." SJM I, 354.
1918: Tún 2,1 ha, garðar 312 m². Túnið var lítið og deiglent að hluta, ræst fram með lokræsum. SJM I, 354.

NM-084:004 *Krakalækjarþing* töftir þingstaður 65°25.226N 014°23.713V
"... þingstaðurinn forni við Krakalæk (Krakalækjarþing) eru í landi H við Þinghöfða, sem er lyngvaxinn hóll blásinn í kollinn, frammi við fljótið. Búðartættur eru í lægð á lyngmóum sunnan við höfðann. Þær eru um 20 talsins og glöggar, þar eru friðlýstar. Kolagrafir eru þar víða um móana og vitna um skóg. Þingstaðurinn hefur verið skýll og fagur í skóginum, fram undan Vífilstaðaflóinn útbreyddur ..." segir í Sveitum og jörðum. Fornleifaskrá: "Vífilstaðir. ... b. Allar búðatöftir og girðingar á hinum forna Krakalækjarþingstað." Þingstaðurinn er í suðurhlíð Þinghóls, sem liggur milli þjóvegsins og Lagarfljóts rétt norðan við Krakalæk. Flestar töftirnar eru í suðurhlíð Þinghöfða, en brekkur hans ná alveg niður að Lagarfljóti. Svæðið er lyngvaxið og nokkuð þýft, og því getur verið erfit að greina sumar töftirnar. SV 1893. Að minsta kosti 9 tættur liggja á og neðan við Þinghöfða. Svæðið sem þær liggja á er grasvaxið og liggja alveg niður að fljótinu. Þær tættur sem liggja næst því eru um 20m frá fljótinu. Um 100m vestan og suðvestan við þessar töftir eru fleiri töftir sem hugsanlega eru hluti af þingstaðnum.
Heimildir: SJM I, 354; Ö-Heykollsstaðir, 2; ÁG: Skrá um friðlýstar fornleifar, 57; SV: Árbók 1893, 47-49

NM-084:005 gryfja kolagröf 65°25.497N 014°23.575V
"... þingstaðurinn forni við Krakalæk (Krakalækjarþing) eru í landi H við Þinghöfða, sem er lyngvaxinn hóll blásinn í kollinn, frammi við fljótið. Búðartættur eru í lægð á lyngmóum sunnan við höfðann. Þær eru um 20 talsins og glöggar, þar eru friðlýstar. Kolagrafir eru þar víða um móana og vitna um skóg." segir í Sveitum og jörðum. 1893: "Vallgrónar kolagrafir eru hér ótölu margar, og víða rétt innan um búðatöftirnar, að allr þingstaðrinn hefir vaxin skógi eftir að hann lagðist niðr." Kolagrafirnar eru innan um Krakalækjarþingstöftirnar og er lýsing á aðstæðum því sú sama og þar (084:004). Þó nokkrar kolagrafir eru á þingsvæðinu, sumar mjög nálægt töftunum. Flestar eru þær um 0,7m djúpar.
Heimildir: SJM I, 354; SV: Árbók 1893, 49

NM-084:012 garðlag landamerki 65°25.497N 014°23.575V
"Landamerki Heykollsstaða og Straums; Gamall merkigardur frá Lagarfljóti upp yfir Fljósmóa skammt utan við Þinghöfða ..." segir í örnefnalýsingu. Norðan við Þinghöfða myndast vogur í fljótið og liggur austurendi landamerkjagarðsins þar. Frá fljótinu hækkar landið með um 30° halla upp á smá hæð. Vestan við þessa hæð er djúp dæld og er þjóðvegurinn vestan við hana. Landið er mjög þýft og lyngi og kjarri gróið. Gardurinn byrjar um miðjan voginn og hefur beina stefnu í vestur upp hlíðina. Hleðslur hans eru mjög signar og víða hafa komið rof í hann. Þessi hluti garðsins er 110m langur og endar efst á hæðinni, en þar hefur verið mikill uppblástur, og eru engin merki um garðinn þar. Um 20m langur bútur er í dældinni á milli þjóðvegar og hæðarinnar. Sá kafli er mun betur varðveittur en sá sem er nær fljótinu. Ekki er neitt grjót í garðinum.
Heimildir: Ö-Heykollsstaðir, 2

NM-084:026 gryfja kolagröf 65°25.468N 014°23.662V
Svæðið á milli Þinghöfða (084:026) og landamerkjagarðs Heykollsstaða og Straums (084:012). Svæðið nær alveg niður að fljóti, er í smá halla. Það er allt lyngi- og birkivaxið, eitthvað hefur verið um að tré hafi verið gróðursett á svæðinu. Á svæðinu er þónokkuð af kolagröfum (a.m.k 20) flestar um 1-2m í þvermál og 0.7m á dýpt.

NM-085 Dögunargerði/Dagverðargerði

Hjáleiga Rangár, talin 6 hdr af sýslumanni 1847. Eiríkur Eiríksson telur jörðina hafa verið hjáleigu frá Vífilsstöðum. HP: Dagverðargerði réttara en Dögunar sem er sennilega framburðarbreyting. Árbók 1923, 90 "Landið D er 1,9 km meðfram Lagarfljóti, en frá fljótinu og vestur á landamarkavörðu á Sauðahlíðum (ás austur af Hundsvatni) í Lágheiði eru um 5 km (eftir korti) eða 8-9 á landi, og þaðan liggja mörk við Vífilsstaði um norðurenda Mjóavatns og sa. í fljót yfir tjörn rétt framan við Vífilsstaðabæ. Mörk við Hlíð og Rangá eru frá vörðunni um suðurenda vatnsins og þaðan sa. í fljótið við litla vík fram og niður af bæ." SJM I, 358. 1918: Tún 3,3 ha, garðar 534 m² "Túnið var mestallt þýft, allbratt víða, hólótt og fremur jarðgrunnt." SJM I, 358.

NM-085:008 heimild um kolagröf

"Í nesinu eru nokkrir móahryggir með birkivotti fram um 1940 og annars staðar í landinu urmull af kolagröfum, sem vitna um kjörr." segir í Sveitum og jörðum.

Tvær kolagrafir sjást í nesinu segir heimildarmaður, en skrásetjari sá þær ekki.

Heimildir: SJM I, 358.

NM-085:009 Þórarinsgarðar garðlag flóðgarður 65°22.600N 014°23.920V

"Í nesinu eru nokkrir móahryggir með birkivotti fram um 1940 og annars staðar í landinu urmull af kolagröfum, sem vitna um kjörr. Þar eru glöggar leifar flóðgarða m.a. "Þórarinsgarða" frá um 1890, aðrir eldri." segir í Sveitum og jörðum. "Yzt á Nesinu utan við Bakkalág er gamall flóðgarður; heitir Þórarinsgarður, kenndur við Þórarinn Jónsson, sem sagt er að hafi hlaðið hann." segir í örnefnalýsingu. Um 500m í norðaustur frá bænum. Í flötu grasi vöxnu mýrlendi nesi.

Að sögn heimildarmanns hefur fljótið alveg eitt garðinum, en mæling var tekin nálægt fljótsbakka samkvæmt tilvísun Eiríks þar sem garður hafði verið.

Heimildir: SJM I, 358, Ö-Dagverðargerði, 4

NM-085:013 garðlag landamerki 65°22.210N 014°24.655V

"Landamerki milli Dagverðargerðis og Rangá eru: Forn merkigarður mjög ógreinilegur við Ytrikfl ..." segir í Sveitum og jörðum. Tæplega 200m suður frá bæ. Ekki sér marka fyrir garðinum að neinu viti, en hann mun hafa legið frá brekku að fljóti. Nú er þar vírgirðing.

Grasivaxið mýrlent land.

Mæling tekin um 100m frá brekkurótum og 30m frá fljótsbakka.

Heimildir: SJM I, 358

NM-085:031 Þvergarður garðlag landamerki 65°22.543N 014°24.113V

"Þvergarður er gamall merkigarður (sjá Steingerði)." segir í örnefnalýsingu. Í Dagverðargerðisnesi, um 250m norðaustur af bæ.

Í lági mýrlendu grasi vöxnu nesi.

Garðurinn sést illa eða ekki, en farði var eftir leiðbeiningum heimildarmanns. Garðurinn lá frá brekkurótum og þvert í fljótið.

Heimildir: Ö-Dagverðargerði, 4

NM-085:032 gryfja kolagröf 65°22.665N 014°24.447V

"Austan (þ.e. SA) í Höfðanum er Höfðahvammur. Þar eru margar kolagrafir og fleiri rústir." segir í örnefnalýsingu. Í brekkunni ofan við 085:033 eru nokkrar greinilegar kolagrafir. Að minsta kosti ein kolagröf í suðvestur og tvær eða þrjár í norðvestur af tóftunum. Ein kolagröf 3-4m beint sunnan við syðri tóftina.

Grasi vaxinn hvammur.

Kolagrafirnar eru 1-1,5m í þvermál.

Heimildir: Ö-Dagverðargerði, 4

NM-085:033 tóft óþekkt 65°22.665N 014°24.447V

"Austan (þ.e. SA) í Höfðanum er Höfðahvammur. Þar eru margar kolagrafir og fleiri rústir." segir í örnefnalýsingu. Um 4-500m norður af bæ, neðan þjóðveggar, ofan við nesið. Meira en 100m frá fljóti en nesið er mjög lágt og fer líklega mjög í kaf.

Grasi vaxinn hvammur.

Tvær ílangar tóftir, mjög útflattar og veggir hlaupnir í þúfur.

Heimildir: Ö-Dagverðargerði, 4

NM-085:034 *Gamli stekkur* tóft stekkur 65°22.718N 014°24.336V
"Austan (þ.e. SA) í Höfðanum er Höfðahvammur. Þar eru margar kolagrafir og fleiri rústir. Utan við hvamminn er Gamli stekkur." segir í örnefnalýsingu. Um 5-600m norðaustur af bæ, fast upp við brekku neðan við þjóðveg eða neðst í henni.
Grasi vaxin þýfð brekka. Beint í austur, 200-250m út í fljót en 60-70m í norðaustur. Þó er þessi tóft hærri en svo að hækkun komi við hana.
Á þessum stað er tóft, grasi vaxin og nokkuð hlaupin í þúfur. Ef þetta er staðurinn þar sem kartöflugarðuinn var hefur hann verið neðst í brekkunni. Þar er slétt og grasi vaxið nú.
Heimildir: Ö-Dagverðargerði, 4

NM-085:041 heimild um ferju 65°22.406N 014°24.307V
Sunnan við nesið sjálft, 150-200m norðaustur af bæ.
Lágir flatir bakkar sunnan við nesið.
Þessi ferjustaður hét ekki neitt samkvæmt heimildarmanni.

NM-085:042 skurður 65°22.315N 014°24.465V
Á fljótsbakka nokkuð sunnan við bæinn (um 50m).
Á lágum grasi vöxnum mýrlendum bakka.
Handgraffinn skurður fyrir bæjarlækinn, stefnir frá brekkurótum þvert á fljótið.

NM-085:043 tóft heystæði 65°22.266N 014°24.849V
Gengið er um 150m suður frá bæ á Dagverðargerði meðfram brekku með grjóti/klettum. Neðst í brekku suður undir merkjum eru heytættur, um 130m frá fljóti.
Neðst í grasi og lyng vaxinni brekku.
Ein tótt allglögg og um 10m sunnar önnur heldur óglögg. Utanmál þeirrar nyrðri er 3,5x4m, 0,4m að hæð. Hin syðri óleggri er meira hlaupin í þúfur, 3x4 að utanmáli, 0,4 á hæð.

NM-086 Straumur

12 hdr. 1695, 1847. Jarðarinnar er getið í Droplaugasonasögu. IF XI, 157. Eign Desjamýrarkirkju. "Jörðin er meðfram Lagarfljóti við Straumsflóa norðanverðan og nær úr í miðja mjóddina undan Steinvaðsdal, þar sem fljótið fellur aðklemmt milli melhóla með töluverðum straumi. Þar eru hættulegar afætur, þegar ís er á fljótinu. Að vestan eru landamörk móti Galtastöðum fram um Álftavatn og Brunavatn (garður milli vatnanna) og inn sama horf, en að sunnan eru Heykollsstaðir við lítið vatn suður af Krókavatni og þvert austur í fljót." SJM I, 352.

1918: Tún 2,6 ha, garðar 1140 m² "Engjar voru í sundunum, en ásarnir fremur hrjóstrugir og kvistlendi lítið. ... Engjarnar voru grasgefnar og síðar sléttar, en fullvotar í regntíð, heyið eðlisgott en fremur létt til fóðurs, dálítið starengi, erfitt til heyskapar." SJM I, 352.

NM-086:001 *Straumur* bæjarhóll bústaður 65°26.420N 014°23.483V
"Után við gamla íbúðarhúsið á Straumi (þar sem nú er fjárhús) er há brekka, sem er nefnd Kinn. Upp á brekkunni er gamalt fjárhús, það heitir Kinnarhús." segir í örnefnaskrá. Neðan við þjóðveginn er Bæjartjörn. Gamli bærinn stóð við norðurenda hennar.
Grasivaxin hólbunga, smáþýfð.
Ekki sjást neinar mannvirkjaleifar, þar sem sléttað hefur verið yfir allar tóftir á svæðinu.
Heimildir: Túnakort 1918; SJM I, 353; Ö-Straumur, 2

NM-086:002 kuml legstaður 65°26.178N 014°23.438V
"Árið 1952 rannsakaði ég forn kuml að Straumi í Hróarstungu. Bærinn stendur niðri við Lagarfljót, en hamrabelti ofan við. Rétt sunnan við bæinn hefst langur hólhryggur eða ás, er liggur suður með fljótinu. Ef gengið er suður ásin frá bænum, er Lagarfljót á vinstri hönd, en dálítill grasi eða sefi vaxinn tjörn á hægri hönd. Um það bil þar sem tjörnin þrýtur að sunnan er lítil laut um þveran ásin, og sunnan við hana er holt, þar sem stormur hefur á litlu svæði rífið jarðveg niður í ísaldarleir með smásteinahrafla (63. mynd). Í rofbarðinu sá á tveimur stöðum í mannabein, en í miðju sjálfu flaginu sáust hauskúpubrot standa upp úr, Þau virtust eitthvað úr stað færð og sömuleiðis lítil öxi, sem hjá þeim var, af K-gerð, líkust Sverd 42, en oddar .á nokkurn veginn eins upp af og niður af auga, egginn mikið skökk. Þessi öxi er óvenjulega lítil, aðeins 11,3 sm að l. og 5 sm fyrir munn, enda voru mannabeinin úr um 10 ára dreng. Þegar skafið var í kringum þessar leifar, sást fljótlega, að þær lágu í suðurenda grafa, og tókst auðveldlega að fylgja útlínunum allt í kring. Var um 10-15 sm þykkt lag óblásið í grafarbotninum.

Gröfin sneri N-S, höfuð í suðurenda (64. og 65. mynd). Hún var 1,50 m að l., 40 sm að br., hornin íbjúg. Undir hauskúpuleifunum, sem upp úr stóðu, voru tennurnar í hrúgu, allar eða flestar. Beinagrindin hafði annars ekki varðveist vel, en þó nægjanlega til að sýna legu líksins. Vinstri upphandleggur sást greinilega og vottur af framhandlegg, lærleggir báðir, fótleggir og fótarbein. Líkið hafur verið lagt á hægri hlið í gröfina, dálítið en þó alls ekki mikið kreppt um mjaðmar- og hnjáliði, vinstri fótleggur krosslagður yfir hinn hægri. Mörg beinanna voru alveg horfin án þess að hafa orðið fyrir raski, því að gröfin var óskemmd að öðru leyti en nánasta umhverfi höfuðsins. Í gröfinni voru allmiklar tréleifar og lágu sumpart langs og sumpart þversum. Rónaglar, a.m.k. 30 talsins, lágu einnig um alla gröfina eins og myndin sýnir (64. mynd). Nokkrir naglar, sem ekki eru rónaglar, fundust einnig. Naglarnir voru ekki í röð og reglu, og margir þeirra stóðu upp á endana, t.d. þeir þrír, sem voru í röð rétt framan við miðja gröf. Einn rónagli var undir hægri fótlegg, og sýnir það, að flekarnir, sem naglarnir hafa verið í, hafa verið að einhverju leyti undir líkinu. Líklega hafur byrðingur úr bát verið notaður til þess að búa um líkið í gröfinni eða lagður á botninn, því að örugglega virðist hér um bátsnagla að ræða, þó að fráleitt hafi heill bátur verið í gröfinni. Engin merki kistu sáust.

Auk þeirra hluta, sem þegar hafa verið nefndir, fundust í gröfinni framarlega eitt blýmet og tveir örlitlir, hnöttóttir steinar. Við fótleggi lá lítill hnífur.

Á þremur stöðum í rofbarðinu fundust óskipulegar hrúgur af mannabeinum. Að sögn Jóns Steffensens eru þau úr þremur mönnum, miðaldra karlmanni, konu um þrítugt og sennilega miðaldra konu. - Hafa því a.m.k. fjórir verið heygðir á þessum kumlategg, en auk þess fannst þar ein tákjúka úr hesti, og bendir það til hrosskumla á staðnum. Það er augljóst, að bein þessi eru úr uppblásnum kumlum, og hafa þau verið grafin þarna í rofbarðinu. Vel má vera, að fleiri kuml séu í lynngmóanum suður af rofbarðinu, en víst er það ekki, og seinlegt væri að leita það af sér grun."

(Rannsóknarskýrsla KRISTJÁNS ELDJÁRNS, ópr.) Kumlstæðið liggur nánast beint niður af núverandi íbúðarhúsum á Straumi, á smá hólþungu niður við fljótið.

Grasigróinn hóll, þó að sumstaðar hafi myndast smá rof í grassvörðinn. Fljótsbakkinn er hér mjög brattur, c.20m hár.

Ekki er að sjá neinar mannvistarleifar, enda hefur svæðið verið eitthvað sléttað.

Heimildir: KEKH 1956, 171-174

NM-086:005 garðlag vörslugarður 65°26.318N 014°23.457V

"Allt Straumsland er afgirt gömlum görðum og vötnum." segir í Sveitum og jörðum. Beint austan við Gerði (086:007), um 20m.

Garðurinn liggur austur-vestur. Austur endi hans er í grasigróinni brekku, en hverfur svo við Bæjartjörnina. Vestan við hana liggur garðurinn svo upp brekkuna, en er skorinn af þjóðveginum. Neðan við þjóðveg virðist garðurinn tengjast einhverskonar gerði.

Garðurinn virðist að mestu leyti grjóthlaðinn, en austur endi hans er mjög eyddur, síðustu 15m eru aðeins ein steinaröð. Annars er garðurinn grasi vaxinn, og er mjög beinn. Sá hluti garðsins sem liggur austan við tjörnina er um 20m langur.

Heimildir: SJM I, 352

NM-086:007 Gerði örnefni hesthús 65°26.315N 014°23.429V

"Gerði hét afbýli frá S, en gerðin eru tvö, og ekki kunnugt á hvoru býlið var. Annað er á túnjaðrinum, en á hinu eru beitarhús." segir í Sveitum og jörðum. "Austan við tjörnina er melhryggur, nafnlaus. Þar stóð hesthúskofi, sem var kallaður Gerði." segir í örnefnalýsingu. Um 300m norðaustan við bæjarhúsin, austan við þjóðveginn er Bæjartjörn. Milli hennar og fljótsins liggur hryggur norður-suður. Gerði stóð á norðurhluta hryggsins.

Grasi gróinn hryggur, 20-30m. breiður. Fljótið hækkar mjög bratt hér, 30-50m.

Sléttað hefur verið úr tóftinni, en þó má sjá steinadreif og mishæðir á svæðinu þar sem hún stóð.

Heimildir: SJM I, 352; Ö-Straumur, 2

NM-086:011 tóft óþekkt 65°26.416N 014°23.394V

"Ennþá kofarústir óhreyfðar og þúfnastykki í kring." segir í Sveitum og jörðum. Austan við gamla bæjarstæðið er hár hóll alveg við fljótið, tóft þessi er efst á honum.

Melhóll, eitthvað grasi gróinn. Um 30-40m eru niður í fljót, en brekkan þar er mjög brött.

Ferhrynd dæld sem snýr norðaustur-suðvestur, eitthvað niðurgrafin. Grjóthleðslur eru í 3 hliðum en suðvesturendinn er opinn.

Heimildir: SJM I, 352

NM-086:012 heimild um fjós 65°26.420N 014°23.483V

"Til úttekta frá '08, þá fjósbaðstofa 9,5x4,5, hæð 3,5. Fjósið aflagt því að annað er komið 6x5. Göng 17, búr, eldhús, portbyggðar bæjardyr 51/4 x 4." segir í Sveitum og jörðum. Á sama stað og 086:001.

Allar aðstæður þær sömu og 086:001.

Heimildamaður vissi ekki hvort fjós var áfast bænum en taldi það líklegt.

Heimildir: SJM I, 353

NM-086:014 garðlag landamerki

65°27357N 014°23.182V

"Landamerki milli Straums og Litla-Steinvaðs eru: Forn merkigarður frá Álftavatni að austanverðu í Merkivík við Lagarfljót." segir í örnefnalýsingu. Merkivík gengur inn í land beint norðan við (?). Austurendi garðsins lá að vatninu um miðja Merkivík. Nú liggur gaddavírsgirðing þar sem garðurinn lá austan við þjóðveginn.

Lyng- og mosavaxin brekka. Lítill halli á henni fyrr en kemur að ásnum ofan við Steinvaðsdal.

Garðurinn er alveg horfinn á kaflanum sem liggur milli þjóðveggar og fljóts, sem er um 50m langur. Hins vegar sjást óljós merki hans vestan við þjóðveginn, þar sem hann liggur í beinni stefnu í vestur upp á sinn. Hann er hinsvegar mjög rofinn og sumstaðar er einungis hægt að greina hann út frá rofabörðum.

Heimildir: Ö-Straumur, 1

NM-086:015 garðlag nátthagi

65°26.940N 014°23.140V

"Skammt innan við mörkin [milli S og Steinvaðs] er dálítið stöðuvatn, sem heitir Hagavatn. Frá endum þess eru garðalög að Fljótinu, líklega gamall nátthagi." segir í örnefnalýsingu. Beint neðan við Arnarmel, er höfði sem gengur út í fljótið, þar er Hagavatn, um 10m vestan við þjóðveginn. Vesturendi garðsins er við suðurenda Hagavatns og liggur þaðan í austur að fljótinu.

Lyng- og mosavaxin brekka milli þjóðvegs og fljóts. Kaflinn vestan við veginn liggur í gegn um malarnáms(?) svæði. Fljótsbakkinn á þessu svæði er mjög lágur en hækkar með litlum halla upp á veg.

Frá suðurenda Hagavatns liggur garðurinn nokkurnvegin suður á um 30m kafla, en hverfur þar á malarnáms(?)svæði (einhverskonar framkvæmdir). Garðurinn sést svo aftur um 30m sunnar, austan við þjóðveginn og stefnir þar til austurs. Um 70m austar skiptist garðurinn í tvennt, en báðir angarnir liggja að fljótinu, og eru um 20 metrar á milli þeirra þar sem þeir koma að bakkanum. Ekki eru nein merki um grjót í garðinum, sem hlykkist mjög, og víða eru komin rof í hann. Um 40m austan við þjóðveginn liggur vegslóði í gegn um hann.

Heimildir: Ö-Straumur, 2

NM-086:017 *Kinnarhús* heimild um fjárhús

65°26.479N 014°23.475V

"Utan við gamla íbúðarhúsið á Straumi (þar sem nú er fjárhús) er há brekka, sem er nefnd Kinn. Upp á brekkunni er gamalt fjárhús, það heitir Kinnarhús." segir í örnefnalýsingu. Gamla íbúðarhúsið á Straumi stóð í dæld sem leggur beint norðan við Bæjartjörnina og niður að fljóti. Norðan og vestan við þessa dæld er hæð sem heitir Kinn.

Mjög slétt grasi gróid svæði.

Allar tóftir á svæðinu hafa verið sléttaðar, engar menjar þeirra sjást.

Heimildir: Ö-Straumur, 2

NM-086:018 *Lambhús* heimild um fjárhús

65°26.508N 014°23.427V

"Austast í Kinninni var annað fjárhús, sem kallað var Lambhús." segir í örnefnalýsingu. Gamla íbúðarhúsið á Straumi stóð í dæld sem leggur beint norðan við Bæjartjörnina og niður að fljóti. Norðan og vestan við þessa dæld er hæð sem heitir Kinn.

Mjög slétt grasi gróid svæði.

Allar tóftir á svæðinu hafa verið sléttaðar, engar menjar þeirra sjást.

Heimildir: Ö-Straumur, 2

NM-086:020 *Smiðjubotn* heimild um smiðju

65°25.663N 014°23.590V

"Innan við Bæjartjörnina er stórt móasvæði, sem kallað er Fljótsmóar eða aðeins Móar. ... Nokkuð inn á Mounum eru tveir alldjúpir botnar, Smiðjubotn nokkuð neðan við þjóðveg og Hrutabotn aðeins ofan við veg." segir í örnefnalýsingu. Svæði þetta liggur rétt norðan við landamerkjagarð móts við Vífilsstaði, tún á milli þjóðvegs og fljóts.

Smiðjubotn er slétt tún um 200x100m sem liggur nánast alveg að þjóðvegi og fljóti. Bakkinn þar meðfram er nokkuð skarpur, um 5-10m hár. Landið er svo slétt á Smiðjubotninum en hækkar svo í einu þrepi (3-4m) upp á þjóðveg.

Slétt tún. Ekki eru nein mannvirki að sjá. Þó segist heimildarmaður muna eftir tóftum í norðausturhoni túns (við fljótið) og við tjörnina sem liggur við suðurenda Smiðjubotna.

Heimildir: Ö-Straumur, 2

NM-087 Litla Steinsvað

12 hdr. 1695, 1847. "Jörðin liggur að Steinvaðsfloa í Lagarfljóti, sunnan úr Steinvaðsdal þvert vestur í Álftavatn og þaðan í norðaustursveigðan boga nv. í Búðavatn, frá vatninu eftir Búðarlæk og niður í fljót yfir Völsunga laust innan við Fossvík. ... Steinvaðsland liggur að mestum hluta milli Lagarfljóts og Búðavatns og Búðalækjar." Í eyði síðan 1963. SJM I, 342.

1918: Tún 3,4 ha, garðar 531 m² "Bærinn stendur í allbröttu túni austan í Bæjarási skammt upp frá fljóti. neðan túns og út frá því bæði til suðurs og norðurs eru móar meðfram fljótinu og nokkurt ræktunarland, en forarmýrarsund ofar." SJM I, 342.

NM-087:002 garðlag landamerki

65°29.881N 014°21.924V

"Landamerki Steinvaðs og Kirkjubæjar eru: Forn merkigarður frá Lagarfljóti í Búðarlækjarfoss ..." segir í örnefnalýsingu. Við landamerki Litla-Steinsvaðs og Kirkjubæjar er fljótsbakkinn jafnslétt graslendi, sem liggur norðan við Gjáakletta. Frá þessu graslendi liggja tveir litlir tangar úr í fljótið, og liggur austurendi garðsins við þann syðri. Garðurinn liggur í beinni stefnu vestur, c.5m sunnan við afleggjarann að Lagarfossi.

Graslendi, mjög lítt halli frá fljóti að þjóðvegi, með mýrarsvæðum inn á milli.

Garðurinn er víðast hvar útflattur, og er um 400m kafli frá fljóti og upp mjög óskýr. Víða er komið rof í hann og stundum hverfur hann alveg. Á mörgum köflum sést hann aðeins sem hærri þúfur.

Heimildir: Ö-Litla-Steinsvað, 1

NM-087:005 gata leið

65°29.532N 014°22.073V

"Við Lagarfljót, rétt við landamerki, er kletthöfði, sem heitir Geithöfði. Litlu innar er annar höfði lægri við Fljótið, sem heitir Ærhöfði. .. Innan við Ærhöfða (nokkun spöl) eru klettur við Fljótið, sem heita Gjáaklettur. Milli þeirra er klettaskora, sem kölluð er Gjá. Eftir þeirri skoru eru gamlar götur að Stóra-Steinsvaði á Lagarfljóti." segir í örnefnalýsingu. Gjáaklettur eru um 500m langt klettabelti sem liggur meðfram fljótinu í norðurenda Litla-Steinsvaðslandi. Við suðurenda þeirra er annað, mun minna klettabelti sem liggur innar og stefnir meira í vestur, fylgir vík sem gengur þar inn í landið. Gjá liggur á milli þessara kletta.

Gjá er um 10m löng og 10-15m breið, en klettaveggir eru sitthvoru megin við hana 3-7m háir. Landið er hér mjög þýft og lyngi vaxið og eru engin merki um leiðir, hvorki í Gjánni sjálfri, né sitt hvoru megin við hana, fyrir utan fjárgötur. Fljótsmegin við Gjá er landið mjög flatt og er þar lítt tangi út í fljótið, nánast beint á móti Stóra-Steinsvaði, sem er austan megin við það.

Heimildir: Ö-Litla-Steinsvað, 2

NM-087:011 heimild um myllu

65°27.978N 014°23.229V

"Neðan við Dalinn er langur ás, sem heitir Stórás í Steinvaðslandi, en Hagaás í Straumslandi. Lækurinn rennur í sveig ofan fyrir utan ásendann í Lagarfljót. Þar heitir Mylluvík milli Lambhöfða og Ferjutanga. Ofan við víkina, við lítinn foss í Læknum, var vatnsmylla og sjást leifar af tóttinni. Þar er enn kölluð Mylla." segir í örnefnalýsingu. Um 90m sunnan við þar sem vegslóði að Brekku liggur í vestur frá þjóðveginum rennur lækurinn undir hann, og hlykkjast þaðan suðaustur í Mylluvíkina. Rétt áður en hann kemur í víkina sjálfa er lítill foss í læknum."

Vestan megin við fossinn er brött lyngvaxin brekka. Austan megin við hann er slétt lyngvaxið svæði. Nokkuð er um klappir umhverfis lækinn.

Ekki er að sjá neinar mannvistarleifar á þessu svæði í dag.

Heimildir: Ö-Litla-Steinsvað, 5

NM-087:012 mannvirki ferja

65°27.453N 014°22.808V

"Framan við Mylluvík er stór mótangi við Lagarfljót. Tangi þessi heitir Ferjutangi. Við framanverðan Ferjutanga var lögferja á Lagarfljóti." segir í örnefnalýsingu. Ferjutangi er langur og mjór tangi sem liggur út í Lagarfljót við suðurenda Litla-Steinsvaðslands.

Tanginn er ekki mjög breiður, en bakkar hans eru mjög brattir og háir (c.20m). Við suðausturodda tangans er 5m breiður sendinn bakki við fljótið.

Enn stendur steypdur stöpull með víðarstöðum, leifar dragferjunnar á suðausturodda Ferjutanga. Stöpullinn er c.5x3m og standa stöðirnar um 5m hátt.

Heimildir: Ö-Litla-Steinsvað, 5; SJM I, 343

NM-087:013 gryfja kolagröf

65°27.520N 014°22.915V

"Eldra nafn á Ferjutanga [sjá 012] mun vera Timburtangi. Þar hefur verið mikill skógur til forna, um það vitna margar kolagrafir." segir í örnefnalýsingu. Landvæðið norðan við Ferjutanga er tún. Þar sem túnið endar og Ferjutangi byrjar er þýft lyngvaxið svæði sem endar um 160m norðan við odda Ferjutanga.

Bakkar fljótsins eru hér mjög brattir og háir (um 15m).

Á þessu svæði er urmull af kolagröfum (30+). Flestar þeirra um 1m í þvermál og 0,4-0,7m á dýpt.

Heimildir: Ö-Litla-Steinsvað, 5

NM-087:015 garðlag vörslugarður

65°27.925N 014°23.163V

Garðurinn liggur úr Mylluvík í norður, um 300m. Sveigir þar í vestur, og er skorinn af þjóðveginum, um 2m norðan við vegslóðann að Brekku liggur þar upp ásinn (c.300m), en er ekki greininlegur upp ásinn.

Garðurinn liggur í þýfðu mosavöxnu landi. Mjög lítil halli er á landinu fyrir en c 10-20m neðan við þjóðveginn. Garðurinn virðist vera hlaðinn eingöngu úr einfaldri steinaröð. Hann er að mestu grasi gróinn, fyrir utan síðustu 5m áður en hann endar í Mylluvík. Víða sést í steina í honum.

NM-095 Kirkjubær

Kirkjustaður, 12 hdr. 1695. Minnst á kirkjuna í kirknaskrá Páls frá um 1200. DI XII 4. Í máldaga Vallaneskirkju frá um 1270 segir: "a vallaness kirkia tvo hlvte j vidreka: enn kirkivbæiar kirkia þridivng: enn tuo hlvti a kirkivbæiar kirkia j hvalreka [á þriggja hundraða teigi fyrir vestan Lagarfljótsós." DI II 83 Afhendingabréf frá um 1336, þá á kirkjan Bóndastaða og hálfu Ytri Ketilstaðir í Útmannasveit?. Einnig á hún vestureyjar Torfastaða. DI II, 708-709.

Kirkjustaður, Gunnhildargerði hjáleiga. Kirkjan á reka á Maríu- og Húseyjarsandi og hálfan Helmingssand ásamt hvalreka á Langanesi. Í eyði síðan 1965. "... ítök [komu] þá í góðar þarfir: beit fyrir 100 lömb og geldfénað í Húsey, 100 lömb á Torfastöðum í Hlíð, nautaganga í Kaldártungum í Hlíð og Lágheiði og selstaða í Bótarheiði (Svarthamrasel)." SJM I, 340. "K á land að Litla-Steinsvaði, Brekku, Hallfredarstöðum og Hjáleigu, Hræreklæk, Galtastöðum út, Nefbjarnastöðum og Gunnhildargerði. helstu viðmiðunarstaðir landamerkjia á korti eru norðurendi Búadvatns og mjóavatns, Þórisás, Gljúfravatn, Fornustaðaás og Kolahjalli og Lagarfljót utan frá Merkilág við vík í fljótsbakkannum út og niður af Þorsteinsgerði og inn fyrir foss rétt um Völsunga og þar þvert vestur í Búðalæk." SJM I, 339.

1847: Túnið fóðrar 4 kýr, en útheysskapur er bæði reitingsamur og örðugur, en þó reyndar eigi mjög lítill." JJ 1847, 365. 1918: Tún 5 ha, garðar 1235 m² "Engjar voru á dreif um landið, fremur snöggar og reytingssamar, vart slægar árlega, en svo víðlendar, að heyskaparmöguleikar voru miklir hjá efnuðum prestum, sem nutu ódýrs vinnuafns ..." SJM I, 339-340.

NM-095:017 tóft stekkur

65°31.699N 014°22.703V

"Meðfram fljótinu er mýrlend brydding eða mjó slétta, að mestu mýrlend, sem ég minnst ekki að hafa heyrt nafn á alla leið inn að Þorsteinsgerðislæk, er fellur þar í fljótið sunnan við Stekkinn, sem er þar á þurri flöt." segir í örnefnalýsingu. Þorsteinsgerðislækur rennur frá Þorsteinsgerði (sem liggur alveg við slóðann frá Kirkjubæ að Gunnhildargerði, mitt á milli bæjanna), í austur að fljótinu. Stekkurinn liggur á norðurbakka Þorsteinsgerðislækjar alveg við þar sem hann rennur í fljótið.

Tóftin er á grasigrónum bala. Fljótið er um 10m austan við austurvegg tóftarinnar og rennur Þorsteinsgerðislækur fast sunnan við hana. Ofan (vestan) við balann er mikill bratti sem Þorsteinsgerðislækur rennur niður um.

Hlaðnir veggir mynda ferhyrnt svæði. Veggirnir eru hlaðnir úr grjóti og torfi, víða sést í grjót bæði innan og utan á veggjunum. Veggnum í norðvesturhorni tóftarinnar virðist hafa verið rutt til, og ekki er neinn veggur á suður hlið tóftar, hefur hugsanlega hrunið í lækinn, eða þá að aldrei hafi verið veggur þar, en að lækurinn hafi myndað suðurbrúna. Ekki er að sjá nein mannvirki inni í tóftinni, en þar er landið mjög slétt. Líkist ekki hefðbundnum stekki.

Heimildir: Ö-Kirkjubær, 2

NM-095:023 Svarðarlág/Mógil heimild um mógrafir

65°31.451N 014°22.815V

"Svo man ég ekki nöfn innan Kýrhöfða með fljótinu fyrir en Svarðarlág öðru nafni Mógil, þar sem svörður var tekinn lengst af þeim tíma, sem ég man eftir ..." segir í örnefnalýsingu. Fast sunnan við kýrhöfðann (sem liggur á tanga út í Lagarfljót sunnan við Þorsteinsgerðislæk, er lág inni í landið, um 800m löng og 50m breið.

Landið í láginni er lyngvaxið og hallar niður að fljóti. Vesturbakki hennar er brattur, 3-4m há.

Ekki sjást nein merki um mótekju á þessu svæði.

Heimildir: Ö-Kirkjubær, 4

NM-095:029 Yztiflutningur heimild um ferju

65°30.705N 014°22.338V

"Í brekkunum við fljótið neðan við Flekann eru fá örnefni, þó er það lækur, sem heitir Merarbani, ... fram af honum er Hólminn í fljótinu. Þar rétt innan við er ferjustaðurinn Yztiflutningur." segir í örnefnalýsingu. Hólmi er út í Lagarfljót neðan við neðsta túnið frá Kirkjubæ. Innan (sunnan) við hólmann er vík.

Vík þessi er nokkuð breið og lygn. Við innsta hluta hennar er 5m. breiður sandbakki. Annars eru bakkarnir

grasi grónir, 1-2m háir og hallar landið upp frá þeim.
Ekki nein mannvirki eru á þessu svæði.

Heimildir: Ö-Kirkjubær, 5

NM-095:030 *Miðflutningur* heimild um ferju 65°30.381N 014°22.129V

"Þar rétt innan við [029] er Dýjalág (fremri), stærðar hvammur eða hvilft upp í landið með lág vestur úr, þakin dýjamosa. Fram af henni skaga klappir út í fljótið, sem heita Veiðiklöpp eða klappir. Þar innan við er Miðflutningur og Innstiflutningur, gamlir ferjustaðir." segir í örnefnalýsingu. Beint á móti Lagarfossvirkjun, neðan við hólinn sem Fossgerði (095:032) stendur á, er Dýjalág, neðan við hana eru klappir út í fljótið.

Á þessu svæði hefur fljótið mikið breyst vegna virkjunarinnar, og fellur Lagarfoss nú beint á klappirnar nánast, því er erfitt að átta sig á hvar ferjustaðurinn var nákvæmlega.

Þó myndast þarna 2 lygnar víkur, hvor um 10x10m alveg hlið við hlið, aðskildar af mjóu (5m breiðu) klettabelti. Hugsast getur að þetta séu flutningarnir.

Heimildir: Ö-Kirkjubær, 5

NM-095:031 *Innstiflutningur* heimild um ferju 65°30.381N 014°22.129V

"Þar rétt innan við [029] er Dýjalág (fremri), stærðar hvammur eða hvilft upp í landið með lág vestur úr, þakin dýjamosa. Fram af henni skaga klappir út í fljótið, sem heita Veiðiklöpp eða klappir. Þar innan við er Miðflutningur og Innstiflutningur, gamlir ferjustaðir." segir í örnefnalýsingu. Beint á móti Lagarfossvirkjun, neðan við hólinn sem Fossgerði (095:032) stendur á, er Dýjalág, neðan við hana eru klappir út í fljótið.

Á þessu svæði hefur fljótið mikið breyst vegna virkjunarinnar, og fellur Lagarfoss nú beint á klappirnar nánast, því er erfitt að átta sig á hvar ferjustaðurinn var nákvæmlega.

Þó myndast þarna 2 lygnar víkur, hvor um 10x10m alveg hlið við hlið, aðskildar af mjóu (5m breiðu) klettabelti. Hugsast getur að þetta séu flutningarnir.

Heimildir: Ö-Kirkjubær, 5

NM-095:032 *Fossgerði* bæjarstæði býli 65°30.375N 014°22.276V

"Landið meðfram fossinum að vestan er mýrlend lág eða kvos á bak við klettaranann, sem afmarkar fossaðdragandann, sem líka er kölluð Fossvík. eru háir bakkar ofan við það. Á móti Fossinum, syðst í Flekanum, er gamalt býli, sem heitir Fossgerði. Sér þar vel fyrir tóftum." segir í örnefnalýsingu. "... Fossgerði á fljótsbakkanum utan við fossinn, þar var stekkur." segir í Sveitum og jörðum. Á brekkubrún beint ofan við Lagarfoss (c150m frá honum). Horn á rafmagnslínunni til Hornafjarðar er í norðausturhorni túns.

Á brekkubrúninni er grasigróinn túnblettur, innan túngarða. Þó er landið frekar þýft í austurenda svæðisins.

Túngarður (1m breiður, 0,4m hár) umlykur tún um 70x70m að stærð. Þó er túngarðurinn frekar eyddur á vestur og austur hlið. Tvær tóftir eru í túninu. Sú stærri (bæjarhúsið) er í norðvesturhorni túns. Hún snýr norður-suður og er 25x8m. Inngangur er í miðri austurhlið, og virðist tóftin hafa verið tvískipt, þó er norðurendi hennar illa varðveittur, og er það svæði frekar þýft. Veggir tóftarinnar standa um 1m breiðir og 0,4m háir. Tóftin stendur á lágum hól. Minni tóftin (útihús) stendur í miðjum austurenda túns. Hún er um 10x8m, snýr norðvestur-suðaustur með inngang í miðri norðausturhlið. Tóftin er ekki mjög greinileg, þar sem þetta svæði er mjög þýft, þó standa veggir um 1,5m á breidd og 0,3m háir. Hugsanlegt er að tóftin hafi verið stærri, hugsanlegar veggjarleifar liggja frá suðausturenda hennar c15m í suðaustur, að túngarði (einhverskonar gerði?). Allar tóftirnar er grasi grónar.

Heimildir: Ö-Kirkjubær, 6, 16; SJM I, 339; Halldór Stefánsson. "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 178

NM-095:044 garðlag landamerki 65°32.461N 014°22.051V

"Landamerki Kirkjubæjar og Gunnhildargerðis eru: Úr Merkilág bein lína í Vetrarklett, þaðan bein lína í framanverða Ytritjörn. Þaðan bein lína í fornan merkigará, sem liggur frá Vörðuhlíð í Lagarfljót." segir í örnefnalýsingu.

Mjög þýft lyng- og kjarrivaxið svæði.

Austurendi garðsins liggur um 100m. frá Lagarfljóti. Fljótsbakkinn er hér mjög hár (6m) og brattur. Gamall girðingarstaur stendur í austurenda garðsins. Svæðið er þétt vaxið kjarri, og sést garðurinn aðalega á því að gróður er hærri þar. Garðurinn hefur stefnu beint í vestur, og er oft mjög fallinn og "útbreiddur". Um 500m frá austurmörkum garðsins liggur hann í gegn um 200m breitt mýrarsvæði og hverfur að mestu leyti þar, en mjög gamlir og fúnir girðingastaurar fylgja honum þar, og á ýmsum öðrum stöðum. Garðurinn endar við norðurenda klettabeltis sem liggur um 500m neðan við vegslóðan um 1km sunnan við Gunnhildargerði.

Heimildir: Ö-Kirkjubær, 15

NM-096 **Gunnhildargerði**

Samkvæmt þjóðsögunni var Gunnhildur landnámskona frá Noregi sem nam land á G en er synir hennar 3 komust til manns úthluta hún þeim bróðurpartinn af jarðeignum sínum. Hjáleiga Kirkjubæjar "Í ábúandatali frá 1732 er Gunnhildargerði talin hjáleiga frá Nefbjarnarstöðum og í landamerkjabréfi frá 1890 er það talið afbýli frá Nefbjarnarstöðum, enda er jörðin ekki stór og líkt og klípin út út landi Nefbjarnarstaða, þar sem land Nefbjarnastaða liggur að Gunnhildargerðis. á tvo vegu, þ.e. að norðan og vestan." Ö-Gunnhildargerði, 4. "Kirkjubær og Nefbjarnastaðir eiga lönd að Gerði, en svo kallast G í daglegu tali. Jörðin nær 1 1/2 km suður frá bæ og 1 km. til norðurs, vestur á Fornustaðaás og austur í Lagarfljót." SJM I, 337.

1918: Tún 3,7 ha, garðar 793 m² "1917: Túnið er talið 256 arar að stærð; fremur snögglent og brunahætt með köflum. Allt þýft nemaum 64 arar, sem sléttaðir hafa verið. Gefur af sér í meðalári um 60 hesta. Matjurtagarðar um 300 m², - uppskera óviss. Útengjar snöggendar, ósléttar, votlendar og reytingssamar, en mest nærtækar. Meðalhefingur 130 hestar. Mikið af heyinu létt fóður. Beitoland: Sumarhagar sémilega góðir fyrir kýr og hross. Vetrarþing fyrir sauðfé fremur kjarngóð og land skólgott, en mjög þröngt, - og oft mjög snjóþungt. Fjárgeymsla hæg." Ö-Gunnhildargerði B, 4. "Slægjur eru liglar og fremur reytingssamar. ... Frá náttúrunnar hendi var túnið til allt þýft, en fyrir síðustu aldamót hefur verið farið að slétta það, og voru bæði beðsléttur og aðrar þaksléttur." SJM I, 338.

NM-096:011 garðlag landamerki

65°33.707N 014°21.564V

"Að utanverðu, á landamörkum móti Nefbjarnarstöðum, sér votta fyrir gömlum merkigardi niður yfir blána, sem er á milli bæjanna." segir í örnefnalýsingu EE. Rétt áður en Nasalækur rennur í Lagarfljót (beint á móti Víðistöðum) tekur hann stóran sveig frá suðri til austurs. Um 20m norðan við þennan sveig sést austurendi garðsins, þar á vesturbakka lækjarinn, þó heimildarmaður segji að garðurinn hafi náð alveg niður að fljóti. Mjög mýrlent svæði, þýft og grasi- og lyngivaxið. Fljótið er um 30m austan við garðsendann og hallar landið með litlum bratta niður að því.

Þar sem garðurinn er í mýrlandi er hann mjög sokkinn. Á flestum stöðum er hann hlaupinn í þúfur. Garðurinn liggur í norðvestur um 250m og hverfur þar í mýri. Hann sést aftur um 50m norðvestar og liggur þaðan um 70m í norðvestur, en hverfur svo aftur í mýri og sést ekki aftur svo öruggt sé.

Heimildir: EE: Ö-Gunnhildargerði A, 2

NM-096:012 tóft beitarhús

65°33.137N 014°21.996V

"Við Lagarfljót, nálægt mörkum, er mýrrenni, kallað Hall. Innan við Hallið eru harðvellisbakkar við Fljótið, kallaðir Bakkar. Yzt á Bökkunum er Merkjabotn. Innan við Bakkana og nokkru ofar voru Beitarhús. Utan við húsin eru Beitarhúsholt." segir í örnefnalýsingu EE. Um 90m norðan við Smiðjuhól, um 120-150m frá fljóti. Grasi vaxin bunga sem hallar niður að fljótinu.

Þrjú hús, hið syðsta tvístæðuhús með garða. Norðaustan við húsin er rétt. Innsti hluti réttarinnar er grafinn inn í brekkurn. Steinhleðsla sést sums staðar í veggjum innanverðu og best í austurenda. Botn eða gólf í réttinni lægst í miðju, en skákir til beggja hliða aðeins hærrí.

Heimildir: EE: Ö-Gunnhildargerði A, 3; Ö-Gunnhildargerði B, 18

NM-096:013 tóft smiðja

"Við Lagarfljót, nálægt mörkum, er mýrrenni, kallað Hall. Innan við Hallið eru harðvellisbakkar við Fljótið, kallaðir Bakkar. Yzt á Bökkunum er Merkjabotn. Innan við Bakkana og nokkru ofar voru Beitarhús. Utan við húsin eru Beitarhúsholt. Innan við húsin er klettur vallgróinn að framan, sem heitir Smiðjuhóll." segir í örnefnalýsingu EE. "Framan í (sunnan í) suðurenda Smiðjuhólsins er dálítill hvílt grasigróin, þar sést móta fyrir tóftum og var sagt, að þar hefði verið smiðja fyrir á tímum." segir í örnefnalýsingu. Í suðurenda klettahæðarinnar, Smiðjuhóls gengur hvílt erða hvammur upp í hólina og er tóftin þar.

Vaxin grasi og lyngi.

Þúst vaxin meira grasi en svæðið umhverfis og meira lyngi (að sunnan). Nyrðri endi lyngi vaxinn. Þústin er 4x6m (en hólinn stærri). Norðaustan við hana er önnur minni tóft, lyngi vaxin, c.4x4m.

Heimildir: EE: Ö-Gunnhildargerði A, 3; Ö-Gunnhildargerði B, 18

NM-096:014 að fara yfir á Rimanum heimild um ferju

65°32.946N 014°21.775V

"Fram og niður af Smiðjuhól er melhryggur meðfram Fljótinu, sem heitir Rimi. Þar var ferjustaður og talað um að "fara yfir á Rimanum." segir í örnefnalýsingu EE. "Götur [058] liggja frá Ásnum niður Rimann og framan (sunnan) við Smiðjuhólsendann og þaðan beint niður að Lagarfljóti. Þar var ferjustaður, en þó eki lögferja, það var kallað "að fara yfir á Rimanum" ... Þar sem ferjustaðurinn var er lítið undirlendi, nema þegar mjög lítið vatn er í Fljótinu ... Hafði því verið gerður bás upp í bakkann fyrir ferjuna og hún dregin þangað upp og bundin þar, þegar "Fljótið tók að vaxa". En stundum hrökk það ekki til og tók þá Fljótið ferjuna." segir í örnefnalýsingu. Aflíðandi brekka vaxin grasi og lyngi er frá Smiðjuhólum sem er í löng klettahæð, og hallar síðan nokkuð bratt að fljótinu.

Flatar klappir ganga út í fljótið gegnt sandtanga handan þess.

Heimildir: EE: Ö-Gunnhildargerði A, 3; Ö-Gunnhildargerði B, 18-19

NM-096:058 gata leið

65°32.932N 014°21.983V

"Götur liggja frá Ásnum niður Rimann og framan (sunnan) við Smiðjuhólsendann og þaðan beint niður að Lagarfljóti. Þar var ferjustaður, en þó eki lögferja ...[sjá 014]" segir í örnefnalýsingu.

Lyngi vaxinn mór aflíðandi í átt að fljóti.

Ekki sá fyrir götu þar í mónum sem mæling var tekin, milli ferjustaðar og suðurenda Smiðjuhóls, um 40m frá hól og 60m frá brekkubrún í fljót. En leiðin frá bæjarhúsum og að Smiðjuhól hefur verið rutt með jarðýtu.

Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 18

NM-096:059 heimild um naust

65°32.938N 014°21.787V

"Götur [058] liggja frá Ásnum niður Rimann og framan (sunnan) við Smiðjuhólsendann og þaðan beint niður að Lagarfljóti. Þar var ferjustaður, en þó eki lögferja, það var kallað "að fara yfir á Rimanum" ... Þar sem ferjustaðurinn var er lítið undirlendi, nema þegar mjög lítið vatn er í Fljótinu ... Hafði því verið gerður bás upp í bakkann fyrir ferjuna og hún dregin þangað upp og bundin þar, þegar "Fljótið tók að vaxa". En stundum hrökk það ekki til og tók þá Fljótið ferjuna." segir í örnefnalýsingu.

Undir brekkubrúninni 5m sunnan við klappirnar (096:014). Brekkan er vaxin lyngi, víði og fjalldrapa.

Rétt sunnar við klappirnar þar sem ferjustaðurinn (096:014) var er dálítill hvílt í brekkuna en sjást þó ekki örugg mannverk. Hvíltin er 5-6m breið.

Heimildir: Ö-Gunnhildargerði B, 18-19

NM-098 Geirastaðir

6 hdr. 1695, 1847. 1570 og síðar er G nefndi í máldaga Kirkjubæjar. DI XV, 678.

Samkvæmt þjóðsögunni byggðist jörðin snemma er Geiri sonur Gunnhildar á Gunnhildarstöðum fékk jörðina úthluta að eignum móður sinnar. Kirkjubæjarkirkjueign. "G. eru næstysta jörð í Tungu og eiga land þvert milli vatna. Landamörk við Húsey eru frá Kaldhöfða og þvert austur í Lagarfljót um miðjan Aur í Steinbogadrag, og eiga G því sneið syðst á Húseyinni um 500 m breiða við ós Geirastaðakvíslar. Mörk við Nefbjarnarstaði eru 2,6 km sv. frá kvíslarósnum á fljótsbakkanum og nv. á veg mitt á milli G og Nefbjarnarstaða að næsta merkjum læk austan við Galtastaðalæk. Síðan fylgja m-rk þessum læk norður í Galtastaðalæk og honum í Jökuslá." SJM I, 332.

1918: Tún 3,7 ha, garðar 625 m² "Gamla túnið var mestallt þýft, en fremur grasgefið, engjar í sneggra lagi og þýfðar, en heygóðar og engjavegur stuttur, sumarhagar góir fyrir stórgripi, en vetrarheit fyrir sauðfénað létt og notaðist oft illa sökum snjóþyngsla og skjólleysi ..." SJM I, 332.

NM-098:010 Hólsvegur gata leið

65°35.873N 014°18.298V

"Upp frá Bökkunum með Kvíslinni heitir landssvæðið Aur og í Aurunum heitir Drög, það eru gamir farvegir, og aðeins austan þeirra er gamla gatan til Húseyjar, ávalt nefnd Húseyjarvegur. Hann lá frá Húseyjarvaðinu og skammt austar frá Hólsvaðinu lá Hólsvegur, sem lá frá vaðinu og stefndi að ferjunni hjá Hóli." segir í örnefnalýsingu.

Liggur yfir flatt og lyngivaxið svæði, sem er hvergi nema nokkra metra yfir yfirborði Lagarfljóts.

Einfaldur reiðstígur, um 0,5m breiður. Sést ennþá sem ógróinn, nokkuð beinn stígur með beina stefnu á Hólsvað (099:029) frá Hólsvaði við Gunnhildargerði.

Heimildir: Ö-Geirastaðir, 4

NM-098:014 Ferjustaður örnefni ferja

65°35.312N 014°18.568V

"Ferjustaður er Geirastaðarmegin við Kvíslina og þar móti, handan Fljóts, er Bjarnaklettur." segir í örnefnalýsingu. Kvíslin liggur þvert yfir norðurhluta Geirastaðarlands, en er nú þurr, þar sem hlaðið var fyrir hana Jökulsármegin árið 1946.

Kvíslin er um 3m djúp og grasi gróin. Bakkinn Geirastaðamegin við hana er um 5m breið smásteinaströnd.

Engin mannvirki hér.

Heimildir: Ö-Geirastaðir, 6

NM-098:016 tóft beitarhús

65°35.134N 014°18.732V

"Þá er að fara suður fyrir Kílinn, neðst niður við hana eru Beitarhús og fram í Fljótið." segir í örnefnalýsingu. Tættarnar eru 450m sunnan við Kílinn, um 100m frá fljótsbakkanum.

Tóftin liggur í sléttu, grasigrónu landi. Um 5m austan við hana byrjar lyngivaxið, mjög þýft svæði, sem liggur alveg að fljótinu. Fljótsbakkarnir eru hér mjög lágir og landið lágt og flatt langt inn í land.

Veggir tóftarinnar standa grasi grónir. Þeir eru frekar þýfðir og sumstaðar mjög óreglulegir, sem bendir til hruns. Ekki sést neitt grjót í veggjarhleðslunum. Tóftin snýr suðaustur-norðvestur og virðist hafa verið tvískipt. Í suðausturenda hennar er eitt stórt (4,5x4m) herbergi og virðist hafa verið inngangur inn í það í suður horni. Í norðvesturhorni tóftarinnar eru þrjú minni herbeggi, það stærsta 3x3m og virðist inngangur vera í vesturenda suðvesturveggjar tóftarinnar.

Heimildir: Ö-Geirastaðir, 6

NM-099 Húsey

16 hdr. 1695, 1847, 1376: Dómur um rekamörk milli Húseyjarsands og Sleðabrjótssands. DI III, 307. 1397 Húseyjar getið í máldaga Kirkjubæjarkirkju. Di IV, 219. Kirkjubæjarkirkjueign. "Landfræðileg suðurmörk H eru við Geirastaðakvís, en Geirastaðir eiga syðsta hluta eyjarinnar. Aura við Lagarfljót og þvert yfir út að Kaldahöfða við Jökulsá." SJM I, 333.

1918: Tún 3,9 ha, garðar 518 m² "Húsey er nytjajörð, víðáttumikil og vötum gyrt kringa, skammdegisganga drjúg að hringmáli. Er þar engjaval á sumrum, en svell og snjófergja á vetrum." Engjar voru vítt um eyna, véltækar víða og heygóðar, grasgefnar áður, en miður nú, enda að mestu aflagðar. ... Túnið var fremur greiðfært af náttúrunnar hendi, taða lágvaxin, þétt og kostafóður." SJM I, 333-334.

NM-099:019 *Fremrasel* tóft beitarhús/sel 65°37.615N 014°19.903V

"Austan við Bakkana er Starartjörn. Frá Tjarnarhól liggur kíll í mörgum bungum út fyrir norðan tún í Húsey. Kíll þessi heitir Langikíll. Milli kílins og Bakkanna eru Langakílmóar. Norðan við kílinn eru rústir af seli/eða beitarhúsum, sem heita Fremrasel." segir í örnefnalýsingu. Um 200m austan við veginum að Bæjarhúsunum í Húsey, rétt áður en hann beygir í austur í átt að bænum í burtu frá Jökulsánni.

Stendur á lágum hól sem situr á jafnsléttu en þýfðu landi. Lyngvaxið svæði sem er aðeins um 2-3m yfir yfirborði Jökulsárinnar.

Einungis er um eina greinilega tóft að ræða (20x10m) sem liggur norður-suður í miðjum norðurhluta svæðisins. Hugsanlega eru tvær tóftir til viðbótar, önnur í norðvesturhorni svæðisins (16x8m) og í suðvesturhorni þess (2x2m). Aðallega er um að ræða mikla garða, 1-3m breiða. Aðalgarðurinn umlykur um 200m breitt hringlaga svæði, en einnig eru garðar út frá honum, sérstaklega í vestur. Trúlega eru eitthvað af þessum gördum náttúrulegir, gamlir kílbakkar. Ekki eru nein merki um grjót í neinum hleðslum. Allt svæðið er lyngvaxið og þýft, og því gætu leynst þar tættur.

Heimildir: Ö-Húsey, 6

NM-099:023 *Ytrasel* tóft sel 65°37.975N 014°18.982V

"Svo eru selrústir milli Fremrasels og bæjar, kallaðar Ytrasel, og eru austan við Langakíl. Þar hjá er lítil tjörn, sem heitir Ytraselstjörn." segir í örnefnalýsingu. Um 300m suðvestur frá vegi, c.600m suðvestur af bæjarhúsum í Húsey.

Á lagum lyngi og grasi vöxnum ás sem stefnir norðaustur-suðvestur og er mýrlendi beggja vegna. Norðan við hrygginn eru tvær tjarnir.

Ummerki um ílanga byggingu sem snýr norður-suður en er mjög sokkin og útfloft. Gras, lyng og sóleyjar í þústinni. Tóftirnar eru austanvert á hól, og 15-16m lengra til norðvesturs á sama hól er tóft, 3x6m að innanmáli, en vesturvegg virðist vanta. Úr hól þessum 30-40m langur garður (c.3m breiður) í norðvestur og að tveimur litlum tóftum.

Heimildir: Ö-Húsey, 7

NM-099:026 *Hólmatættur* heimild um beitarhús

"Innst, austan við Kílamýri, eru rústir af beitarhúsum, sem heita Hólmatættur." segir í örnefnalýsingu. Um 500m í suður frá bæ, skammt vestan við slóða sem þar liggja.

Mólandi vaxið grasi og lyngi.

Avalur hóll var á ávísuðum stað, en ekki greinilegar tættur, Hóllinn snýr norður-vestur og er 30x10m.

Heimildir: Ö-Húsey, 9

NM-099:029 heimild um ferju 65°35.951N 014°16.361V

"Rétt við landamerki Húseyjar og Geirastaða er mýrarlægð, sem heitir Steinbogadrag. Utan við það er hæð, sem heitir Sandhóll. Þar stutt frá er slútandi klettur við Fljótið, sem er kallaður Steinbogi. Utan við Steinboga beygir Fljótið austur; þar heitir Hólsbungur. Þarna var ferjustaður." segir í örnefnalýsingu. Á bakka Lagarfljóts, beint á móti Hóli (Hólshjáleigu).

Um 3m breið, grýtt strönd. Vestan við hana er 1m hár bakki, og er landið vestur af honum nokkuð jafnslétt, en þakið lyngivöxnum þúfum.

Engin mannvirki eru á þessum stað.

Heimildir: Ö-Húsey, 9

NM-099:030 *Stekkjjarbugur* örnefni stekkur 65°37.134N 014°15.167V
"Við Hólsbungu [sjá 029] hét Grænanes ... Utan við Grænanes er Stekkjarbugur." segir í örnefnalýsingu.
Norðan (utan) við Grænanes, aðallega sunnan við kíl er liggur að fljótinu og svo í suður.
Hér er lélegur mói og vex gras, lyng og víði.
Ekki sjást glöggar tóftir, en hér er mikið þýfi.
Heimildir: Ö-Húsey, 9

NM-099:031 *Flutningur* heimild um ferju 65°37.436N 014°15.187V
"Móti Grenimó eða Grænmó, eyðibýli í Hólslandi, er ferjustaður, kallaður Flutningar." segir í örnefnalýsingu.
Gengið í austur frá Húsey, vegslóði og merktur, um 600m.
Fljótsbakkinn er lágur og flatur, vaxinn lyngi og grasi.
Ekki eru nein mannvirki á ferjustaðnum, en mæling tekin samkvæmt lýsingu og ábendingu heimildarmanns.
Heimildir: Ö-Húsey, 9

NM-106 Hnitbjörg

2,5 hdr 1847, hjáleiga Fögruhlíðar. "Land það er fylgir Hnitbjörgum (og Árteigi) er spilda milli Torfastaða og Fögruhlíðar neðan frá Jöklu og upp á fjöll sunnan Geitár." SJM I, 209.
"Engjar voru allgóðar, nær allar sléttar, en oft bagalega blautar í úrkomusumrum. Slegnar voru oft laufengjar, sem eru töluverðar meðfram Jökulsá. ... Gamla túnið var í tvennu lagi, Gamlabæjartúnið utan við klettana og heimatúnið, greiðfær kragi kringum bæjarhúsin og sums staðar grunnt á klöpp." SJM I, 209.

NM-106:007 heimild um vað 65°37.380N 14°23.809V
"Bæjarkvíst kemur úr Jökulsá, úr Hundapyttskvísl, sem er suður af Nesi, er síðar getur, er fast við Hundapytt, en hann er þar, sem Bæjarkvísl kemur úr kvíslunum ofan við brot, þar sem farið er yfir ána." segir í örnefnalýsingu. Stór varnargarður er kominn þar sem vaðið var.
Áin hefur breyst mikið, vaðið er horfið og mikill varnargarður kominn í staðinn.
Vaðið er horfið.
Heimildir: Ö-Hnitbjörg, 2

NM-106:011 *Ferjklöpp* heimild um ferju 65°37.184N 14°24.535V
Lögferja var lengi frá Hnitbjörgum. Ferjklöpp er beint S frá bænum, við enda Stekkjarbjargs, fast við ána.
Staðurinn er neðst við ræktað tún á Stekkjarbjargi. Um 20 m ofan við er gamall og gróinn varnargarður sem liggur SV. Við Jökulsá í SA er varnargarður og milli hans og ræktaðs lands eru blautar eyrar og leirur.
Bakkarnir eru grónir, um 2 m á hæð.
Þegar áin rann yfir Eyjuna var þarna ferjustaður. Ferjan fór frá Húsey að Hnitbjörgum og að einum(?) stað við fjallið. Áin rann þar sem varnargarður liggur S við (Bakkakvísl) og upp við Ferjklöpp. Engin merki um ferjustað er að sjá.
Heimildir: Fellam bók I

NM-107 Sleðabryótur

30 hdr 1695, 1847. Í máldaga Vallaneskirkju frá um 1270 segir að Sleðabryótsmenn eigi helming af reka á móri Vallaneskirkju. DI II, 83. Til er dómur um rekamörk milli Húseyjarsands og Sleðabryótssands frá 1376. DI III, 307. 1397: Er getið í máldaga Vallenes. DI IV, 204 1463 segir að Ás kirkja í Fellum eigi fjórðung Sleðabryótsreka. DI V, 394-395. 1847 Hjáleigur Mássel og Sleðabryótsset. og Grófarsel sem sennilega byggðist fyrir 1860. "Mannmargt var oft á S, á 19. öld þrjú bæir í túni og á Jökulsárþakka þrjú km na. af bæ utan við Ekilág eru bæjarrústir og garðlög og heita Bakkastaðir. ... Bænhús var á S í katólskum sið ... S er 16 km frá Jökulsárbrú og á aðallega land milli Jökulsár og Kaldár, og auk þess afreitarlandi hátt í Hlíðarfjöllum, Ásdal og Grjóttungu, niður af Smjörfjöllum miðjum, og upp á fjöllin. Mörk við Surtsstaði eru frá Jökulsá, um tvo km fram og niður af bæ, og nv. í Kaldá, skammt utan við ór Melrakkaár. Mörk við Hlíðarhús eru frá Hálsendahl og niður á Jökulsá um 500 m norðan við Kaldárós. Milli S og Sleðabryótsset ræður Sauða mörkum, frá Kaldá að fjallsbrún, og á S mjóa spildu til fjalls innan við Sauða." SJM I, 217-218.
"Túnið er upp af mounum og nær upp í hálsbrekkurnar. Meiri hluti þess er flatlent. Gamla túnið var þýft í neðra, en brekkurnar greiðfærar og all grasgefið, um 200 hesta tún fyrir aldamót. ... engjar snöggar, þurrar, dreifðar, sumar langsóttar, yfirleitt heygóðar." SJM I, 218.

NM-107:017 *Bæjargerði* bæjarstaði býli 65°33.324N 14°29.975V
"Í Neðstadal, sem stundum er nefndur Bæjargerðisdalur, er gamalt eyðibýli, sem heitir Bæjargerði; það er neðst í dal þessum. Bæjargerði eru tættur og túngarðsbrot. Þar rétt hjá er beygja á Jökulsá ..." segir í örnefnalýsingu. Bæjarstaðið er um 2 km inn frá Sleðbrjót, beint niður að á, Neðst í Neðstadal, fast við ána (0.8 km eftir vegi frá Breiðumörk).

Grasi gróinn hóll fast við ána, ofan hans er mýrlent. Það brýtur úr bakkanum og sjást grjóthleðslur og bein í hólnum þegar lítið er í ánni. Bakkinn er um 1,5 m hár.

Bæjarhóll með gördum og útihúsum. Bæjarhúsin snúa dyrum í S og eru 3 hólf í tóftinni. Skammt vestan þeirra er útihúsatóft (fjárhús/hlaða?), 2 hólf. A við bæjarhús gætu hafa verið e.k. mannvirki.

Heimildir: Ö-Sleðabrjótur og Breiðamörk, 2

NM-107:023 *Ferjulág* heimild um ferju 65°34.262N 14°27.785V
" ... skammt utan við Ranabakka ganga tvær graslágur með stuttu millibili upp í móana. Þær heita Ferjulágar. Hér var lögferja yfir Jökulsá." segir í örnefnalýsingu. Farið er niður vegarslóða niður undan Sleðbrjót að ánni - þaðan meðfram bakkanum þar til komið er í lág utan við þar sem rafmagnslína liggur yfir Jöklu.

Landið er vaxið grasi, lyngi og víði að ánni, beggja vegna eru háir og brattir bakkar. Rétt utan við í ánni er eyri sem siglt var frá en hún er óðum að hverfa.

Grasi gróin laut er við ána, með um 1 m háum bökkum, sem sífellt tekur af. Skarð er við bakkan utarlega í lautinni, þar sem ferjan var tekin upp.

Heimildir: Ö-Sleðabrjótur og Breiðamörk, 5

NM-107:026 *Bakkastaðir* bæjarstaði býli 65°35.383N 14°27.993V
"Rétt fyrir utan Ekkjulág neðst, með smámelstykki á milli, er gamalt býli, Bakkastaðir, þar eru tættur, sem Jökla er nú að mylja niður." segir í örnefnalýsingu. Bæjarstaðið er um 1.5 km NA af 001, og um 60 m frá Jöklu. Vegarslóði liggur frá Þjóðvegi, framhjá Nykurlágum, að Ekkjulág og upp á melhæð.

Árbakkarnir eru mjög háir og brattir og sífellt brýtur áin úr þeim. Uppblástur er víða.

Virðist ekki vera um býli að ræða en þó eru þarna stórir og breiðir garðar. Heimildamaður segir að frá því hann muni hafi um 30-50 m brotnað af árbakkanum og eru stærstu tóftarbrotin nú horfin með öllu í ána. Fyrir allmörgum árum sást í bakkanum hleðslugrjót, brunnin bein og aska.

Heimildir: Ö-Sleðabrjótur og Breiðamörk, 6

NM-107:046 *Ytri-Ferjulág* heimild um ferju 65°34.391N 14°27.783V
Grónir bakkar, um 1 m á hæð. Áin hefur tekið talsvert af bökkunum.

NM-110 Saurstaðir (Surtstaðir)

12 hdr. 1695, 1847. 1672: Selir Stígur Þórarinnsson Brynjólfi Sveinssyni 5 hdr. í Hákonarstöðum fyrir hálfu Saurstaði 6 hdr. Jarðabréf, 271.

HÞ: Saurstaðir upprunalegar nafnið en sennilega þótt ljótt og breytt í Surts. B.s, 90. "Jörðin nær neðan frá Jökulsá og upp á Smjörfjöll, þar sem varða danska herföngjaráðsins ver við loft í 1251 m hæð. Norðurmörkum við Breiðumörk (áður Sleðbrjót) er lýst þar, en við Hallgeirsstaði liggja mörk úr Merkilág í Jökulsárþakka, yfir Háahraun og nokkurn vegin beint upp að mótum Merargils og Kaldár handan Fjallsenda. Ennfremur eiga S Surtsstaðatungu handan Kaldár milli Merargils og Litlapvergils og dálitla hlíðarsneið frá Kambi utan við utan við Melrakkaárós yfir Lágöxl og að gljúframótum við Grjóttunguodann." SJM I, 225.

"Engjar eru að mestu hálfdeigjur um mýrardali og enni, fremur ósamfelldar og óhægar, en spruttu allvel. Hvassviðrasamt nokkuð er á S og þótt snjósamst sé, rífur oft vel; ánni voru ætluð 60 kg. áður." SJM I, 225-226.

NM-110:020 *Ferjulág* heimild um ferju 65°32.153N 14°31.440V
"Þá er lítið um nöfn fyrr en Ferjulág, sem er rétt við afleggjaraheim. Þar var ferja yfir ána hér áður fyrr." segir í örnefnalýsingu. Rétt SV við heimreiðina. Ferjustaðurinn er um 5 m frá veginum, þar er skarð í bakkann. Grasi vaxið umhverfis, skarð í árbakkann. Undir veginum er ræsi og í það rennur úr heimatúni, niður í lágina og þar út í ána.

Áin er fremur straumlítill á þessu svæði. Framundan skarðinu er um 4 m breið sandrönd, en ofan við það (SV) er hár melhóll, mikið uppblásinn og bratt þaðan niður í ána.

Heimildir: Ö-Surtsstaðir, 2

NM-111 Hallgilsstaðir

18 hdr. 1695, 1847. 1551: Hallgeirsstaða í Hlíð skipt út fyrir aðrar jarðir. DI XII, 314-315. HÞ: Hallgeirsstaðir réttara en Hallgils. Árbók 1923, 90 "... mörk við Hrafnabjörg eru þvert frá Jökulsá og upp

skammt innan við Þormóðará vestan Grenishnúks og síðan nv. í Klappaarós. Milli Klapparár og Merargils eiga H Hallgeirsstaðatungu upp á Smjörfjöll." Nýbýli Vörðubrún. SJM I, 227-228.

"Gamla túnið var að mestu þýft, en þó nokkuð um greiðfæra hóla mest í halla, jarðdjúpt, fremur raklent og grasgefið." SJM I, 228.

NM-111:021 *Kolagrafahraun* örnefni kolagröf 65°30.810N 14°33.044V

"Utan við Ytri-Þrepaskjöld er grýtt hæð, sem heitir Kolagrafahraun. Framan við hraunið er Kolagrafahraunsenni." segir í örnefnalýsingu. Beint niður af þjónustuhúsinu í Svartaskógi er vegarslóði sem byrjað er að leggja niður að á. Ganga verður með tünnum að ánni og þá upp að hinni grýttu hæð. Litli-Bakki er handan (austan) árinna.

Austan megin eru árbakkarnir vaxnir kjarri, en vestan og sunnanvið eru framræst tún. Í ánni eru nokkrar eyrar, en hún er straumþyngri við bakkann.

Kletturinn er um 200-250 m langur og efst á honum eru berar klappir, á stöku stað vex mosi og gras. Ekki sjást merki kolagrafa, og heimildamaður kannast ekki við þær. Grafirnar gætu verið komnar undir tún.

Heimildir: Ö-Hallgeirsstaðir, 2

NM-112 Hrafnabjörg

18 hdr. 1695, 1847. "... landið nær neðan frá Jökulsá og upp á suðurenda Smjörfjalla, og eru 13,5 km frá ánni um bæinn oog nv. í Smjörfjallaskarð. Mörkin við Hallgeirsstaði eru úr steini á Ytri-Steinhöfða við Jökulsá rétt utan við vík., þar sem Jökulsá er breiðust. Fossvallamörk eru við Laxárós og fylgja ánni fyrst vestur og síðan spöl suður á móts við Götuhraun skammt utan við sláturhúsin, liggja þaðan um fremri Mjóavatnsenda ofan Hrafnabjarga á Skollagrenissás, þaðan í Fossá á fjallsbrún og síðan nv. í Stóraþvergil handan Kaldár. Ofan við Kaldá eiga H Kaplatungu og Hrafnabjargartungu í Kaldártungum og sem horfir á háfjöll." SJM I, 230.

"Engjar voru reytingssamar og sundurslitnar, ýmist votar eða þurrar, og sumar í fjalli, gamla túnið nokkuð grasgefið, stórt, hólótt og bratt austan og norðaustan undir Hrafnabjörgum." SJM I, 230-231.

NM-112:024 *Svarðaklettur* örnefni mógrafir 65°18.°104 14°34.494V

"Rétt utan við Laxárós er Arnarmelur. Þar fyrir utan er tangi, sem heitir Nes. Fast utan við Arnarmel eru klettur, nefndir Hagaklettur. Nú á síðari árum er einn þeirra nefndur Svarðarklettur, eða klettarnir nefndir Svarðarklettur." segir í örnefnalýsingu. Ef fylgt er vegaslóða niður frá H. IV er farið framhjá Byrgisklettum á hægri hönd, síðan niður að neðsta túni. Þar eru klettur fast við ána og neðan túns eru svarðargrafir.

Framræst tún eru á alla vegu nema S. Þar sem áin rennur. Hún kemur í sveig inn að gröfunum og svo út aftur framhjá klettunum sem liggja alveg út í ána. Bakkar neðan við svörðinn sem og V eru vel grórir, um 2 m háir. Utan þeirra eru miklar malareyrar.

Grafirnar eru grasi grórar og aðeins mýri í þeim nokkrum. Er svæðið um 30 m í þvermál. Hluti grafanna sem hafa verið næst klettunum er væntanlega kominn undir tún. Svæðið virðist hafa verið mikið stungið. Þar var mór tekin til ársins 1952.

Heimildir: Ö-Hrafnabjörg, 2

NM-113 Fossvellir

12 hdr. 1695. Landnámsjörð. Þorsteinn torfi sem nam Hlíð bjó á Forsvelli. ÍF I, 292. Eign fáttækra í Hlíðarhreppi 1847. Afbýli Fossvallahjáleiga í eyði frá 1707 og Fossvallasel í eyði síðan 1746, Laxárdalur afrétt, nýbýlið Selland reist 1963. HÞ: Fossvellur réttara en Fossvellir. Árbók 1923, 90. "... land [nær] frá Jökulsá upp á miðja Smörvatnsheiði á Vopnafjarðarmörk. Þar er beinavarða, mikil skessa. ... Innri mörk (hreppamörk) við Hauksstaði liggja úr Illagilósi við Jökulsá um Deild (smálæk), í línu um Búrfell og Laxárdal þveran á Laxárdalshnjúk, yfir Hnúksvatn, Fjórðungsöldu og nv. á heiðina. Síðan nna yfir Smjörfjallaskarð og upp á fjöllin." SJM I, 234.

"Engjar voru fremur grasgefnar og heygóðar, greiðfærar og þurrleudar en dreifðar og sumpart langsóttar til fjalls. bestu stykkin þóttu Fossvallaenni út og upp af bæ handan Laxár og hólmi ofan við Hólmaá upp af Sellandi ..." SJM I, 234.

NM-113:002 *Leyningsgerði* tóftir sel 65°27.155N 14°35.019V

"Þar sem áin rennur í Jökulsá heitir Laxárós ... Og er farið er inn með Jökulsá, tekur þar við allstórt svæði, sem heitir Mór. Niður af honum, rétt móti Blöndugerði, heitir Leyningsgerði, hvort sem þar er Leyningsselið, sem Guðmundur í Húsey telur seltættur við Jökulsá." segir í örnefnalýsingu. Neðan við Fossvelli I eru ræktuð tún niður að árbökkum. Farið er SV við túnin og fylgt götuslóða frá vegi og niður að ánni. Tóftirnar eru um 60-70 m frá ánni, í lyngmóanum S við túnin.

Árbakkarnir eru háir, landið stórþýft og lyngvaxið, með lágu kjarri.

Erfitt er að koma auga á tóftir á þessum stað í fyrstu. Þó má sjá fjórar tóftir og hluta af garðlagi S við þær. Staðurinn er á mótis við Blöndugerði, aðeins NV. Ármegin í smá hæð eru tvær tóftir í hallanum. A við er önnur á n.k. Jafnsléttu. S við aðeins lengra frá er svo önnur tóft örskammt frá túngarðinum. Garðurinn liggur frá árbakka upp og beygir svo í NV fyrir ofan hinar tóftirnar oghverfur ofan við þær ystu.

Heimildir: Ö-Fossvellir, 1-2

NM-113:005 tóft stekkur

65°26.370N 14°35.466V

"Svo er inn með Jökulsá: Nokkuð fyrir innan Leynisgerði, skammt utan við Jökulsárbrú, er Stekkur." segir í örnefnalýsingu. Staður þessi er rétt utan við brúna, fast við ána. Rétt utan við Jökulsárbrúna er grasstalli, þar ofan við er klettur og lyngmói. Skarð er þarna inn af ánni með háum klettum. Utan við klettinn er hvammur og klettur þeir sem stekkurinn er í.

Stekkurinn er inn á milli kletta, sem eru um 2-3 m á hæð, og skagar einn þeirra út í ána. A við stekkin, neðan við er grassvæði, sem notað hefur verið til beitar og er ekki enn orðið lyngi eða kjarri vaxið líkt og svæðið í kring. Klettarnir eru grónir að ofan og svo er bakkin A við einnig.

Stekkurinn er gerður þannig að hlaðið er milli klettanna. Hleðslurnar eru grónar og signar. Lokað er á tvo vegu, sem vísa að ánni, en opið að ofan. Op hefur verið sem vísar svo í A niður á grasbalann. Að stekknunum liggur troðningur.

Heimildir: Ö-Fossvellir, 2

NM-113:016 Jökulsárbrú heimild um brú

65°26.295N 14°35.592V

"Jökulsárbrú, elsta brú á Íslandi er skammt frá bæ ..." segir í Sveitum og jörðum. Brúin sem þarna er núna er frá 1931. Undir stöplum hennar eru steinhleðsla úr eldri brú.

Á þessum stað rennur áin í gegnum klettaskarð sem er gróið á brún.

Engar hleðslur sjást á A bakka.

Heimildir: SJM I, 235

NM-122a Brú

20 hdr. 1695, 1847. 1493: Máldagi Möðrudalskirkju á Fjalli. Þá voru Brú í Möðrudalssókn og var þar bænhús. DI VII, 198. 1500: Brú á Jökuldal seld Sigmundi Guðmundssyni fyrir hálf 13. hundrað í Ytri Sólheimum. DI VII, 527. 1512: Vitnisburðarbréf um kaup á Brú á Jökuldal. DI VIII, 368. 1551: Bjarni Einarsson gaf dóttir sinni Málfríði Brú í Jökuldal fyrir 20 hdr. DI XII, 302. . 1564: Í túndarreikningum í Múlaþingi: "af Bru a efra dal vj hundrud og 20" DI XIV, 324.

Kapella var á staðnum. a) er heimalandið frá Landamerkjalæk við Eiríksstaði sem er utan við Þverá á mótis við Arnarbæli sunnan ár, og að Fagraneslæk sem fellur í Jökulsá utan við Brúarsel. b) er Brúardalir, austan við Þríhyrningsfjallgarð og norðan við Vesturdalslæk og c) eru Brúaröræfi þar fyrir vestan og sunnan

1918: Tún 2,3 ha. "Bærinn stendur hátt á sléttri grund við Garða og túnið í kring, grasgefið, greiðfært og jarðdjúpt hólátún, engjar aðallega í svonefndum Hvammi utan við Þverá. ... Einnig voru heyjaðir reytingssamir laufslægjublettir í heiði." SJM I, 278.

NM-122a:011 heimild um kláfferju

65°06.452N 15°31.853V

1953 "Byggð járnbitabrú á Jöklu undan bænum, þar sem áður var kláfferja." segir í Sveitum og jörðum. Skammt sunnan við Brú, um 600 m N Kálfseyravaðs.

Brúarstæðið er undir háum mel vestanmegin en sléttlendi er austanmegin.

Járnbitabrúin er um 35 m löng, 4 m breið og 3.8 m há upp undir stálgrind. Vírkláfur er um 4 m N við brúna. Trékassi er á vírunum, um 0,6 x 0,7 m í þvermál og 0,6 m djúpur, mjög brotinn.

Heimildir: SJM I, 280; DB: "Við norðurbrún Vatnajökuls", 174

NM-122a:018 Steingrímsstaðir bæjarstæði býli

65°05.966N 15°34.256V

"... Steingrímsstaðir ... var heldur innar en móti Bakkastað. Aðeins innan við tættarnar rennur lækur, Steingrímsstaðalækur. Að tóftunum f auk aska 1875, en þó sér móta fyrir þeim." segir í örnefnalýsingu. Um 420 m fyrir innan bárujárnsklædda skemmu, 2,18 km frá Brú, um 15 m frá Jöklu.

"Vera má, að áin hafi brotið bakkann við Steingrímsstaði og jafnvel skert eitthvað fornar rústir þar. Hafi hún gert það er langt um liðið síðan því að bakkinn við Steingrímsstaði er grasi gróinn eins og rústirnar sjálfar". - SR Byggðaleifar, 77.

Tóftir mjög ávalar og eru veggir mjög signir, ekkert grjót er sjáanlegt í tóftunum. Upphleðsla úr torfi er 25 m ofan rústa. Syðsta rústin er skýr en hinar eru óljósar.

Heimildir: Ö-Brú, 5, 19; SR Byggðaleifar, 77-80; Halldór Stefánsson "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 177; ÓÓ: Ferðabók, 139

NM-122a:021 *Kálfseyrarvað* heimild um vað

65°06.322N 15°32.555V

"Næst utan við Stekkinn er eyri niður við ána, sem heitir Kálfseyri, og þar er vað á Jökulsá, Kálfseyrarvað." segir í örnefnalýsingu. Vatnamælingakláfur er skammt ofan vaðsins, eða um 50 m.

Malareyrar liggja að ánni vestan megin, en austan megin eru bakkarnir meira grónir.

Vaðið liggur í SSV yfir ána. Mikið er í ánni og flestar eyrar á kafi.

Heimildir: Ö-Brú, 5

NM-122b Brú (Brúardalir)

Brúardalir tilheyra Brú og eru austan við Jökulsá, norðan við Vesturdalsá og austan við Þríhyrningsfjallgarð. Mörk við heimaland Brúar eru um Fagramelslæk sem fellur í Jökulsá utan við Brúarsel. Olavius getur fyrstur manna um eyðibýggð á Brúardölum í ferðabók sinni 1776. Hann telur upp Garða, tvöna Hóla og Hringbotn sem liggja fyrir ofan Reykjará. Eru þessir eyðibæir ekki taldir byggilegir nema helst sá síðastnefndi, en erfitt mun að flytja þangað húsavið. OO II, 129. SR bendir á að eyðibýlanöfnin hafi líklega brenglast hjá Olavusi í uppskriftum en hann mun sjálfur aldrei hafa komið á þessar slóðir. Réttara væri að hafa tvöna Garða (ytri og innri), Höll og Hringbotn. Sigurður Gunnarson ritar 1872: "Það er í munnmælum, að byggð hafi verið langt inn frá Brú, og eru þar enn forn bæjanöfn, og sér víða ummerki. Er talið, að sú byggð hafi eyðzt í Svartadauða. En hún hefir og eyðzt af því landið hefir blásið, svo þar hefir orðið óbyggilegt." StSÍ II, 437. Þorvaldur Thoroddsen telur einnig upp eyðibýli á Brúardölum - Andvari 1883, 43-44 og Bruun einnig en hann mun ekki hafa komið þar sjálfur - Geografisk Tidskrift 16, 163 sbr SR Byggðaleifar, 76

NM-122b:001 *Múlakot* bæjarstæði býli/sel

65°04.563N 15°41.819V

"Suður af Múlanum, við ármót [Fiskidalsár og Reykjarár], er gamalt eyðibýli, sem heitir Múlakot og nesið sem það er á, láglendið, heitir Múlanes. Þar er grösugt gil niðri í botninum, öðru nafni er þetta kot nefnt Múlasel. Þar er svo, meðfram ánni, nefnt Múlamýri." segir í örnefnalýsingu. Slóði liggur að tóftunum.

"Rústirnar standa á tiltölulega þurrum holtsrana en undir honum er hvanngreynn stararflooi sem í eru volgrur. Þarna ætti gras varla að bresta í hörðum árum". Mýrar eru suður af rananum, með fifu og stór, pollar og lækjarsytrur eru þar einnig.

Nyrsta tóftin er ungleg og væntanlega sel eins og SR telur. Hinar eru eldri að sjá, meira sokknar. Brunnur gæti hafa verið skammt frá holtsrananum. Í rofabarði um 2 m S við seltóftirnar má sjá mannvistarlög á milli H-1158 og gjóskulags sem er yngra en LNL, sennilega frá ca. 950.

Heimildir: Ö-Brú, 4; SR Byggðaleifar, 85

NM-122b:002 *Brúarsel* heimild um beitarhús

65°05.756N 15°35.701V

Utan við Hreindýrsmel "heitir Sel (Brúarsel), beitarhús." segir í Sveitum og jörðum. "Upp frá bænum er lág aflíðandi hlíð upp á heiðarbrún. Daliurnn víkkar inn af bænum. Þar eru beitarhúsin Brúarsel og grasgefnin túnballi í kring." segir í örnefnalýsingu. Um 1,6 km austan Reykjarár.

"Húsin voru í nokkurri fjarlægð frá ánni uppi í gróinni hlíðinni. Ofar í hlíðinni er land blásið ..." SR Byggðaleifar, 80

Heimildir: SJM I, 278; Ö-Brú, 5; SR Byggðaleifar, 80

NM-122b:003 *Ytri-Garðar* bæjarstæði býli

65°03.721N 15°38.003V

"Áður fyrr mun nyrsti hluti [Meljaðrafjalls/Skógaháls] hafa verið nefndur Skógafjall. Undir því voru tvö býli, sem hétu Ytri-Garðar og Fremri-Garðar. Utan við þessi býli er smáá, sem heitir Garðaá, nú alveg þurr. Þetta vatn kom úr mýri á hálsinum. Á Görðum-Ytri sást fyrir veggjabroti, sem nú mun alveg blásið burt." segir í örnefnalýsingu. Um 2.1 km norðan Geithúsa.

"Nú er þarna allt örfoka, þótt elstu menn muni jaðrvegsleifar á mýrarblettinum, og áin þornuð. Þó má enn sjá farveg hennar rétt utan við rústina á Görðum." SR Byggðaleifar, 82

SR 1979. Einföld - þreföld steinhleðsla er í þeim vegg sem eftir er. Mesta veggjarhæð er 70 sm.

Heimildir: Ö-Brú, 7; SR Byggðaleifar, 82-83

NM-122b:004 *Fremri-Garðar* bæjarstæði býli

"Áður fyrr mun nyrsti hluti [Meljaðrafjalls/Skógaháls] hafa verið nefndur Skógafjall. Undir því voru tvö býli, sem hétu Ytri-Garðar og Fremri-Garðar. Utan við þessi býli er smá á, sem heitir Garðaá, nú alveg þurr. Þetta vatn kom úr mýri á hálsinum." segir í örnefnalýsingu.

Þessi staður hefur ekki fundist, sbr. S.R., 82

Heimildir: Ö-Brú, 7; SR Byggðaleifar, 82

NM-122b:005 *Geithús* heimild um geitakofa 65°02.682N 15°38.990V
Innan við Bröttubrekku, vestan við Jökulsá, sem er innan við Garða er Geithúskverk "sem er sveigur inn í hlíðina. Þar upp í brún er Geithúshjalli. Geithús var þar fast á bakkanum, en áin mun vera búin að sverfa það burt." segir í örnefnalýsingu. Um 1,5 km N við 122b:006.
"Jarðvegstorfur, fallega grónar að ofan en sundurskornar af giljum og grafningum, eru austan í fjallinu, sem er bert ofar. Jökulsá brýtur stöðugt af torfunum að neðan." SR Byggðaleifar, 83. Grasi grónar spildur eru í hlíðinni, sundurskornar af skorningum.
SR 1979. Grjótdreif er mjög áberandi, 5-6 m niður brekkuna framan við tóftina. Það er án efa hleðslugrjót, og þarna virðist hafa verið töluvert mannvirki. Mesta sjáanlega hæð á veggjum er um 0,5 m. Þeir eru mjög útflattir, og um 2 m breiðir. Í rofbakkanum er hægt að skoða gjóskulög, og sjá má að K-1262 leggst yfir hleðslurnar.
Heimildir: Ö-Brú, 7; SR Byggðaleifar, 83-84

NM-122b:006 *Trognes* heimild um fjárskýli 65°01.908N 15°39.533V
Borg heitir innan við Geithús við Jökulsá. "Þar nálægt hét Trognses. Þar var byggð fjárborg. Þetta nes hefur verið stærra. - aths: Trognses er kallað Fossnes í eyðibýlaskrá, .." segir í örnefnalýsingu. Um 50 m breið undirlendisræma er við Jöklu, hlíðar eru blásnar og gróðurvana.
Um 6 m eru frá rústumum að bratttri brekku sem liggur niður að Jöklu.
SR 1979. Þrjár samliggjandi tóftir eru sjáanlegar. Nyrsta tóftin er hringlaga, með grjóthlöðnum veggjum (allt að 70 sm háum), og markar fyrir einfaldri steinaröð. Tvöföld steinhleðsla er sjáanleg sumsstaðar. Miðtóftin er niðurgrafin og eru vegghleðslur óskýrar, mjög sokknar. Syðsta tóftin stendur hærra en hinar, um 1 m hærra en miðtóftin og veggir eru mjög sokknir, um 10-15 sm háir. Syðri tóftirnar tvær eru með torfveggjum og eru mjög fornlegar að sjá. Þær eru sennilega samtíma þar sem milliveggurinn virðist vera sameiginlegur.
Heimildir: Ö-Brú, 7; SR Byggðaleifar, 84

NM-122b:007 *Höll* bæjarstæði býli
"Innan [við Forvaðagil, við Jökulsá], undir Hallarfjalli, er eyðibýlið Höll. Ekki er neitt eftir þar nema nafnið eitt og beinarusl." segir í örnefnalýsingu.
"Svæði þetta heitir Brúarskógur og heldur því nafni inn að Sauða. ... Þess má geta að Brúarskógur er eyddur og talinn hafa eyðzt um miðja 18. öld." SR 1979. Þessi staður hefur ekki fundist.
Heimildir: Ö-Brú, 7; SR Byggðaleifar, 84

NM-122b:008 *Laugarvallaskúti* heimild um náttstað 65°00.346N 15°45.628V
"Við Laugarvallaá var svokallaður Laugarvallaskúti, þótti gott fyrir gangnamenn að gista þar. Föt manna þornuðu þar fljótt, því sandurinn var volgur." segir í örnefnalýsingu.
Grasgeiri undir 6 m háum klettavegg sem er sprunginn og laus í sér, um 4-5 m frá árbakka.
Mældur var inn líklegasti staðurinn, þ.e. um 20 m ofan við volga lækinn sem fellur í Laugavallaá í litlum fossi. Skútinn meinti, er hinum megin við ána. Áin gæti hafa eyðilagt hleðslur, hafi þær verið fyrir hendi. Einnig gæti hrun úr kletti hafa eyðilagt skútann.
Heimildir: Ö-Brú, 8

NM-122b:009 *Sauðárkofi* heimild um sæluhús
"Suður við Sauða er leitarmannakofi, sem nefndur er Sauðárkofi, þar rétt neðar er foss í Sauða, Sauðárfoss." segir í örnefnalýsingu.
Fannst ekki.
Heimildir: Ö-Brú, 9

NM-122b:010 *Hringstaðir* bæjarstæði býli
Á Laugarvalladal, fyrir innan mynni Vesturdals er Stóri-Hringur og Litli-Hringur sem er graslendi inn með ánni að vestan. segir í örnefnalýsingu. SR: "Á Stóra-Hring mun hafa verið býli, sam áin er búin með. Þetta býli hét Hringstaðir, sáust þar glöggar rústir, þegar Þ. Thoroddsen var hér á ferð." - á miðjum Laugavalladal, um 2 km S við ármót Vesturdalsár og Laugarvallaár. Fannst ekki.
Heimildir: Ö-Brú, 9-10, 19

NM-122b:011 *Laugarvellir* bæjarstæði býli 65°00.363N 15°45.830V
"Svo, eins og 1/2 tíma ganga innar [en Hringstaðir], sveigir áin fyrir graslendistorfu, sem heitir Laugarvellir, þar var býli um hríð, fór í eyði 1906. ... Hjá býlinu var lind. talsvert vatnsmikil, með 90 gr. heitu vatni, nefnd Hitalind." segir í örnefnalýsingu. "L voru eftir tímaröð þriðja heiðarbylið í Brúarlandi ... Býlið stóð í 540 m hæð yfir sjó við heita lind á Laugarvöllum í Laugarvalladal vestan Meljaðarfjalls og Brúnarskógar. Þaðan er 4-5

stunda gangur að Brú. Í jarðalýsingu (F'18) segir að öll hús hafi verið niðurrifin, er býlið fór í eyði, þar sé land fyrir 500 afréttarfjár, en gefi sáralítlar tekjur þar eð upprekstrarlönd séu nær um þessar slóðir." segir í Sveitum og jörðum.

sjá 012

Lítið sést af eldri byggingum þar sem sæluhús og hesthús hefur verið byggt á eldri tóftir, þó sést móta fyrir veggjahleðslu í kringum sæluhúsið. Beinar, reglulegar grjótlagnir (ein röð).

Heimildir: Ö-Brú, 10; SJM I, 280-281

NM-122b:012 *Laugarvallaskáli* heimild um sæluhús 65°00.363N 15°45.830V

"Þarna [hjá rústum Laugarvallabýlisins] er nú leitarmannakofi, Laugarvallaskáli." segir í örnefnalýsingu. Afleggjari er í Laugav.d. hjá Hafrahv.gljúfrum, farið er bratta brekku niður í dalinn, yfir Laugav. á og og nokkur hundruð metra út dalinn, kemur þá að sæluhúsinu.

Sæluhúsið er byggt ofan á eldri tóftir. Það stendur á grasi grónum bala, um 20 m frá smálæk sem rennur í Laugav.á. Hlíðarnar upp af dalnum eru mjög blásnar og nær gróðurlausar.

Sæluhúsið stendur óraskað, en þak og framgafl á hesthúsi vantar. Sæluhúsið og hesthúsið standa á bæjarhólnum, eldri hleðsluleifar eru sjáanlegar.

Heimildir: Ö-Brú, 10

NM-122b:013 2 tóftir 65°01.938N 15°45.831V

"Utan til á Vesturdal er glögg tóft, trúlega sel, þó ekki sé nafn til á því." segir í örnefnalýsingu. Í utanverðum Vesturdal, grasi og lynggróinni tungu sem teygist til N. Víðir er mjög áberandi. Enginn vegur er að þessum stað og þarf að ganga um 1 km.

á víðvöxnu nesi og rennur Vesturdalsá í sveig norðan við. Bratt gil er í bakkanum á móti og hafði enn ekki tekið upp snjóskafli þar í ágúst 1979. Í þessu nesi hefur verið reynt að nýta slægjur í hörðum árum - SR Byggðaleifar, 85

SR 1979. Tóftirnar eru 10-15 m frá rofbakka sem liggur upp frá ánni. Garðstubbur kom í ljós við eystri tóftina, hann liggur í ANA-stefnu út frá tóftunum að rofbakkanum. Tóftirnar eru mjög skýrar. Eystri tóftin er allt að 80 sm djúp og stendur hún jafnframt hærra en vestari tóftin, gæti jafnvel verið yngri.

Heimildir: Ö-Brú, 10; SR Byggðaleifar, 85

NM-122b:014 mannvirki 65°05.578N 15°36.144V

SR: "Innan við Brúarsel utan við svokallaðan Hreindýrsmel við dráttarvélarlóðina rétt ofan við melana stóð grjót út úr barði greinilega samanborið af mönnum." Skammt fyrir neðan og utan eru tveir melkollar, sennil. Hreindýramelar. Reykjará er 1.1. Km sunnar. Að Jöklu er varla meira en 200 m.

Í skorningi þar sem dráttarvélarlóðin fer yfir hann liggja nokkrar hellur við orfabarð, engin hleðsla er sjáanleg, heldur liggja þær dreifðar.

Heimildir: SR Byggðaleifar, 80

NM-122b:015 *Litlasel* 2 tóftir sel 65°05.139N 15°38.699V

SR: "Litlasel eða Sniðnes er norðan við Reykjará." Hægt er að fara slóða að Reykjará sem endar 1,2 km neðan Sniðaness, þaðan þarf að ganga.

Tóftirnar eru á vel grónum bala. Stör og fjalldrapi eru mest áberandi. Um 15 m eru á milli tóftanna tveggja. 9 m eru frá syðri tóftinni að bröttum bakka sem liggur að ánni, eru um 20 m þaðan í ána.

Seltóftin er úr torfi eingöngu og veggir mjög sokknir, um 0,4 m háir. Í aðhaldinu eru veggir einnig úr torfi og sokknir, um 0,3 m háir og útflattir. Aðhaldið er grafið inn í brekku.

Heimildir: SR Byggðaleifar, 82

NM-122b:016 hleðsla kláfferja 64°55.296N 15°51.878V

"Nokkuð neðan við fossinn [sjá 009] er steinbogi yfir ... Þá eru stöplar eftir kláfrátt skammt neðan við fossinn. Hefur verið dráttur á ánni áður fyrir." segir í örnefnalýsingu. Slóði liggur um 50-60 m sunnan kláfsins.

Grjóthrúgöld eru sitt hvoru megin á gljúfrinu, sem er mjög djúpt þarna. Aðstæður voru skoðaðar N megin. Klettaneff ganga á mót hvoru öðru í gljúfrinu og eru minjarnar á þeim.

Hlaðið úr stórum steinum, móbergi og grágrýti, mest um 30-60 sm í þvm. Samskonar mannvirki er hinum megin ár.

Heimildir: Ö-Brú, 9

NM-122b:017 tóft 65°00.382N 15°45.726V

Um 100 m ANA af sæluhúsi á Laugarvöllum, við bæjarlæk.

Á árbakka.

Lítill tóft, opin að læknum, um 5 m á hvorn veg. Veggir eru um 0,4 m háir, allt að 1 m þykkir, mjög sokknir og úr torfi eingöngu. Stífla úr grjóti og bárujárni er í læknum við tóftina. Gæti hafa verið mylla.

NM-122b:018 tóftir

65°01.332N 15°43.629V

Upp af nesi við Laugarvallaá, um 1,5 km frá Laugarvöllum.

Tvær tóftir liggja í hallanum upp af nesi sem erí Laugarvallaá. Vestari tóftin er minni, eitt hólf, 12x10, með rof eða dyrum á austurhlíð. Veggir eru úr torfi, mikið sokknir, þykkt er 1-2m, hæð um 0,5 m. Um 40 m neðar og austar er önnur tóft. Hún er úr torfi, 13x8 m, snýr NA-SV, inngangur á vesturvegg nær suðurenda, veggjaþykkt 1-1,2 m, hæð 0,5 m. Frá vestari tóftinni er garðlag, um 1,5 m br og 90 m langt sem liggur í boga í átt að eystri tóftinni og norður fyrir hana. Þar tekur við annað garðlag, 2,5 m br og 0,7 m hátt, ögn bogadregið, sem liggur í suður eða SSV að Laugarvallaá.

NM-122b:019 varða

64°55.225N 15°52.683V

Við Sauða. Um 30 m frá árbakkanum og um 200 ofan við foss. Um 30 m frá slóða.

Stendur á blásnum mel. Gróin mosa og stór neðantil. Melkollur þessi er áberandi í fjarska.

Neðstu steinarnir eru vaxnir skófum, en efstu 5-6 steinarnir hafa verið settir þarna nýlega.

NM-122b:020 hleðsla kláfferja

65°05.218N 15°37.275V

Ekið er að Reykjará, gengið að vatnshæðarmæli Vatnamælinga. Um 40 m niður með ánni, skammt ofan við foss, eru hleðsluleifar kláfferjunnar.

Grjóthleðsla á klettabrún, samsvarandi hleðsla er hinum megin við gilið.

Hleðslan N ár var skoðuð. Er hún mest 1,6 m á lengd og 1 m breið. Skarð er á milli steinanna og stefnir í SSV, beint á hleðsluna á hinum gljúfurbarminum.

NM-122b:021 heimild um vað

65°05.161N 15°37.098V

Vað á Reykjará. Um 60-70 m neðan við fossinn, og um 170 m neðan við kláfferjuna 020. Ármót Jöklu og Reykjarár eru um 200 m neðar. Rudd gata er beggja vegna árinna. Sunnan megin er sneiðingur upp brekku, greinilega ruddur.

Við á.

NM-122b:022 hleðsla kláfferja

64°55.261N 15°52.144V

Á norðurbakka Sauðar, um 30 m frá fossbrún og um 30 m frá slóða, og sést þaðan.

Á árbakka.

Hleðsla úr stórum steinum, tvær samsíða grjótraðir, um 2,5 m langar og með um 0,5 m millibili. Breidd hleðslunnar er um 0,9 m hvoru megin. Mesta hæð er 0,5 m. Efri hlutinn er heillegur. Hleðslan á hinum bakkanum er 5-10 m neðar.

NM-129 Vaðbrekka

Vaðbrekka var byggt sem nýbýli úr landi Valþjófsstaða 1770 - Jökulsá er á merkjum að norðan og austan. Talið er að bærinn hafi heitið Mýri til forna. Merkin milli Vaðbrekku og Aðalbóls eru um Klettagil við Jökulsá og þaðan sjónhending um Urðarteigsfjall í Hölná sem er á austurmerkjum

1918: Tún 1,5 ha. "Túnið er í halla upp frá Hrafnkelu ... Bæjarlækur fellur niður gegnum mitt túnið. Á Framtúni sem er utan við lækinn eða vestan við hann, er efsti hluti túnsins nefndur Efratún og þar neðar kallað Hólar, það er hjalli í túnu. Og er neðar dregur er þar Lágatún, sem nær niður að brekku niður við ána. Þegar kemur út fyrir lækinn er nefnt Úttún, sem er utan við lækinn, og þar neðar er Hvammur, sem svo nær alveg niður að ánni. Þar utar hét Grund, utan við Hvammna, gilið sem Bæjarlækurinn kemur eftir heitir Bæjargil."

NM-129:006 *Bakkastaðir* bæjarstæði býli

SR: Innan við Kálfseyrarvað og Vaðmel eru "rústir eftir býlið Bakkastaði, þar átti að vera kirkja og geta þjóðsögur þess að hún sökk." - norðan undir Vaðbrekkuhálsi sunnan við Jökulsá, vestar og ofar með ánni en Brú. "Gegnt Vaðbrekku, vestur við Jökulsá, er bæjarstæðið Bakkastaðir, sem kunnugt er úr þjóðsögunum." segir í örnefnalýsingu.

Sléttað hefur verið yfir rústirnar og standa fjárhús á þeim að hluta.

Bruun 1901; SR 1978.

NM-129:007 *Reykjasel* kuml legstaður

Innan við Hitahnjúk "er svo Reykjasel, beint á móti því sem Reykjaá rennur í Jökulsá að vestan." Þar hafa fundist a.m.k. 2 kuml en engar byggingaleifar sjást þar nú.

Bruun 1901

NM-129:008 *Reykjasel* heimild um sel

Innan við Hitahnjúk "er svo Reykjasel, beint á móti því sem Reykjaá rennur í Jökulsá að vestan." Þar hafa fundist a.m.k. 2 kuml en engar byggingaleifar sjást þar nú. "Þó hafi Halldór móðurbróðir okkar einhverju sinni rekist á vallgrónar húsatættur á milli Hitahnúks og Stórhöfða, og var geturm að því leitt, að þar myndi Reykjasel vera. En Halldór fann tætturarnar aldrei aftur og enginn síðar." Stefán fór aftur á stúfana að beiðni KE að leita að bæjarstæðinu því sennilega væri það að finna nálægt kumlunum. "Á þurrlandri, gróðursælli og sléttri fles norðan og neðan við Hitalindina eru ójöfnur á landi, og gætu sumar þeirra minnt á veggjarústir. Engin ákveðkin regla er þó á þústum þessum, þannig að ekki er hægt að sjá móta fyrir hóslögum. Sumir garðarnir liggja þó þannig, að þeir gætu verið af húsagrunni, en sá grunnur snýr ekki þvert á dalinn, heldur vísar vesturendi hans sunnan við þvera stefnu á Jökulsá. ... Ályktanir af könnuninni á þessum rústum norðan við Hitalindina verða í hæsta máta getgátukenndar, meðan ekki er meira við að styðjast en hér er lýst. Sú skýring er þó nærtæk, að á þessu svæði hafi verið búið frá landnámsöld og fram yfir 1362, en byggðin verið lögð af um 1477."

NM-129:013 *Gerðishöfði* örnefni

"Gerðishöfði er inn við ósinn á Hrafnkelu og neðan hans, með ánni, er Gerðishöfðagrund." Á þessum stað heitir Teigur, austan við Hrafnkelu meðfram Jökulsá. segir í örnefnalýsingu.

"... þarna er góður búfjárhagi og grösugt." SR Byggðaleifar, 40
SR 1980

NM-130 Aðalból

Hrafnkell Freysgoði bjó að Aðalbóli samkvæmt Hrafnkelssögu, en samkvæmt landnámu bjó hann Steinröðarstöðum, en ekki er vitað hvar þeir voru. Flestir telja að Aðalból Hrafnkötlu sé sama og Aðalból sem nú er í byggð. Á tveimur stöðum í sögunni virðist þó sem að það Aðalból sem hún nefnir sé miklu innar í dalnum. Þá kemur helst til greina að Aðalból sögunnar hafi verið þar sem Glúmsstaðasel eða Sámstaðir eru og eru þar miklar rústaleyfar. IF XI, 98, Safn til sögu Íslands II, 455. Aðalból var byggt úr landareign Valbjófsstaðakirkju 1775 - SR Byggðaleifar, 19-20. Í jarðabók frá 1695 er Hrafnkeldalur talin Valbjófsstaðakirkjujörð, 6 hdr, með 1 kúgildi og 60 al. landsk.

1918: Tún 1,8 ha. "Gamla túnið var dálítill kragi kringum bæinn og peningahús. Það er smáhóllott, greiðfært og jarðdjúpt, en snögglent að jafnaði. 1888 gaf það af sé 25 hesta. Nú er þetta tún niðurlagt." Aðalengjar í Bæjarflóa eftir öskufall. SJM I, 290.

NM-130:022 *undir Smjörtungufelli* 2 tóftir

Rústir undir Smjörtungufelli austanmegin Dysjarárgils gegnt Hnitasporði skölkorn sunnan við ós Dysjarár. Páll Pálsson frá Aðalbóli fann rústina 1984. SR 1980, 85.

NM-137 Urriðavatn

20 hdr. 1576, 1847. Bændaeign. Einnig Andríðavatn (1576). Fyrst getið 2.10.1481 en þá fara fara fram kaup á bænum - DI VI, 409-10; [1526] Ögmundur bp fær bóndanum Snjólfí Rafnssyni ... jörðina hálfá Auriðavatn í askirkjusokn - DI IX, 394. 18.9.1580 selur Jón Magnússon, með ráði föður síns sr. Þorvarði Magnússyni U. fyrir Staffell. Landamerkjum er lýst - Jarðabréf, 273. "... í sjálfsábúð frá 1894. "Fornt afbýli, Þorgerðarstaðir, eru í landareigninni. Hjáleigur voru Kálfsnesgerði og Skógargerði. Landamörk eru við Ekkjufellssel frá Urriðavatninu skammt sunnan við miðju og þvert í Lagarfljót við Hafrafell frá litlum odda út í vatnið að vestan beint í Rangá rétt innan við flúðir. Að austan liggur Lagarfljót en vestan Rangá þar eru hreppamörk. Fljótsströndin er um 3-3.5m. Tví og þrjú býli var á jörðinni fram yfir aldamót." SJM 1, 380-381; JJ, 357.

1920: 4 ha. Garðar 250 m². "Jörðin var vel fallin til búskapar. Nokkrar nytjar voru af skógi fram á seinni hluta 19. aldar. Silungaveiði er góð í Urriðavatni og þar jarðhiti á smásvæði. Tún voru ágætlega grasgefin, engjar blautar en víðfemar. Vetrararbeit og heimahagar voru góðir. Þakslétta var frá aldamótum. Í fasteingnamati frá 1918 voru tún 12,9 ha. og sögð "mestallt slétt, hálent, hólott og brunahætt, því fremur graslítið í flestum árum". Árið 1925 var græðislétta unnin með hestaverkfærum. Fyrsta túnslétta var með dráttarvél 1945." SJM 1, 381.

NM-137:013 *Þorgerðarstaðir* bæjarstæði býli

65°18.145N 014°24.484V

"Annað afbýli, fornt, Þorgerðarstaðir, var í landareigninni skammt sa. af túni. Þar sjást rústir og garðalög" segir í SJM. - Þorgeirsklettur er spölkorn ofan við fljótið. "Við Þorgeirsklett eru fornar rústir, sem geta verið af eyðibýli, en ekkert er vitað nánar um það" segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: SJM 1,380; Ö-Urriðavatn, 2

NM-137:015 *nátthagi* garðlag 65°17.988N 014°24.605V
"Neðan við Töðubrekku ofan fljótsins er nátthagi." segir í örnefnalýsingu. Torf- og grjóthlaðinn garður liggur upp frá fljótinu á um 50 m kafla í NV. Þar beygir hann og liggur hann á um 20 m kafla að klettabelti ofan fljóts. Hann beygir svo fyrir klettabeltið og liggur suður frá því beint ofan í fljótið.
Heimildir: Ö-Urriðavatn, 2

NM-137:018 *Ranavað* heimild um vað 65°19.454N 014°24.290V
Ranavað er vað á fljótinu af ysta odda Ranans. "Það var talið þrautavað" segir í örnefnalýsingu. -Mjór oddi skerst fram í fljótið framan Ranans. "Ranavað heitir næsta vað. Var það riðið þvert yfir Fljótið úr Ranasporði við ós Urriðavatnslækjar."
Raninn sjálfur er grasi vaxinn um miðju, en stórgrýtt fjara á endum.
Heimildir: Ö-Urriðavatn, 3; Ö-Breiðavað, 3; Helgi Gíslason. "Um vöð og ferjur á Lagarfljóti", 8.

NM-137:019 *Gerðisvað* heimild um vað 65°19.236N 014°24.139V
"Út og niður af Kálfsnesgerði er annað vað kallað Gerðisvað. Þar skammt frá er Álftharhólmi." segir í örnefnalýsingu. Gerðisvað er miðja vegu milli 020 og 019. Á bakkanum má sjá nokkra slóða en enginn greinilegur liggur út í ána.
Heimildir: Ö-Urriðavatn, 3

NM-137:020 *Þórðarvað* heimild um vað 65°14.281N 014°24.894V
"Götur lágu frá bæ á Urriðavatni að Ranavaði. Þar var vað á læknum, kallað Þórðarvað." segir í örnefnalýsingu. Þröngur, grýttur árfarbegur, bakkarnir grösugir og þýfðir.
Heimildir: Ö-Urriðavatn, 3

NM-137:021 *Álfhöfði* þjóðsaga huldufólksbústaða 65°18.762N 014°24.120V
"Álfhöfði heitir kletthöfði við Fljótið, niður af Kálfsnesgerði. Aðrar heimildir nefna þennan höfða Álfhöfða" segir í örnefnalýsingu. Álf[h]öfði er um 300 m SA við Gerðistjörn og gengur austur í fljótið. Lítlill kletthólmi er framan við sem á vex birki.
Höfðinn er mjög þýfður að vestanverðu, en fram í fljótið ganga nokkuð háir kelttar.
Heimildir: Ö-Urriðavatn, 3

NM-137:034 garðlag vörslugarður 65°18.523N 014°24.350V
Um 100 m innan (sunnan) við Álfhöfða er um 100 m langur garður sem nær upp frá vík við fljótið og upp í kletta ofan við fljót (SA í Grenisásnum). Annar garður um 40 m langur liggur svo úr Grenisöxl í Gerðistjörn, SA enda hennar.

NM-138 Skógargerði

Hjáleiga frá Urriðavatni. Fyrst getið í jb. 1760. Talin 4 hdr úr heimajörðinni 1847. "Skógargerði er nyrsti bær í Fellum og er yst í tungunni milli Lagarfljóts og Rangár. Mörk við Urriðavatn eru við Forvaða við fljótið um 1,5 km suður af Rangárósi og þaðan þvert vestur í Rangá um 1 km suður af Árkrók út og niður af Bót. Jörðin ... komst í sjálfsábúð 1906." SJM 1, 378-379; JJ, 357

1920: 3,2 ha. Garðar 1100 m². "Gamla túnið var þýft, harðlent og bratt víða og sprettulítið í þurrkatíð. Þaksléttutími var frá aldamótum 1900-1955. Sléttun túnþýfis lauk um 1930 en eftir það var rist ofan af græðisléttum sem farnar voru að þýfna. Þær voru sléttadar með hestaverkfærum og voru lokræstar með þéttum grjótræsum. Um 1930 var tún fært út með hestaverkfærum. 1947 var fyrsta jarðvinnsla með ýtu." SJM 1, 379.

NM-138:019 tóftir+garðlag óþekkt 65°20.441N 014°24.77V
Tóftir eru sunnan við tún, 80 m út (N) af Hrafnakletti, undir brekku móti austri.
Búið er að gróðursetja tré í brekkunni og einnig í tóftirnar, en Víkingur segir það mistök ræktunarmanna er gerðu það að honum fjarverandi og kveðst vera að færa plönturnar burt.

NM-138:027 *Brúarkelda* hleðsla brú 65°20.195N 014°24.727V
"Bollar heita milli hjallanna utantil, Rjúpnaker og Brúarkelda er þar líka" segir í örnefnalýsingu. Keldan var illfær, meira en metra djúpur skorningur og var hún brúuð þar sem leiðin lá yfir hana.
Sjá má hvar hlaðið hefur verið yfir kelduna, en óglögg, um 40-50 m frá (ofan við) vatnsbakka.
Heimildir: Ö-Urriðavatn, 2; svör

NM-138:031 *Skógargerðisvað* heimild um vað 65°20.331N 014°24.572V

"Inn af Grafningum heitir Hæð eða Stórahæð, undan henni er Skógargerðisvað á fljótinu" segir í örnefnalýsingu. "Þá er Skógargerðisvað, riðið út í Fljótið að norðan 300-400 m innan við Horn og stefnt á Breiðavaðsbæ." **Heimildir:** Ö-Urriðavatn, 5; Ö-Breiðavað, 3; Helgi Gíslason. "Um vöð og ferjur á Lagarfljóti", 8.

NM-138:035 tóft

65°20.277N 014°24.618V

Hringlaga tóft er skammt ofan við fljót, nærri vaði, um 20 m frá því.

NM-140 Ekkjufell

20 hdr. 1576, 1847. Getið í Droplaugarsonasögu."Þar bjó Álfgerðr lækni." ÍF XI, 166; 20.9.1463: Sagði Magnús landamerki að staðurinn [undir Ási] ætti ... Skogarpart j eckiufells jord. fyrir vtan einhleypingsvað: - DI V, 394-95; 27.5.1674 selur Jón Þorláksson Jóni Bjarnasyni Ekkjufell, 20 hdr - Jarðabréf, 280; Ekkjufellssel hjáleiga, metin á 4 hdr. 1847. "Landamörk liggja við Kross um Bakkalæk, keldu í Einbúa og þaðan í Ekkjuvatn. Við Hafrafell liggja mörk frá Ekkjuvatni í Urriðavatn. Strandlengjan við fljótið er 6-7 km. Þrjú nýbýli eru í Ekkjufellslandinu, Helgafell I og II stofnað 1936. Skipalækur stofnað 1951 og Smábýlið Brúarland sem stofnað var á árunum 1953-1954. Nýbýlin eru öll talin með heimajörðinni. SJM 1, 383-384; JJ, 357.

1920: 3,9 ha. garðar 1110m² "Ekkjufellslandið skiptist með mýrar og móa og há klettafell. Bærinn er inni í þröngu klettasundi með háa hamraveggi á tvo vegu og voru tún á hólum og brekkum umhverfis bæinn. Jörðin var nokkuð góð til ábúðar, engjar grasgefnar, beitiland gott og góð mótekja. Einnig var silungur í Ekkjuvatni og fljótinu. Nokkur not af skógi og átti Áskirkja ítak í skóginum utan við Einhleypingsvað. Samgöngumiðstöð var að Ekkjufelli sökum nálægðar við aðalvað fljótsins, Einhleypingsvað, og hélst það eitthvað fram á þessa öld þótt að brú kæmi á fljótið. Gamla túnið var um hóla og brekkur umhverfis bæinn og blautar fitjar á milli. Tún var einnig umhverfis beitarhús þau er voru upp við fellið. Fyrst á þessari öld var unnið að jarðarbótum, framræslu og útgræðslu túna með handverkfærum og gaddaherfi. Tún þaksléttað 1910. Fyrsta dráttarvélavinnsla var 1933." SJM 1, 384-385. "... er Sigbjörn fór að búa á Ekkjufelli [1902] lagði hann mikið kapp á að bæta túnið og gerði miklar þúfnasléttur." Gísli Helgason, Austfirðingapættir, 107; Túnakort 1920.

NM-140:013 *Freysnes/Goðatættur* tóftir þingstaður

65°15.881N 014°26.637V

"Neðan við Neðra-Sjónarhraun er tangi út í Lagarfljót, sem heitir Freysnes. Þar er álitid, að hafi verið þingstaður, og fornar rústir, sem eru þar, hafa verið friðlýstar" segir í örnefnalýsingu.

Jón Jónsson 1896; DB; MÞ 1915; AFOV 1992

Heimildir: Ö-Ekkjufell, 5; Jón Jónsson: "Um "Goðatættur" Árb 1896, 25-26; DBFJ 1909,314; Árb 1924, 57

NM-140:020 heimild um legstað

65°15.692N 014°27.958V

"Efrivíkur eru ofan Víkurkletta utan Bakkalækjar. Á Efrivíkum voru beitarhús frá Ekkjufelli, kölluð Víkurhús. Þar var áður eyðibýli, sem hét Bakkagerði. Utan við Víkurhúsin fannst uppbláisin dys um síðustu aldamót, og sáust þar leifar af beinagrind. Nú sjást þess engin merki." segir í örnefnalýsingu

Heimildir: Ö-Ekkjufell, 4

NM-140:024 *Stekkjarklettur* tóft stekkur

65°16.250N 014°26.168V

"Után og ofan við Freysnes eru háir klettur, nefndir Háuklettur. Neðan við þá eru Stekkjarklettur" segir í örnefnalýsingu. Stekkjartóft er neðan við miðja Stekkjarkletta.

Heimildir: Ö-Ekkjufell, 8.

NM-140:027 *Ferjusteinarnar* heimild um ferju

65°16.883N 014°25.468V

"Rétt innan við Lagarfljótsbrúna var lögferja. Innan við ferjustaðinn eru stórir steinar í fljótinu, kallaðir Ferjusteinarnar." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Ekkjufell, 4; Gunnar Gunnarsson: Árbók ferðafélags Íslands 1944, 72.

NM-140:028 *Ullartangi* heimild um þvottastað

65°16.816N 014°25.853V

"Után við Skipalækinn, við Lagarfljótið er Ullartangi." segir í örnefnalýsingu. - Tanginn er við enda götu í Fellabæ sem heitir Ullartangi.

Grasigróinn tangi.

Heimildir: Ö-Ekkjufell, 4.

NM-140:032 frásögn smiðja

65°16.595N 014°26.914V

Sunnanvert við Hólshúsið 008 var komið niður á mikið gjall, og hefur þar verið smiðja. Það var 30-40 cm þykkt lag af gjalli. Vart varð við þetta þegar grafnar voru niður kartóflur.

NM-141 Ekkjufellssel

Hjáleiga frá Ekkjufelli, 4 hdr úr heimajörðinni 1847. Var jörðin oft nytjuð frá Ekkjufelli og ábúð því stopul. Býlið var í sjálfsábúð frá 1927. ... Tóftir fornbylísins Valgerðarstaða eru á svonefndum Valgerðarstaðaási innan Ekkjufellslandsins en þegar býlið var í byggð tilheyrði það Urriðavati. Ekkjufellssel fór í eyði 1980. SJM 1, 382; JJ, 357; SJM V, 226.

1920: 1,9 ha garðar 500 m². "Jörðin er landlítill en ágætlega fallin til ræktunar, mótekja góð, tún grasgefin og góð silungsveiði í vatninu. Byrjað var að þakslétta 1920 og var mestallt túnið sléttað milli 1927-1940. Síðasta túnpýfi var sléttað með dráttarvél 1945." SJM 1, 382-383; Túnakort 1920.

NM-141:007 *Einhleypingur* heimild um vað

"Neðan við Selása er lítill flöt við Fljótið kölluð Vaðbali. Undan Vaðbala er vað á Lagarfljóti kallað Einhleypingur. Gamlar sagnir segja að Grímur Droplaugarson hafi synt eða vaðið yfir fljótið á þessu vað eftir vígið á Helga Ásbjarnarsyni. Efsta vað á Lagarfljóti."

Heimildir: Ö-Ekkjufellssel, 2

NM-143 Setberg

10 hdr. 1576, 1847. Bændaeign. Fyrst getið 7.7.1490 er bréf var 'gert a setberge er ligur j fliotzdalshierade.' - DI VI, 709; 1643 er lýst á alþingi í umboði Jóns Björnssonar lögveði í hálfu Setbergi 5 hdr, hver jarðarhundrud Bjarni Ögmundsson hefur lofað Jóni Björnssyni fyrstum að selja - Alþ VI, 112. "Afbýli var Hrísgarði sem nefnt er í eyðibýlaskrá Ásprests 1794. Tóftir þess eru á svokölluðum Klapparmó. Jörðin er staðsett nálægt Fellunum miðjum og liggja landamörk mót Krossi í na í Fljót við Forvaðaklett gegnt Þórsnesi. Sa hlið liggur að Lagarfljóti um 2,3 km strandlengja. Mörk við Hreiðarsstaði eru að sv úr Brandalækjarósi í stefnu að Birnufelli um 2 km upp frá fljótinu og eru nv mörk við Birnufell." SJM 1, 398-399; JJ, 357.

1920: 3,3 ha. Garðar 375 m². "Landið hækkar upp frá fljótinu og nokkuð klettótt. Margar tjarnir eru í landinu, þeirra stærst er Skrugguvatn. Jörðin er sæmilega fallin til búskapar en landþröng og ræktunarskilyrði eru ekki nema í meðallagi. Í Fasteignamati frá 1918 eru tún sagt 2,9 ha, mest þýft en grasgefið. Sumarhagar og útbeit góð og góð mótekja, engjar þýfðar en grasgefnar. Gamla túnið var fremur brattlent, hólótt og þýft. Þaksléttun hafin 1922, lauk 1936. Árið 1925 var byrjað að rækta land með hestaverkfærum. Fyrst byrjað að vinna tún með jarðýtu 1947. Nýrækt var hafin 1970 í Klapparmóum þar sem tóftir fornbylísins Hrísgarðis eru staðsettar." SJM 1, 399-400.

NM-143:021 *Kolás* örnefni kolagröf

65°15.237N 014°28.462V

Forvaði eða Forvaðaklettur er lítill klettur við Lagarfljót. Þar eru landamerki milli Setbergs og Kross. Þar upp af er Kolás. Fyrir ofan Kolás er mýrarsvæði, nefnt Hrísgarðismýri. Um 74 m SV af Forvaða um 170 m N af Ferjukletti.

Frekar lágur ás í túninu, grýttur.

Mínjar sjást ekki.

Heimildir: Ö-Setberg, 3

NM-143:022 *Setbergsklöpp* heimild um ferju

65°15.218N 014°28.468V

Nokkuð innan við Forvaða er Setbergsklöpp við fljótið. Þar var stundum ferja, þó ekki lögferja. Um 200 m S við Forvaða, um 150 m SA af Hrísgarði. Ferja var á þessum stað til um 1892 og eiga að hafa verið tóftir upp við klöppina en þær sjást nú ekki lengur.

Hár stapi fram í Löginn.

Heimildir: Ö-Setberg, 3

NM-144 Meðalnes

30 hdr. 1576, 1847. Bændaeign. Fyrst getið í Vallaneskirkjumáldaga frá 17.7.1367 en kirkjan átti 'skog j medalnes land.' - DI III, 238, cop. i Vilch - DI IV, 204 [skogarteig] og [1419] - DI IV, 270 og 4.9.1471 - DI V, 630, [1570] - DI XV, 684. 20.9.1463 sagði Magnús landamerki að staðurinn [undir Ási] ætti ... eingiteig j medalness jord j Hlodugeil. skogar partt j medalness land. fyrer vtan kolageil. Skogar partt j Hrafnsase firi nedan gotuna. - DI V, 394-95; 30.8.1506 selur Þorvarður bóndi Bjarnason Skriðuklaustri 'medalnes ok birnufell er ligia j fellum [j] askirkiv sokn.' - DI VIII, 120. 8.9.1555 gefur Eiríkur bóndi Snjólfsson konu sinni Þuríði Þorleifsdóttur í löggjöf m.a. Meðalnes fyrir xxxc. - DI XIII, 80; 24.8.1672 kaupir Brynjólfur bp 22 hdr í Meðalnesi fyrir 21 hdr og 70 al í lausafé af Hjalta Jónssyni með samþykki konu hans Rúnu [svo] Ásmundsdóttur - Alþ VIII, 262; 7.5.1686 gefa Hjalti Jónsson og Anna Ásmundsdóttir Marteini Rögnvaldssyni sýslumanni 9 hdr í Meðalnesi í löggjöf og selja honum 21 hdr í sömu jörd - Alþ IV, 131; 26.1.1700 selur Skúli Sigurðsson Páli Marteinssyni 7 hdr í Meðalnesi - Jarðabréf, 270. "Jörðin er í miðjum Fellum og hefur alla tíð verið í

bændaeign. Hún var aðalbýli á 30 hundraða torfu sem náði einnig yfir hjáleigurnar, Birnufell, Hreiðarsstaði og Miðhúsasel. ... Í Jarðatali frá 1847 er Birnufell er sagt sérmetið (1814) á 8 hdr en Hreiðarsstaðir hafðir undir til beitar af báðum býlunum. ...Miðhúsasels er getið í eyðibúaskrá Olavísusar en síðan ekki fyrr en í Fasteignamatibók 1932. Auk þess voru afbýlin Þorleifagerði sem fór í eyði 1785 og Svartranasel sem fór í eyði 1782. Meðalnes dregur nafn sitt af Miðnesi sem áður mun hafa verið kallað Meðalnes. Landamörk eru við Ormarsstaðir og Refsmýri við Þorleifarás og þaðan nv á Miðheiði. Na mörk eru við Hreiðarsstaði og Birnufell og koma í Lagarfljót 0,7 km utan við Þorleifarás og þaðan í Grasöxl við na horn Sandvatns. Land Miðhúsasels er innan þessara marka. Meðalnes hefur verið í eyði frá 1982. SJM 1, 404; JJ, 357.

1920: 5,1 ha. Garðar 1305 m². "Á Meðalnesi er fjölbreytt landslag, mýrar, holt, klettur og undirlendi nokkuð. Fram kemur í brauðmati Vallaneskirkju 1854 að skógur hafi verið nokkur en skógur hvarf við lok seinustu aldar. Tún var 9 dagsl. 1880 og í Fasteignamati 1918 er það sagt 2,9 ha., ekki mjög grasgefið. Engjar voru reytingssamar og tún bratt og hólótt. Ágætt beitiland og gott til sauðahalds. 1930-40 voru þaksléttur unnar með hestaverkfærum en fyrsta dráttarvélavinnsla var 1946." SJM 1, 404-405.

NM-144:011 tóft mylla

65°13.582N 014°33.703V

"Innan við Fljótsbakkana er Þorleifarárhvammur á merkjum, þar sem áin fellur í Lagarfljót. Þar var kornmylla frá Meðalnesi, knúin vatni úr ánni, og sést Myllutóttin greinilega enn, ásamt aðveituskurði" segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Meðalnes, 7; SJM 1, 404

NM-144:015 tóft stekkur

65°13.599N 014°33.736V

"Í Þorleifarárhvammi er einnig tótt af gömlum Stekk, efst í hvamminum" segir í örnefnalýsingu. - Stekkjartóftin er utan í brekku um 5 m NA Þorleifarár.

Heimildir: Ö-Meðalnes, 7

NM-146 Hreiðarsstaðir

Hjáleiga frá Meðalnesi. Getið í Fljótsdælasögu og er þar aðalbærinn við Meðalnes: "Utan í [Meðalnesi] stendr bær, er heitir á Hreiðarsstöðum. Þar er nú sauðahús. Þar bjó sá maðr, er Hreiðarr hét. Hann var landnámsmaðr ok vinr mikill Bersa og Droplaugarsona. Hreiðar var hinn beztu bóndi ok hinn vænsti maðr." ÍF XI, 252, sbr. 253, 255 einnig getið um væna skóga og Þrælavakanna svokölluðu í Lagarfljóti. Var í eyði 1804 og höfð til beitar frá Birnufelli og Meðalnesi en 1847 er þar komin byggð og jörðin metin á 4 hdr. úr heimajörðinni. Sjálfsábúð frá 1850 (nema milli 1935-1947). Jörðin liggur að Lagarfljóti og er fljótsströndin um 3 km að lengd. Mörk við Setberg eru frá Brandalækjarósi upp á Réttarklett, og við Birnufell og Meðalnes. SJM 1, 402; JJ, 357. 1920: 3,6 ha. garðar 1238 m². "Jörðin er nokkuð smá en vel fallin til búskapar. Skógur óx þar fram til loka 19. aldar. Landið var auðræktanlegt, fáir klettur eða melar og engjar góðar. Ekki var upprekstrarland á jörðinni en hlunnindi voru af silungsveiði í Lagarfljóti. Gamla túnið er í aflíðandi halla, og er í fasteignamati 1918 sagt 3,5 ha., fremur ógrasgefið og deiglent og kalt á köflum. Það var talið 8 dagsláttur 1880. Beðasléttur voru 1898-1907 en frá til 1915 var unnið með hestaverkfærum fram til 1948 þegar fyrsta ýtuvinnsla hófst." SJM 1, 402-403, Túnakort 1920.

NM-146:001 Hreiðarsstaðir bæjarhóll bústaður

65°14.181N 014°30.835V

"Gamli torfbærinn stóð í miðju túni í brekkuhalli niður af núverandi íbúðarhúsi. Byggður 1870-85" - Bærinn stóð um 40 metrum austan við núverandi íbúðarhús. Þar standa nú hlaða, bárujárnsklædd og fjós með grjót- og torfhlöðnum veggjum. Húsin eru byggð á bæjarstæðinu.

Í aflíðandi brekku, innan við 100 metra upp frá fljóti.

Heimildir: SJM 1, 403

NM-146:018 tóft rétt

65°14.269N 014°30.809V

Tóftarbrot er 70-80 metra út frá bæ (norðaustur) utan undir klapparholti, fáeinum metrum utar en stekkjartótt 008 og veggjarbrot.

Grasi vaxin brekka móti norðaustri.

NM-147 Ormarsstaðir

30 hdr. 1576, 1847. Bændaeign. Getið í Droplaugarsona sögu: "Á várþingi kaupir Ketill [þrymr Þiðrandason] land fyrir Ormar [Rögnvaldsson]. Hét þat á Ormarsstöðum. Þat var nokkuru útar með vatninu, ok bjó Ormar þar til elli." ÍF XI, 140; 20.9.1463: Sagði Magnús landamerki að staðurinn [undir Ási] ætti 'vt ad ormastadaa. oc nordur a heidi med ormastadaa. sem hun fellur til.' - DI V, 394-95. "Jörðin er í Mið-Fellum eða "milli ána" í daglegu tali. ... Hjáleigur voru tvær, Refsmýri, getið 1847 og 1861 og Hlíðarsel. Í Jarðatalinu er einnig nefnd

Ormarsstaðahjáleiga og hún sögð í byggð 1804 en ekki 1847. Kann að vera sama og býlið Hlíðarsel. Refsmýri var skipt úr landinu um 1880. Jörðin er nú þrískipt og eiga Ormarsstaðir I Hlíðarselsland og Teig, Ormarsstaðir II á annað land til brúna, heiðin er óskipt. Ormarsstaðir II fór í eyði 1989. Ormarsstaðir III er nýbýli stofnað út úr hálfu landi Ormarsstaða I 1961. ... Svo kallaður Ormarshaugur er rétt utan við túnið og er hann friðlýstur. Landamörk eru við Ás við Ormarsstaða frá ósi upp í Þorkelsmel og þaðan á Miðheiði. Mörk eru við Meðalnes og refsmyri við Þorleifaá frá ósi að ofanverðum bug til Miðheiðar. Jörðin liggur að Lagarfljóti á 2-2,5 km kafla. SJM 1, 406-407; JJ, 357; SJM V, 226

1920: 7,3 ha. Garðar 1750 m². "Gamla túnið var 11 dagsláttur 1891, hlutar þess voru sléttir en það var hólótt og nokkuð brunahætt í þurrkum. Í Fasteignamati 1918 voru tún 5,1 ha. Árin 1907-40 var þaksléttutími fyrsta þaksléttan var um aldamót. 1915 foru 3. dagsl. plægðar með hestaverkfærur en síðasta þýfið var sléttað með dráttarvél 1945." SJM 1, 408; Túnakort 1920.

NM-147:011 2 tóftir stekkur

65°13.167N 014°34.843V

"Landið neðst við fljótið, frá Þorleifarás og inn eftir er kallað Kvistur. Fyrir innan Kvistinn er Stekkur. Þar eru rústir af stekki." segir í örnefnalýsingu. - Stekkjartóftin er rétt fyrir ofan fljótsbakka, 15-20 m frá malarbakka við fljótið.

Neðan (austan) við tún.

Heimildir: Ö-Ormarsstaðir, 8

NM-149 Ás

Kirkjustaður. Getið í Droplaugarsonasögu "Ozurr hét maðr, er bjó undir Ási fyrir vestan vatnit. Hann var mágr Helga Ásbjarnarsonar. ... Þat er sagt, at Ozurr er vitr maðr ok mjok hafðr við mál manna." ÍF XI, 143, sbr. 160, 163 og í Fljótsdæla sögu - ÍF XI, 249. 1284: "J Austfiordum tok Magnus kyrkiu eign j Ase, ..." ÁS, 102. Í kaupbréfi fyrir jörðinni frá 20. september 1463 segir að Magnús Árnason seldi Þorgils Finnbogasyni jörðina fyrir jarðir að andvirði 72 hdr. "Sagði Magnús landamerki að staðurinn ætti vt að ormastadaá. oc nordur a heidi med ormastadaá. sem hun fellur til. enn j mille hofs oc stadarens vr þorvardzvorðu oc ofan I foss firir framan Asgerdi. oc vr fossinum sionhenhenging j midtt skarfaness oc ofan j fliot. jord vt med heidi frá næsta læk. firir framan fiallssel oc vt j ytre grænur. eingiteig j Medalness jord I Hlodugeil. skogar partt j medalness land. fyrer vtan kolageil. Skogar partt j Hrafnsáse firi nedan götuna. Skogar partt j eckiuufells jörd. fyrer vtan einhleypingsvad: hundrad lamba beit vt a vestureyjar: j kijla merke." DI V, 394-395. 3.8.1544 samþykkir Gissur biskup Einarsson að Snjólfur bóndi Rafnsson hafi fengið Áskirkju hálf Hrafrfell, það er 9 hndr, og eitt hundrad í Krossi fyrir 10 hundr. í heimalandinu. DI XI, 327-328. 18 .1.1566 selur Eiríkur bóndi konu sinni Þuríði jörðina Ás, "... með öllum þeim gögnum og gædum. rekum og hlynnindum. sem greindri jörðu fylger og fylgt hefur að fornu og nyu. og hann vard fremst eigandi að. med tilgreindre verstuðu torfu tveggja hundrada eign kyrkiunnar sem henni fylgt hefur. reka og landi." Hér í mót gaf Þuríður 36 hdr í jörðum og 4 ágildi betur. Áskildi Eiríkur að Ólöf dóttir þeirra skilgetin skyldi eignast jörðina ef hún lifði móður sína." DI XIV, 457-458. Í Jarðatali 1847 er býlið metið 14 hdr. Assel var afbýli frá Ásum og einnig Sigurðargerði ofan vegar og Svínaár utarlega í landareigninni. Ekki er er vitað hvenær Sigurðargerði byggðist eða fór í eyði en í brauðmati 1854 er það sagt hafa verið í eyði í nokkur ár og er getið um byggð þar 1839. Á Ási hefur verið kirkjustaðir frá því fyrir 1200. Árið 1883 var pressetrið lagt niður og sókninni þjónað frá Valþjófsstað. Jörðin var seld 1910 og missti kirkjan þá öll ítök og jarðeignir en sóknarkirkja og kirkjugarður Fellabúa standa þar enn. ... Áslandið er milli fljóts og Miðheiðar. Mörk eru við Ormarsstaði að norðan og Hof að sv. Ás fór í eyði 1962. SJM 1, 412; JJ, 357. 1847: "Af staðar túninu falla rúmlega 3 kýrfóður. Útheyskapur er reitingssamur og langsóktur, og verður varla hafður meiri enn a 130 hesta, og má á því framfæra 100 ær, 100 sauði, 40 lömb og 6 hesta, þareð útigangur er hér í betra lagi. Grasatekja er eigi teljandi og afréttar land er mjög lítið; skógur er eigi orðinn til, þar sem máldagarnir greina frá skógarítökum staðarins." JJ, 366. 1920: 5 ha "Bærinn stendur austan undir Ásklifi og var gamla túnið í kring um hann. Það var nokkuð slétt frá náttúrunnar hendi og að miklu leyti óhreyft enn. Engjar voru víðfemar og langsóttar, sumarhagar góðir sem og vetrarþétt. Í Fasteignamati 1918 eru tún 5 ha og túnasléttur um 1900 rúmfaðmar. Fyrsta dráttarvélinnsla 1945." SJM 1, 413; Túnakort 1920.

NM-149:001 Ás bæjarhóll bústaður

65°12.062N 014°36.139V

"Torfbærinn gamli stóð rétt utan við íbúðarhúsið. Milli hans og kirkjunnar var mjótt hlað. Var burstabær með 5 stöfnum, er sneru austur að fljóti" segir í Sveitum og jörðum. Bærinn stóð á stalli ofan (v) kirkjunnar. Lágur klettur hefur verið að baki bænum. Um 10 m utan (n) við sumarbústað sem þarna stendur nú.

Heimildir: SJM 1, 412

NM-149:002 heimild um kirkju

65°12.077N 014°36.112V

"Bændakirkja var á Á, a.m.k. frá því fyrir 1200 og fram á daga Brynjólfs Sveinssonar, sem eignaðist jörðina og gaf hana kirkjunni. Hélt svo til 1910, er jörðin var seld þáverandi ábúanda, en jarðeignir og ítök gengu undan.

Prestssetur lagðist niður 1883 og sókninni þjónað frá Valþjófsstað síðan" segir í Sveitum og jörðum. Þarna stendur nú sóknarkirkja sveitarinnar. Gamall kirkjugarður er umhverfis kirkjuna, en núverandi grafreitir er um 30 utan (n) túnsins. Það mótar fyrir leiðum en fæst þeirra eru merkt.

Heimildir: SJM, 412; DI IV, 213; DI V, 395; DI VII, 24; FF II, 641.

NM-149:003 *Hólhús* tóft fjárhús

65°12.024N 014°36.105V

"Tveir hólar, Hóllinn neðri og efri svokallaðir, eru í bæjartúninu og er bærinn milli þeirra. Í Hólum neðri er gamalt fjárhús og hlaða. Stundum nefnt Hólhús. Rétt sunnan við húsið er dálítill þakslétta sem Sigurðarslétta heitir." segir í örnefnalýsingu. Hólhús er um 60 m sa af gamla bæjarstæðinu um 80 m ofan fljóts. Stendur á hól í túninu og snýr framhlíð til fljóts.

Í túni.

Heimildir: Ö-Ás, 4

NM-149:020 garðlag vörslugarður

65°11.301N 014°37.247V

Mikill grjótgarður liggur úr Leginum og upp skriðuna í Klifsenda fremri, síðan koma svo kölluð Klettabelti og þá grjótgarður aftur að austan frá Klifi og í Löginn um 1 km. að lengd. Þetta munu vera fjárgirðingar byggðar snemma á þessari öld.

Heimildir: Ö-Ás, 3

NM-149:021 *nátthagi* garðlag

65°11.956N 014°36.048V

"Vestast í túngirðingu er mýrarhall sem Fit er kallað og nær að Fljótinu. Þá tekur við Garður lengra austur með Fljótinu" segir í örnefnalýsingu. Klettur er um 30 m ofan fljótsins um 100 m sa af kirkjunni. Smá túnblettur er austan við garð þennan.

Heimildir: Ö-Ás, 4-5

NM-149:025 vegur samgöngubót

65°11.270N 014°36.951V

"Suðvestur skriðuna frá Steinaborg og áleiðis inn fyrir Klifsenda liggur gata og svo áfram upp á Fell, mjög fjölfarin, þangað til þjóðvegur kom norðan Klifs, nú aðeins notuð þegar gengið er bæjar á milli" segir í örnefnalýsingu. Gatan liggur frá Klifsenda fremri inn með Klifunum. Hún er upphlaðin á köflum, um 1-2 m þar sem hún er breiðust og um 1 m þar sem hún er hæst. Grjót er bæði í götunni og meðfram henni.

Liggur undir þverhnípi og hrynur grjót niður á hana.

Heimildir: Ö-Ás, 3

NM-149:029 *Steinaborg* þjóðsaga draugur65°11.612N 014°36.762V "Eilítið sunnar en Nóngata undir klifinu er mikið af lausagrjóti stóru og smáu, hrunið úr berginu. Heitir þar Steinaborg. Þar á að hafa verið kveðinn niður draugur af prestinum í Ási, Gerðismóri svonefndur" segir í örnefnalýsingu. Hans er getið í Þjóðsögum Sigfúsar Sigfússonar III b. bls 177-182

Heimildir: Ö-Ás, 6

NM-149:030 garðlag vörslugarður

65°11.978N 014°36.347V

Mikill grjótgarður liggur úr Leginum og upp skriðuna í Klifsenda fremri, síðan koma svokölluð Klettabelti og þá grjótgarður aftur að austan frá Klifi og í Löginn um 1 km. að lengd. Þetta munu vera fjárgirðingar byggðar snemma á þessari öld. Garðurinn liggur á um 100 m kafla beint upp (v) frá fljótinu og upp að Álfasteini. Þar beygir hann til n og fer út hlíðina allt þar til ofan kirkjunnar. Um 80 m n frá Álfasteini beygir hann svo til fjallst í v á um 200 m kafla upp í kletta.

Heimildir: Ö-Ás, 1, 7

NM-150 Hof

20 hdr. 1576, 1847. Bændaeign. Getið í Fljótsdælasögu, ÍF XI, 254. 1397 a kirkjann [undir Ási] vc j Hofi. - DI IV, 213. 20.9.1463 [eru landamerki] j milli hofs oc stadarens [undir Ási] vr þorvardzvorðu oc ofan j foss firi framan Asgerði. oc vr fossinum sionhending j midtt skarfanés oc ofan j flíot. - DI V, 394-95. "Jörðin hefur verið í bændaeign og lengi í sjálfsábúð. Í Jarðatali 1847 er jörðin metin á 20 hdr. Þar var löngum tvíbyli fyrrum og þrjúbyli síðan 1938. Hoffsel er í eyðibýlaskrá Halldórs Stefánssonar sagt afbyli frá Hofi en býlið komið í eyði 1700. Þar voru beitarhús frá Hofi fram til 1949. Örnefnið Hjáleiga er einnig til í túni en engar heimildir eru um tilurð þess. Munnmæli herma að tóft bak bæjarins sé af hofi og er hún friðlýst. Hof á mörk við Ás að norðan og Skeggjastaði að sunnan. Mörk við Skeggjastaði liggja úr fljótinu um 1 km suður af bænum. Markalínurnar liggja beint frá fljóti upp á hreppamörk í við Jökuldal." SJM 1, 414-415; JJ, 357.

1920: 6,8 ha. garðar 200 m² "Bærinn stendur skammt frá fljóti og hallar túninu niður að fljótinu. Landið var vel fallið til sauðfjárbúskapar, engjar greiðfærar, beitarhagar ágætir og ræktunarskilyrði góð. Gamla túnið var

deiglent en greiðfært og grasgefið og var 12 dagsáttur 1880 en í Fasteignamati 1918 var það 3,8 ha. Frá 1900 voru gerðar þaksléttur með hestaverkfærum og var sléttun lokið með vélum 1954." SJM 1, 415; Túnakort 1920.

NM-150:004 *Lambhúshóll* heimild um fjárhús 65°10.842N 014°38.175V
"Lambhúshóll heitir og á honum stóðu Lambhús. Á hólum er nú grafreitir og íbúðarhús." segir í örnefnalýsingu. - Lambhúsið hefur verið um 5 m austan við heimagrafreit, þ.e. nær Fljótinu. Þar er nú grasi vaxinn hóll, sléttaður. Í túni.
Heimildir: Ö-Hof, 6

NM-150:005 *Blómsturvallakofi* heimild um hesthús 65°10.830N 014°38.121V
"Blómsturvellir eru yzt og neðst í fitinni; á þeim er Blómsturvallakofi, hesthús" segir í örnefnalýsingu. - Kofinn hefur verið NA af íbúðarhúsunum steinsteypu, um 100 m í NA af því eystra, neðra, um 15 m frá Fljótsbakka.
Í sléttuðu túni.
Heimildir: Ö-Hof, 7

NM-150:008 garðlag túngarður 65°10.886N 014°37.982V
"Forn túngarður, efnismikill, mótar fyrir enn" segir í Sveitum og jörðum. - Um 50 m norðar en bæjarlækur fellur í Fljótið má sjá votta fyrir gömlum túngarði frammi á bakkanum.
Í túnjaðri.
Heimildir: SJM 1, 415

NM-150:011 *nátthagi* heimild um 65°11.002N 014°37.547V
"Í Fremsta-Tanga utan við bæjarstæðið, er gamall Nátthagi." segir í örnefnalýsingu. - Nátthaginn var norðaustur frá bæ, skammt ofan við fljót, þar sem nú er sléttað tún.
Sléttað tún.
Heimildir: Ö-Hof, 3

NM-151 Skeggjastaðir

30 hdr. 1576, 40 hdr. 1847. Bændaeign. Getið í Fljótsdæla sögu: "Þorbjörn hét maðr. Hann bjó á Skeggjastöðum ... var vel fjáreigandi, vinsæll maðr ok gór bóndi ok þá við aldr. Bersi hinn spaki var vinn Þorbjarnar ok þá opt heimboð at honum ok gjafir ..." FÍ XI, 249-51, 254, 256; 1.6.1569 fara jarðakaup fram á S. - DI XV, 275; 15.4.1597 fara fram erfðaskipti systranna Halldóru og Ólafar Eiríksdætra og fá Halldóra og maður hennar, Magnús Björnsson, Skeggjastaði og Halldóra að auk þann 10 hdr skóg í Hallormstaðalandi, sem keyptur var til Skeggjastaða, með þeim ummerkjum frá Borgargerðislæk og ut í Hafursá, frá fljóti og upp á fjall etc - Jarðabréf, 270-71, 282. 28.1634 er tekinn vitnisburður um dýrleika Skeggjastaða með hjáleigunum Hrafnsgerði, Götu og 10 hdr skógi, að öllu meðtöldu 40 hdr. - Jarðabréf, 282-83; 8.7.1685 selur Þórður ÞP Þorláksson Jóni bróður sínum alla Skeggjastaði 40 hdr að dýrleika - Jarðabréf, 282; 12.-18.2.1686 eru teknir 4 vitnisburðir um landamerki Skeggjastaða - Jarðabréf, 282; 14.3.1703 eru Skeggjastaðir meðal eigna Jóns Þorlákssonar, bóndaeign með 10 hdr skógi, 40c. Heimajarðarinnar landskuld gelst í smjöri og í kaupstað, 1c70 álnir. Þar kúgildi eiganda 2. - JÁM XIII, 403. "Hrafnsgerði var orðið sjálfstætt býli 1861 en Gata fór í eyði 1890 og þá lögð undir heimajörðina. Löngum hefur verið margbýlt á jörðinni og hefur verið fjórþýlt síðan 1963. Ræktunarlendi og næsta fjallendi er skipt. Skeggjastaðir I voru u.þ.b. helmingur upphaflegu jarðarinnar og var nýbýlið Sólbrekka stofnað og skipt úr því 1963. Hinn helmingur jarðarinnar voru Skeggjastaðir II fram á þessa öld en þar var nýbýlið Holt stofnað 1956, Holt og síðan nýbýli út úr því kallað Skeggjastaðir II (var kallað Skeggjastaðir III í fyrstu). Holt og SII eiga um fjórðung upprunalegu jarðarinnar hvort. Skeggjastaðir II fóru í eyði 1981. Heimildir eru um hálfkirkju eða bænahús á Skeggjastöðum. Landamörk eru við Hof við fljótið (um 1,5 km innan við Hof) og þaðan í Svínhólavatsfót og upp á Miðheiði í hreppamörk við Jökuldal. Mörk við Hrafnsgerði eru niður við fljótið eru við Teigará upp að suðurenda gljúfurs upp af Holti og þaðan upp á heiði. Fljótsströndin er 2,5-3 km." SJM, 416-417; JJ, 357; SJM V, 226
1920: 13,7 ha. garðar 2688 m² "Landslag á Skeggjastöðum var mjög margbreytilegt heiðalandslag, hraunum, vötn, mýrar og sléttlendi. Jörðin var ágætlega fallin til búskapar, engjar votar en víðlendar, beitarlend ágætt sérstaklega sumarhagar. Jörðin átti skógarítak í Hallormsstað sem gaf af sér 7 hestburði af viði. Áður munu hafa verið nytjar af skógum en upprunalegi skógurinn er nú horfinn (nokkur skógrækt á þessari öld). Gamla túnið var um 20 dagsl. 1880 en í Fasteignamatinu 1918 var það 3,5 ha. Túnið var fremur þýft og jarðgrunnt. Þaksléttá hófst með ristuspáða um aldamótin en síðasta túnþýfi var vélunnið 1947." SJM, 418; Túnakort 1920.

NM-151:017 *Stekkur* tóft stekkur 65°10.249N 014°39.883V
"Fram af Torfdal við fljótið er Stekkur og Stekkjarbarð og Stekkjargjóta framan við." segir í örnefnalýsingu. - Trjáreitir með hávöxnum birki- og grenitjám er niðri undir þjóðvegi utan við Skeggjastaðabæina. 70-100 metrum utar með veginum er afleggjari til austurs niður að grjótnámi. Stekkur er niðri við fljót, nokkru innan er grjótnámið. Á grasræmu upp af Fljótinu, u.þ.b.15 metra upp frá fjöru. Tóttin og umhverfið er gróið þétu, snöggu grasi.
Heimildir: Ö-Skeggjastaðir, 1

NM-151:021 *Stekkur* tóft stekkur 65°09.710N 014°41.535V
"Fram af Hrossahrauni við Lagarfljót er Stekkamýri, fremst á henni er Stekkur, gamlar tættur" segir í örnefnalýsingu. - Stekkurinn er um 80 m upp (vestur) af Lagarfljóti og um 50 m utan við Teigará. Stekkurinn er austan til í brekku. Neðar er tún - Stekkamýri, en nær þjóðveginum er melur. Í melinn hefur verið plantað lerkí, plönturnar eru 20-30 cm háar.
Heimildir: Ö-Skeggjastaðir, 1

NM-151:030 *Ferjklöpp* heimild um ferju 65°09.988N 014°40.203V
Ferjklöpp er örnefni við fljótið.- Niður af Skeggjastöðum gengur lág klöpp fram í fljótið.
Heimildir: Ö-Skeggjastaðir, 3

NM-151:031 tóft rétt 65°10.331N 014°39.637V
Tóft af rétt er niðri við Lagarfljót, spölkorn utan við Stekkjargjótu, sunnan við Torfdal. Sléttur bali sem snýr að fljóti, hallar nokkuð austur að fljótinu.

NM-153 Hrafnsgerði

Hjáleiga frá Skeggjastöðum. 13 hdr. 1703. Í Fljótsdæla sögu er getið um Nollarsstaði sem hafa verið á svipuðum stað og Hrafnagerði síðar: "Maðr er nefndr Nollar. Hann bjó á þeim bæ, er heitir á Nollarsstöðum. Þat er hit næsta Arnheiðarstöðum. Nollar átti fé lítit, en mikla ómegð, ok hafði þat mest til atvinnu, er hann leigði." ÍF XI, 248. - "... Skeggjastöðum. Þat er út hit næsta Nollarsstöðum." - ÍF XI, 249, sbr. 251, 254, 255. 28.1634 er tekinn vitnisburður um dýrleika Skeggjastaða með hjáleigunum Hrafnsgerði, Götu og 10 hdr skógi, að öllu meðtöldu 40 hdr. - Jarðabréf, 282-83. 14.3.1703 er Hrafnsgerði meðal eigna Jóns Þorlákssonar, heimaland 13c. Landskuld í smjöri og kaupstaðargjaldi, 1c10 álnir. Þar kúgildi eiganda 2. Af [kotinu] gelst í kvaða nafni stampur með fjallagrös - JÁM XIII, 403. Í sjálfsábúð síðan 1898. Nýbýlið Teigaból er í landi Hrafngerðis, stofnað 1953. Land þess er milil Teigarár og Fetalækjar. Landamörk eru við Droplaugarstaði og Fljótsdal við Hrafngerðisá frá fljóti upp í Kílkrók, þaðan um Fjórðungsháls í Merkisgreni þar sem saman koma mörk Fella, Fljótsdals og Jökuldals. Mörk eru við Skeggjastaði og Teigaból við Fetalæk. Hrafnsgerði fór í eyði 1982. SJM I, 421; SJM V, 226
1920: 5,2 ha. "Jörðin er ágætlega fallin til búskapar sérstaklega sauðfjárbúskapar. Gróðursælt er á jörðinni og haglendi gott og engjar ágætar. Gamla túnið var 9 dagsl 1880, þýft en nokkuð jarðdjúpt. Í Fasteignamati 1918 eru tún 2,9 ha. og sögð slétt að mestu. Þaksléttá hófs um aldamót en mun hafa verið að mestu lokið um 1920. Síðasta túnþýfið var vélunnið 1948." SJM I, 421-422; Túnakort

NM-153:013 *Gamli stekkur* 2 tóftir stekkur 65°09.396N 014°42.006V
"Rétt ofan við hamarinn [Mófríðarhamar] er Gamli stekkur, grónar tættur" segir í örnefnalýsingu. - Stekkurinn er um 40 metra fyrir ofan (vestan) hamarinn. Þarna hafa verið hestahagar og ber umhverfið þess glögg merki. Meðfram þjóðveginum er ræktað tún. Grasbrekkur upp frá Fljótinu, langur grasbali er upp af Mófríðarhamri bæði út fyrir hann og fyrir innan. Tóftirnar eru í bala þessum. Um 50 metrar eru upp (vestur) á þjóðveg.
Heimildir: Ö-Hrafnsgerði, 1

NM-154 Rafnkelsstaðir

12 hdr. 1695. Hrafnkelsstaða er getið í Hrafnkels sögu Freysgoða, sem og Lokhillu sem stóð áður þar sem H stendur nú. H er einnig getið í Droplaugasonasögu. ÍF XI, 122, 149. 1397: Getið í máldaga Valþjófsstaðar sem á þar skógarteig og í máldaga Bessastaða. DI IV, 209, 212. 1570 og síðar eru R nefndi í máldaga Valþjófsstaðar. DI XV, 681.
Skríðuklausturseign 1847. Eyðihjáleigurnar Brattagerði [NM-128] og Hrólfsgerði taldar með. "H eru ysti bær í Fljótsdal austan ár, og á nyrsta hluta land milli Gilsár og Jökuldalsár inn að Víðivallamörkum frá Álavaði á Jökulsá og framanverða Brandsöxl á hálsinum og þaðan sama horf austur í Gilsá." Nýbýlið Vallholt stofnað 1946-48. SJM II, 69.

1918: Tún 6,3 ha, garðar 930 m². "Tún eru um hjalla, brattar brekkur og botna, greiðfær og harðlend. Víðs vegar um hlíðina allt neðan frá Jökulsá liggja klettabelti út og fram, fremur óreglulega. Dálítið undirlendi er þó niður við ána út af Vallholti, Gilsáreyri, Gilsárdalur liggur mun hærra en Fljótsdalssléttan, og vex Ranaskógur á mólendi yst í dalnum, en innar er mýrlendi, og voru þar meiri engjar en innar á dalnum. Annars voru útengjar aðeins smáblettir hét og þar um landareignina." SJM II, 69.

NM-154:001 *Rafnkelsstaðir* bæjarhóll bústaður 65°03.059N 14°53.337V
HH: "Tættur gamla torfbæjarins heima á Hrafnkelsstöðum, fast við eldra steinhúsið, standa en að hluta til, og má þar sjá fagurlega hlaðna grjóttveggi, þar sem hver steinn er vandlega valinn. Þessir gömlu veggir mynda skjólgarða fyrir gamla trjágarðinn á bænum, þar sem er að finna einhver hæstu reynitré landsins." Bæjarhóllinn er gegnt núverandi íbúðarhúsi, á honum stendur gamalt steinhús sem nú er ekki notað. Milli þess og núverandi húss liggur vegurinn inn Fljótsdal.

Undir rótum brattrar brekku. Skógur í hlíðinni fyrir ofan og lækur rennur norðan hans, skammt frá bænum. Há tré vaxa sunnan og vestan við gamla bæinn.

Á syðri hluta þess sem ætla má að sé bæjarhóll, stendur ónotað steinhús í niðurníðslu. Norðan þess eru hleðslur, sýnilega leifar torfbæjar. Upp við steinhúsið að norðaustan eru hæstu veggirnir, allt að 3 m og torfhleðsla þar af helmingur hæðar. Þetta hólf er um 5 x 7 m. Rúmlega 2 m breiðar dyr eru í suður og gæti þessi hluti hafa verið notaður samhliða steinhúsinu sem byggt var 1916. Stoðir og sperrur úr tré standa að hluta, veggir allt að 1 m þykkir. Í norðausturhorni eru dyr í næsta hólf sem er um 5 x 3 m, ógreinilegt og virðist hafa verið fyllt upp að hluta. Út frá því norðanverðu liggur einföld garðhleðsla, 4-5 m löng, gæti verið seinna tíma verk. Fremst, næst veginum, standa leifar af heillegu hólf, um 5 x 2 m með op í suður, nú notað sem ruslakista. Hólmyndun nokkur, hugsanlegt að vegurinn inn dalinn liggji yfir vestasta hluta hólins.

Heimildir: SJM II, 70; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 5

NM-154:002 *Lambhús* tóft fjárhús 65°03.024N 14°53.370V
HH: "Annað stakt fjárhús, á túni (Lambhúshól) skammt fyrir innan og ofan bæinn. Af svipaðri stærð og lögum og Hjallahúsið. Veggir standa vel, fallega hlaðnir, en torfþekjan er að mestu fallin." Tóft er tæpa 70 m suðaustan við bæjarhól, ofar í brekkunni. Líklega sama hús og hér er lýst.

Brött brekka, nú óslegin.

Aflöng tóft, um 5 x 15 m, með dyr í suður en hlöðu í norðurenda. Lengd hlöðu er um 5 m. Grjóthlaðnir veggir, sperrur og þakstoðir úr tré. Torfþekja er enn á litlum hluta hússins, þykkt torfs 20-30 cm. Hlaðinn veggur milli hlöðu og húss, dyr sjást nú ekki á honum. Enginn garði en rúmlega 1 m hár stallur er hlaðinn með vesturlanghlið innanverðri. Húsið er byggt í brekku, þar af leiðandi er eystri langveggur að hluta niðurgrafinn en sá vestari rís hærra. Hleðsluhæð allt að 2 m hlöðumegin.

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 5

NM-154:003 tóft útihús 65°02.982N 14°53.510V
Tæpa 200 m suðvestur af 001 er tóft og liggur vegurinn um Fljótsdal nánast á barmi hennar.
Brött grasbrekka niður frá vegi.
Tóftin er 8 x 5 m, snýr norður-suður en dyr eru syðst á vesturlanghlið. Tvö hólf, hið nyrðra meira niðurgrafið og breiðara, að öllum líkindum hlaða. Veggir uppistandandi að nær öllu leyti, allt að 9-10 umför af hleðslum. Járnleifar eru í tóftinni.

NM-154:004 garðlag túngarður 65°02.977N 14°53.560V
230 m suður af bæ og 30-40 m suður af 003 eru leifar af gömlum túngarði.
Grasbrekka, snarbrött á köflum en slétt og gróin eyri á síðustu 10 m niður við ána.
Grjóthlaðinn garður en nú bæði gróinn og siginn að mestu. Um 50 m langur og allt að 1 m hár. Sést greinilega en einna síst þar sem hallinn er mestur.

NM-154:005 *Bakkahlaða* tóft hlaða 65°03.077N 14°53.438V
"Fremst og neðst í gamla túninu, er stök hlaða, kölluð Bakkahlaða." segir í örnefnalýsingu. HH: "Bakkahlöðutótt framan og neðan við bæ, stendur enn." Tæpa 80 m vestur og fram af gamla bænum (001) er tóft sem hlýtur að vera Bakkahlöðutóft.

Stendur fremst í túni sem enn er slegið. Fram af dyrum hlöðunnar er hár grasbakki og snarbrött brekka fyrir neðan, allt að ánni.

Heilleg tóft, byggð í miklum halla og að nokkru leyti niðurgrafin. Þannig er engin hleðsla ofan jarðar á austurhlið en veggir hækka smám saman í vestur. Dyrnar snúa í vestur og framan við þær hefur verið hlaðinn um 1,5 m breiður stallur sem er jafnlangur húsinu, enda brött brekka sem varla er stætt í framan dyranna. Stallurinn er algróinn, sömuleiðis hlöðuveggirnir að utanverðu en grjót sést innan veggja. Húsið er alls 5 x 7 m,

veggir vel hlaðnir og allt að 1 m þykkir og 1,6 m háir.

Heimildir: Ö-Hrafnkelsstaðir, 4; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 5

NM-154:013 dys

65°03.743N 14°51.680V

"Dys var á melrinda, stutt framan við Kirkjuhamar ..." "Þar á litlum tanga, er steinaröð, hringmynduð, þar innan í er sem uppblásin steinþró, sem snýr frá austri til vestur; hún er 6 fet á lengd. Þetta er allt saman uppblásið, svo að þetta er slétt við jörðu." "Inn frá Kirkjuhamarshjallanum gengur marafhjalli, nokkru lægra en hann, en þó aðeins hærrí en nesið, rennisléttur að ofan, og hefur jarðvegur blásið af honum. Utan til á honum, nálægt norðurbrúninni, blés upp dys um aldamótin 1900." Ætla má að dysin hafi verið nálægt veginum sem nú er 30-40 m frá hamrinum.

Nú gróið en gras gisið og sandborinn jarðvegur.

Engin merki sjást um dys.

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 4; SV Árbók 1893, 36; Ö-Vallholt, 4

NM-154:016 *Langagerði* hús fjárhús

65°03.841N 14°50.926V

HH: "Fjárhús, nokkuð langt, með hlöðu að baki, járnþök og timburstafn. Húsið er byggt af Eiríki J. Kjerúlf bónda í Vallholti í kringum 1960, þannig að grafið var fyrir húsinu með ýtu inn í uppgróinn sandfokshól, Síðan voru hlaðnir grjóthlaðnir að innan en að utan eru engir veggir. ..Veggir eru vandlega hlaðnir úr grjóti upp í fulla hæð og standa vel." Yzt á Skógarbala [sjá 032] er fjárhús, sem Eiríkur í Vallholti byggði um 1960 ..." segir í örnefnalýsingu. Hús þetta er 600 m norðaustur af Kirkjuhamri, rúma 50 m austan við veginn.

Gróinn slakki undir háum kletti. Gil hlykkjast upp skógivaxna hlíð fyrir ofan. Vestur af húsinu eru sléttar en grónar eyrar niður að á.

Aflangt beitarhús með hlöðu, snýr austur-vestur með dyr í vestur. Veggir grjóthlaðnir og sumsstaðar torf á milli laga. Hlaðan er í austurenda, ekki er grjóthleðsla milli hennar og hússins. Húsið er að miklu leyti niðurgrafið. Járnþak, timburstöðir og -sperrur. Einn grjóthlaðinn garði með steyptri plötu á. Veggir allt að rúmum 2 m á hæð hlöðumegin. Húsið er heillegt, þak þó farið af hlöðu. Hefur hugsanlega verið notað framundir 1990 en þá var fé fellt vegna riðu.

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 3; Ö-Vallholt, 2

NM-154:022 *Grænistekkur* örnefni stekkur

65°03.168N 14°53.093V

HH: "Stekkur hefur verið á Grænastekki, en ummerki hans líklega horfin. (Kvíabali var þar skammt fyrir neðan, svo varla hefur þá verið stekkur þarna ?)." Grænistekkur var þar sem nú eru fjárhús frá Hrafnkelsstöðum rúma 260 m norður frá bæ.

Fjárhúsin standa á sléttum bala undir háum kletti.

Ekkert sést til stekkjara en staðsetning og umhverfi líkleg fyrir aðhald, einkum vegna klettans.

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 5B

NM-154:027 heimild um uppsátur

65°02.645N 14°54.263V

"Suðvestan gamla garðsins heitir Krosshóll. Hann nær að Skipabotnslæk, sem fellur niður um svonefndan Skipabotn. Fremst í honum er Ferjuskot, þar var lögferjan bundin í hléi." segir í örnefnalýsingu. Um 1 km sunnan við bæ, nokkurn veginn til móts við Hamborg.

Grónir árbakkar.

Heimildir: Ö-Hrafnkelsstaðir II, 1

NM-154:033 *Kirkjuhamar* þjóðsaga huldufólksbústaða

65°03.744N 14°51.613V

"Stutt fyrir innan Skógarlækinn hefst svæði með nokkuð reglulegum, lítið hallandi hjöllum, sem víða eru með lágum klettum að norðan. Yzti og neðsti hjallinn nefnist Kirkjuhamar. Fram úr honum ganga nokkrir klettahöfðar í röð, úr meira eða minna stuðluðu bergi. Reglulegast er það í miðhöfðanum og myndar þar þverhnýptan hamar, um 10 m háan. Mun það vera hinn eiginlegi Kirkjuhamar, þótt nafnið sé nú notað á allan hjallann", segir í örnefnalýsingu. Ennfremur segir: "Samkvæmt þjóðsögunum átti það að vera huldufólkskirkja. Eitt sinn sást bátur koma siglandi upp eftir Lagarfljóti og upp Jökulsá, sem þá rann fast upp að hamrinum, með mörgu þrúðbúnu fólki, og hvarf hann við hamarinn."Hammarinn er aðeins 20-30 m austan vegar um 800 m norður frá Vallholti.

Tilkomumikill klettur, um 5 mannhæðir með jöfnum stuðlabergsmyndunum fremst. Fyrir neðan klettinn er gróið undirlendi en ofan á honum stallur í hlíðinni, þar er gróið tún.

Ekki eru öruggar heimildir um álfa í hamrinum síðustu árin.

Heimildir: Ö-Vallholt, 3

NM-154:037 heimild um hlöðu

65°02.999N 14°54.150V

Hrafnkelsstaðir áttu land í Hamborgartanga, vestan árinna. Þar, um 500 m suðvestur af Hrafnkelsstöðum, var hlaða.

Sléttur og gróinn tangi, myndaður af framburði árinna. Hér voru engjar.

Hlaðan er horfin, áin hefur sýnilega brotið töluvert af bakkanum og sópað henni burt. Nú einungis stóreflis, sandfyllt rofabörð og grjót á víð og dreif sem líklega er úr hlöðuveggjunum.

NM-155 Víðivellir ytri

50 hdr. 1595, 1695, 1847. Víðivellir nefnir í Hrafnkötlu, ekki skýrt við hvaða V er átt. IF XI, 127. Víðivalla nyrðri er getið í Droplaugasonasögu. IF XI, 142. 1397: Getið í máldaga Valþjófsstaðar sem á þar skógarsteig. DI IV, 209. 1467: Vitnisburður um landamerki og ítök V. "ad Vijdeveller ytre ætte Hwshoma firer handann kiældá og alla þá holma sem þar eru yffer ad þeim árgranda sem geingur uti Jökulsá firer handan Hwsholma. og svo wissum wie ad wideveller ýtre áátu skog ut wid Silsá í rana. og anan skogarpart fram a Stullaflaut. og upp á x hesta letorf árlega í Skridu jaurd. og fim stodhrossa beit á vetrum. og taka ecke fololld frá. Teig med ummerkium firer framan skogargoturnar offan offan frá skridu." DI V, 472. 1570 og síðar eru V nefndi í máldaga Valþjófsstaðar. DI XV, 681. 1595: "Herdís Magnúsdóttir og synir hennar ... og Bjarni Ólafsson vegna Þórdísar Jónsdóttur systur sinnar, selja Erlendi Magnússyni Ytri-Víðivelli í Valþjófsstaðakirkjusókn, 50 hndr. að dýrleika ..." Jarðabók 265. 1674: "Jón Bjarnason selur Jóni Þorlákssyni hálfu Víðivelli ytri, en öll er jörðin 50 hndr. að dýrleika, og enn fremur vallarteig 1 hndr., fyrir Ekkjufell (N-Múl.), 20 hndr. að dýrleika, og 3 hndr. úr Gilsá, tiltekið hálf tugi Gelding." Jarðabréf, 280. 1674: "Sigfús Bjarnason selur Jóni Þorlákssyni tuttugu og hálf tugi fimmta hundrað í Víðivöllum ytri fyrir Fljótsbakka, ..." Jarðabréf, 280.

Eyðihjáleigur 1847 Hlíðarhúss og hjáleigunnar Klúku. 1397: Er jörðin nefnd í máldaga. DI IV 209-212 [Valþjófsstaðar]1406: Jörðin er tilgreind í kaupmálabréfi Arnodds Brandssonar og Sigríðar Guðmundsdóttur sem fékk jörðina sem sinn heimannum frá fördum sínum séra Guðmundi Þorsteinssyni. DI III, 705-706. "Á V var bænhús og hefur fundist grafreitir sem virðist ekki hafa verið hreyfður eftir öskufallið 1460. ... Landamörk við Klúku eru við Grænaklettslæk yst í Klúkutúni upp í Sóleyjarbotn (skál efst í fjallinu) og þvert í Gilsá. Mörk við Hrafnkelsstaði eru fremst á Brettagerðiseyri við Jökulsá og upp með nýrri skógargirðingu og þvert um fjall í Gilsá. Enn eiga Va land handan Kelduár, ysta sléttendið milli ána inn í svokallaðan Granda. Það land heitir Hólmar, að mestu ræktað nú, en að öðru leyti þurrar grjót- og sandeyrar. ... Ítakaskrá V sýnir stöðu jarðanna í bændabyggð Héraðs. Samkv. F'18 á jörðin: Selland að Þórisstöðum í Hrafnkelsdal, selför í Seljadal (sem talið er að sé Hrafnkelsdalur), fjárgöngur fyrir 100 fjár í mánuð í Hrisnesi og skógarítak í Ranaskógi á Hrafnkelsstöðum. Heinildarmaður nefnir auk þess: Reka á Héraðssöndum og torfristu og hrossagöngu á Klaustursnesi en á móti því síðarnefnda kom skógarítak í Hlíðinni utan við Veturhús." SJM II, 65-66.

1918: Tún 8 ha, garðar 1254 m². "Gamla túnið var brattlítið, en jarðgrunnt, slétt frá nátturunnar hendi, heimaengjar þurrar og slægar árlega, en votari og reytingsamari á Gilsárdal. Sumarhagar eru góðir fyrir allan búpening, enda þótt ekki sé um að ræða, víðlendur afréttir á heiðum og fjöllum og útbeit kjarngóð, nærtæk og landrými mikið." SJM II, 67.

NM-155:001 Víðivellir ytri bæjarhóll bústaður

65°00.360N 14°57.288V

Bæjarhóllinn á Víðivöllum er fáeinum metrum vestan við núverandi íbúðarhús sem byggt var eftir að eldra íbúðarhús brann 1998.

Nýja íbúðarhúsið stendur á austasta hluta hólsins, heimreiðin kemur upp fyrir sunnan hann. Gömul og há reynivíðartré standa á suðurhluta hólsins.

Kúptur og greinilegur hóll. Á honum stóð steinhús þegar tvíþýlt var á Víðivöllum og var kjallari undir því að hluta. Gróður á hólum er öðruvísi en í kring, á honum vex ekki mjög hátt gras. Vitað er nýrst á hólum stóð fjós. Þegar nýja íbúðarhúsið var byggt eftir brunann '98 komu í ljós einhverjar hleðslur og því næstum víst að bæjarhóllinn nær allt undir íbúðarhúsið.

Heimildir: Túnakort 1918

NM-155:002 mannabein bænhús

65°00.362N 14°57.274V

VÍÐIVELLIR YTRI Í FLJÓTSDAL (NM) (VALÞJÓFSSTAÐAÞING) - HÁLFKIRKJA 1397: [til Valþjófsstaða] liggja tíunder af xj bæium vtan bessastodum oc vídivollum. ero her af sex bænhus. og tuær kirkiur oc greidaz tuo .c. af annare. en iij merkr af annari; Máld DI IV 209-212 [Valþjófsstaðar]

1397: [á ornaenti] var þetta lukt j tiund kirkiunnar er Olafur Jonsson skildist med.

portio Ecclesiae xv alner aa hveriu are vmm xvj ár; Máld DI IV 213. 7.7.1676: Þórður Þorláksson biskup heimilar að hálfkirkja megi uppgjörast á Víðivöllum ytri á þeim sama stað og gamla kirkjan hefði staðið. Jarðabréf, 281-82.

{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 97}

1676: Þorlákur Þorláksson biskup heimilar, eftir ósk Jóns Þorlákssonar sýslumanni og með ráði prófastsins, sr.

Stefáns Ólafssonar og synod, að hálfkirkja mætti uppgjörast á Víðivöllum ytri á þeim sama stað og gamla kirkjan hefði staðið." "Á V var bænhús og hefur fundist grafreitir, sem virðist ekki hafa verið hreyfður efir öskufallið 1460", segir í Sveitum og jörðum. Um 10 m norðan við bæjarhól eru nokkur lerkitré og girðing fyrir framan þau. Fast framan við girðinguna og að hluta undir henni er þúst.

Afgirt stykki framan við eldra íbúðarhús sem brann 1998.

Þústin sjálf eru leifar af votheysturni sem nýlega var rifinn. Þegar grafið var fyrir honum nálægt 1960 komu upp mannabein og því líklegt að bænhúsið hafi verið á þessum stað eða við hann. Beinin voru grafin aftur á sama stað.

Heimildir: SJM II, 66; Jarðabók 281-282

NM-155:003 heimild um fjós

65°00.346N 14°57.242V

"Inn af Bæjarlæk, en hann rennur fram og ofan allt túnið, næst Fetanum að ofan, er Framtún upp að læk. Ofan við bæinn er fjós og þar ofar tún, sem heitir Fjóstún", segir í örnefnalýsingu. Fjós stóð 50-100 m austan bæjarhóls. Nú er þar grasblettur sem afmarkast af heimkeyrslu og bílastæði við nýja íbúðarhúsið.

Slétt grasflöt, um 40 x 40 m.

Fjósið var úr torfi og grjóti. Lítil kofi var sambyggður því, notaður sem reykhus. Húsin eru nú horfin en á flötinni mótar fyrir reglulegri dæld, um 3 x 2 m.

Heimildir: Ö-Víðivellir ytri, 10

NM-155:004 *Fjóshlaða* heimild um útihús

65°00.335N 14°57.193V

30-40 m beint fyrir ofan brunarúst frá '98 og 20-30 m norður af nýlegu fjárhúsi var tóft. Þetta er um 85 m austur af bæjarhól.

Grösugur hóll.

Á hólnum var stór tóft, stundum kölluð Fjóshlaða. Hluti var notaður sem hesthús og einnig voru höfð þar hænsni.

NM-155:005 *Kofi* heimild um útihús

65°00.339N 14°57.065V

"Niður Bæjarhjallann renna tveir lækir, hér um bil samsíða. Þeir heita Kofalækur og Bæjarlækur. Þeir koma ofan af fjalli og falla niður í gegnum túnið, ofan í Kelduá." " ... upp af því [004] var Gimbrahús, og ofan við það er hús, sem hét áður Kofi, en nú heitir það Fossgerði", segir í örnefnalýsingum. Fossgerði stóð næstum upp við fossinn í Bæjarlæknum, hátt í 180 m austur af bæjarhól (001).

Grasi gróid, afgirt svæði.

Húsið hlýtur að hafa verið rífið en mikið grjót sést og kafagras.

Heimildir: Ö-Víðivellir ytri, 9; Ö-Víðivellir ytri, 10

NM-155:006 *Gimbrahús* heimild um fjárhús

65°00.354N 14°57.123V

" ... upp af því [004] var Gimbrahús, og ofan við það er hús, sem hét áður Kofi, en nú heitir það Fossgerði." segir í örnefnalýsingu. Gimbrahús stóð um 50 m fyrir vestan 005, neðar í brekkunni.

Grasi gróinn skiki.

Húsið hefur sýnilega verið rífið en töluvert grjót sést.

Heimildir: Ö-Víðivellir ytri, 10

NM-155:007 tóft hesthús

65°00.303N 14°57.117V

HH: "Rétt fyrir innan þær er grjóthlaðinn hesthúskofi, með viðbyggðri smáhlöðu, og hefur þeim verið breytt í reykhus. Á þeim er skúrþak af járn, en veggir teknir að falla." "Ofan við hann [Fetanum] eru nýræktir. Þar ofar, meðfram hjallanum, heitir Hesthústún, þar er hesthús og einnig kindahús, sem heitir Geldingahús. Tóftin sést enn." segir í örnefnalýsingu. Hesthústóftin er 170 m austsuðaustur af bæjarhól (001), vestan undir klettabelti.

Afgirt beitarstykki sem bæjarlækurinn rennur um, nú eru þar hross.

Heilleg, grjóthlaðin tóft, veggjahæð allt að 1,6 m. Þaksperrur, stoðir og dyraumbúnaður úr tré enn uppistandandi. Stærð 7 x 4,5, dyr á vesturlanghlið. Upp við húsið að suðaustan er 5 m löng tóft, jafnbreið húsinu og virðist sambyggð því. Það hlýtur að vera hlaðan sem lýst var hér að framan. Hún er mun verr farin en húsið sjálft, hleðslur hrundar og gróid yfir þær að mestu.

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 7

NM-155:008 *Geldingahús* tóft fjárhús

65°00.321N 14°57.085V

HH: "Á heimatúninu, skammt fyrir ofan bæinn, upp við svon. Bæjarhjalla, eru tættur fjárhúsa, Geldingahúsa, orðnar vallgrónar." "Inn af Bæjarlæk, en hann rennur fram og ofan allt túnið, næst Fetanum að ofan, er Framtún upp að læk. Ofan við bæinn er fjós og þar ofar tún, heim heitir Fjóstún. Lækurinn rennur ofan við það. ofan

við hann eru nýræktir. Þar ofar, meðfram hjallanum, heitir Hesthústún, þar er hesthús og einnig kindahús, sem heitir Geldingahús. Tóftin sést enn." Geldingahústóftin er 40 m norður af 007.

Afgirt beitarstykki sem bæjarlækurinn rennur um, nú eru þar hross.

Stór fjárhústóft, snýr austur-vestur með dyr í vestur. Tveir grjóthlaðnir garðar og hlaða í austurenda. Hún er mjórri en húsið, aðeins 5 m breið, en húsið almennt 7-8 m breitt. Heildarlengd er um 15 m. Dyr eru á suðvesturhorni. Hleðsluhæð allt að 2 m í austurenda, almennt sæmilegt ástand á veggjum.

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 7

NM-155:010 heimild um þvottastað 65°00.274N 14°57.523V

Skv. heimildamanni var þvottastaður í ánni um 240 m suðvestur af bæ.

Nú liggur vegurinn allveg á bakkanum og því ekki ljóst hvernig var umhorfs þar.

NM-155:011 garðlag áveita 65°00.250N 14°57.474V

"Engjaáveita", segir í Sveitum og jörðum. Tæpa 250 m suður frá bæ er torfgarður sem líklega er áveitugarður.

Í norðurjaðri túns sem nú er ekki slegið.

Garðurinn liggur austur-vestur með túnjaðrinum, 30-40 cm hár og ámóta breiður. Vesturendinn er 20-30 m frá ánni og lengd garðsins um 60 m. Virðist eingöngu torfhlaðinn.

Heimildir: SJM II, 67

NM-155:018 *Víðivallarétt* heimild um rétt 65°00.665N 14°57.207V

HH: "Víðivallarétt, er líklega niðri á eyri við ána (Húseyjarkvísl), skammt fyrir innan Giljalæk. Hún var lögrétt fyrrum, að Rögnv. telur." Heimildamaður kannast alls ekki við þessa lýsingu. Líklegt að átt sé við eyri tæpa 600 m norðvestur af Víðivöllum.

Grónar sandeyrar.

Engar tóftir sjáanlegar og líklegt að oft fljóti yfir eyrarnar þegar mikið er í ánni. Lýsingin hér að ofan er nokkuð óljós, enda virðist enginn hafa séð réttina.

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 7

NM-155:019 heimild um ferju 65°01.266N 14°56.474V

"Þar sem brúin er á Jökulsá, setti Methúsalem Kjerúlf upp straumferju til að flytja fé yfir á", segir í örnefnalýsingu. Brúin er skammt fyrir utan Víðivelli ytri.

Bakkar grónir að mestu, áin rennur í kvíslum.

Engar leifar gamalla mannvirkja sjáanlegar..

Heimildir: Ö-Víðivellir ytri, 2

NM-155:026 *Veturhús* tóft beitarhús 65°01.709N 14°55.367V

"... og Fornasel beint upp af beitarhúsunum Veturhúsum út með Jökulsá" segir í Sveitum og jörðum.

"Veturhús, (tættur), voru beitarhús frá Víðivöllum ytri, utarlega í landinu. Þetta voru tvístæð fjárhús, í hefðbundnu formi og stærð, með hlöðu að húsabaki. (Voru framan af öldinni notuð frá Bessastöðum). Hætt var að nota þau um 19 (?) og nú eru þar aðeins vallgrónar tættur, þar sem rétt sér móta fyrir veggjum, fast við þjóðveginn að ofan. Skemmdist við girðingarvinnu 1990. "Fjallið: Frá láglendi upp á Háls utan frá. Frá merkjum móti Hrafnkelsstöðum og inn að Veturhúsum, sem eru gömul beitarhús, en nú tóft, er svæði, sem nefnt er Hlíð." segir í örnefnalýsingu. Veturhús stóðu rúma 2 km norður frá Víðivöllum (001) og eru leifar þeirra fast upp við veginn austan megin.

Í brekkurótum, lækur rennur sunnan við húsin. Trjárækt í brekkunni ofan rústanna. Rafmagnsgirðing liggur yfir austurhluta þeirra..

Húsin hafa sýnilega verið mikið skemmd við veglagningu eða annað rask. Iðagræn en óregluleg rústabunga sem vonlaust er að sjá nokkurt lag á. Töluvert grjót sést í bungunni en vonlaust að greina veggjaskipan, dyr eða annað. Stærð bingu um 30 x 30 m.

Heimildir: SJM II, 66; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 6; Ö-Víðivellir ytri, 2

NM-155:029 heimild um rétt 65°00.535N 14°57.304V

Heimildamaður man eftir lítilli, grjóthlaðinni rúningsrétt 3-400 m norðvestur af bæ, líklega innan við 50 m austan vegar.

Slétt tún.

Engin tóft sést og engar hleðsluleifar, líklega horfinn vegna túnræktar.

NM-167 Valþjófsstaður

Kirkjustaður. 9,5 hdr. 1695. 1143-1180: Oddr Gizurarson prestur þar; c. 1190: Markús Gíslason af Rauðasandi gefur Sigmundi Ormssyni kirkjuvið úr Noregi, stóð sú kirkja við ritun Hrafns sögu hinnar sérstöku; Rafnssaga, Bsk I, 645 c. 1200: graftarkirkja; Kirknaskrá Páls, DI XII 4 1491 er til vitnisburðarbréf um torfskurð frá Valþjófsstað. Þar vottar Páls Grímsson að skorið var upp 20 hesta torf í Skriðu en í staðinn fengi Skriðubóndi að reka lömb í Tungurnar. DI VI, 748-749. 1552. Vitnisburðarbréf Gissurar Helgasonar um Staðaröræfi frá Valþjófsstað. "Og heyrde eg alldre a þessvm arvm. at navckur ætti neina jtavlv fram a stadar ayræfi. hvorki lamba rekstur. nie annars penings. vtan hvndrat lamba rekstvr fra Skridv j Marivtvngur. enn staduren ætti j stadin vpp aa xx hesta torfskvrd arliga j Skridv land. Og eingin madur Rak sina peninga þessi fyrr greind aar hvorki fram af Selidal. eda vnder Snæfell. Og eigi hin v nyrdre ayræfin. Vtan med þess leyfi sem Valþiofstad hiellt. vtan busmala rekstur. sem i selivm var hafður." DI XII, 379-380. Kirkjustaður. Hjáleigur Hóll (NM-168) ásamt Garði (byggður 1804) og Hvammi. "Staðurinn á slóg til kolagjörðar í Lánghúsa, Arnhallsstaða og Þorgerðarstaðalöndum, en skógarteigur kirkjunnar í Ytri Víðivalla landi má heita liðinn undir lok; skógarteigur kirkjunnar í Hrafnkelsstaðalandi er notaður til eldsneytis. Aptur á móti er skógarpartur sá, sem staðurinn á fremra Víðivalla landi eigi yrktur, en friðaður og í gróðri. Kirkjan á enn fremur 2 afréttarlönd, millum beggja Jökulsánni á Fljótsdal og á Jökuldal, sem árlega eru brúkuð til skiptis fyrir hérum 1,500 fjár, og er þar nokkur grastekja; svo og þriðja afréttarlandið, á Suðurfelli, og er það notað fyrir lömb, og þar sömuleiðis nokkur grastekja. ...í með sendri afskrift af lögfestu gamalli er getið Rafnskeldals, og skýrir presturinn frá, að með Aðalbóls heimalandi sé byggður Seljadalur, "sem meinist það sama sem Rafnskeldalur". JJ 1847, 366-367. Jökulsá afmarkar Valþjófsstaðaland að sa. og austan. Upp frá ánni er Valþjófsstaðanes, mestallt þurrt og grasgefið með áveitu, annars harðslægt. ... Tvíbýlt er á V frá 1926, en 1949 var ræktunarlendi skipt og stofnað nýbýli á V II, á þriðjungi jarðarinnar. Stundum hefur verið tvíbýli á V I" SJM II, 39. 1918: Tún 10,8 ha, garðar 3000 m². "V var og er landkostajörð, gamla túnið að vísu í þurrara lagi. Árlegur fengur af útheyi var um 400 hb. og oft lánað um 200 hesta engi eiknum landsetum jarðarinnar. Haglendið er ágætt og óþrjótandi fyrir alla gripi sumar jafnt sem vetur, hrossaganga var talin hin besta á Héraði, landið skjólsælt og sérlega vorgott, ræktunarskilyrði yfrin." SJM II, 39.

NM-167:001 *Valþjófsstaður* bæjarhóll bústaður 65°01.112N 14°59.004V
Bæjarhóllinn er fyrir ofan gamla kirkjugarðinn, á hægri hönd frá hlaðinu, við hesthúsið.
Á sléttum bala undir fjallinu.

Bæjarhóllinn er um 40x70 m, í stefnu N-S. Hesthús úr bárujárnri er vestast í hólnum, grafið inn í hann. Nyrsti veggurinn og vesturhlið hesthússins eru hlaðin úr grjóti og torfi. Nyrsti veggurinn er um 1,9 m háir að utan, með 1,7 m hárrí steinhleðslu og um 20 cm torflag ofan á henni. Þessir veggir eru úr gamla bænum. Hellulögð stétt er framan við hesthúsið, um 1m breið og dyraþrep eru greinileg á tveimur stöðum.

Heimildir: Túnakort 1918; SJM II, 40

NM-167:002 heimild um kirkju 65°01.093N 14°58.814V
Um 50 m N við kirkju.
í kirkjugarði.

6x12 m langur hryggur er í kirkjugarðinum, þar gæti eldri kirkja hafa staðið, en það er óvíst. Engin leiði eru á þessum stað.

Heimildir: Árbók 1884-5, 24-37

NM-167:003 *Hjallhúsið* hús fjárhús 65°01.149N 14°59.079V

HH: "Gripahús heima við bæinn. Af þeim er nú ekki eftir nema eitt fjárhús, Hjallhúsið, gamalt að stofni til, með grjót-torfveggjum, langs að ofan, en járnklæddum stafni og þekjum. Viðbyggð hlaða með járnþaki ("nýhúsastíll"). Húsið hefur verið gert upp þannig. Þar er uppi á lágum hjalla fyrir ofan bæinn." Fjarlægð í bæjarhól er um 100 m.

Upp af norðurenda bæjarhóls, á lágum hjalla.

Hjallhúsið er 22x8-9 m, snýr NV-SA, með dyr í SA. Veggir eru úr torfi og grjóti, allt að 1,5 m háir og álíka breiðir. Viðbygging úr bárujárnri er við NV enda. Um 15 m NA er ferhyrnd tóft, 11x8 m, snýr eins, op eða dyr í NV og SA. 5 m í NA er önnur tóft, nær hringlaga, 5x6 m. Báðar þessar tættur eru úr torfi og grjóti. Hjallhúsið er enn í notkun en hin tvö eru greinilega farin úr notkun fyrir löngu. Friðrik bóndi segir tóftina næst Hjallhúsi hafa verið hlöðu.

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 22

NM-167:004 heimild um fjós 65°01.129N 14°59.024V

"Þá er næst í röðinni Fjósatunga. Þar var gamalt fjós, þá er komið inn fyrir bæ." segir í örnefnalýsingu. Í norðanverðum bæjarhólnum, 20 NV hesthúss. Sér móta óljóst fyrir veggjum.

Á bæjarhól.

Dálftíð af grjóti er á staðnum, en byggingaleifar sjást ekki.

Heimildir: Ö-Valþjófsstaður, 3

NM-167:005 *Kvíaból*srétt tóft rétt 65°01.024N 14°59.171V

"Og fremst á túni hét Kvíaból." segir í örnefnalýsingu. HH: "Kvíaból var á Kvíabólinu heima við bæinn á Valþjófsstað, norðan undir eða inn á milli melanna. Þetta var torfrétt, nú horfin." Í SV-horni túns, upp undir melunum. 210 m eru í bæjarhól. Kirkjan er í A stefnu frá tóftinni.

Í vel grónum móa í túnjaðri.

Aðaltóftin er mjög skýr, snýri í ASA-VNV, 16x11 m, með dyr í ASA enda, með 0,5-0,7 m háa vegg úr torfi, 1-3 m breiða. Hólfín eru fremur ógreinileg. Nokkrir steinar eru sjáanlegir í veggjum hér og þar, en eru lítið áberandi. Við vestur (NV) hlið eru tvö garðlög, nær annað frá NV horni tóftarinnar og að brekkunni norðan hennar, en hitt liggur með NV vegg tóftarinnar og myndar þannig lítið hólf, með op í ASA enda.

Heimildir: Ö-Valþjófsstaður, 3; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 23

NM-167:006 mannvirki áveita 65°01.059N 14°58.110V

"... áveita úr Jökulsá á nesið, hin fyrsta á Austurlandi (frá því um 1790) ..." segir í Sveitum og jörðum. "Þar innar Stekkateigi, þar sunnan við koma þær saman Jökulsá og Keldáin, þar er vinkill á ánni. Þá er komið að Úthleypuskurði. Lengi var Jökulsá veitt á nesið, þessi skurður var grafinn út nesið, beygir hér utan við Valþjófsstaðamela og nær út í Klausturnes." segir í örnefnalýsingu.

Skurðurinn er mjög greinilegur þar sem hann liggur að þurrum farvegi Jökulsár. Stefna skurðarins er NA-SV. Fleiri ummerki eru um áveituna, garðlag og bogadregin kvos, sem gæti verið manngerð.

Heimildir: SJM II, 40; Ö-Valþjófsstaður, 2

NM-167:007 heimild um myllu 65°00.543N 15°00.378V

"... áveita úr Jökulsá á nesið, hin fyrsta á Austurlandi (frá því um 1790), einnig elsta myllan við Melgrófarlæk frá svipuðum tíma." segir í Sveitum og jörðum. Undir vegkanti skammt innan Valþjófst., 20 m utan Melgrófarlæks. Um 700 m innan við eyðibýlið Hvamm.

Grasi gróinn bali er framan við mylluna, að Jökulsá.

Veggir eru úr torfi og grjóti, 4,4x3,8 m, snýr NNA-SSV, op í SSV enda, þar sem lækurinn rennur 50 sm utan við. Mesta hæð veggja er 50 sm, breidd 1 m.

Heimildir: SJM II, 40

NM-167:008 *Nýigardur* garðlag áveita 65°01.907N 14°57.981V

"1890-'00: Hlaðinn áveitugarður á mörkum V og Skriðu. Var samkvæmt úttekt 555 faðma langur, 2 áln. og 13 þuml. á hæð og 2 áln, og 22 þuml á þykkt." segir í Sveitum og jörðum. "Áður var þarna garður hlaðinn úr snyddu, sem gegndi tvíþættu hlutverki, bæði sem varnar- og landamerkjagarður og sem áveitugarður. Nú er þessi garður falinn á stórum köflum. Hann hefur alltaf verið kallaður Nýigardur." segir í örnefnalýsingu.

Garðurinn liggur ofan við veg milli Skriðuklausturs og Végarðs. Þessi garðstubbur er um 30 m langur og liggur upp undir hlíðina. Í hlíðinni er grjótdreif sem er framhald garðsins. Stefna er í SA-NV. Framræsluskurður hefur verið grafinn í gegnum garðinn við hliðina. Einnig slitnar hann við þjóðveginn, en hann liggur þvert á garðinn. Hlaðinn úr torfi, nema í hlíðinni. Hægt að fylgja um 100 m. Er þetta vestasti hluti Nýjagarðs. Um 350 m frá V-enda beygir garðurinn til NA (hornið er rofið burtu, N 65°01.812; V 14°57.616, skekkja 4 m). Á þessum slóðum er garðurinn allt að 0,8 m hár, og grunnur skurður austan megin við.

Heimildir: SJM II, 40; Ö-Valþjófsstaðir, 1

NM-167:009 *Garðar* bæjarstæði býli 65°01.438N 14°58.604V

JJ: "1760 voru hér að auki taldar hjáleigur með Valþjófsstað Garðar og Hvammur, og voru Garðar byggður 1804, en Hvammur talinn með staðnum." "Í túni á nágrenni V voru 5 hjáleigur: Gunnhildargerði, Miðbær (í eyði 1760), Garðar (til 1811), Hvammur (til 1756) og Staðarsel, sem fór í eyði 1756. Á Görðum og Hvammi voru og eru enn fjárhús, á Gunnhildargerði og Miðbæ núv. VI og prestsetur." segir í Sveitum og jörðum. HH: "Garðar voru á grundinni, um það bil miðja vega milli Prestsseturs og Végarðs og heitir þar Garðstún og Garðahlaup."

Á sléttri, vel gróinni grund sem orðin er að túni. Klettabelti er 70-80 m vestar.

Engar minjar sjáanlegar en á staðnum er bungulaga hóll, 25x40 m, í N-S stefnu, mitt á prestsbústaðar og Végarðs.

Heimildir: JJ 1847, 362; SJM II, 38; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 22; Halldór Stefánsson: Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum, 180

NM-167:010 Hvammur bæjarstæði býli

65°00.775N 14°59.653V

JJ: "1760 voru hér að auki taldar hjáleigur með Valþjófsstað Garðar og Hvammur, og voru Garðar byggður 1804, en Hvammur talinn með staðnum." "Í túni á nágrenni V voru 5 hjáleigur: Gunnhildargerði, Miðbær (í eyði 1760), Garðar (til 1811), Hvammur (til 1756) og Staðarsel, sem fór í eyði 1756. Á Görðum og Hvammi voru og eru enn fjárhús, á Gunnhildargerði og Miðbæ núv. VI og prestsetur." segir í Sveitum og jörðum. HH: "Hvammur. Forn t býli og síðar beitarhús frá Valþjófsstað, inni í djúpum hvammi, framan við Valþjófsstaðamela. Búseta var í Hvammi til 1756." Slóði liggur frá þjóðvegi norður að fjárhúsum og hlöðu. Bæjarhólinn er í túninu og við hlaðið rétt SV við húsinn.

Bæjarhólinn er á grasi grónum bala undir hlíð, fáeina metra SV við fjárhús og hlöðu sem þar standa.

Bæjarhólinn snýr ANA-VSV, 40x24, stakir steinar sjást í hólnum, og garðlag liggur frá VSV enda hans, í boga til S og svo SV. Girðing liggur langsum yfir hólinn norðanverðan.

Heimildir: JJ 1847, 362; SJM II, 38; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 22; ÓO: Ferðabók, 140; Halldór Stefánsson: Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum, 180

NM-167:011 kumli legstaður

65°00.916N 14°58.930V

KE: "Séra Vigfús Ormsson hefur í fornleifaskýrslu sinni 1821 skráð eftirfarandi lýsingu á kumli, sem hann fann á Valþjófsstöðum: Þegar ég eitt sinn fyrir hér um 20 árum var að ganga um mela nokkra, er liggja sunnan og suðaustan við túnið á Valþjófsstað - hvörjir melar árlega blása upp undir túnið - sá ég fram úr moldbakkarofi standa lærlegg af manni, hvörsvegna ég fór í þeim sama stað að forvitnast um, hvört meira væri að finna; fann ég þar þá beinagrind af manneskju, er, eftir því sem beinin lágu, var að sjá hefði lagzt edur lögd verið þar hálfkreppt fyrir. Milli bols og höfuðs var mikið af stórum og smáum tölum, þær stærstu voru á stærð við fremstu kjúku vísifingurs á meðalmanni, þó nokkuð styttri, svartar að lit með hvítum og rauðum krossum, en hinar minni á stærð við krækjuber, einlitar eins og silfradar væru; neðanvert við tölurnar, eða hvar brjóst manneskjunnar virðist verið hafa, lá nisti eða lítill ferhyrmdur ferhyrmdur koparskjöldur, hvör ed hér með fylgir til sýnis, en tölurnar eru allar týndar, svo ekkert af þeim getur senzt. Í mittisstað beinagrindarinnar voru 2 kopar-kvenskildir, er litu út fyrir að hafa verið á belti til að krækja að sér, þar ed á öðrum var krókur, en undir hinum sást vottur til vefnaðartjös með vadmálsvígindum. Skildir þessir eiga hér með að fylgja til sýnis. Þessi skýrsla prestsins má heita skilmerkileg, t.d. um staðsetningu haugfjárins. Líkið hefur áreiðanlega legið kreppt á hliðinni eins og mörg önnur. Koparkvenskildirnir eru kúptar nælur, önnur af gerðinni Rygh 652 og 654, afbr. Smykker 51k, með 7 ásteyptum hornum, hin af gerðinni Rygh 652 og 654, alveg eins og Smykker 51b. Það sem séra Vigfús kallar ...ferhyrndan koparskjöld ...er í rauninni kringlótt næla, en hið upphleypta verk, sem á henni er, gengur á fjórum stöðum út fyrir kringlubrúnina, og veldur það orðalagi prests."

Innan skógræktargirðingar um 100 m neðn við veg eru grastorfur með rofabörðum. Stefna er SSA í suðurenda túns. Slóði um skógræktina er um 30 m norðan við grastorfanna. Melarnir eru að mestu uppblásnir og gróðurvana.

"Þegar eg eitt sinn fyrir herum 20 árum, var að ganga um mela nokkra er liggja sunnan og suðaustanvið túnið á Valþjófsstað - hvörjir melar arliga blása upp undir túnið - sá eg fram úr moldbakkarofi standa lærlegg af manni, hvörsvegna eg fór í þeim sama stað að forvitnast um, hvört meira væri að finna; fann eg þar þá beinagrind af manneskju, er, eftir því sem beinin láu, var að sjá hefði lagzt, edur lögd verið þar hálfkrept fyrir. - Milli bols og höfuðs, var mikid af stórum og smáum tölum, þær stærstu voru á stærð við fremstu kjúku vísifingurs á meðalmanni, þó nokkuð styttri, svartar á lit með hvítum og rauðum Krossum, en hinar minni á stærð við Krækjuber, einlitar, eins og silfradar væru; neðanverdt við Tölurnar, edur hvar brjóst manneskjunnar virðist verið hafa, lá nisti, edr litill ferhyrnr Kopar Skjöldur, hvorred hermed fylgir til sýnis, en tölurnar eru allar tindar, so ekkert af þeim getr sendst. - J midtidsstað Beinagrindarinnar, voru 2 Koparkulu Skyldir, er litu út fyrir að hafa verið á belti, til að krækja að sér, þar ed á öðrum var krókur, en undir hinum sast vottur til vefnadar tjöjs með vadmals víndum. [aftan.mgr.8: Þetta er hinn svok. V.þst.fundur, sem Vigf. sendi til Kh og er lýsing í Antiq. Annaler IV, bls. 219-20: "DCLIX. Tvende Metalspænder af oval Form med Dæksler af gjennembrudt Arbeide; have tydeligen været forgyldte og ere fundne i en Gravhøj i Island. DCLX. En Knap af et Metalspænde, funden paa samme Sted. Ved samme fandtes nogle udmærkede Glasperler, men som endnu ei ere hidkomne.". Er nú varðv. í Kh, sjá einnig, KE 1956,176]

Heimildir: KE 1956, 176

NM-167:012 Gunnhildargerði bæjarstæði býli

65°01.567N 14°58.405V

"Í túni á nágrenni V voru 5 hjáleigur: Gunnhildargerði, Miðbær (í eyði 1760), Garðar (til 1811), Hvammur (til 1756) og Staðarsel, sem fór í eyði 1756. Á Görðum og Hvammi voru og eru enn fjárhús, á Gunnhildargerði og Miðbæ núv. VI og prestsetur." segir í Sveitum og jörðum. HH: "Gunnhildargerði var um 20-30 m utar (og ofar) en félagsheimilið Végarður er nú, og sést þar dálítill þúst til minja um þetta forna býli."

Á sléttum grasbala, 25 m N við Végarð.

Lágur hól, 10x10 m, um 1-1,5 m hár. Sléttað hefur verið úr holnum að hluta vestan megin.

Heimildir: SJM II, 38; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 22; Halldór Stefánsson: Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum, 180

NM-167:013 *Miðbær* bæjarstæði býli 65°01.317N 14°58.745V

"Í túni á nágrenni V voru 5 hjáleigur: Gunnhildargerði, Miðbær (í eyði 1760), Garðar (til 1811), Hvammur (til 1756) og Staðarsel, sem fór í eyði 1756. Á Görðum og Hvammi voru og eru enn fjárhús, á Gunnhildargerði og Miðbæ núv. VI og prestsetur." segir í Sveitum og jörðum. HH "Miðbær, sem var stutt fyrir ofan núverandi Presthús (Valþjófsstað I)." Hér mun eitthvað málum blandið því Miðbær í eyði frá 1700.

Örugg ummerki sjást ekki um Miðbæ. Aftan við prestssetrið er þó hæð í túninu sem gætu verið leifar hans (30-40 m aftan við húsið). Í túninu um 50 m utan við prestshús mótar fyrir lágum hrygg, e.t.v. garðlag sem tilheyrði Miðbæ.

Heimildir: SJM II, 38; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 22; ÓO: Ferðabók, 140; Halldór Stefánsson: Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum, 179

NM-167:014 *Staðarsel* bæjarstæði býli

"Í túni á nágrenni V voru 5 hjáleigur: Gunnhildargerði, Miðbær (í eyði 1760), Garðar (til 1811), Hvammur (til 1756) og Staðarsel, sem fór í eyði 1756. Á Görðum og Hvammi voru og eru enn fjárhús, á Gunnhildargerði og Miðbæ núv. VI og prestsetur. Eigi er kunnugt hvar Staðarsel var, ef til vill uppi í heiði eða Hrafnkelsdal." segir í Sveitum og jörðum.

Ekki er hægt að staðsetja þessar minjar.

Heimildir: SJM II, 38

NM-167:015 *Teigshús* tóftir beitarhús 65°00.201N 15°01.625V

HH: "Teigshús nefndust gömul beitarhús frá Valþjófsstað, inni í svonefndum Valþjófsstaðteig, um 2 km utan við bæinn Hól. Tættur þessar eru skýrar, á grund skammt fyrir ofan veginn."

Tóftin er afgirt, og stendur á grónum bletti, í halla undir fjallinu. Um 100 m frá stóru borgati í fjallshlíðinni.

Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti, 24x11 m, snýr NV-SA og skiptist í tvö aflöng hólf eftir endilöngu, og lítið hólf við NV enda. Aflöngu hólfín eru um 15 m löng og 3 m breið að innanmáli, en minnsta hólfíð er 6x2 að innanmáli. Gengt er úr langhólfunum í litla hólfíð, og dyr eru á SA enda langhólfa.

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 22

NM-167:016 *Gamlistekkur* tóftir stekkur 65°00.347N 15°01.216V

HH: "Skammt fyrir utan Teigashúsin var stekkur frá Valþjófsstað, Gamlistekkur, og heitir Stekkeyri þar fyrir neðan. Þar munu vera töluverðar tættur að sögn Sverris Þorsteinssonar ..." Um 400 m eru í fornleif 015 (Teigshús), stefna þangað er VSV. Um 200 m eru niður á þjóðveg.

Tóftirnar eru í grasi grónum hvammi, upp á hjalla undir klettavegg við fjallið.

Tóftirnar eru tvær, báðar grasi grónar. Önnur er við klettavegginn, hún skiptist í 2 hólf, annað aflangt sem snýr SV-NA, 12 m langt, SV endi er 12 m breiður, en NA 6 m. Hitt hólfíð er áfast suðurhorni þessa hólfis, og er 6x3 m með dyrum í SV. Dyr eru á milliveggnum milli hólfis og þar sér í grjót í hleðslunni. 6 m SV við síðarnefnda hólfíð er lítil, sokkin, ferhyrnd tóft úr torfi, 6x5 m, með dyrum í NV.

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 22

NM-167:017 *Selhjalli* örnefni sel

HH: "Selhjalli heitir hátt uppi í fjallinu ofan við Valþjófsstað, og eru þar líklega seltættur, en tæplega hefur verið búið þar."

Finnst ekki

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 22

NM-167:018 heimild um rétt 65°01.109N 14°57.554V

HH: "Skilarétt á Stekkjartanga: "Er allt það fé, sem kemur úr Rana, af Vesturöræfum og undan Snæfellinu, réttað undir svokölluðum Stekkjartanga við Jökulsána, á nesinu fyrir austan Valþjófsstað" (Stefán Árnason: Sóknarlýsing 1849). Enginn kannast nú við þessa rétt "Undir Stekkjartanga", en tanginn er beint niður af Valþjófsstað, um það bil sem Jökulsá mætir Keldá. Líklega hafa árnar brotið upp þann hluta tangans, sem réttin var á."

Mikið er rofið af Stekkjartanga og er réttin að öllum líkindum horfin í ána.

Austast á Stekkjartanga eru háir rofbakkar, um 2 m háir og hefur áin brotið mikið af honum á síðustu áratugum.

Fríðrik bóndi man eftir réttini þarna en hún er gersamlega horfin.

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 23

NM-167:019 *Stekkjartangi* tóftir stekkur 65°00.989N 14°58.310V
HH: "Skilarétt á Stekkjartanga: "Er allt það fé, sem kemur úr Rana, af Vesturöræfum og undan Snæfellinu, réttað undir svokölluðum Stekkjartanga við Jökulsána, á nesinu fyrir austan Valþjófsstað" (Stefán Árnason: Sóknarlýsing 1849). Enginn kannast nú við þessa rétt "Undir Stekkjartanga", en tanginn er beint niður af Valþjófsstað, um það bil sem Jökulsá mætir Keldá. Líklega hafa árnar brotið upp þann hluta tangans, sem réttin var á."

Austan við melana austan kirkju, stefna á kirkju er SSA. Fast við þurran farveg í Jökulsá, þessi farvegur þornaði eftir að varnargarðar voru settir í ána. Í grasi gróinni dæld undir melunum.

Mest áberandi er tóft sem stendur á hól á árbakkanum, sem áin hefur greinilega brotið nokkuð af. Snýr hún í SA-NV. Eftir eru um 8 m af lengdinni, en hún er um 7 m breið. Í rofabarði séset að hún er yngri en A-1875 lagið, sennilega frá því um aldamótin 1900. Rétt sunnan við tóftina eru tvö hólf, 7x4 m og 6x3 m, og sunnan þeirra er garðlag, 30 m langt sem liggur SA-NV. Þessi tvö hólf hafa tæpast verið hús, heldur e.k. Aðhöld fyrir skepnur.

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 23

NM-167:020 tóftir rétt 65°01.641N 14°58.378V
HH: "Rétt við Végarð: Stutt fyrir utan girðinguna, utanvið félagsheimilið Végarð, mótar fyrir torfgörðum, er mynda nokkur hólf, líkt og í rétt, einnig garðstúfar sem stefna þvert á fjallið. Þessar minjar eru skammt fyrir utan og ofan eyðibýlið Gunnhildargerði." Er 135 m austan bæjarhóls á Gunnhildargerði, um 4 m austan vírgiðringar (sjá 012).

Við brekkurót, klettur um 50 m ofar.

Mannvirkið er aflangt, 25x23 m og skiptist í 5 misstór holf. Veggir eru úr torfi að mestu leyti, þó sjást stöku steinar. Veggjarbr er 1-1,5 m, hæð um 0,5 m og þeir eru mjög signir. Utan við hólfíð að NA er óreglulegt garðlag sem líklega tengist réttinni.

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 23

NM-167:021 tóft+garðlag rétt 65°01.003N 14°59.347V
HH: Rétt á Vatnsleysu, þ.e. efst á Melunum innan og ofan við bæinn, hlaðin úr grjóti, og Náthagagarður við hana, en enn í notkun, fyrir bæinn." Slóði er upp á melana innan við bæinn.

Undir brekku, á grasivöxnum bala.

Grjóthlaðin, NA-SV, 28x9 m, veggir 0,9 m háir og 0,5 m breiðir. Norðurhluti er enn í notkun. Opin í báða enda, og 10 m löng garðhleðsla liggur í A frá NA enda.

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 23

NM-167:022 *Sigmundartótt* heimild um óþekkt 65°01.140N 14°59.024V
"Sigmundartótt hét norðan við gamla bæinn." segir í örnefnalýsingu. Í NV horni bæjarhóls, um 30 m frá hesthúsi, niður af Hjallahúsinu.

Engar minjar sýnilegar.

Heimildir: Ö-Valþjófsstaður, 8

NM-167:023 kirkjugarður legstaður 65°01.109N 14°58.998V
HH: "Gamli kirkjugarðurinn er í hlaðinu, andspænis timburhúsinu, og var hann sléttaður um 1920-30 og gróðursett tré í hann. Legsteinar og krossar voru flestir fluttir niður í nýja garðinn, einn kross er enn í þeim gamla."

6-8 m austan bæjarhóls. Stór birkitré frá um 1900 eru í garðinum og einn járnkross.

Enn sjást S- og V-veggur, hleðslan er allt að 0,7 m há og um 1 m breið. Í garðinum eru lágar þústir sem gætu verið leiði.

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 23

NM-167:024 *Þjófaleiði* þjófsaga legstaður
HH: "Þjófaleiði tvö voru fram og niðri á túninu, en hafa verið sléttuð."

Þessi staður finnst ekki.

Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 23

NM-167:025 gata leið 65°01.026N 14°58.227V
"Innan við Hrísnesið lá niður Götudæld, þar var gata niður á nesið [Valþjófsstaðanes]." segir í örnefnalýsingu. Um 100 m sunnan við áveituna, og um 5 m vestan farvegar Jökulsár. Kirkjan er í 480 m fjarlægð. Stekkurinn

(019) er um 100 m sunnar.

Dæld með greinilegum götum út á Valþjst.nes. Endar við tún sem þarna er.

Gatan liggur í átt að Valþjófsstað.

Heimildir: Ö-Valþjófsstaður, 1-2

NM-167:026 garðlag

"Sunnan Nýjagarðs myndast lón, sem heitir Nýjalón, það er ofan þessa og nær niður í Hrísnesið. Þar innar er Gamlalón, þar var byggður garður löngu á undan Nýjagarði ..." segir í örnefnalýsingu.

Finnst ekki.

Heimildir: Ö-Valþjófsstaður, 2

NM-167:027 *Kolabotnar* örnefni kolagröf

65°01.047N 14°59.883V

"Ofan við Torfhjalla er Torfhjallarákir og þar ofar er Sehjalli. Ofan hans er Selhjallarák. Ofan hans tekur við svæði, sem nefnt er Miðfjall. Í því heita Kolabotnar þeir eru yst í fjallinu og Garðaskriða er upp af Görðum." segir í örnefnalýsingu. Við endann á Langahjalla.

Líklegt er (sbr ábendingu Friðriks Ingólfssonar) er að kolagrafir hafi verið þar sem er að finna fremur ógreinilegar 4-5 hringlaga skálar. 3 þeirra eru þétt saman, um 2 m í þvermál, og 1-2 aðrar eru utar. Engin kol eru sjáanleg, en skv heimildamanni fundust þau þarna fyrir mörgum áratugum.

Heimildir: Ö-Valþjófsstaður, 4

NM-167:028 heimild um ferju

65°01.354N 14°56.638V

"Þar sem straumferjan var á Jökulsá heitir Ferjueyri. Milli Nýjagarðs og Stekkatanga heitir Ferjubakki, hvorutveggja nýnefni frá 1917." segir í örnefnalýsingu. Um 100 m innan við brúna á Jökulsá (aðalbrúna).

Grónir vellir eru á báðum bökkum. Vestanmegin er um 1 m hár torfbakki. Þarna er Jökulsá í einum farvegi og mjög breið.

Heimildir: Ö-Valþjófsstaður, 6

NM-167:029 *Drangsvað* heimild um vað

65°00:667N 14°59.034V

"Klettastapi í Jökulsá, nokkuð innan við tún, var kallaður Drangur, og þar var Drangsvað." segir í örnefnalýsingu. Um 200 m austan Langhúsaavaðs. Fara þarf yfir Hvammseyrar og Langhúsaeyrar í SSV-stefnu á klettadrang sem er á hinum bakkannum, skammt utan við Langhús. Þessum dranga var rutt um með jarðýtu um 1992. Leifar af honum sjást enn.

Malareyri er við bakkann.

Heimildir: Ö-Valþjófsstaður, 7

NM-167:030 *Teighúsavað* heimild um vað

65°00.048N 15°01.834V

"Vöð á Jökulsá í Valþjófsstaðalandi: Innst er Teighúsavað, þá er næst Hundsbrot." segir í örnefnalýsingu. Um 80 m neðan við veg, um 200 m innan við skúra LV. Rafmagnsgirðing er á milli.

Gróinn bali liggur að ánni. Bakkar eru aflíðandi og lágir.

Vaðið liggur í SV-stefnu, yfir um flotna eyri í átt að Glúmsstöðum. Óljósar götur eru að vaðinu.

Heimildir: Ö-Valþjófsstaður, 7

NM-167:031 *Hundsbrot* heimild um vað

65°00.280N 15°00.948V

"Vöð á Jökulsá í Valþjófsstaðalandi: Innst er Teighúsavað, þá er næst Hundsbrot." segir í örnefnalýsingu. Fremst á Stekkjartanga er malareyri að ánni. Þaðan liggur vaðið í SA-stefnu. Um 2-300 m frá vegi.

Greinilegt er að yfir eyrina flæðir í flóðum.

Mikið er í ánni núna þannig að engin brot eru sjáanleg. Engar götur eru sjáanlegar að vaðinu.

Heimildir: Ö-Valþjófsstaður, 7

NM-167:032 *Melgrófarvað* heimild um vað

65°00.543N 15°00.288V

"Után við Háamel er Melgrófarvað ..." segir í örnefnalýsingu. Um 70 m utan við Melgrófarlæk. Vaðið liggur eftir broti í ánni í SV-stefnu. Syðri endinn er skammt neðan við mælikláf Vatnamælinga. (liggur skáhallt upp ána).

Götur liggja meðfram árbakkanum, aðallega fjárgötur, en engin ummerki eru um götu að vaðinu.

Heimildir: Ö-Valþjófsstaður, 7

NM-167:033 *Fremra-Skógarvað* heimild um vað

65°00.821N 14°58.386V

"... þá er Fremra-Skógarvað og Ytra-Skógarvað, líka nefnt Kirkjubrot. Það er í stefnu frá Kirkjunni." segir í

örnefnalýsingu. Skammt innan við Kirkjuvað. Stefna vaðs er í SSV átt. Um 100 innan Kirkjuvaðs. Háir rofbakkar. Jökulsá hefur greinilega sorfið úr bökkunum. Farvegur árinna er þurr. Óljósar götur liggja fram á bakkann. Aðstæður hafa gerbreyst vegna varnargarða í ánni og vegna umróts.
Heimildir: Ö-Valþjófsstaður, 7

NM-167:034 *Ytra-Skógarvað* heimild um vað
"... þá er Fremra-Skógarvað og Ytra-Skógarvað, líka nefnt Kirkjubrot. Það er í stefnu frá Kirkjunni." segir í örnefnalýsingu. Á sama stað og Skógarvað fremra. Þessi vöð skerast. Brot í ánni stjórna því hvar vöðin liggja. Staðsetning ekki örugg.
Heimildir: Ö-Valþjófsstaður, 7

NM-167:035 *Langhúsastrengur* heimild um vað 65°00.735N 14°59.241V
"Milli Melgrófarvaðs og Drangavaðs er slæmt vað, kallað Langhúsastrengur. Talað var um að fara yfir Á Strengnum." segir í örnefnalýsingu. HG: "Langhúsastrengur hét vað sem stundum var farið á bílum eftir að þeir komu. Þá var farið á milli Langhúseyrar og Hvammseyrir neðan við Hvammshúsin, beitarhús frá Valþjófsstað." Í ASA-stefnu frá eyðibýlinu Hvammi (þar eru nú fjárhús). Grasi grónir bakkar eru að ánni. Bíslóð liggur að vaðinu, um 300 m neðan við Hvammshús. Stefna vaðsins er í SV. Þetta vað er einnig kallað Kartöflugarðsvaðið af heimamönnum vegna þess að það stefnir á gamlan kartöflugarð á Langhúsum hinum megin árinna.
Heimildir: Ö-Valþjófsstaður, 7; Helgi Gíslason "Um vöð og ferjur á Lagarfljóti", 9

NM-167:036 *Pálsvörður* varða
"Á brún Klausturhæðar, beint upp af Végarði eru tvær vörður, kallaðar Pálsvörður, nýnefni frá því um 1940, kenndar við Pál Kjerúlf frá Hrafnkelsstöðum." segir í örnefnalýsingu. Tvær vörður uppi á Valþjófsstaðafalli norðanverðu.
Heimildir: Ö-Valþjófsstaður, 7

NM-167:037 heimild
Daniel Bruun getur þess að fáeinir litlar tættur hafi verið snertispöl SA frá Kirkjunni. Staðsetning er óljós.
Heimildir: DB: "Við norðurbrún Vatnajökuls", 165

NM-167:038 *Kirkjuvað* heimild um vað 65°00.861N 14°58.328V
HG: "Kirkjuvað kallast vað á ánni beint niður af Valþjófsstaðakirkju." Um 5 m utan Skógræktargirðingar niður við farveg í Jökulsá sem nú er þur vegna varnargarða í ánni. Austan við melana. Grasi grónir bakkar. Greinilegar götur liggja að vaðinu í átt að Valþjófsstað. Vaðið er gjörbreytt vegna varnargarða í ánni. Kirkja er í stefnu NNV.
Heimildir: Helgi Gíslason. "Um vöð og ferjur á Lagarfljóti", 9

NM-167:039 heimild um sel
"selland [á kirkjarn] at laugarhusum. fiordung i keldudal [+skóga og skógarteiga]"
Heimildir: DI IV 209-212

NM-167:040 *Herjólfsaugur* kuml legstaður
"haug þenna er að finna eina dagleidd fyrir vestan Fljótsdal, á sokölludum vestur öræfum; seigja menn hann orptinn yfir Herjolf nokkurn er búid hafi a Eigilstodum i Fljotsdal, og drepinn hafi verid af Hakoni landnamsmanni er bjó a Hakonarstodum a Jökulsdal, hvaded orsakast hafi af landþrætu þeirra í millum [aft.m.gr.3:Þessi sögn heyrir til Jökuldæluæfni, sbr. Sigf. Sigf. Ísl þjs. IX,59]. Að hæl þeirri a vestur öræfum, er nú kallast Herjólfs Augur hefi eg komid en eí getad sed þara nokkur audjaanleg mannaverk, og ekki kom mer hann ödruvísi fyrir Sjonir en grasholl med nokkrum storum steinum i kollinum.-" FF,35
Heimildir: FF, 35; Vigfús Ormsson 20.9 1821 um Valþjófsstað

NM-167:041 tóft stekkur 65°00.620N 15°00.289V
Undir næsta hjalla ofan við veg, um 100 m utan við Melgrófarlæk. Jeppaslóði liggur að tóftinni. Tóftin er aflöng, 15x6 m, með um 3,5 m breiðum og 0,5 háum og mjög útlöttum veggjum. Tóftin skiptist í 2 misstór hólf með dyr á milli, og dyr eru á gaffli sem snýr í VSV. Hún er úr torfi, en grjóthleðsla er að innanverðu í aðalhólfinu og er hún talsvert hrinin.

NM-167:042 tóft óþekkt 65°01.261N 14°58.817V
HH: " Tvær þústir eru á sléttu túninu, innan og ofan við hús prestsins, vitan um Miðbæ í dag. Neðri þúfan er vikurhaugur, sem rakað var saman á túninu eftir Öskjugosið 1875, en sú efri er leifar af einhverju gripahúsi." Um 110 m frá prestssetri í SSV-stefnu.
Um 1-1,5 m hár hóll, grasi gróinn og mótur fyrir veggjum, um 11x8 m og snýr SSV-NNA. Smáhóll er í túninu 30 m austar, sennilega vikurhaugurinn.
Heimildir: HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 22.

NM-167:043 garðlag 65°01.105N 14°58.825V
Garðlag liggur frá NV kirkjugarðshorni, í beina stefnu norður, samhliða þjóðvegi og nær spottakorn norður fyrir Végarði.
Garðlagið hefst 6-7 m frá NV horni kirkjugarðs. Það er um 1 m á hæð, og allt að 3 m breitt, hlaðið úr grjóti (sem sést austanmegin) en torf virðist einnig vera í hleðslunni. Garðurinn stendur upp á um 30 m kafla frá kirkjugarði, en hægt er að rekja hann allt að 50 m leið og fylgja honum í túninu að félagsheimilinu Végarði. Þar hefur hann að mestu verið jafnaður út.

NM-167:044 tóft 65°01.175N 14°59.001V
Í brekkunni undir hjallanum, um 120 m N frá bæjarhólum, 30 m V af gripahúsum við Hjallhúsið.
Brekka.
Stór ferhyrnt gerði, um 30-15 m, snýr í SA-NV, veggir að mestu úr torfi, en grjót er sjáanlegt einnig í NA veggnum. Veggir vestast eru fremur óljósir og lágir. V-hlið N-veggjar er allt að 1 m á hæð, 2-2,3 m á breidd. Lækur rennur í gegnum SA enda. Er þetta líklega kálgarður.

NM-167:045 garðlag kálgarður 65°01.101N 14°59.119V
Beint vestur af íbúðarhúsi, um 100 m.
Við brekkurót mót austri.
Torfhlaðinn garður, 22x25 m, lítillaga grafinn inn í brekku NV megin, veggir 1,5 m br og 0,7 m háir.

NM-167:046 tóft hesthús 65°01.071N 14°58.906V
Rétt N við heimreiðina að Valþjófsstað, milli gamla og nýja kirkjugarðs.
Í túni.
Aflöng tóft, 15x8 m, A-V, skiptist í tvö hólf.

NM-167:047 vegur traðir

NM-167c Valþjófsstaður (Múlinn)

Múlinn nefndur í máldaga frá 1397. DI IV, 109-212. Múlinn er svæðið milli Jökulsár og Kelduár og tilheyrði það Valþjófsstaðakirkju en er nú afréttarland jarðanna sem eru á milli ána (Þorgerðarstaðir, Arnaldsstaðir, Múli og Glúmsstaðir. Mörk við heimalönd eru Ytri-Snikilsá að vestan en Tunguá að austan. Frá Tunguá ræður Kelduá þar til Fremri- (Innri-) Sauða rennur í hana og svo með henni að Sauðárvatni svi um Víðidalsvörp og sýslumörk um Geldingafell í Vatnajökul

NM-167c:002 *Ragnaborg* þjóðsaga 64°50.518N 15°20.734V
"Milli Innri- og Ytri Heiðará er allhá og áberandi borg, sem heitir Ragnaborg, þangað á einhver að hafa farið til að blóta goðin", segir í örnefnalýsingu. Innri Heiðará rennur út í Jökulsá skammt norðan við Hrakstrandarkofa og Ytri Heiðará þar 2-3 km norðaustar. Ragnaborgin er heldur nær Ytri Heiðará.
Sérstakt fjall, ekki mjög hátt en flatt að ofan, líkist eldborg.
Ekki var farið alla leið að Ragnaborg sumarið 2000. Heimildamaður hefur margoft legið á greni við Ragnaborgina og fullyrðir að þar séu engin sjáanleg mannvirki eða mannvistarleifar. Líklegt er að hugmyndir um fjallið sem blótstað séu sprotnar af örnefninu.
Heimildir: Ö-Múlinn, 1

NM-167c:007 *Hrakstrandarkofi* tóft sæluhús 64°50.854N 15°23.163V
"Svæðið suðvestan við Innri-Heiðará meðfram Jökulsá heitir Hrakströnd (Hraksíða á Hkorti). Þar var áður kofi, nefndur Hrakstrandarkofi, aflagður", segir í örnefnalýsingu. Kofinn er austan Jökulsár, hátt í 5 km norðan vaðsins sem er norðan við Eyjabakka.
Gilskorningar og uppsprettur á bakka Jökulsár.
Nú er gangnamannakofi og hesthús á staðnum, um 100 m frá Jökulsá. 60-70 m austnorðaustur af núverandi

gangnamannakofa er ógreinileg kofatóft á gilbarmi. Hún er rúmlega 2 x 2 m á stærð, dyr á suðausturhorni. Hleðsluhæð nánast engin, enda var mikið af grjóti úr veggjunum notað til að hlaða lítið aðhald nálægt nýrri gangnamannakofa um miðja 20. öld.

Heimildir: Ö-Múlinn, 5

NM-167c:009 *Eyjakofi* hús sæluhús 64°43.886N 15°27.098V

Eyjakofi er sunnan Eyjabakka en norðan við svonefnda Bergkvísl. Hann er merktur inn á mörg kort af svæðinu, hægt er að aka langleiðina að honum eftir óljósum slóða.

Hár bakki við kvíslina þar sem hún beygir úr austri til norðurs. Moldarkenndur jarðvegur, eini sjáanlegi gróðurinn smjörlauf.

Grjót- og torfhlaðinn kofi með dyr í vestur, stærð 6 x 5 m. Veggir þykkir, tvö- og jafnvel þrefaldir, hlaðnir úr flötum hellum og torf á milli, hleðsluhæð allt að 1,6 m. Ofanverðir stafnar úr timbri, járnþak og sumsstaðar hafa grjóthellur verið lagðar ofan á það. Austurstafrn hrörlegur, grjót farið að hrynja inn. Innanmál kofans er um 3 x 3 m, dyr hjá norðvesturhorni. Kofinn var notaður framyfir miðja 20. öld.

NM-167c:010 *Sjónarhólskofi* tóft sæluhús 64°47.006N 15°21.813V

"... í sunnanverðum Heiðarbug er Sjónarhólskofi (aflagður) á Sjónarhól. Skammt þar sunnar kemur kvísl í Kelduá, er heitir Folakvísl. Hún rennur alveg við kofann og kemur úr stöðuvatni þarna á söndunum, Folavatni", segir í örnefnalýsingu. Kofinn stendur á hól um 100 m vestan við Folakvísl. Hann sést frá veginum sem liggur inn að núverandi búðum Landsvirkjunar, skömmu áður en komið er að stæðilegri vörðu norðan hans. Kofinn er sunnan vegarins.

Eyðilegt landslag, melar og mólendi.

Heillegur kofi, veggir að mestu uppistandandi, stærð um 5 x 2,5 m. Hlaðinn úr flötum hellum og var með torfþaki sem nú er horfið. Dyr við suðausturhorn, fast við þær liggur dyrahellan. Utan við dyrnar, gegnt þeim, eru jarðfastir klettir sem mynda nánast "U". Milli þeirra er einföld hleðsla, um 1 m há. Að sögn heimildamanns var þar lítill hundakofi. Sumarið 2000 var hirtur gamall og ryðgaður ljár sem hafði verið stungið inn milli steina í veggnum. Líklega hafa þeir sem þar gistu notað hann til að slá gróður til að liggja á í kofanum. Að sögn heimildamanns var kofinn byggður af Baldvini Einarssyni á Þorgerðarstöðum, hann lést um 1910.

Heimildir: Ö-Múlinn, 2

NM-167e Valþjófsstaður (Vesturöræfi)

Vesturöræfi tilheyrðu Valþjófsstaðakirkju. Þau eru vestan við Snæfell-Sauðafell-Þrælaháls og austan við Jökulsá á Brú. Þau ná norður að suðurmerkjum Aðalbóls sem eru lína úr Jökulsá réttisýnis í austur í ármót Glúmsstaðaselsár og Þuríðarstaðadaslár og áfram í sömu stefnu í Hólkná. Þá upp með Hólkná að Aðalbólsvægi en fyrir norðan hann er Rani 1552. Er vitnisburðarbréf Magnúsar Þorvaldssonar um landareigs staðarins [Valþjófsstaðar?], bréfið nefnt Hrafnkelsdalsbréf. " ... ec var j Flíotzdal þriatigi ara. heyrði ec allðri tvimeli a leika at þat veri ecki stadar eign allt land millvm Jokvlsar ok Snefellz fram vnder jokvl og j vtanverdan Hrafnkelsdallendan en ytra ok j þessv fyrrgreindv landi fra stadnum fvglar veidder ik fiskar ok aller peningar j hafder ok allði akert af neinum manni til ik allðri mvtr til teknar." DI XII, 376. ATH ekki víst að þetta eigi heima hér.

"Vesturöræfi frá norðurmörkum austur á Þuríðarstaðadalsbrúnnir og Hnúka (Grjótárhnúk, Langahnúk og Sauðahnúk) og suður undir Háöldur, má heita að sé algróið land. Mjög gott beitiland sauðkindum og hreindýrum og þó sérstaklega hálsinn, þar sem hreindýrskýrnar bera. En landið sunnan og austan þessa hrings er aftur hrjóstrugra, nema í Nýjahrauni, þar eru komnir töluverðir grasgeirar, þar sem dökkgræn sandtaðan og jökulpuntuinn eru að gera það land að nytjalandi." Ö-Vesturöræfi, 5

NM-167e:001 *Dysjará* örnefni

Dysjará rennur um Dysjarárdal í Jökulsá á Brú, segir í örnefnalýsingu.

Ekki er kunnugt um dys á þessum slóðum, þó nafnið virðist til þess benda. Gæti verið um villu að ræða í örnefnaskrá. Á Herfingjaráðskorti er þetta örn haft Desjará.

Heimildir: Ö-Vesturöræfi, 1

NM-167e:002 *Sauðakofi* heimild um sæluhús 64°48.453N 15°50.054V

"Rétt við syðri enda Kofaöldu er Sauðakofi og stendur við Sauða." segir í örnefnalýsingu. Vegarlóði liggur frá Kárahnjúkum suður að kofanum.

Á snögggróinni klapparbrún með rofabörðum, við Sauða. Fast vestan við húsið stendur nýlegt hesthús úr asbestos.

Sæluhúsið er eins og stafurinn L í grunnfleti og snýr lengri leggurinn í N-S en sá styttri gengur frá honum til A. Mesta lengd er 12, mesta breidd 9,5. Húsið er undir þaki, veggir hlaðnir úr torfi og grjóti á víx, mesta lofthæð er

2.2 m í N-enda. Með norðurhlið að innan er 50 cm hár garði hlaðinn úr grjóti. Þak úr bárujárnri, fallið í S enda.
Heimildir: Ö-Vesturöræfi, 2; DB: "Við norðurbrún Vatnajökuls", 184-185

NM-167e:003 *Glúmsstaðasel* tóftir sel 64°56.810N 15°38.485V
"Vestan megin Glúmsstaðadalársár, rétt vestan við Tungusporðinn, er Glúmsstaðasel. Þar var fyrr meir haft í seli frá Glúmsstöðum í Fljótsdal." segir í örnefnalýsingu. SR: Glúmsstaðsel er nær beint austur og niður af Búrfelli þar sem það er hæst "Annað Glúmsstaðasel er í Glúmsstaðadal inn úr Hrafnkelsdal, og er talið, að jörðin hafi átt selför þar, en ókunnugt er um heimildir fyrir því."

Á Glúmsstaðaseli eru volgrur eins og á Laugarhúsum - suður undan einni syðstu tóftinni virðist seytle vatn úr tveimur lindum. Austur og norður frá grasalanum er lækjargrafningur, mikið til gróinn að norðan, en talsvert rof er í honum að austan. Í grafningnum er lækur og volg uppspretta.

Bruun 1901; SR (1978-80). 1) Aflöng tóft úr torfi, 12.6x3.6 m, snýr í NV-SA, inngangur trúlega í SA enda. Veggir allt að 2 m breiðir, fremur óreglulegir. Veggur sem SR sýnir í SV vegg er líklega hrún. 2) Ferhyrnd tóft, veggir standa grónir um 1 m á hæð, um 1,5 m á breidd. 3) Tóft, torfhláðin, snýr í N-S, tvískipt, stærra hólf í N enda, veggir allt að 2 m breiðir og 1,5 á hæð, sést í grjót í NA vegg. N endi tóftar stendur á gilbrún og hefur NA horn tóftarinnar þegar fallið í gilið. 4) Tóft, snýr í A-V, 5 hólf, veggir grónir, 1-2m á breidd, 0,7 m á hæð, sést í grjót hér og þar, stendur á gilbrún og NA horn farið í gilið. 5) 2 aðskildar tóftir, sú V er mjög djúp, trúlega niðurgrafin, ferhyrnd, inngangur í S enda. Sést í grjót í veggjum í S enda. Veggir 1,5 m á hæð, 1,5 á breidd. A við tóft er dæld, sem óvíst er að sé mannvirki, mjög þýfð. 6) Dæld, snýr N-S, ekki greinilegir veggir, óvíst að sé mannvirki. N hólf örugglega ekki tóft. 7) Mjög ógreinileg, líklega ekki mannvirki, uppspretta kemur undan S enda; 8) Vesturhluti þessarar tóftar mun greinilegri - skýr N-S inngangur í S-enda, að hluta niðurgrafin, veggir 1,5 m háir, og 1,5 m breiðir. A hluti illa farinn, en líklegt er að þetta sé e.k. Bygging fremur en aðeins niðurgröftur.

Heimildir: Ö-Vesturöræfi, 2; SR Byggðaleifar, 19-20, 22; 66-68; SJM II, 51

NM-167e:004 *Þuridarstaðasel* tóftir sel 64°57.129N 15°37.323V
"Austan við ármótin er Þuridarstaðsel og var nýtt frá Þuridarstöðum í Fljótsdal." segir í örnefnalýsingu. SR: Syðst í Hrafnkelsdal undir mynni Þuridarstaðadalársá austan Þuridarstaðadalársá gegnt Tungusporði þar sem Þuridarstaðardalsá og Glúmsstaðadalársá koma saman og mynda Hrafnkelu. Seltóftirnar eru nær beint vestur og niður af Kálfafelli fremra þar sem það er hæst. ATH aðeins sunnar en SR sýnir.

Liggur í brekku, á mjóum höfða milli tveggja lækja sem liggja N-S niður brekkuna, landið er þýft og lyngi vaxið.

SR (1978-80) 1 og 2 eru sama mannvirki: 1) tóft 3,5x2 m, op í NV horni um 0,5 m breitt, liggur N-S, skiptist í 2 hólf, hið minna í suðurenda, veggir um 2 m breiðir, 1,2 m háir, standa grasi grónir, en tóftin hlaupin í þúfur; 2) tóft, 13,5x3,1 m, dyr í N enda, 1 m breið, veggir 2 m br, 1,2 m háir, standa grónir, þýft; 3) 2 dældir, hugsanlega manngerðar; 4) tóft, 9x3, hæð 0,8 m - liggur A-V, hugsanlega minna hólf í A enda. Ytri brún veggja sést ekki, innri brún mjög óregluleg. Tóftin er að hluta niðurgrafin, inngangur gæti verið í NV horni; 5) Feryrnd dæld (ath ekki hringlaga eins og SR sýnir, og enginn inngangur í NA horni) - niðurgrafin, hefur ekki verið hús; hola, 1x1 m, - ekki mannvirki, ekki tvö hús eins og SR teiknar; 7) náttúrulegt. 8) tóft, nokkurn veginn ferhyrnd, 3.3x2.2 m, hæð 1 m, snýr N-S, inngangur í SA horni, niðurgrafin, hlaðið á brúnir. Ytri mörk veggja ekki mjög greinileg, þýfð; 9,10 og 11 eru sama mannvirki: 9) tóft, 4.3x1.8 m, hæð 1.1 m, op í S enda; 10) tóft, ferhyrnd, 2.6 m á breidd, hæð 0.8 m, inngangur í V; 11) tóft, 6.6x2.0 m hæð 1.2 m, snýr NV-SA, lítið herb í NV enda, veggir fallnir og ójafnir, sést í steinhleðslu í N vegg; 12) hugsanlega grafið, ekki tóft; 13) 8.6x4 m, hæð 0.6 m, veggir 1.05 m breiðir, snýr AV, inngangur í SV horni, meira ferhyrnd en SR sýnir og ekki hólf við A enda; 14) túngarður, sést aðeins sem bakki í V-enda, þó er smá garður (c. 4 m langur, 0,3 m hár) í A enda teikn SR.

Heimildir: Ö-Vesturöræfi, 2; SR Byggðaleifar, 66

NM-167e:005 *Herjólfshaugur* þjóðsaga 64°49.668N 15°45.120V
"Við Herjólfssdrag [lækur sem fellur í Sauðá] er einstakur melkollur, sem heitir Herjólfshaugur (dys)." á Hkorti er þetta merkt sem Herjólfshólar. segir í örnefnalýsingu. "Herjólfshaugur er steinahvirfing efst á þurri jökulöldu og sést víða að á öræfunum. Steinarnir eru misjafnir að gerð og lögun og gætu verið fluttir á þennan stað af mönnum. Væri þetta þá leifar mannvirkis, vörðu eða þess háttar." SR Byggðaleifar, 72 Sigurður Gunnarsson getur haugsins 1872: "... þar sem mælt er að Herjólfur úr Fljótsdal, bróðir Herjólfss, er nam Herjólfsvík, hafi fallið fyrir Eiríki á Eiríksstöðum á Jökuldal. Heitir þar enn Herjólfshaugur." StSÍ II, 456 - einnig FF "Herjólfshaugur; haug þenna er að finna eina dagleid fyrir vestan Flotsdal, á sokölludum vestur öræfum: seigja menn hann orptinn yfir Herjólf nokkurn er búid hafði a Eigilsstodum I Fljotsdal, og drepinn hafi verid af Hakoni landnamsmanni er bjó a Hakonarstodum a Jökulsdal, hvaded orsakast hafi, er nu kallast Herjólfss Haugur hefi eg komid en eí getad sed þara nokkur audsjaanleg mannaverik, og ekki kom mer hann ödruvísí fyrir Sjóinir er grasholl med nokkrum storum steinum I kollinum.". Í sóknarlýsingu frá 1874 segir: "Á Vesturöræfum skammt

fyrir norðan Grjótárhjúkinn er nefndur Herjólfshaugur, þar er Herjólfur féll, en menn hans flýðu austur um heiði, en náðust og voru drepnir hjá Þrælahálsi..." SSM; Skv Sigfúsi Sigfússyni reis deila um Vesturöræfi milli Jökuldælinga og Herjólfss og hafi þeir orðið ásáttir um að semja um málið þar sem heitir Tunga á öræfunum. Jökuldælingar komu fleiri til fundarins og felldur þræla Herjólfss á Þrælahálsi en Herjólf sjálfan og menn hans á Tungunni. "Er hann þar heygður með mönnum sínum austur í Tungunni við dragið. Heitir þar síðan Herjólfshaugur og Herjólfssdrag, og er það skammt vestur frá dys Einars Þorbjarnarsonar, er Hrafnkell vá." ÞSS Við lýsingu á staðsetningu haugsins mætti bæta að hann er fast sunnan við svonefnt Herjólfssdrag sem rennur vestur í Sauða. Lélegur jeppaslóði sem liggur frá Snæfelli að Sauðárkofa er 3-400 m vestan við hauginn og sést haugurinn ágætlega þaðan.

Gróðurryrir heiðamóar, fremur flatlend víðáttá. Hóllinn er aflíðandi nema að norðan, þar er bratti niður að Herjólfssdráginu.

Grjóthóll fast við Herjólfssdrag, fleiri slíkir hólar eru suðvestar, líklega eru það þeir sem eru kallaðir Herjólfshólar á kortum. Efst á hólum er grastorfa og grjót á svæði sem er um 4 x 4 m. Hólarnir umhverfis eru síður en svo lausir við grjót en á þessum er engu líkara en því hafi öllu verið safnað saman efst. Ekki er þó um eiginlegar hleðslur að ræða. Fyrir þá sem ekki trúa sögunni um víg Herjólfss er nærtækast að ætla að þetta sé gamalt vörðubrot.

Heimildir: Ö-Vesturöræfi, 4; SR Byggðaleifar, 71-72, FF I, 35

NM-167e:006 *Einarsvarða* örnefni 64°53.334N 15°40.017V

"Norður af suðurmörkum Þuridarstaðadal er Einarsvarða og Einarsdys. Þar á að vera heygður Einar smali frá Aðalbóli, sá er Hrafnkell drap." segir í örnefnalýsingu. Slóði liggur frá veginum að Kárahnjúkum yfir Tungur (?) og fer hjá vörðunni.

Jökulgarður liggur þvert yfir S enda Tungna, í átt að Grjótárhjúk.

Einarsvarða er hæsti punkturinn í þessum grjótgarði, c. 5 m há og trúlega náttúruleg eins og önnur grjóthrúgöld á þessum slóðum.

Heimildir: Ö-Vesturöræfi, 4; SR Byggðaleifar, 68-71

NM-167e:007 *Grjótteigssel* heimild um sel

"Síðan var fært sel fram í Hrafnkelsdal, þar sem heitir á Grjótteigsseli." HS: "Í Hrafnkels sögu eru nefndir aðeins fjórir bæin í Hrafnkelsdal, en þess getið að þar hafi verið fjórtán bæir. ...Nöfn bæjanna eru: Aðalból, Hóll, Laugarhús og Leikskálar, en seljanna, Grjótteigs og Reykjarsels. Reykjarsel er við Jökulsá gegnt Vaðbrekku vestan Vaðbrekkuháls, en Grjótteigssel langt suðaustur frá dalnum við Grjótteigsá þverá sem fellur í Þuridarstaðadal, aðra höfuðána, sem myndar Hrafnkelu."

Á samkvæmt sögunni að vera nærri Einarsvörðu, en það hefur enginn fundið.

Heimildir: IF XI, 102:Halldór Stefánsson; "Hrafnkelsdalur og byggðin þar", 150; SR: Byggðaleifar, 68-71

NM-168 Hóll

Hjáleiga Valþjófsstaðar 1847. "H er ysti bærin vestan Jökulsár í Norðurdal, sem er afdalur sá er gengur sv. úr Fljótsdal um 16 km inn að hálendismörkum alllangt sv. af Kleif. ... Landamörk við Valþjófsdal voru ekki ákveðin fyrr en 1970, bein lína úr kletti við Teighúsahyl í Jökulsá og (um 3 km utan við H) og upp á Bjargbrún. Mörk við Þuridarstaði eru við Klifklett við Jökulsá og fylgja læk upp fjallið um það bil mitt á milli bæjanna. Uppi í heiðinni eru mörk óljós, en talið er að H eigi nv. fyrir Hólmavatn, sem liggur í stórum flóa austur af Gilsárvötnum í 607 m hæð." SJM II, 42. Gömul merki eru við Dvergbælislæk. Ö-Hóll, 2.

1918: Tún 1,5 ha, garðar 654 m². "Fram til ársins 1928 voru engjar sóttar hátt í fjall ofan við bjargið í brattar, grösugar brekkur. Þar voru þurrar og skemmtilegar engjar og heygóðar, m.a. laufslægjur en afar torsóttar. ... Heimatúnið er undir hlíðinni, þurrhent, staksteinótt, hallandi, en víða jarðdjúpt." SJM II, 42.

NM-168:008 *Hólssel* tóftir beitarhús/sel 64°59.680N 15°04.598V

"Á Nautahlíð er Hólssel, þar voru beitarhús fram undir aldamór. Hólssel er aðeins utar en bærin Hóll." segir í örnefnalýsingu. HH: "Þetta sem er uppi í fjallinu fyrir ofan Bjargið og Skóginn. Þar mun vera óhreiðfðar tættur beitarhúsanna og etv. einhverjar minjar um selið." "Á Nautahlíð ofan við Hólsbjarg eru á þrem stöðum tættur; heitir þar Hólssel." segir í Sveitum og jörðum.

Grasi vaxinn hvammur, klettabelti fyrir ofan og brött brekka neðan við.

Á selinu er 3 tóftir. Aðaltóftin snýr í NNV-SSA, 16x5,5m, veggjahæð 05, m, hlaðin úr torfi og grjóti og skiptist í 3 hólf, stórt miðhólf og lítil hólf við hvorn enda. Op er á SA gafl. 6m sunnan við S horn er önnur tóft, óskipt, 9x6m, snýr því sem næst í N-S, með op á miðjum A vegg. 54 m VSV frá aðaltóftinni er 3ja tóftin, hún er 15x9 m, snýr í NV-SA, kiptist í stórt hólf og lítið, gegnt er á milli hólfa og dyr eru á SA gafl stærra hólfsins.

Heimildir: Ö-Hóll, 4; HH: Mannvistaminjar í Fljótsdal, 21; SJM II, 42

NM-168:017 varða samgöngubót

64°59.684N 15°04.770V

"Utan við Hólssel [008] er Selhnúta, þar er varða." segir í örnefnalýsingu. Varðan er upp á hjallabrun, beint upp af fjárhúsum í Hólsseli.

Yst á kletthajalla, austan megin er snarbrött kletthæð.

Varðan er heilleg, um 1,4 m há, hlaðin úr grjóti.

Heimildir: Ö-Hóll, 4

NM-169 Skriðuklaustur

Kirkjustaður. 12 hdr. 1695. "1696 er jörð þessi með Hantónni talinn 12 h að dýrleika." JJ 1847, 362. Jarðarinnar er getið í Fljótsdælasögu IF XI, 293. 1397 er jarðarinnar getið í máldaga Múlakirkju. DI IV, 203. 1491 er til vitnisburðarbréf um torfskurð frá Valþjófsstað. Þar vottar Páls Grímsson að skorið var upp 20 hesta torf í Skriðu en í staðinn fengi Skriðubóndi að reka lömb í Tungurnar. DI VI, 748-749.

"Segja má að Skriðuklausturland nái þvert yfir Fljótsdalsheiði milli Jökulsánnu beggja, í Fljótsdal og á Jökuldal, og land þess deilist milli tveggja hreppa, því að Skriðubændur áttu og nýttu eða leigðu öll gögn og gæði og býlanna í Rana. ... Rekaítök átti jörðin á Héraðsstöndum, hálfan Helmingasand og selstöðu í Melalandi." SJM II, 35-36.

1918: Tún 8,7 ha, garðar 3000m², nátthagi 2,1 ha. "S var talin í röð bestu jarða, engjar samfelldar, grösugar og greiðfærar, en votar til бага í rigningartíð og heyið létt til fódurs, sumarhagar ágætir fyrir alla gripi og hrossaganga góð, landið snjólétt og jarðsælt en vetrararbeit létt, enda landþröngt neðan heiðar fyrir margt fé. ... [1918] Tún að mestu slétt, fremur harðlent. Engjar samfelldar, grasgefnar, greiðfærar, sumpart mjög votar í óþurkkatíð." Túnsléttun hófst fyrir aldamót. SJM II, 35-36.

NM-169:001 Skriðuklaustur bæjarhóll bústaður

65°02.449N 14°57.241V

"Stór bær byggður um 1890, baðstofa portbyggð, alþiljuð uppi og niðri, 18x6 álnir. Búr og eldavélahús 23x5,5 álnir, portb. Með lofti og gólfi, alþiljað uppi og niðri. Þverhús við hlaðið, portbyggð með kvisti, þiljað sem hin húsin, bárujárnsþak ..." segir í Sveitum og jörðum. HH: "Laust fyrir aldamótin 1900 fannst kjallaragröf í gamla bæjarstæðinu, með ljósu efni, er menn héldu vera leyfar af skyri. Við jarðrask sumarið 1988 fannst grjóttveggur, ofan við íbúðarhúsið (vesturálmur þess), sem líklega er af skíthúsi Halldórs eða fjósi." HH: "Um hin mikla og reysulega [svo] torfbæ Halldórs Benediktssonar, sem sagt er að hafi verið fyrirmynd annara bæja á Héraði, sjást nú heldur engin merki á yfirborðinu, nema varin hellan, og hluti af steinlagðri stétt neðan við bæinn." Bærinn stóð líklega um 50 m suðvestan við húsið sem Gunnar Gunnarsson reisti á sínum tíma.

Gróinn hóll skammt neðan vegar. Slétt flöt sunnan við, þar er íbúðarhúsið á Skriðu. Á hólnum er gróðurfar með öðrum hætti en í kring, þar vaxa fíflar og njóli. Sýnilega hafa staðið há tré framan bæjarhólsins, nú hafa sum verið höggvin en a.m.k. einn reyniviður lifir enn.

Hólmyndun talsverð allt upp undir veg. Efst og nyrst í hólnum stendur kofi, 4 x 5 m, með grjóthlöðnum veggjum. Við hann aftanverðan er bárujárnsstemma með stúum fyrir 3-4 hross. Innangengt er á milli þessara húsa. Grindin í grjótkofanum hefur sýnilega verið endurnýjuð nýlega. 6-7 umför grjóts, timburstafn, -stoðir og -sperrur en þak úr járni. Neðar í hólnum vottar víða fyrir grjóti. Hann er sléttastur efst, sunnan grjótkofans og hugsanlegt að kofinn eða forveri hans hafi staðið í bæjaröðinni. Neðst og nyrst í hólnum, 20-30 m neðan við kofann mótar fyrir grunni, líklega af seinni tíma byggingu.

Heimildir: SJM II, 37; Túnakort 1919; HH: Mannvistarminjar í Fljótsdalshéraði, 24

NM-169:002 tóft+garðlag kirkja

65°02.376N 14°57.049V

"Kirkja (bænhús) var á S frá 1512. Árið 1739 varð hún útkirkja frá Valþjófsstað, en lögð niður 1792. Kirkjutún heitir neðan við bæjarhallið, þar sjást rústir af kirkjugarðsveggjum og í kirkjugarðinum eru rústir, sem gætu verið af kirkju eða bænhúsi", segir í Sveitum og jörðum. DB: "Sjást rústir kirkju og kirkjugarðs u.þ.b. 600 fetum austan bæjarhúsanna, undir brekkuhalli." Hann telur einnig að hann sjái leifar af jarðgöngum milli bæjar og kirkju. FRIDLÝSTAR FORNMINJAR "Kirkjutótt og kirkjugarður eru á svon. Kirkjutúni, á hjalla fram og niður af bænum. Þar stóð klausturkirkjan, sem byggð var um 1500, og rifin um 1800, og umhverfis tótt hennar er lítill ferhyrndur kirkjugarður. Síðasta kirkjan þarna hefur verið með torfgrjóttveggjum á hliðum, en líklega timburstöfnum beggja vegna. Tóttin og garðurinn eru vaxin háu grasi (snarrót), og sér þar ekki nein leiði lengur, en legsteinn Hans Wiums sýslumanns var þar sýnilegur fram um aldamót eða lengur. Nú er þar aðeins hella með nafni þjóðsögupersónunnar Jóns hrak."

SKRIDA Í FLJÓTSDAL (NM)

Ýmist annexia frá Ási eða Valþjófsstað; (PP, 9)

1494: sett prior klaustur j Skridu; Gottskálksannáll, IA, 372

1512: Klausturkirkja vígð; (PP, 9)

um 1640-1729: Heimilispresta getið á Skriðuklaustri á þessu árabili; (PP, 10)

20.1.1792: Bænhús aftekið; (PP, 9) [konungsbréf]

'Kirkjugarður með kirkjutóft undir brekkunni við bæjarhúsin á Skriðuklaustri' Friðlýst 1988 - Fornleifaskrá, 56 Kirkjutóftin og garðurinn enn mjög greinileg, rúma 150 m suðaustur af Gunnarshúsi.

Rústírnar eru á sléttum stalli austan undir lágum klettaranum sem liggur frá suðri til norðurs. Sléttað tún umhverfis. Ekki sést heim að bæ frá kirkjunni eða öfugt.

Greinilegar rústir. Garðurinn umhverfis er ferkantaður, 22 x 23 m og op á miðri vesturhlíð sem snýr að klettunum. Veggirnir grónir og gróskumiklir, allt að 1 m háir og sumstaðar 2 m breiðir. Hvergi sér í grjót. Leiði Jóns Hrak er í suðausturhorni garðsins. Kirkjutóftin er því sem næst í garðinum miðjum, tveir samsíða veggir sem liggja frá austri til vesturs, ummál tóftar 7 x 7 m. Veggirnir eru allt að 1,5 m háir og alveg grónir líkt og garðveggirnir. Kirkjuveggirnir eru ekki samsíða veggjum garðsins umhverfis.

Heimildir: SJM II, 34; HH: Mannvistarminjar í Fljótsdalshéraði, 24; DB: "Við norðurbrún Vatnajökuls", 164; ÁG: Skrá um friðlýstar fornleifar, 56

NM-169:003 *Skriðuklaustur* heimild um klaustur 65°02.381N 14°57.034V

"Tættur klausturrústanna ... Hafa líklega verið spölkorn innan og ofan bæjar, um það bil sem kúahlaðan er nú, og sér þeirra nú ekki teljandi merki", segir í Sveitum og jörðum. Uppdráttur af tóftum á Skriðuklaustri eftir DB frá 1901. "Um það bil 40 lanum vestan bæjarhúsanna er tótt (b), sem mun vera frá tímum klaustursins. Hún er 30-40 skrefa löng og mest 24 skref á breidd. Í bakka á djúpum skurði við annan enda rústarinnar kemur í ljós, að grunnurinn hefur verið hlaðinn úr grjóti, sem nú liggur á fjögurra feta dýpi í jörð. Enn er hin þriðja tótt © þar á túninu og er nú minni." "Vegur Skriðu hefst er sýslumannshjónin á Víðivöllum, Hallsteinn Þorsteinsson og Sesselja Þorsteinsdóttir, gefa jörðina til klausturhalds 1493. Klaustrið var stofnað síðast klaustura á Íslandi 1496, og helgað "guði almáttugum, jungfrú Maríu og helgu blóði til ævinlegs klausturs." Það var munkaklaustur undir stjórn priora, en ekki ábóta. Fjórir urðu priorarnir, áður en það var lagt niður 1552 eftir aðeins 56 ára starfstíma ... Barnaskóli var í klaustrinu, en annars fer ekki sögum af menningarstarfsemi þar. Veraldargengið var þeim mun meira, og auðgaðist það m.a. af gjöfum og jarðakaupum. Í lok starfstímans átti stofnunin auk heimajarðar og meðfylgjandi hjáleigna 37 jarðir í 13 sveitum austurlands ..." Ekki er vitað nákvæmlega hvar klaustrið stóð. Samarið 2000 gróf Steinunn Kristjánsdóttir prufuskurði í túni, fast uppvið norðurhlíð gamla kirkjugarðsins (002). Þar var komið niður á hleðslur og ljóst að þar hefur staðið bygging. Ekki er þó hægt að staðfesta að það hafi verið klaustrið.

Sléttað tún. Ekkert sést á yfirborðinu sem bendir til mannvistarleifa.

Heimildir: SJM II, 34; HH: Mannvistarminjar í Fljótsdalshéraði, 24; DB: "Við norðurbrún Vatnajökuls", 163-164

NM-169:006 *Ysti-Nátthagi* garðlag nátthagi 65°02.469N 14°56.953V

Í örnefnalýsingu segir: "Innan við Runkamýri, á hjallanum ofan við Klausturhamra, eru fjögur túnstykki í röð, sem heita Ysti-Nátthagi, Kirkjuvöllur, Mið-Nátthagi og Fremsti-Nátthagi." Daniel Bruun sá afgirtan nátthaga á ferð sinni 1901. Ekki sáust mannvirki í Mið- og Fremsta-Nátthaga. Ysti-Nátthagi hlýtur að vera stykkið norðan við Kirkjuvöll, þar sem friðlýsta kirkjutóftin (002) er. Þar, tæpa 80 m norður af reykkofo (024) er garðbrot. Að mestu sléttað tún en um 20 m breið grasrönd í órækt er upp við klettabrúnina.

13 m langur garður liggur þvert yfir grasröndina, rúmlega 1 m breiður og 1,2 - 1,3 m á hæð. Nær algróinn en töluvert grjót sést í kring. Austurhluti garðsins hverfur í skurði sem liggur samsíða túninu. Uppi á klettabrúninni vestan garðsins vottar fyrir garðleifum en mjög er það óglögg sökum þýfis og grass. Þetta gætu vel verið leifar af nátthaga.

Heimildir: DB: "Við norðurbrún Vatnajökuls", 165; Örnefnaskrá Skriðuklausturs bls. 3, endurskoðuð af H.Hall.

NM-169:007 *Grundarhús* hleðsla fjárhús 65°02.599N 14°56.937V

HH: "Grundarhús. Þetta eru einu torfgrjót-fjárhúsin sem enn standa á Klaustri. Þau eru á túninu (Grundunum), spölkorn utan við bæinn. Þetta eru tvö fjárhús, sem byggð eru saman í vinkil, og allstór hlaða úr bárujárn í horninu. Húsin eru bæði með jarnþaki, en að öðru leyti upprunaleg. Veggir eru farnir að bila á fremra húsinu." Rúma 350 m norðan við bæ stendur stök hlaða jarnklædd, byggð inni í gömlum grjóthleðslum sem gætu verið leifarnar af Grundarhúsum.

Nú er tún norðan við hlöðuna, mjög grösugt umhverfis húsið.

Hlaðan er um 6 x 12 m. Um 1 m þykkar grjóthleðslur og metersháar eru með skammhliðunum, sýnast gamlar því að skófir vaxa á steinum. Umfö 4-5.

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 25

NM-169:008 *Hringur* heimild um traðir 65°02.418N 14°57.178V

HH: "Framan við bæinn voru djúpar traðir, grjóthlaðnar að innanverðu, og var hægt að loka þeim á tveim stöðum og nota þannig sem hestarétt." "Upp af Fit og Fremsta-Nátthaga er svæði, sem heitir Hringur. Ofan við

Hring var áður geysistór hestarétt og djúpar traðir", segir í örnefnalýsingu. Ennfremur segir: "Þetta merka mannvirki var sléttað með jarðýtu í kringum 1950. Sér þó enn móta fyrir hvar traðirnar hafa legið." Ekki sér nú móta fyrir neinu framan við bæinn.

Sléttur grasvöllur.

Heimildir: HH: Mannvistarmínjar í Fljótsdal, 24; Ö-Skriðuklaustur, 4

NM-169:009 garðlag áveita 65°02.601N 14°55.225V

"Í sóknarlýs. 1839 getur um uppistöðuáveitu á Klausturnesi." segir í Sveitum og jörðum. HH: "Á Klausturnesi eru áveitugarðar og tilheyrandi mannvirki frá síðustu öld og framan af þessar." Áveitugarðar sjást á nokkrum stöðum á Klausturnesi. Mestu mannvirkin eru utarlega á nesinu, skammt frá landamerkjaskurði milli Skriðuklausturs og Hamborgar.

Flatt nes og gróið, nú tún að miklum hluta.

Hlaðnir torfgarðar um tvær tjarnir sem nú eru vatnslitlar en vatn rennur úr annarri út í Jökulsá. Reisulegir garðar, allt að 0,8 m háir, grænir og gróskumiklir.

Heimildir: SJM II, 36; HH: Mannvistarmínjar í Fljótsdalshéraði, 25

NM-169:010 heimild um myllu 65°02.712N 14°55.697V

HH: "Þá má nefna myllutótt við skurð úti í Melakróki yst á Nesinu. Þar lét Halldór byggja myllu, með stórum "skúffuvatnshjóli", sem gárungar nefndu "Veraldarhjólið", því að fallið var næstum ekkert en stöðugt streymi af kaldavermslisvatni í skurðinum, sumar sem vetur" "Silungakíll, sem er á merkjum; upp úr honum hefur svo Mylluskurðurinn verið grafinn á merkjunum til að fá vatn fyrir kornmyllu", segir í örnefnalýsingu. Tóftin er rúmlega 1 km. norðaustur af bæ, 30-40 m norðan við slóða sem liggur út á nesið.

Nokkuð þýft en grasi gróið.

Hér eru mínjar sem hljóta að tengjast myllunni, fast út við skurðinn sem þjónar einnig sem landamerki. Eingöld veggheðsla 5-6 m löng, 1m breið og álíka há. Ekki sést grjót. Út frá þessu mótar svo fyrir skurði, veigalitlum og sennilega handgröfnum, út í tjörn sem er 20-30 m austar en nú uppþornuð.

Heimildir: HH: Mannvistarmínjar í Fljótsdal, 25; Ö-Skriðuklaustur, 1

NM-169:011 Álar heimild um vað 65°02.102N 14°55.764V

"Nú förum við inn fyrir Krókakíl og inn bakkann þar. Þar af bökkunum er yzta vaðið yfir ána, það heitir Álar," segir í örnefnalýsingu. Vaðið var nær beint niður af Skriðuklaustri, yst á nesinu þar sem það gengur lengst út í ána.

Gróinn bakki, tún upp af honum. Álarnir sýnast mjög djúpir nú, sandeyrar á milli.

Heimildir: Ö-Skriðuklaustur, 2

NM-169:012 Bjarnarbrot heimild um vað 65°01.466N 14°56.447V

"Þá eru hér innar tvö vöð á ánni, Kirkjubrot (er í Valþjófsstaðalandi) og Bjarnabrotin en það var þrautavað á ánni", segir í örnefnalýsingu. Í annarri lýsingu segir: "Bjarnabrot var þrautavað á ánni, það var í stefnu á Veturhús [NM-155-026], beitarhús frá Víðivöllum ytri, sunnan ár."

Grónir bakkar, túnrækt.

Vaðið líklega ófært, djúpir álar og sandeyrar.

Heimildir: Ö-Skriðuklaustur, 2

NM-169:013 garðlag 65°01.748N 14°56.311V

"Nokkuð innan við Álana liggur tangi fram af bökkunum út að ánni, hann heitir Klausturtangi. Upp frá tanganum liggur smágarður, svæðið utan við þann garð heitir Nýjalón", segir í örnefnalýsingu. Staðurinn er tæpa 800 m innan eða sunnan við Ála (011).

Sléttir og grónir bakkar, tún að mestu.

Torfgarðsstubbur sem liggur upp frá bakkanum, um 6 m langur, 1 m breiður og allt að 1 m hár. Meiri um sig en hinn dæmigerði áveitugarður, e.t.v. hlaðinn til að skilja sundur slægjustykki.

Heimildir: Ö-Skriðuklaustur, 2

NM-169:014 garðlag 65°01.550N 14°56.288V

370 m suður af 013 er annað garðbrot.

Sléttir og grónir bakkar, tún að mestu.

2 m breiður torfgarður og um 40 m langur, virðist tvöfaldur og siginn í miðju eftir endilöngu. Liggur frá ánni og upp að dæld sem gæti hafa verið tjörn. Greinilegt að rask hefur orðið á hluta garðsins og nánasta umhverfi vegna túnræktar. Líklega áveitugarður.

NM-169:015 heimild um stekk 65°02.616N 14°56.678V
"Í Höllunum er allmikill kletthjalli, sem heitir Stekkjarhjalli. Hjallinn er breiður og nær út að Bessastaða[ár]melum, ofan við Melakrókinn. Í innri enda Stekkjarhjalla heitir Stekkjarskot. Þar ganga fram klettur, sem mynda þetta skot. Það var hægt að refta milli þeirra, og þá var komið skýli", segir í örnefnalýsingu. Hjallinn er um 540 m norður af bæ.
Sést vel frá veginum, aflangt klettabelti sem liggur norður-suður, sumstaðar allt að 4-5 m hátt. Gróin brekka fyrir framan og fram af henni ræktað tún.
Engu líkara en hluti klettsins hafi klofnað frá því að stök, þverhnipt plata, um 2 m há, stendur 1-2 m frá hjallanum og myndast lítið skot á milli, um 1 x 3 m stórt. Engar hleðslur sjáanlegar.
Heimildir: Ö-Skriðuklaustur, 3

NM-169:016 *Vörðumelur* örnefni 65°02.913N 14°56.038V
"Vörðumelur liggur út af Stekkjarhjalla [015] ofan við Melkrök hægra megin við veginn, þegar farið er út eftir", segir í örnefnalýsingu.
Gróinn melur.
Hér sést engin varða og eins víst að aldrei hafi verið. Stutt er á milli bæja og engin ástæða til að varða leiðina. Hinsvegar eru grjóthrúgöld hér og þar og minna á vörður. Gæti nafnið verið þannig tilkomið.
Heimildir: Ö-Skriðuklaustur, 3

NM-169:017 *Bunuvellir* heimild um þvottastað 65°02.309N 14°57.179V
"... þá er Kirkjuvöllur. Þar eru leifar af hinum forna kirkjugarði [002] ... Í króki milli Yzta-Nátthaga og Kirkjuvallar heita Bunuvellir. Þar var ullin þvegin við læk, sem síðar var svo virkjaður til ljósa", segir í örnefnalýsingu. Bunuvellir eru rúma 260 m suðaustur af bæ og 160 m suðvestur af kirkjugarði.
Lítið gil sem lækur hefur grafið. Rennur í skurð þar sem hallanum sleppir, þar er nú ræktað tún.
Engin mannvirki sjást á Bunuvöllum.
Heimildir: Ö-Skriðuklaustur, 3

NM-169:024 hús útihús 65°02.432N 14°56.999V
190 m austur af bæjarhól (001) og um 110 m norður af friðlýstum kirkjugarði (002) er kofi með grjóthlöðnum veggjum.
Byggður utan í bratta brekku sem liggur norður-suður neðan við bæinn. Óslegin ræma meðfram henni en spólkorn austar er tún.
Kofinn er 4 x 5 m. Veggir úr torfi og grjóti en þak og stafn úr bárujárni. Byggður inn í brekku að hluta. Laglega hlaðinn. Hefur síðast verið notaður sem reykkofti af lykt að dæma en virðist ekki lengur í notkun.

NM-169:025 *Friðrikslónsgarður* garðlag 65°02.238N 14°56.874V
"Norðaustur úr Gortjörn er Friðrikslónsgarður," segir í örnefnalýsingu. Í annari lýsingu er Gortjörn lýst ásamt Lómatjörnum en síðan sagt að þær séu allar horfnar vegna framræslu. Ekki er alveg ljóst hvar Gortjörn var. Hins vegar er stakur garður á Klausturnesi sem ekki er getið annarsstaðar og gæti það verið Friðrikslónsgarður. Þetta er um 300 m suðaustur af kirkjugarði (002).
Slétt graslendi, beitiland fyrir hross að mestu.
Garðurinn á upptök sín skurði sem er samsíða klettabeltinu neðan kirkjugarðsins. Fyrst liggur hann um 100 m til austurs en beytir svo til norðausturs um 150-200 m en hverfur þar í skurð. Allt að 1 m hár og ámóta breiður. Torfhláðinn og býsna þýfður og óreglulegur
Heimildir: Ö-Skriðuklaustur, 7; Örnefnaskrá Skriðuklausturs endurskoðuð af H.Hall, 2

NM-169:026 *Bessasteinn* þjóðsaga manndómsraun 65°02.437N 14°57.180V
GG: "Meðal frægustu fornminja á Skriðuklaustri er svonefndur Bessasteinn, kúlulaga sveinvala, nokkru stærri en fótolti, með smáslöðri á einum stað. ... Hann er nú í "garðinum" fyrir sunnan Gunnarshúsið." HH: "Reyndar er annar slíkur [aflraunasteinn] við hlið Bessasteins á Skriðuklaustri, og hef ég engar fregnir haft af uppruna hans. ... Þessi steinn er heldur stærri en Bessasteinn, að lögun sem dálítið afflött kúla, og hvergi teljandi dæld eða slöður í honum." FF: "Steinn þessi - kalladur Bessasteinn - er einþa geimdur, sem minnis merki Bessa a Skridu-Klaustri, og þar hafnframt hafður til að reina á hraustleika Karlmannna, og þykir það hraustr madur, er gétr kastad honum yfir oxl ser og apturfyrir; hefja því færri hann meir en á bríngu og þykir það medalmans tak." "Aflraunir við Bessastein voru þrjár. Í fyrsta lagi að grasa honum, lyfta úr grasi, í öðru lagi að lyfta honum í hnéhæð, í þriðja lagi að lyfta honum á réttarvegginn, og var þá aflrauninni lokið." Bessasteinn er nú ásamt öðrum aflraunasteini 20-30 m fyrir sunnan hús Gunnars Gunnarssonar, undir reynitrijám sem staðið hafa framan við gamla Skriðuklaustursbæinn.

Sléttur grasblettur. Steinarnir tveir eru líkir, ávalir og egglega með slétta áferð, Bessasteinn líklega heldur minni. Á milli steinanna tveggja er þriðji steinninn, ólíkur hinum. Ekki vitað hvort hann hafði sérstakt hluterk.

Heimildir: FF I, 34; Gestur Guðfinnsson: "Steinatök eða aflraunasteinar Farfuglinn 1977; HH: "Þrír steinar á Skriðuklaustri", Austri 24. árg.

NM-169:028 *Hestasteinn* þjóðsaga

65°02.452N 14°57.112V

HH: "Enn er þriðji steinninn á Klaustri, langtum stærstur, eins og breiðvaxin kringla í laginu, en ekki vatnsnúinn neitt svipað og hinir. Ofan í hann miðjan hefur verið höggvin hola, nærri ferköntuð, og um 15 sm. djúp. Í holu þessa hefur líklega verið rekinn staur eða kengur, er síðar var notaður til að binda við hesta, því að steinninn er nefndur Hestasteinn. Hann stendur nú á stalli austan við Gunnarshúsið." "Í viðtali í Morgunblaðinu ... hefur Þór Þorbergsson tilraunastjóri það eftir Einari Pálssyni ... að Hestasteinninn muni líklega vera gamall "blótsteinn", og þá líklega vera ættaður úr hofi Bessa á Bessastöðum, sem fyrr var getið, en hofið kemur við sögu í Fljótisdælu ... Má vera að þarna sé kominn hinn upphaflegi "Bessasteinn", er svo hafi verið nefndur vegna tengsla hans við hofið, sem hefur þó líklega aldrei verið til ..." Steinninn stendur á sléttri flöt 10 -20 m austan við hús Gunnars Gunnarssonar.

Slétt grasflöt og slegin.

Steinninn er hringlaga, flatur að ofan og vaxinn skófum. Um 30 cm hár og nálega 80 x 80 cm að ummáli. Í honum miðjum að ofan er rúmlega 10 cm djúpt gat sem er nær því að vera ferkantað en hringlaga. Ummál þess er um 10 x 10 cm.

Heimildir: HH: "Þrír steinar á Skriðuklaustri", Austri 24 árg

NM-171 Bessastaðargerði

Hjáleiga Bessastaða. 8 hdr. 1695. "Landamörk við Mela eru frá Kíl við Jökulsá og við Bessastaði frá Jökulsá eftir hlöðnum áveitugarði á nesinu og síðan beint í Breiðagil í fjalli." SJM II, 28.

1918: Tún 3,1 ha, garðar 540 m². "Bærinn stendur skammt ofan vegar undir neðstu heiðarbrekkunum, og gamla túnið á sléttum harðvellisgrundum í kring og mikill hluti hins nýja einnig á sléttum harðvellissvæðum niðri í nesinu, ... Mestallt túnið er ræktað á órótuðu landi, þar sem áður voru ágætar engjar. Bessastaðir áttu engjaftak í landi B í svonefndum Töglum. B þótti og þykir enn notarleg og farsæl bújörð, bæði tún og engar grasgefið, og einstaklega þægilegt aðvinnslu á sléttu á lárétu landi." SJM II, 28.

NM-171:005 garðlag áveita

65°03.369N 14°53.961V

"Áveituskurðir og garðahleðslur á nesinu", segir í Sveitum og jörðum. Áveitumannvirki eru um 1 km austur af bæ.

Slétt og gróið nes, myndað af árframburði. Nú að miklu leyti ræktað tún.

Torfgarður, allt að 800-1000 m langur liggur frá austri til vesturs um tún sem er beint niður af bænum Litlu-Grund. Ekki þráðbeinn. Um 100 m frá Jökulsánni skiptist hann í tvennt og liggur þar á bökkum lítillar tjarnar. Garðurinn er heillegur og allt að 1 m hár. Þar sem hann liggur um túnið er girðing á honum; hann mun einnig hafa þjónað sem landamerki milli Bessastaðagerðis og Bessastaða.

Heimildir: SJM II, 29

NM-172 Melar

Hjáleiga Bessastaða. 6 hdr. 1695. "Brekkulækur og Hengifoss skipta löndum milli M og Hjarlarbóls og úr gilskarftinum ræður sjónhending niður eyrarnar í Jökulsá. Þrætuland er niðri á sléttunni neðan vegar við Hengifossána, sem hefur breytt um farveg." SJM II, 26.

1918: Tún 3,8 ha, garðar 2350 m². "Gamla túnið var greiðfært til aðvinnslu, en þurrt og hólótt og brunhætta, engjar nærtækar, samfelldar og í grasgefna lagi, einkum niðri í nesinu, þar sem áveita var á engi fram undir 1950. Þær þóttu sérlega heygóðar, en "því nær árlega háðar skemmdum af aur og grjóthlaupum."" SJM II, 26.

NM-172:015 garðlag áveita

65°03.824N 14°53.393V

Suðaustur af Melabænum, um 1 km, 2-300 m norðan árinna sem er næst sunnan Hengifossár, eru áveitumannvirki.

Sléttir árbakkar. Víða þurrlegt og jafnvel leirborinn jarðvegur en kílar og dý inn á milli.

Nokkrir áveitugarðar sjáanlegir. Mest áberandi er torfgarður, hlaðinn um tjörn sem er um 10 x 30 m. Hleðsluhæð mest um 0,5 m.

NM-173 Hamborg

Hjáleiga Bessastaða. 6 hdr. 1695. "Jörðin á land frá Bessastaðargili og að Bessastaðalæk rétt innan við Eyrarland, auk þess væna engjaspildu í Klaustur- og Bessastaðangi, og heiðarflæmi, sv. Bessastaðavatn neðan

af Ingiríði og nv. á hreppamörk á Miðheiði. Ingiríður er kletthæð í hlíðarbrúninni upp af H ... Jörðin fór í eyði 1958." SJM II, 33.

1918: Tún 3,2 ha, garðar 1060 m², nátthagi 0,3 ha. "Jörðin er áþekkt að náttúrifari og t.d. Bessastaðir, töluvert ræktunahæft land ónotað, sumarhagar miklir og ágætir, en útbeit létt og vetrarbeitilandið þröngt." SJM II, 33.

NM-173:016 garðlag áveita 65°02.666N 14°55.001V

Um 100 m sunnan við rafmagnslínu sem liggur yfir Jökulsá frá Hamborgartanga rennur kíll eða smálækur út í ána. Hann er nálægt mörkum Hamborgar og Skriðuklausturs. Við lækinn eru áveitugarðar.

Sléttir og grónir árbakkar.

Austast, við ána eru garðarnir tveir, annar sveigir að kílnum eftir um 50 m en hinn heldur áfram til vesturs. Þetta er norðan lækjarins. Torfhlaðnir garðar, mest um 0,5 m háir. Einnig eru garðlög sunnan lækjar en þau gætu verið í Skriðuklausturslandi.

NM-173:017 *Leikskálar* heimild um 65°02.697N 14°54.866V

HH: "Leikskálar. Eru tættur niður á nesinu (eða Hamborgartanga), niður undir Ánna. Halda menn að þar hafi verið leikskálar, sem þjóðsögur telja að hafi verið samkomustaður (og líklega bær) Fljótsdæla í fornöld, og við hann sé kennt Skálavað, sem getið er í Hrafnkelu, en þar er nú ekkert vað." "Yzt í Fremstalóni eru fornar rústir. Þar gætu verið Leikskálar, sem nefndir eru ... Þar stutt frá, við Melakvísl, er sagt, að hafi verið vað á Jökulsá, Skálavað [018] ..." segir í örnefnalýsingu. DB: "... á gróinni sléttu fast við ána eru nokkrar tættur, sem nefnast Skálatættur og nálægt þeim sjást enn fornar reiðgötur [Bessagötur]." "Þar sé enn fornar girðingar og tóftir, hvort sem það hefir verið bær eða skálar. Þar upp frá má sjá 13 fornar götur, sem minna á, að þar hefir lengi verið þjóðvegur. Nú fara það engir um, og ekki er áin fær það niður af ..." Enginn heimildarmanna kannaðist við þessar tættur. Gengið var um staðinn sem lýst var og að lokum fundust óreglulegar þústir um 125 m norður af meintu Skálavaði (018). Þetta er örfáum metrum sunnan við raflínu sem liggur yfir Jökulsá.

Sléttar og grónar grundir.

Mjög óljósar þústir, gætu verið leifar af gamalli áveitu. Þetta eru einu hugsanlegu tóftirnar sem fundust á svæðinu.

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 26; Ö-Hamborg, 4; DB: "Við norðurbrún Vatnajökuls", 163, 164

NM-173:018 *Skálavað* heimild um vað 65°02.644N 14°54.961V

HH: "Leikskálar. Eru tættur niður á nesinu (eða Hamborgartanga), niður undir Ánna. Halda menn að þar hafi verið leikskálar, sem þjóðsögur telja að hafi verið samkomustaður (og líklega bær) Fljótsdæla í fornöld, og við hann sé kennt Skálavað, sem getið er í Hrafnkelu, en þar er nú ekkert vað." "Yzt í Fremstalóni eru fornar rústir. Þar gætu verið Leikskálar, sem nefndir eru ... Þar stutt frá, við Melakvísl, er sagt, að hafi verið var á Jökulsá, Skálavað ..." segir í örnefnalýsingu. Melakvísl er skv. örnefnaskrá næsta kvísl norðan Silungakvísar sem er á mörkum við Skriðuklaustur.

Milli kvíslanna tveggja eru í mesta lagi 100 m. Um 100 m norðar er rafmagnslína sem liggur til austurs yfir Jökulsá.

Grónir og sléttir bakkar að vesta en töluverður bratti austan megin.

Heimildir: IF XI, 126; HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 26; Ö-Hamborg, 4

NM-173:023 garðlag áveita 65°02.946N 14°54.192V

Garðlag liggur upp frá Jökulsá beint neðan við bæinn Eyyrarland. Gæti vel verið sama og segir um í örnefnaskrá: "Merkin móti Bessastöðum eru um landamerkjagarð, sem liggur úr bakka Jökulsár í áveituskurð, utanvert við Þræturofu."

Sléttir árbakkar og víðáttumiklir, nú að mestu leyti tún.

Torfgarður, liggur í hlykkjum upp frá ánni í skurð rúma 100 m frá árbakkanum. Sumsstaðar vottar fyrir gördum út frá honum, augljóslega áveitumannvirki. Garðurinn er mestur og beinastur niður við ána.

Heimildir: Ö-Hamborg, 1

NM-173:024 garðlag áveita 65°02.851N 14°54.487V

Meðfram Ferjukíll (025) eru áveitugarðar.

Sléttir og grónir árbakkar.

Áveitugarður liggur upp frá Jökulsá og umhverfis kílinn. Torfhlaðinn, liggur í sveigju og er alls um 40 m langur.

NM-173:025 *Ferjukíll* örnefni ferja 65°02.853N 14°54.468V

"Ofan við þetta [Fremstalón og Stóralón] er Langalón, og þar utar Nýjalón. Þar utar er Illaþýfi, neðar er Blautaker og Pyttur. Ofar er svo Merkjálón, svo er Ferjukíll og yzt er Útgrund", segir í örnefnaskrá. Kíllinn er

um 270 m fyrir innan markagarðinn (023).

Sléttir og víðáttumiklir árbakkar, nú að miklu leyti tún.

Smákíll upp frá Jökulsánni. Líklegt er að þarna hafi verið lent þegar ferjað var frá Hrafnkelsstöðum (NM-154-027).

Heimildir: Ö-Hamborg, 1

NM-174 Brekka

16 hdr. 1695. 30 hdr. 1847. 1492: Vottunarbréf um að Brekka eigi skóg í landi Hallormsstaðar. "... fyrir vtan Merkeaa í Skoogum og fyrir nedan Reidgoturnar. Enn vtad læknum sem næst fellur ane." DI IX, 43. 1513: Selur Einar Hallsteinsson Skriðuklaustri jörðina Brekku. DI VIII, 465. Skriðuklausturseign. Hjáleigur Brekkugerði og Brekkugerðishús. "Landamörk við Mela voru áður en nýbýblið Hjarðarból var stofnað við Hengifossá neðan brúna og úr gilkaftinum ofan við veginn niður í fljót, en þar er þrætuland. Mörk við Brekkugerði eru við Illukeldu um 500 m innan við Grundarlæk og ofar við Brekkulæk. ... Heiðarlandið er óskipt milli B og hina jarðanna í Brekkutorfunni og víða raunar óljóst um mörk milli jarða, týnd og gleymd þau örnefni, sem mörk eru miðuð við, vörður hrundar og horfnar, B á þó land að Sellæk ofan við Hengfoss, og líklega í steinana Bræður á Bræðraöldu á hreppamörkum." SJM II, 23-24.

1918: Tún 5,6 ha, garðar 2250 m².

NM-174:010 gata leið

65°04.797N 14°51.127V

10 m austan við nánthaga og Brekkustekk (010).

Gróinn árbakki.

Greinilegar götur sem liggja úr norðri til suðurs, allt að fimm samhliða göturoðningar. Sjást aðeins vel á skömmum kafla.

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótssdal, 32

NM-174:011 garðlag nánthagi

65°04.808N 14°51.200V

HH: "Brekkestekkur var niður við Fljótssbotn (Árnar), rétt fyrir innan Hölná, og grjóthlaðinn nánthagi við hann, sem enn stendur." 900-1000 m suður af bæ, fast sunnan við Hölná en líklega rúma 100 m frá fljótinu.

Gróin en fremur óslétt grund austan undir allháu og sérstæðu klettabelti.

Stór nánthagi, þrjár hliðar og klettabeltið gegnir hlutverki þeirrar fjórðu. Ferningslaga, stærð alls 50 x 60 m. Veggir að mestu hrundir en ógrónir, greinilegt að rekið hefur verið inn á miðri austurhlið. Stekkurinn er samhlaðinn í suðvesturhorni nánthagans, hleðslur hans að mestu grónar. Suðurlangveggur hans er hluti nánthaga. Tvíhólfa, alls 4 x 10 m, lambakró þar af 4 x 4 m. Rekið hefur verið inn að austan í stekkin úr nánthagnum.

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótssdal, 32

NM-174:012 heimild

HH: "Rétt fyrir utan bæinn eru minjar um rafstöð, sem byggð var 1927, en þá endurnýjuð síðar og lögð niður 1972. Uppi á Bæjarhólnum er inntaksdammur stöðvarinnar, en stíflan í Brekkulæknum, sem var rétt fyrir ofan vegin, er næstum horfin. Stöðvarhúsið er niðri í gilinu, hrunið saman." Rúma 130 m austur af bæjarhúsunum.

Hallandi grund neðan undir snarbrattri en gróinni brekku.

Steyptir veggir stöðvarinnar standa enn að mestu og fallið bárujárnsþak í rústunum, húsið hefur verið um 6 x 2 m. Suðurlangveggur er fallinn eða hefur verið rifinn. Veggir hafa verið niðurgrafnir til hálfis en þar sem þeir hafa brotnað frá örlar á grjóthleðslu. Greinilega sést skurður upp brattann vestan við við stöðina og hefur fallhæð vatnsins verið býsna mikil. Húsið stendur í þessum skurði sem liggur svo áfram út í fljót.

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótssdal, 33

NM-174:013 heimild um áveitu

65°04.238N 14°52.441V

"Á Miðhólma var gömul áveita úr Hengifossá kölluð Stóralón. Nú er þetta land mestallt ónýtt af malarframburði árinna", segir í örnefnaskrá. Þetta er í landi Hjarðarbóls. Miðhólmi er alveg niður við fljót, afmarkast af Hengifossá og auðum farvegi norðan hennar.

Sandbornar eyrar, að nokkru leyti grónar. Tún ræktað á hluta þeirra.

Ekki sjást greinileg merki um áveitu, t.d. engir garðar. Hins vegar er um 0,5 m breið rás, 2-3 m löng, í bakka Hengifossár um 100 m frá fljóti. Liggur til norðvesturs úr djúpum hyl og gæti verið manngerð.

Heimildir: Ö-Hjarðarból, 3

NM-174:015 Fljótshús tóft skemma

65°05.093N 14°50.110V

HH: "Á fyrstu áratugum þessarar aldar gekk áætlunarbátur á Lagarfljóti, frá Egilsstöðum á Völlum upp í Brekku. Við Fljótssbotninn á Brekku var byggt hús til að geyma vörur, sem komu með bátum, og var það nefnt

Fljótshús. Tóttin sést þar en, um 200 m inn og niður frá bænum, niður við sandinn. Hún er ca. 5x2,5 m að innanmáli, með dyrum austan á langvegg. Veggir hafa verið úr grjóti neðst, en síðar úr torfi, og líklega hefur verið járnþak á húsinu." Rétt innan við 150 m austur og niður frá bæ.

Stallur í mjög brattri en gróinni brekku niður af bæ, um 40-50 m frá fljótsbakka.

Greinileg tóft en gróin, 3 x 5 m, dyr sjást nú ekki. Virðist alls 5 x 5 m því að sunnan við tóftina, sem er með greinilegri dæld innan veggja, er upphlaðinn stallur, alls 2 x 5 m. Veggir töluvert signir og aðeins sést grjót í stallinum á einum stað.

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 33

NM-174:016 *Bátshús* tóft

65°05.124N 14°49.993V

HH: "Út við Brekkjulækjarósinn, skammt frá rafstöðvarhúsinu, er steypdur grunnur af tímurhúsi, sem líklega var nefnt Bátshús, því að þar var báturinn geymdur á vetrum, a.m.k. síðari hluta þess tímabils er hann gekk." 50-60 m austan við leifar af rafstöðvarhúsi (012) og um 10 m frá fljóti.

Sand- og grjótrönd við fljótið en svo grasbakki.

Steypiti grunnurinn er alls 9 x 4 m, hann er á grasi vöxnum bakka. Steypa sést aðeins á suður- og austurhlið, hinar hliðarnar sýnast a.m.k. að hluta til grjóthlaðnar. Austan við þetta og nánast sambyggð er bogadregin grjóthleðsla, gæti verið naust til að geyma bátinn í á sumrum. Alls um 2 m breitt og 5 m langt en norðurhliðin er mun lengri og heillegri en sú syðri. Hleðsla ógróin að innan, hlaðið úr ávölu, vatnsorfnu grjóti. Hleðsluhæð um 1,1 m.

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 33

NM-174:017 garðlag túngarður

65°05.123N 14°50.013V

"Líkl. um 1920: Tún og hagagirðing, gaddavír að hluta á gömlum garði," segir í Sveitum og jörðum. Um 5 m norðan við rafstöðina (012) er garður, líklega gamall túngarður.

Hallandi grund neðan undir snarbrattri en gróinni brekku.

Grjóthlaðinn garður, nær alveg gróinn. Allt að 1,5 m breiður en 0,5 - 1 m á hæð. Liggur allt frá fljótinu upp að gili ofan rafstöðvarinnar, alls 40 m. Bú er hrörleg girðing ofan á honum.

Heimildir: SJM II, 24

NM-175 Brekkugerði

Hjáleiga frá Brekku. 12 hdr. 1695, 1847. "Landamörk við Hús eru við Brúarlæk milli bæjanna, sem örskammt er á milli, og voru Hús nytjuð frá B, meðan óbyggð voru. Mörkin við Brekku eru við Illukeldu við Lagarfljót. Ræður sú kelda í Selgil og síðan sjónhending í Hengifossá. Lengra ná mörk B og Húsa ekki, en býlin eiga hlutdeild í heiðinni og upprekstrarland." SJM II, 20.

1918: Tún 7,2, garðar 3000 m². "Gamla túnið var fremur snögglent og raklent með köflum, engjar ósamfelldar og sumar í fjalli, heybandsvegur þangað langur og ógreiðfær. Hins vegar þóttu þær grasgefnar og víðast þurrar, en heyið létt til fóðurs. Beit er I F'18 talin fremur léleg í neðra landinu og hagar snöggir, en þeim mun betri í fjallinu, eftir að gróður lifnar á vorin, hvort heldur er fyrir fé eða stórgripi." SJM II, 20.

NM-175:010 garðlag vörslugarður

65°05.835N 14°48.740V

"Vörslugarður úr stórgryti frá búskapartíð Þorsteins Jónssonar um miðja 19. öld", segir í Sveitum og jörðum. Gamall grjótgarður liggur frá Lagarfljóti og upp að klettabelti skammt neðan vegar. Þetta er nánast beint niður af nýrra íbúðarhúsi í Brekkugerði en sést þó ekki þaðan.

Snarbrött brekka en gróin, m.a. trjárækt. Næst fljótinu er malarrönd.

Garðurinn hefur sýnilega náð allt að vatnsborðinu en er nú hruninn og máður þar. Liggur beint upp brekkuna að þverhníptu klettabelti sem er um 80 m ofar. Hann er að mestu leyti hruninn og lítur ekki út fyrir að hafa nokkurntíma verið mjög hár.

Heimildir: SJM II, 20

NM-175:019 heimild um stekk

65°05.589N 14°49.202V

HH: "Stekkur var inn og niðri í Bökkunum, við Fljótið, upp af Baulutanga, og sjást nokkrar minjar hans þar." "Ef við byrjum við Illukeldu, niður við fljót, þá heita þar Háubakkar. Síðan er stekkjarmelur og Stekkur." segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn er um 500 m suðaustur af bæ, á stalli neðarlega í brattri brekku.

Grösug brekka. Stekkurinn er á sléttum stalli austan undir litlum kletti. 10-20 m sunnar eru upptök jarðfalls eða gildrags sem gengur niður í Lagarfljót.

Ógreinileg tóft og sigin. Mótar samt fyrir veggjum og m.a.s. grjóti á nokkrum stöðum. Aðeins eitt hólf sjáanlegt, alls um 10 x 5 m og virðist opið í norður. Einungis þrjár veggir því að brekkan þjónar hlutverki vesturhliðar. Stekkurinn er frekar ferhyrindur að lögun en veggirnir sumstaðar mjög ógreinilegir, hæð þeirra

mest um 0,8 m.

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 35; Ö-Brekkugerði, 1

NM-175:020 *Skipabotn* heimild um ferju 65°05.864N 14°48.646V

"Ef við byrjum við Illukeldu, niður við fljót, þá heita þar Háubakkar. Síðan er stekkjarmelur og Stekkur. Þá kemur hér niður lækur, sem heitir Grundarlækur, og utan við hann er Borgarhólslæg, sem er beint niður af túni. Þar næst er svo Klif, og Skipabotn er svo framan við Brúarlæk, niður við fljót", segir í örnefnalýsingu. Síðar í sömu lýsingu segir: "Skipabotn mun draga nafn af því, að þar var stundum ferjað yfir Lagarfljót." Skv. heimildamanni nær örnefnið yfir um 2-300 m langt svæði. Það er sú lengja við fljótið sem er milli Brekkugerðis og Brekkugerðishúsa.

Löng vík sem skerst þó lítið inn í landið. Sand- og grjótrönd við fljótið.

Engin mannvirki sjáanleg.

Heimildir: Ö-Brekkugerði, 1, 5

NM-176 Brekkugerðishús

Hjáleiga frá Brekku. 6 hdr. 1695, 1847. Ekki byggt á þessari öld fyrr en 1924. "Tún H og Brekkugerðis ná bæði að Brúnalæk og við hann mörk milli bæjanna neðan brúna. Mörk við Geitagerði eru við Markalæk." SJM II, 21.

"Engjar voru að verulegu leyti til fjalls, þóttu grasgefnar, en engjavegur erfiður, haglendi ágætt eins og á næstu jörðum, hættusamt að vísu víða í tjörnum og kílum á heiðinni, en snjólétt í neðra." SJM II, 21.

NM-176:006 *Fornistekkur* tóft stekkur 65°06.000N 14°48.317V

HH: "Fornistekkur var í svon. Húsateig, milli lækja, niður við fljótið, og sjást minjar hans líklega." Tæpa 90 m suðvestur af nausti (011), ofar í brekkunni er stekkjartóft utan í hól.

Gróin brekka um 50 m frá fljóti. Trjárækt hafin skammt frá.

Tvíhólfa aðhald. Kró, um 5 x 7 m, opin í norðaustur og minni kró inni í henni norðvestan til. Hún er um 2 x 3,5 m. Algróið og hvergi sér í grjót. Veggir heldur grænni en umhverfið en töluvert signir og hvergi hærri en um 0,8 m.

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótsdal, 35

NM-176:011 tóft naust 65°05.987N 14°48.238V

Niður við fljót, nánast beint niður frá Brekkugerðishúsum er tóft, 7-8 m frá fljótinu.

Sandrönd við fljótið en gróið holt þar upp af.

Þarna var naust. Tóftin sést í grónum bakka upp af sandinum. Bátslaga renna, um 4 x 8 m. Engar hleðslur sjáanlegar.

NM-176:012 *Húsatangi* þjóðsaga 65°06.043N 14°47.824V

Húsatangi heitir í landi Brekkugerðishúsa við Geitagerðismörkin, þar sem Marklækur rennur út í fljótið. Samkvæmt þjóðsögu á Lagarfljótsormurinn að vera þar bundinn.

Töluverður sandfláki við fljótið í landi Brekkugerðishúsa en skógur Geitagerðismegin.

Engin hús hafa staðið á tanganum svo vitað sé og líklega að hann sé kenndur við Hús, en það er bærinn oftast kallaður. Þannig er t.d. nafnið Húsateigur sennilega til komið.

NM-177 Arneiðarstaðir

24 hdr. 1695, 30 hndr. 1847. A er nefnd í Droplaugasonasögu og Fljótsdælu en þess er getið þar að A hafi áður heitið Vallholt. IF XI, 140, 233. 1367: Máldagi er til fyrir kristfénu á Arnheiðarstöðum og þá fylgdu því 30 sauðir, 7 kýr og kúgildishross og á drottinn þá 3 hluta í jörðinni. DI III, 240. 1397: aa [Valþjófsstaður] heimaland allt. mulaland [með ummerkjum] Þorgerdarstade. fiordung i aRnneidarstodum. DI IV, 209 1570 og síðar eru A nefndi í máldaga Valþjófsstaðar. DI XV, 681.

1/4 Valþjófskirkjueign, 3/4 eigna fáttækra í Fljótdalshreppi. Hjáleigur Geitagerði og Merki. HÞ: Arneiðarstaðir fallegasti rithátturninn og elsti. Árbók 1923, 91 "Fyrrum náði Arnheiðarstaðalandnorðan frá Hrafnsgerðisá og sv að Marklæk. . Núverandi landamörk við Geitagerði eru Geitá frá fljóti og upp á brúnir og þaðan yfir Hrauk, Ketilraun sunnan til um Hengifossárvatn og sömu stefnu á hreppamörk við Jökuldal á Miðheiði." SJM II, 15.

1918: Tún 7,2 garðar 2200 m². "Gamla túnið var stórt og vel ræktað og "útgræðsluskylið góð" og haglendi ágætt, jafnan beitarsælt í neðra og kjarnahagar í heiði sumar og fram á vetur, uns snjóar hylja land." SJM II, 16.

NM-177:014 heimild um hesthús

65°07.637N 14°45.817V

HH: "Gamalt hesthús var neðan við bæjarhólinn, rétt fyrir ofan veginn, en það var rífið og jafnað við jörðu um 1970." Húsið stóð nálægt 100 m beint sunnan við nýbyggt íbúðarhús á Arnheiðarstöðum.

Tún í halla mót austri. Rafmagnslína liggur nánast yfir staðinn.

Dæld í túni, um 2 x 6 m. Grjót sést á nokkrum stöðum. Húsið var hálfhrunið og sléttað af núverandi ábúanda.

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótisdal, 39

NM-177:015 tóft naust 65°07.522N 14°45.839V

Austsuðaustur af bæ, fast niður við fljótið er tóft. Tvær lindir renna þarna út í fljót og er tóftin norðan við þá syðri.

Sandrönd er alveg niður við fljótið, rúmlega 10 m breið en svo tekur við grasbrekka, þýfð og sundurskorin af giljum. Tóftin er í brekkujaðrinum.

Hálfgrafin inn í brekku, op snýr í austur, út að fljóti. Grjót sést í innanverðum vegg sunnan við dyrnar. Stærð tóftar um 5 x 7 m og dýpt um 1,3 m, þar af er hleðsluhæð þó líklega ekki nema 1 m. Heimildamaður telur að þetta sé naust og telst það mjög trúlegt.

NM-177:016 brú 65°07.520N 14°45.873V

Tæpa 30 m suðvestan við naustið (015) er e.k. jarðbrú yfir lindina en heimildamaður telur hana manngerða.

Grasbrekka, þýfð og sundurskorin af giljum.

Ótrúlega slétt og regluleg, 2 m breið og 3 m löng. Algróin svo að hvergi vottar fyrir hleðslum. Hugsanlegt að hér hafi verið vagnfær leið frá lendingarstað bátsins sem kom með vörur frá Egilstöðum og heim að bænum.

NM-177:030 tóft rétt 65°07.738N 14°45.578V

HH: "Önnur smárétt var í gildragi utan og neðan til túnið, neðan vegar, líklega horfin nú." Leifar réttarinnar eru fast neðan við veginn inn dalinn, nákvæmlega þar sem afleggjarinn heim að bæ sker sig frá honum.

10-20 m breitt gildrag, gróið í botni, liggur frá vegi og niður að fljóti.

Vottar fyrir hleðslum efst í gilinu, næst vegi. 6 m langur, bogadreginn og algróinn veggur. Annar hugsanlega á móti honum, samgróinn gilbarminum. Ef það er veggur má ætla að stærð réttar hafi verið um 6 x 10 m.

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótisdal, 40

NM-177:031 heimild um náthaga 65°07.573N 14°45.825V

HH: "Náthagi var neðan vegar, beint niður af bænum, líklega með torfgarði umhverfis, sem nú er horfinn." Náthaginn var örlítið sunnar en beint niður frá bæ, um 100 m frá fljóti.

Sléttað tún.

Náthaginn var nálægt gili sem er sunnan túnsins en nú sjást engar leifar hans. Var sléttaður í tíð núverandi ábúanda.

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótisdal, 40

NM-177:033 Ærhúslág örnefni fjárhús 65°07.722N 14°45.371V

"Utan við hagann er Fjárhúslækur, og beggja vegna lækjarins, þó meir að utan, er Fjárhúslág eða Ærhúslág. Þar utar er Fjárhúsklettur eða Ærhúsklettur, niður við fljót", segir í örnefnaskrá. Ærhúslág er lægð eða dalverpi norðaustur af bæ, fast norðan við gildragið þar sem tóftarbrot 030 er. Kletturinn er norður af henni við fljótið.

Algróin lág en fremur mýrlend. Fram af henni er sandrönd við fljótið.

Engin tóft sjáanleg og almennt talið að láginn og kletturinn séu kennd við Ærhús sem stóð norðan bæjar langt uppi á túni. Hins vegar er garðlag í láginni (034)

Heimildir: Ö-Arnheiðarstaðir, 1

NM-177:034 garðlag 65°07.722N 14°45.371V

"Utan við hagann er Fjárhúslækur, og beggja vegna lækjarins, þó meir að utan, er Fjárhúslág eða Ærhúslág. Þar utar er Fjárhúsklettur eða Ærhúsklettur, niður við fljót", segir í örnefnaskrá. Ærhúslág er lægð eða dalverpi norðaustur af bæ, fast norðan við gildragið þar sem tóftarbrot 030 er. Fast út við sandröndina er garðlag samsíða fljótinu.

Algróin lág en fremur mýrlend. Fram af henni er sandrönd við fljótið.

Torfgarður, um 40 m langur, 0,5 m breiður og ámóta hár. Tilgangur óljós, hugsanlegt að veitt hafi verið á lágina úr bæjarlæk sem rennur um hana. Þannig hafi garðurinn átt að halda vatni uppi á láginni.

NM-177:036 Stekkhús tóftir beitarhús 65°08.362N 14°44.291V

HH: "Önnur beitarhús ... spölkorn utan við Parhúsin, og tilheyra nýbýlinu síðan 1942. Þar voru til skamms tíma tvö einstæð fjárhús, er sneru hornrétt hvort á annað, með um 40 m millibili." Stekkhúsin eru um 1 km norður af bæ, hátt í 100 m austan eða neðan við veg en 50-70 m frá fljótinu.

Standa á nokkuð sléttum bala austan undir brattri brekku sem er að mestu gróin.

HH: "Fremra húsið sneru Au-V, var fremur lítið og kallað Kofi (Stekkhúskofi), ofan við það var heystæði (kuml). Kofinn var alla tíð með torfþaki, en síðast var sett Bretaskálajárn ofan á það. Undirbygging var hefðbundin, með birkitróði og nokkrum hellum. Kofinn var rifinn um 1980, og 1988 var byggt úr honum lítið kartöfluhús. Ytra húsið er er kallað Stóra-Stekkhús, enda er það með lengri fjárhúsum, og hlaða viðbyggð því að utan. Torfþak var á húsinu til um 1970, en þá var sett á það járnþak, þ.e. Bretaskálajárn á járnbogum, sem var rífið 1989. Áður var komið skúrþak af bárujárnri á hlöðuna, líklega sett um 1950. Húsinu hefur ekkert verið breytt á þessari öld, aðeins endurhlaðnir hlutar af efra vegg þess og hlöðunnar. Veggir eru allvel hlaðnir, mikið af hornóttu grjóti, og standa allvel enn, bæði á húsi og hlöðu. Efri (nyrðri) veggurinn er alveg á kafi í jörð að utanverðu, því húsið er byggt í talsverðum halla, sömuleiðis norðurveggur hlöðunnar. ... Merki um túngarð á Stekkhúsum, utanum húsin og gamla túnið, og ivð vegagerð 1935-40 fannst sorphaugur, með ýmsu drasli, m.a. beinum og leirtausbrotum, rétt fyrir neðan Stóra-Stekkhúsið. eru því líkur til, að þar hafi verið búið fyrr á öldum, en engar beinar heimildir eru fyrir því. Etv hefur þarna verið sel eða gerði frá Arneiðarstöðum ..." Annars vegar er um að ræða tóftina af Stekkhúsi, hins vegar uppistandandi kartöfluhús sem hlaðið var úr Stekkhúskofanum. Kartöfluhúsið stendur sunnar. Byggt úr torfi og grjóti. Dyr snúa í austur, að fljótinu og eru tvær hurðir, innri og ytri. Stærð hússins er um 5 x 7 m. Inni eru sperrur og stoðir úr tré og heldur hrörlegt trégoðlf. Líklega enn notað sem kartöflugeymsla. Húsið er fremur kúpt að lögun og algróid nema að framan, þar sést bæði torf og grjót í veggjum. Hleðsluhæð allt að 2 m. Plasteinangrun gægist framundan þaki. 2-3 m austan við húsið sjást leifar af aðskildum, grjóthlöðnum vegg, líklega minjar frá þeim tíma sem húsið var stærra og nefndist Stekkhúskofi. 30 m norðan við kartöflugeymsluna er svo tóftin af Stekkhúsi. Hún er aflöng, 17 x 6 m með dyr allra syðst á austurlanghlið. Veggir einstaklega stæðilegir og vel hlaðnir. Hlaða í norðurenda er enn undir þaki, það er úr bárujárnri og m.a. fest niður með vírum. Hlaðinn milliveggur er milli hlöðu og húss. Allt að 2,8 m hár, þar af grjóthleðsla um 1,2 m og torf þar ofan á, allt að rúmlega 1,5 m. Einn grjóthlaðinn garði með steyptri plötu er eftir húsinu endilöngu, gjafagrind úr tré enn uppistandandi syðst. Dyr yfir í hlöðuna eru beint frá garðanum en hlaðið hefur verið upp í þær til hálfis með torfhnausum svo að ekki er gengt þar inn. Stærð hlöðu um 6 x 6 m. Á vesturvegg hennar er aðeins grjóthleðsla að hluta, annars timburþil. Öll vesturhlið hússins er dálítið niðurgrafin, enda stendur það í svolitlum halla. Þykkt veggja almennt 1 - 1,5 m. Ekki fengust nákvæmar upplýsingar um sorphauginn sem fannst. Um 10 m austan eða neðan við Stekkhúsið liggur gamall slóði og líklegt að hann hafi fundist við þá veglagningu.

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótisdal, 41

NM-177:042 *Parthús* tóft beitarhús

65°08.219N 14°44.573V

HH: "Gömul beitarhús frá Arnheiðarstöðum, sem heyra til nýbýlinu Droplaugarstöðum, frá árinu 1942. Parthúsin eru um 1 km. út frá bænum [þá væntanlega Droplaugarstöðum], rétt neðan við þjóðveginn. Húsin voru einstæð, með hlöðu að baki, og annað minna hús viðbyggt hlöðunni, myndaði rétt horn við aðalhúsið, og var nefnt Parthúskofi. Inn í hann voru um 4 m löng göng, eða andyri." Húsin eru tæpa 400 m suður af Stekkhúsunum (035), 20 -30 m austan vegar.

Tóftin er efst á túblettum sem hallar niður að fljótinu, það er 50-60 m fjær. Sunnan hússins er kartöflugarður.

Svona lýsir Helgi Hallgrímsson húsunum: "Hallgrímur Helgason, breytti húsunum um 1940, byggði annað hús við hliðina á austurhúsinu, eða öllu heldur færði útvegg hússins, svo að húsin urðu tvístæð, með stoðum undir sundinu á milli. Síðar reif hann kofann, og sér hans nú lítil merki. Torfþak var á húsunum meðan þau voru í notkun, en hætt var að nota þau um 1978. Á fremra húsinu var birkitróð undir torfinu, en járn undir þekju ytra hússins, a.m.k. að hluta til, og síðar aðeins járnþak. Hann endurbyggði einnig hlöðuna, stækkaði hana, og setti á hana skúrþak af járnri. Þil var á milli hlöðu og húsa. Húsin féllu fljótt eftir að hætt var að nota þau, og síðustu þökin voru rifin 1987-88. Veggir standa þó enn að mestu, en hafa rofnað nokkuð að utanverðu. Í hlöðunni eru ágætær hleðslur, torf í efri helmingi veggisins, þ.e. hnausar, um 10-12 sm þykkir, ferkantaðir, og sést af öskulaginu í þeim, að veggurinn er byggður um aldamótin. Í sumum hlutum veggisins er óregluleg klömbruhleðsla. Þegar húsin voru endurbyggð um 1940 fannst steinhella með áletrunum ... elsta ártalið er 1836." Tóftin er enn heilleg eða a.m.k. hluti hennar. Snýr austur-vestur með dyr í austur, að fljótinu. Ágætlega hlaðið úr torfi og grjóti, torf sumsstaðar allt að helmingur veggshæðar. Breiðasti veggurinn er allt að 2 m þykkur, umför allt að 10 og veggjahæð upp undir 1,8 m þar sem hún er mest. Húsið er mjór og dýpra í vesturenda þar sem hlaða hefur verið. Líklega hafa verið tvennar dyr að framanverðu. Húsið er 9 m breitt fremst, alls 16 m langt en vesturendi aðeins um 6 m breiður. 3-4 m breitt rof er í miðjum suðurlangvegg.

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótisdal, 40

NM-178 Geitagerði

Hjáleiga Arneiðarsstaða. "Jörðin á um tveggja km. breiða spildu meðfram Lagarfljóti milli Geitár og Merklkjar. Arnheiðarstaðaland er norðan Geitár, en Hús (Brekkuagerðishús) sunnan Marklækjar. Lækur skiptir löndum upp á heiðarbrún, sem er tiltölulega skammt upp af bæ. Þaðan liggur markalínan við Hús gagnert í steinana tvo,

Bræður, á hreppamörkum á Miðheiði." SJM II, 18.

1918: Tún 3,5 ha, garðar 1400, nátthagi 0,5 ha .F,18: "Túnið er 320 arar að flatarmáli, í sæmilega góðri rækt, meirihlutinn slétt og allt greiðfært aðveinnslu; hálent og harðlent og liggur móti sólu, því mjög brunagjarnt í þurrkasumrum. ... Engjar eru samfelldar út frá túninu, sem vatni er veitt yfir á vorin; oftast snöggar og ógreiðfærar til heyskapar vegna þýfis og bleytu. ... Heyskapur í fjalli langsóttur og erfiður, en engi þar fremur grasgefið, en ekki brattur og slæmur umferðar." SJM II, 18.

NM-178:016 *nátthagi* garðlag nátthagi 65°06.669N 14°47.073V

HH: "Nátthagi með grjótgardi umhverfis, er út og niðri á bökkunum við Lagarfljót, fyrir utan túnið." Nátthaginn er um 400 m norðaustur af bæ, á fljótsbakkanum.

Klettabelti nálægt fljótinu en lægri grasbakki þar fyrir neðan.

Hlaðið er út frá klettunum á tveimur stöðum að fljótinu og myndast þannig hólf á milli. Stærð þess er um 25 x 50 m. Syðri hleðslan er um 24 m en sú nyrðri nær 30 m. Hleðslurnar eru ógrónar en hrundar að mestu, ná hvergi 1 m hæð.

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótaldal, 36

NM-178:017 *Grímshellir* hellir 65°06.728N 14°46.966V

HH: "Rauðihellir, stundum nefndur Grímshellir er í kletti við Fljótið út undir merkjum. Hugsanlegt að Grímur Dropi hafi dvalið þar." Hellirinn er 100-200 m norður af nátthaginum (016), í kletti við fljótið.

Þverhníptir klettur.

Lítill hellir og tæpast manngengur, um 2 x 3 m að flatarmáli. Rauðamöl gólfi. Engar hleðslur sjást við hellinn.

Heimildir: HH: Mannvistarminjar í Fljótaldal, 36

NM-178:019 *Skipavík* heimild um landingu 65°06.769N 14°46.823V

"Í Skipavík lentu vélbátar, meðan bátar voru notaðir til flutninga á Lagarfljóti (1905-1933)." segir í örnefnalýsingu. Skipavík er 135 m norðan við Grímshelli.

Vík sem gengur skáhallt inn í bakkann. Sand- eða malarströnd en klapparnef gengur út hana nyrst til suðausturs.

Heimildir: Ö-Geitagerði, 4

NM-178:020 *Stekkjarklettur* tóft stekkur 65°06.356N 14°47.505V

"Krosshraun heitir lágur kletthryggur upp af vesturhorni Framýra og þar niður af, í suðurhorni sömu mýrar er Stekkjarklettur", segir í örnefnaskrá. Kletturinn er um 500 m suðaustur frá bæ en 40-50 m frá fljóti, nálægt jaðri barrskógar.

Kletturinn er nálægt túnjaðri nú en austan við hann er grösugur bakki allt niður að fljóti.

Fast austan við klettinn vottar fyrir tóft. Hún er eitt hólf, um 5 x 5 m, opin í austur og nánast skeifulaga. Örlar aðeins á grjóti í veggjum á nokkrum stöðum. Veggjahæð mest um 1 m. Um 20 m sunnar vottar fyrir annarri tóft, tveimur samhliða veggjum og sýnist stærð alls vera um 3 x 5 m. Óljóst, enda gras mjög hátt.

NM-198 Hóll

20 hdr. 1500, 1564, 1695, 1847. 1/2 Eiðakirkjueign, 1/2 Bændaeign. Fyrst getið í máldaga Eiðakirkju í Hítardalsbók frá um 1367: Mariukirkia a eydum a ... holsland halftt med ollum gognum og giædum sem þar fylgia.- DI III 232 cop. í Vilch - DI IV 220-221 og [1570] - DI XV, 680; [1491-1518]: Kirkia sancti Nickulai a eidum a ... xc. i holi. Máld DI VII, 21; Í tündarreikningi Hjaltastaðþinga frá 1564 stendur: Enn jardernar Holl halfur xc - DI XIV, 325; 9.3.1669 selur Guðrún Jónsdóttir sr. Einari Jónssyni 5 hdr í Hóli og gefur honum að auk 1 hdr í sömu jörð gegn því að hann verði henni til aðstoðar í hennar aldurdómi - Jarðabréf, 272 Afbýli frá Hóli voru Grænmór (eða Grenmór), utanvert við næstu beygju á Lagarfljóti út og austur af Hólsbæjum, og Ingveldarstaðir, byggðir 1848-1853, við Ingveldarblá austur af norðurenda Miklavatns. Sagnir eru um að á Ingveldarstöðum hafi verið fornbyli, jafnvel kirkja. Ingveldarstaðir stóðu á hæð sem blés upp á fyrri hluta þessarar aldar. Þar komu upp bein sem kunna að benda til legstaðar. Eyðibýlisins Bakka er einnig getið í eyðibýlaskrá Múlaþings en það kann að vera að bæjarnafnið Bakki hafi síðar breyst í Hól. Hólsbjáleiga var hjáleiga frá Hóli byggð á 18. eða 19. öld og nýbyli voru tvö frá Hólsbjáleigu, Eyland og Sandur. Beitarhús hafa verið á Grænmó og Steinboga (frá Víðastöðum). SJM II, 338, JJ, 360; SJM V, 410; Olavius, 142; Múlaþing 5, 182.

1919: tún 6,5 ha. garðar 1530 m². (Hóll og Hólsbjáleiga) Hóll er hlunnindajörð, á reka fyrir öllu landi Hólsbæjanna, selveiði í fljótinu, veiðimörk í miðju fljóti og krúvarp sem metið var til tekna 1917. Gamla túnið er sendið og jarðgrunnt og slétt frá náttúrunnar hendi. Í Fasteignamatinu 1918 var tún 1,3 ha. SJM II, 338

NM-198:001 *Hóll* bæjarhóll bústaður 65°35.838N 14°16.031V
Tvílyft timburhús, múrhúðað (um 1950) og steinsteypt viðbygging standa nú á gamla bæjarstæðinu. Óvíst er hve mikið er eftir af eldri byggingarskeiðum, en gæti þó verið eitthvað. Ekki er greinilegur hóll undir sjálfu íbúðarhúsinu, en viðbyggingin stendur á lágum hól.
Heimildir: SJM II, 338; JJ, 360; SJM V, 410; Olavius, 142; Múlaþing 5, 182

NM-198:008 *Flutningsbakki* heimild um ferju 65°37.330N 14°14.879V
"Nyrzt í Grænsmóslandi heitir Flutningsbakki eða Flutningar; þar var fyrrum lögferja á Lagarfljóti, en var síðar færð nær bænum" segir í örnefnalýsingu. Flutningsbakki er á nesinu gegnt Húsey.
Heimildir: Ö-Hóll ,5.

NM-198:016 *Miðbæjartótt* bæjarstæði býli 65°35.908N 14°15.977V
Tóft sem kölluð er Miðbæjartótt er á hólum um 30 m norðaustan gamla bæjar á Hóli, um 25 m frá fljótsbakknum. Í túni.

NM-198:018 *Hólshjáleiga II* bæjarstæði býli 65°35.980N 14°16.014V
Afbýlið Hólshjáleiga II (nú Sandur) stóð 100-120 m NA frá gamla bæjarstæðinu á Hóli. 10 m norðvestanvið bæjarstæðið er steypur grunnur þar sem átti að verða fjós. Þarna stóð baðstofa sem snéri suðvestur-norðaustur og framhlið að fljóti.

NM-198:024 tóft fjárhús 65°35.782N 14°16.057V
Fjárhústóft er 40 m suður af gamla íbúðarhúsinu, uppi á hólum þeim er bærinn dregur nafn af. Á hól í túninu.

NM-198:025 heimild um hesthús 65°35.787N 14°16.013V
Um 20 m vestar en fjárhúsin 924 og sunnan við gamla bæjarhúsið stóð hestús. Á hólum í túninu.

NM-198:027 heimild
"Á árunum milli 1920-1930 kom Geirmundur Eiríksson á Hóli með nokkra forngrípi til Halldórs Ásgrímssonar, þá kaupfélagsstjóra á Bakkafirði. Höfðu þeir fundizt í uppblæstri einhversstaðar í landareign Hóls."
Heimildir: KEKH, 177-178.

NM-198:028 heimild um bænhus
Bænhus mun hafa verið á Hóli á miðöldum en ekki er vitað hvar þar stóð.

NM-198:029 *Bakkavað* heimild um vað 65°35.070N 14°15.331V
"Skammt austur af Einarstekk er sporlaga hylur í læknum, sem heitir Bakkatóttarauga. Þar stutt frá eru rústir af fornbylí, sem eru nú kallaðar Bakkatættur. Býlið hét Bakki, og talið er, að þar nálægt hafi verið Bakkavað á Lagarfljóti, sem getið er í Fljótsdælu." segir í örnefnalýsingu. Um 100 m austur af hólum þar sem Einarstekkur 012 var.
Heimildir: Ö-Hóll ,4; Halldór Stefánsson: "Fornbylí og eyðibýli í Múlasýslum", 182.

NM-200 Viðarstaðir

12 hdr. 1500, 1695, 1847. Vallaneskirkjueign frá 1500. Fyrst getið 23.8.1500 en þá gaf ... Erlendur bonde [Bjarnason] kirkiunne j Vallanese xijc jord Vijdastade er liggur j Vtmanasveit j Hialltastada kirkiu sokn til æfenlegrar eignar. med þeim ollum gognum og giædum sem greindre jordu filgerr og filgtt hefur ad fornu og niu j vppgiof firer tijunder og lysetolla. - DI VII, 512; 21.4.1522 gefur sr. Jón Markússon Bjarna Erlendsson kvittan um þá ákæru sem hann klagði til hans vegna kirkjunnar í Vallanesi að Bjarni og faðir hans Erlendur heitinn Bjarnason hefðu haldið 2 hdr faðma langan reka upp á 25 ár er fylgja átti med Viðastöðum fyrir hálfkirkjuskuld á Ketilstöðum - DI IX, 73-74; [1541 og síðar] Lagde Biarne bonde Ellindsson til kirkiunnar i Vallanesi halfan Ketilstadasand. ijc. fadma. þar til ad fyndizt sa Reki. sem fylgia atti Vidastaudum. hun er xijc med rekanum - DI X, 696-97; 4.1.1572 lýsir Guðríður Þorsteinsdóttir á Ketilstöðum því að hún gefi Vallaneskirkju 2 hdr faðma rekasand fyrir Héraðsflóa, en hinn helmingurinn heyri áfram undir Ketilstaði. Þetta geldur hún kirkjunni fyrir þann 2 hdr fadma reka sem fylgja átti Viðastöðum, en sú jörð var lögð undir Vallanesstað fyrir tíundir og lýsistolla, þegar gerð var hálfkirkja á Ketilstöðum - Jarðabréf, 277; 1579: Vijdastada sandur ad sogn ellstu manna tuo hundrud fadma - DI XV, 711-12; 1.8.1633 semja sr. Árni Þorvarðsson og Ásmundur Jónsson bóndi á Ketilstöðum að þeir muni halda Vallaneskirkjubréf frá 4.1.1572 þar

sem fram kemur að Guðríður Þorsteinsdóttir hafði fengið Vallaneskirkju 2 hdr faðma rekasand fyrir Héraðsflóa. Ef Viðastaðareki finnst þá skal hinn rekinn aftur undir Ketilstaði - Alþ V, 318. Kuml sem fannst í Hofúni bendir til að á Viðastöðum hafi verið byggð í heiðni. Hjáleigan Steinbogi er í landi Viðastaða. Þar er getið byggðar um 1840 en býlið fór í eyði 1883. Nýbýlið Móberg var byggt 1956, og fékk ytri hluta jarðarinnar (Sjá Ásgrímsstaði). Hér verður þó miðað við upphafleg jarðarmerki. Landamörk: Að sunnan móti Dratthalastöðum, úr ósi Dratthalastaðalækjar í ytri enda Dratthalastaðafells, þaðan suður í Hjálpartjörn, þaðan (móti Bóndastöðum) austur í Heygarða í Vatnabla, og þaðan út eftir blánni í Viðastaðavatn. Þaðan nokkurn veginn bein lína í Aukjaft við Lagarfljót, sem fyrr var getið. Þetta land er um 6 km langt. SJM II, 331
1919: tún 2,1 ha. garðar 322 m². Búið að slétta heimatún áður en núverandi ábúendur tóku við jörðinni 1970. SJM II, 331.

NM-200:015 *Stekkjarklettur* tóft stekkur 65°34.235N 14°18.771V
Norðvestan við bæ, neðan við tún og framræsluskurði, rúman kílómetra norðvestur af íbúðarhúsi á Viðastöðum er stekkjartóft. Hún er 150-200 m austan við fljótsbakkann. Stekkurinner byggður utan I stóran klett, Stekkjarklett að suðvestanverðu.
Lyngi vaxnir móar í kring.

NM-200:018 *Steinbogi* heimild um býli 65°35.519N 14°17.967V
"Afbýli eða hjáleiga var yst í Viðastaðalandi, Steinbogi (getið neðanmáls í jarðabók 1847), sem fór í eyði 1833. [...] Býlið hafði sérskipt land og mörk við Viðastaði skammt innan við Bjarnaklett (31 m). Á Steinboga er óhreifit tún frá fyrri tíð, og rústir bæjar og gripahúsa. Þar voru lengi á þessari öld, og ef til vill fyrr, beitarhús frá Hóli." segir í Sveitum og jörðum. Austan við beitarhúsatóft 019, er grænn hóll, en ekki sjást þar greinilegar tóftir. Tún er umhverfis og túngarður á parti.
Heimildir: SJM II, 331; Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum", 182.

NM-200:019 2 tóftir beitarhús 65°35.537N 14°17.945V
"Á Steinboga er óhreifit tún frá fyrri tíð, og rústir bæjar og gripahúsa. Þar voru lengi á þessari öld, og ef til vill fyrr, beitarhús frá Hóli." segir í Sveitum og jörðum. Skammt frá fljótsbakka eru tvær tóftir. Malarvegur er fast við tóftirnar meðfram vesturvegg nyrðri tóftar.
Heimildir: SJM II, 331.

NM-204 Datthalastaðir

6 hdr. 1695, 1847. Kirkjubæjarkirkjueign frá því fyrir 1570. Fyrst getið í máldaga Kirkjubæjarkirkju frá [1570]:
[Kirkjubæjarkirkja a] Drambalastade ijtre - DI XV, 678. Ritháttur Dratthalastaða hefur verið á reiki og einnig mun myndin Dranghalastaðir koma fyrir í heimildum. Mannbein fundust við jarðrækt á Dratthalastöðum 1966. Talið var að þau væru úr kumli og hefur þá verið byggð á Dratthalastöðum í heiðni. Jörðin er engjalítill, en beit góð fyrir sauðfé og ræktunarskilyrði ágæt. SJM II, 328-329.
1919: Tún 2,9 ha. garðar 398 m².

NM-204:019 tóft 65°32.942N 14.21.056V
Stök tóft er á hóli við Lagarfljót utan við móa sen eru utan við Dratthalastaðatún. Tóftin er undir hólnum N-verðum og sést vel úr fjarska.
Tóftin er grasi gróin en lyngmói umhverfis hana.

NM-205 Ekra

Hjáleiga frá Stóra-Steinsvaði. Ekki getið í jb. 1686 en talin lögbýli í bændaeign að dýrleika 10 hdr í jb. 1695 og 1847. 1693 kvartar Úlfheiður Guðmundsdóttir í lögréttu að hún nái eigi 5 hdr parti í jörðinni Ekru sem Ólafur sál. Jónsson hafði gefið hennar, nú föðurlausu barni Sesseliu Geirmundsdóttur - fósturdóttur Ólafs - og er sýslumanni falið að styðja Úlfheiði í að ná partinum - Alþ IX, 408. "Ekra er næsta jörð fyrir utan (norðan) Stóra-Steinsvað. Lítið er vitað um sögu þessa bæjar, eða hvað hann sé gamall, en grunur er um að þar hafi verið bænhus í kaþólsku. Landamörk við Dratthalastaði eru frá Lagarfljóti um norðanvert Eiríksvatn, en að austan (móti Bóndastöðum) um Selvatn ytra og Arnarvatn." SJM II, 306 (Nánari upplýsingar getur gefið: Gunnstein Stefánsson frá Ekru, nú búsettur á Egilsstöðum
1919: tún 2,3 ha. garðar 270 m². "Bærinn er á mishæð í túni og gamla túnið umhverfis fremur mishæðótt, en ekki brattlent." SJM II, 306.

NM-205:011 *Ekrustekkur* tóft stekkur 65°30,506N 14°21,955V

"Landamörk fyrir Ekrulandi...þaðan í miðjar tjarnir, sem eru í Ekrublá, og þaðan í Kolgrafarhöfða, þaðan bein lína ofan fyrir framan Ekrustekk, ofan í Lagarfljót." segir í örnefnalýsingu. "Af þessari landamerkjalyýsingu má ráða, að stekkurinn sé suður við Steinsvaðsmerki, SV af bænum, og beint vestur af ytri enda Selfells, líklega í hvammi við Lagarfljót. Tvær litlar, ferhyrðar tættur eru á fljótsbakkanum, rétt NV við starfsmannahús Lagarfossvirkjunar, og gætu þær verið stekkurinn (sjást á loftmynd)." segir Helgi Hallgrímsson. Tóftirnar eru norðvestur af flöngu timburklæddu húsi, sem snýr gafli að fljóti, neðan við brekku, um 4 m frá fljótsbakkanum, á að giska 60 m neðan við fossinn.

Heimildir: HH, 11; Ö-Ekra, 1

NM-205:014 Ekra tóft rétt

65°31.064N 14°22.116V

Akurgerði (?): "Þá er það vestasta hornið við Lagarfljót, sem bærinn stendur á, og heitir Ekra. Sagt er að til forna hafi verið sáð til korns á Ekrú". segir Helgi Hallgrímsson. Ekra er um 600 m suður af bænum og niðri við fljótið.

Sunnan undir hól/holti við Lagarfljót.

Heimildir: HH, 12; Ö-Ekra, 3.

NM-206 Stóra Steinsvað

48 hdr. 1645, 50 hdr. 1686, 44 hdr. 1695, 1847. Bændaeign en 10 hdr voru kristfé, síðar Tunguhreppsátækraeign. Fyrst getið 23.8.1500 en þá gaf Erlendur Bjarnason hálfkirkjunni á Ketilstöðum á Völlum 'fiogra C Reka er heitir Ketilsstadasandur, er liggur j mille Steinsvadssands og Hialltastadar sands.' - DI VII, 512 sbr. [1491-1518] - DI VII, 26. 21.4.1522 gefur sr. Jón Markússon Bjarna Erlendsson 'kvittan um songkaup a steinsvadskirkju er liggur i Kirkjubæjar sokn a Utmannasveit upp a 12 ar er hann var þar þingaprestur' - DI IX, 74. 21.9.1556 selur Erlendur Hannesson Bjarna Erlendssyni 13 hdr í Eystra Steinsvaði í Kirkjubæjarkirkjusókn - DI XIII, 153. 1.5.1557 selur Diðrik Hannesson Þorsteini Einarssyni 18 1/2 hdr í Steinsvaði með öllum gögnum og gæðum sem jörðinni hafa fylgt "bædi til sios og lands" en parturinn var móðurarfur Diðriks - DI XIII, 194 sbr. 293. 16.6.1561 selur Loptur Hannesson Bjarna bónda Erlendssyni 18 1/2 hdr í Eystra Steinsvaði í Kirkjubæjarþinghá með öllum gögnum og gæðum "bædi til sios og lands" - DI XIII, 612. 26.7.1562 gefur Bjarni bóndi Erlendsson Vilborgu dóttur sinni til kaups við Einar Eyjolfsson m.a. Steinsvað hið stóra í Kirkiubæjarþinghá fyrir 32 hdr - DI XIII, 758. 1579: Steinstada sandur sex hundrud fadma - DI XV, 711-12. 15.8.1645 selur Bjarni Oddsson Brynjólfi bpi Stóra-Steinsvað með 4 hdr sandi, 48 hdr að dýrleika - Jarðabréf, 269. 24.2.1664 selur sr. Stefán Ólafsson Ólafi Jónssyni 9 hdr í Stóra-Steinsvaði - Jarðabréf, 270. 1693 kvartar Úlfheiður Guðmundsdóttir í lögréttnu að hún nái eigi 5 hdr parti í jörðinni Ekrú sem Ólafur sál. Jónsson hafði gefið hennar, nú födurlausu barni Sesseliu Geirmundsdóttur - fósturdóttur Ólafs - og er sýslumanni falið að styðja Úlfheiði í að ná partinum - DI IX, 408. 26.4.1703 hafði sr. Þorvaldur Jónsson selt sr. Skúla Þorsteinssyni Tjarnarland, sem eru afdeild 10 hdr úr jörðunni Stóra-Steinsvaði - Jarðabréf, 386. Ekra og Tjarnarland hafa verið hjáleigur fram á 17. öld, voru a.m.k. seldar með henni 1645 en urðu seinna löbyli, hvort um sig 10 hdr að dýrleika, og Stóra Steinsvað eftir það 24 hdr jörð. "Stóra-Steinsvað er gömul og stór jörð, samsvarandi Ketilsstöðum, enda liggja þær samhliða, og skipta með sér spildunni milli Lagarfljóts og Selfjóts á um 5 km vegalengd. Mörkin milli þeirra eru austanvert í mýrunum Flögu og Glámu. Bærinn stendur skammt frá Lagarfljóti, vestan undir myndarlegum ás, er kallast Steinsvaðsfell (109 m.y.s.). Að sunnan er jörðin Tjarnarland, og Ekra að norðan. Norðurmörkin eru um Lagarfoss. Bæjarins er ekki getið í fornritum, en talið er að þar hafi verið hálfkirkja í kaþólskum sið eða lengur, og áttu fáeinir bær í Hjaltastaðarþingá sókn þangað. Þeir voru síðar sameinaðir Kirkjubæjarsókn í Tungu, handan Lagarfljóts. Oft var tvíbýlt á jörðinni." - SJM II, 304. 1919: tún 3,7 m2. garðar 574 m2. "Tún harðlent og sendið, að meirihluta slétt. Engjar dreifðar ...Túnið að mestu sléttað með dráttavel, en síðasta túnpýfið var tekið með jarðýtu." SJM II, 304.

NM-206:010 Stóra-Steinsvað heimild um vað 65°29.008N 14°21.361V "Nær beint niður af bænum er Stórasteinsvaðið á Fljótinu, og bærinn við það kenndur".segir í Sveitum og jörðum og Helgi Hallgrímsson bæti við: "Beint undan túni í Lagarfljóti eru þrír steinar (Vaðsteinar), og mátti sjá af þeim hve mikið var í Fljótinu. Ef steinarnir voru í kafi, var Fljótið á sund. Þar heitir Stóra-Steinsvað". Fljótið er þarna um 700 m breitt, en að jafnaði grunnt.

Heimildir: SJM II, 304; HH, 8.

NM-206:015 garðlag vörslugarður

65°29.584N 14°20.970V

"[Á loftmynd sést garður] sem liggur frá suðurenda vatnsins (Selvatnsfæti), ofan í Lagarfljót, um 350 m langur, og hefur hann líklega afmarkað land þessa afbýlis að innan." segir Helgi Hallgrímsson. Garður stefnir frá suðurenda Selvatns og langleiðina að Lagarfljóti

Í móum, þýfðum, vöxnum fjalldrapa og lyngi.

Heimildir: HH, 8.

NM-207 Tjarnarland

Hjáleiga frá Stóra Steinsvaði. Ekki getið í jb. 1686 en talin lögbýli í bændaeign 10 hdr að dýrleika 1695, 1847. 26.4.1703 hafði sr. Þorvaldur Jónsson selt sr. Skúla Þorsteinssyni Tjarnarland, sem eru afdeild 10 hdr úr jörðunni Stóra-Steinsvaði - Jarðabréf, 386. "Landamörkin eru hreppamörk að sunnan, við Rauðalæk gegnt Straumi í Tungu og austur í Breiðavatn (35 m.y.s.), sem er vestur af Hleinagarði í Eiðabínghá. Þaðan liggja mörkin aðeins til na. austan við Hestása og áfram sem næst út móts við Ártún og síðan þvert aftur í fljót í stefnu á bæinn Litla-Steinsvað í Tungu." SJM II, 288-289.

1919: tún 1,6 ha. garðar 368 m². "Landið er allt lágt, en mishæðótt víðast, skiptast á votar tjarnarmýrar og ásabungur mjög vaxnar lyngi og hrísi og gott vetrarbitiland. ...Snögglent hólatún, um 1/2 slétt, engjar lélegar, dreifðar, hey létt, góð vetrarbit, útgræðsluskilyrði túns góð ..." SJM II, 288-289.

NM-207:008 mannvirki ferja

65°27.358N 14°22.773V

"Ferjutangi (Svifferjan) og Vaðtangi. Svo nefnist allstór tangi, er gengur fram í Lagarfljót, beint vestur af bænum. Þar var svonefnd svifferja á fyrri hluta 20. aldar, yfir í annan Ferjutanga í landi Litla-Steinsvaðs í Tungu. Fljótið er aðeins um 100 m á milli tanganna, en straumpungt og kallast þar Straumur (Straumar). Ferjan var sett upp árið 1905 og rekin til 1942. Voru settir upp gálgar beggja megin og strengdur virkapall á milli. Var ferjubáturinn festur við þennan kapal með köðlum og trissum, og við gálgann að vestanverðu var handsnúið vinduhjól, til að draga bátinn yfir Fljótið (Þetta var því rauninni dragferja). Nokkrar leifar standa enn af þessum mannvirkjum beggja megin Fljóts og glöggar götur að þeim. Þarna mun aldrei hafa verið ferjað áður, né heldur farið á vaði. (Heimildir: SJM I, 343 og II, 289. Einar Pétursson: Svifferjan á Lagarfljóti. Múlaþing 3, 107-114, 1968).

Á fljótsbakka

Heimildir: HH, 2; SJM I, 343 og II, 289; Einar Pétursson: Svifferjan á Lagarfljóti. Múlaþing 3, 107-114, 1968.

NM-207:010 tóft beitarhús

65°26,640N 14°21,902V

"Beitarhús voru við fljótið, inn undir Grafarmörkum, aflögð 1928" segir í Sveitum og jörðum. Helgi Hallgrímsson bætir við: "Þau voru á Fljótsbakkannum stutt fyrir utan Rauðalæk, sem er á merkjum við Gröf, við víkina eða flóann milli Ferjutanga og næsta tanga fyrir innan, sem heitir Grafartangi (Grafartangar), en á þeim tanga voru beitarhús frá bænum Gröf (í Eiðabínghá). Húsin voru nafnlaus. Tættur sjást á loftmynd, en ekki eru merki um túngarða." - Um 2 km suðvestur af bæ á Tjarnarlandi.

Frammi við fljótsbakkann, brekka niður að flótinu nokkra metra vestan húsa.

Heimildir: HH 3; SJM II, 289.

SM-001 Eiðar

60 hdr. 1568, 1696, 1847.. c. 1200: Kirkjunnar getið í kirknaskrá Páls, DI XII 4. Jarðarinnar er getið í Droplaugarsonasögu. IF XI, 168. 1436 er Eiða getið í kaupmálabréfi Þorvarðs Lofsstonar og Margrétar Vigfúsdóttur. DI IV, 562. 1551: Kaupir Vigfús Þorsteinsson Eiða af Margréti Þorvarðardóttur. DI XII, 309. 1564: Í tíundarreikningum í Múlaþingi: "Husfreyia ellefutigu hundrud með Ejum Vijfilstodumm halfumm Hole. gollid j Jochimdal ad vickt." DI XIV, 325. 1651: "Sr. Ívar Haraldsson selur, í umboði Brynjólfs biskups Sveinssonar, Guðrún Árnadóttur hálfra jörðina Eiða, 15 hdr, að dýrleika fyrir Egilsstaði (N-Múl), 16 hdr. að dýrleika, og Ytrikleif, 9 hdr." Jarðabréf 277. 1847, 1/2 kirkjueign, 1/2 bændaeign. Ormstaðir og Gröf hjáleigur. Upprekstrarland á Þuridarstöðum og verstaða á Unaósi. "Eiðaland liggur milli Lagarfljóts og Gilsár, og er E eina jörð, sem á land að og veiðirétt í báðum vötnum. Að utan eru mörk við Hleinargarð eftir landamerkgarði, líklega ævagömlum, við Grafarveg vestur í na-horn Eiðavats, en grafarmörk milli vatns og fljóts, nokkuð innan við nv horn vatnsins. Landið er um 6 km út og fram af veginum, en 4-5 km við fljótið. Landið er að miklu leyti lágt og þurrleint holta- og ásaland. Milli ásanna eru víða mýrarauðasund, sums staðar mýrar allstórar, víða votlendur og tjörnóttar, en annars staðar hálfdeig höll og þurrleind niður við fljót. ...Vestan lækjar er Fit, 100 hesta engi fyrr, nú ræktuð, en heldur vont tún." SJM II, 248-251.

1918: 10 ha, garðar 4300 m². "Gamla túnið er vestan í hæðinni og nú nokkur hús, presthúsið innst." 1918: "Tún sumpart snögglendir brunahólar, sumpart ræktað upp úr þurrilögðum járnsumrum, 9/10 hlutar sléttir, hitt greiðfært. Engjar fremur snögglendir, allvíðattu miklar mýrar í bithaga. ...Ræktun eftir 1945: Jón lét víða vinna í túni og græddi töluvert út m.a. bakka neðan lækjar og lét grafa með skurðgröfu mestan hluta af "Fit", 100 hb. engi neðan við læk. Sigurður ræktaði allmikið, einkum vestan fyrir læk og brúaði lækinn. Eyjólfur ræktaði mest fyrir ofan íþróttavelli báðumegin lækjar. Þórarinn Sveinsson kennari hafði dálftinn kúabúskap um tíma og ræktaði m.a. túnblett á Úxagerði." SJM II, 248-252.

SM-001:094 hús rafstöð

65°23.574N 14°22.236V

Rafveita var neðan við Fiskilæk fast austan við Fljótið. Þar stendur enn steinsteyppt rafveituhús sem steyppt var um 1930. Rafveitan er um 20 m austan við Fljótið og er um 2 m ofan við vatnsyfirborð. Sunnan við húsið eru hlaðnar tröppur sem liggja niður að því. Hætt var að nota stöðina fljótlega upp úr 1960. Neðan við húsið er grýtt fjara en ofan þess lyngivaxnar lautir og eru þar einhverjar kolagrafir. Steinsteyppt íbúðarhús þar sem vatn var leitt í gegn.

SM-001:095 gryfja kolagröf 65°23.077N 14°22.385V
Vestur af suðurenda Fiskilækjarholts niður við Fljót, er lyngivaxinn hagi með nokkru af birkitrjám. Kolagrafirnar eru á 100-150 m svæði milli fljótsins og vegaslóðans. Í þessum haga sem er á milli vegarslóða að rafveitu og Fljótsins eru margar kolagrafir, misjafnar að stærð. Reyndar er mjög mikið um kolagrafir í öllu Eiðalandi. Nokkurð hár Fljótsbakki er á þessum stað og því ekki víst að Fljótið komi til með að flæða yfir svæðið þó svo að nokkuð hækki í því. Svæðið er vaxið birkiskógi og þess vegna er margar af gröfunum horfnar. Kolagrafirnar eru á bilinu 0,5-4 m í þvermál.

SM-003 Gröf

1568 er Gröf 6 hdr. DI XV, 78. Hjáleiga Eyða. "Mörk við Hleinagarð eru bein lína úr Grafarvogi nyrst og austast úr Eiðavatni norður mýrardæld, Grafardal, milli Mjóavatns og Arnarvatns í Breiðavatn vestur af Hleinagarði. Rauðilækur er á mörkum við Tjarnarlandi gegnt Straumi í Tungu." SJM II, 264. Í eyði. 1918: tún 1,9 ha. "G. væri kostajörð með nútímarækni, ræktunarskilyrði geysimikil á mýrum og lyngi- og grasivöxnum ásum, ávöllum og jarðdjúpum. Gamla túnið er holótt, harðlent og leitt aðvinnslu, engjar í mýrum víða um landið, beitiland gott fyrir alla gripi vetur sem sumar, snkólett og skúlt.

SM-003:007 heimild um beitarhús 65°25.165N 14°22.389V
"Í Grafartöngum út og norður af bæ voru beitarhús til búsetuloka." segir í Sveitum og jörðum. "Út af Laufáshöfða eru Grafartangar, stórt móasvæði meðfram Lagarfljóti. ...Út af Laufáshöfða er Húsatangi. Þar voru beitarhús frá Gröf." segir í örnefnalýsingu. Beitarhúsin standa á Grafartanga/Húsatanga og er Fljótið nærst um 140-150 m sunnar. Beitarhúsin standa í túni sem nú er komið í órækt en umhverfis á tunganum eru lyngivaxnir hagar. Húsið er 29 X 8 m að stærð. Tyrft hefur verið yfir bárujárnsþak á húsinu en er það að miklu leyti hrunið inn í það, sérstaklega nyrst. Tóftin hefur verið hlaðin úr grjóti og eru grjóthleðslurnar enn um meter á hæð. Þar ofan á er tyrft og samtals eru því hleðslur um 1,5 m á hæð. Víðast er tóftin nokkuð hrunin. Nyrst í henni er lítið hólf sem virðist hafa verið heytóft.
Heimildir: SJM II, 264; Ö-Gröf, 4

SM-003:019 gryfja mógrafir 65°25.043N 14°22.231V
Um 40 m austan við heystæðið (020) og um 100-150 m suðaustan við beitarhúsin (007) sjást merki greinilegra mógrafa fast við Húsalæk. Mógrafirnar eru fast sunnan við læk en umhverfis þær er þýfður hagi. Mógrafirnar eru um 7 m að lengd en um 4 m á breidd og dýpt þeirra er um 1,3 m.

SM-003:020 þúst heystæði 65°25.035N 14°22.265V
Fast sunnan við Húsalæk og um 20 m austan við Fljótið eru heystæði í lítilli vík sunnan Húsatanga. Þústin er í grösugum og þýfðum bala eða sléttu sem liggur frá Fljóti að klettabelti ofan við. Heystæðið er um meter á hæð og um 6-7 m í þvermál. Engar hleðslur eru greinilegar.

SM-010 Fljótsbakki

12 hdr. 1695, 1847. 1477: Hallsteinn Þorsteinsson selur Fljótsbakka til Bjarna Marteinssonar fyrir 12. hdr. DI VI, 119. 1660: "Eyjólfur Þorkelsson selur með jáyrði sinnar kvinnu, Ólafar Sigurðardóttur, sr. Stefáni Ólafssyni 2 hdr. Fljótsbakka." Jarðabók, 276. 1660: "Jón Sigurðsson selur sr. Stefáni Ólafssyni hálf fjórða hundrað í Fljótsbakka." Jarðabók, 277. 1660: Bjarni Sigurðsson selur sr. Stefáni Ólafssyni hálf annað hundrað í Fljótsbakka." Jarðabók, 277. 1661: "Ingibjörg Þorsteinsdóttir selur sr. Stefáni Ólafssyni 5 hdr í Fljótsbakka." Jarðabók, 276. 674: "Sigfús Bjarnason selur Jóni Þorlákssyni tuttugu og hálf hið fimmta hundrað í Víðivöllum ytri fyrir Fljótsbakka, ..." Jarðabréf, 280. "Landamörk við Eiða eru við Hesteyrarlæk (Oddmarslæk í Droplsona s.) sa. í klofasteina skammt sv. af Kirkjuhöfða, við Snjóholt við Bakkaselstættur, Snjóholtsvört og Hundstjörn og við Breiðavað þaðan í Bakkalækjarós við Lagarfljót." SJM II, 245. 1918: tún 2,7 ha. garðar 418 m². "Tún hallar mót vestri og niður að fljótinu sem streymir kyrrlátlega út hjá á föstum sandbotni sínum, sumarprýði og vetrarbraut. Túnið var illþýft mestallt, en grasgefið og jarðdjúpt.

Engjarnar þóttu í betra lagi ýmist, greiðfærar, þýfðar, votlendar, þurrar, nærtækar, langsóttar og allar heygóðar ..." Sléttun túnþýfis lokið um 1945. SJM II, 245.

SM-010:005 bæjarstæði bústaður

"Þá er komið að gamla túninu. yzt og efst á gamla túninu er hár hól, sem heitir Salnýjarhóll, kenndur við Salnýju Einarsdóttir, er bjó á parti út Fljótsbakka 1830-60. Salný var einsetukona, og kofi hennar stóð á þessum hól." segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Fljótsbakki, 2

SM-010:008 heimild um rétt

65°21.595N 14°23.775V

"Spölkorn framan við íbúðarhúsið var hesthús. Niður af því var fjárrétt; búið er að slétta yfir þessar tættur fyrir löngu ..." segir í örnefnalýsingu. Í sléttuðu túni. Mæling var tekin á ávölum hól í túni sem er um 150 m suðvestur af íbúðarhúsi og um 10 m upp frá fljóti.

Á hól í sléttuðu túni.

Tóftimar voru sléttaðar fyrir um 50 árum, hesthúsinu var ýtt ofan í réttina. Faðir heimildamanns byggði réttina (um 1930) úr torfi.

Heimildir: Ö-Fljótsbakki, 3

SM-010:011 *Hesteyrarað* heimild um vað

65°22.179N 14°23.477V

"Spöl út af bænum er Hesteyrarað á fljótinu, reitt og vætt neðan í Vatnavöxtum og fjölfarið fyrir á þjóðleið til Vestdalsheiðar, jafnvel með fjárrekstra." segir í Sveitum og jörðum. "Næst er Hesteyrarað, líka nefnt Dagverðargerðisvað. Að austan er farið út í Fljótið utan við Flekahorn og stefnt á Dagverðargerðisbæ." segir Helgi Gíslason. Fast norðan við íbúðarhúsið á Fljótsbakka taka við sléttuð tún á fljótsbakknum og liggja þau á hæð í um 1 km fjarlægð frá bæ. Tún þessi eru girt af og um 80 m norðan við túngirðinguna var vaðið á fljótsbakknum.

Norðan við túnjaðarinn lækkar landið og við tekur sendin fjara og rakt vatnasvæði ofan við. Rúmum 100 m ofar hækkar landslagið aftur og þar tekur við kjarri vaxið svæði. Vaðið hefur nálega verið til móts við bæ Dagverðargerði (örlítið sunnar).

Ekki eru greinileg merki vaðs enda nokkuð hækkað í fljótinu frá því vaðið var í notkun. Samkvæmt heimildamanni var staðsetning vaðsins nokkuð breytileg eftir því hversu mikið var í fljótinu hverju sinni. Um þetta bil er þó ágætur staður til að fara út í ána.

Heimildir: SJM II, 245; Helgi Gíslason. "Um vöð og ferjur á Lagarfljóti", 8

SM-010:016 *Rangárvað* heimild um ferju

65°21.016N 14°23.870V

"Stuttan spöl inn frá Ærhamri er Kollumell (eða Ferjuhöfði) við Fljótið. Þar var Ferjustaður og vað á Fljótinu, kallað Rangárvað eða Fljótsbakkavað." segir í örnefnalýsingu. Nokkru norðar en Skógargerðisbærinn á austurbakka Fljóts, og um 400-500 m norðan við merki við Breiðavað var vað sem ýmist var nefnt Rangárvað eða Fljótsbakkavað þarna var bæði vað og ferjustaður.

Fjaran er með vatnssorffnum steinum neðan við lyngi vaxinn móa, um 50 m neðan við vegarslóða sem liggur með bakknum frá íbúðarhúsi og til suðurs. Stakur steinn (klettur) stendur ofarlega í fjörunni og er á þriðja metra á hæð.

Greinilega hefur verið hlaðin bryggja eða garður á þessum stað og liggur hún niður að flæðamáli. Hleðslan er um 9 m á lengd en 1,8 m á breidd. Hleðslan hefur verið tvær hæðir með stærri steinum að utan en minni á milli.

Heimildir: Ö-Fljótsbakki, 4

SM-010:017 tóft stekkur

65°21.299N 14°23.863V

Um 20-25 m austur frá Fiskiklöpp (025) er tóft sem helst gætu verið af stekk. Tóftin er um 20 m ofan við Fljótið.

Tóftin er efst í hvammi upp af vík sem er sunnan við Fiskiklöpp. Sunnan við tóftina er grasi vaxið svæði en norðan hennar eru móar sem eru örlítið hærri í landslaginu. Tóftin er byggð upp við móana.

Tóftin er 5 X 2,5 m að stærð og er tvískipt. Tóftin er byggð utan í hæð og myndar hún norður vegg hennar. Hún er 5 X 2,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er um 0,4 m á hæð og engar grjóthleðslur eru greinilegar.

Heimildir: Ö-Fljótsbakki, 4

SM-010:025 *Fiskiklöpp* heimild um lög

65°21.309N 14°23.910V

Um 500 m suðvestur af bæ ganga lágur jökulsorfanar klappir fram í Fljótið og er vík í Fljótið beggja vegna þeirra. Klöpp þessi var nefnd Fiskiklöpp því þar voru lögð net. Klöppin er nálægt því að vera beint á móti heimilisgrafreit á Rangá.

Á Fljótsbakka, neðan við grasi- og lyngivaxna brekku.

SM-014 Breiðavað

12 hdr. 1695, 1847. Bændaeign en var stólseign og konungsjörð til helminga en var seld 1836. "Landamörk við Fljótsbakka og Snjóholt eru úr ósi Bakkalækjar, sem kemur úr Snjóholtsvötnum, um Hundstjörn og síðar í sa. yfir Brúarás, sem þjóðvegurinn liggur eftir, 200-300 m utan við vegamót heimreiðarinnar og sömu stefnu á brún Tókastaðaáss inn til. Að vestan er Lagarfljót, og dregur bærinn nafn af vaði niður af bænum. Þar er nú niðurgrafið og ófært ...Sumarhagar fjár voru fyrr í Hgálsunum, þ.e. fjallinu milli Gilsárdals og Fjarðarheiðar, ..." SJM II, 237.

1918: Tún 3,3 ha, garðar 1058 m². Niður við fljót er land lágt og sendið, með kílum og tjörnum, ofar móar, þá hálfdeigjumýriar. Þjóðvegurinn liggur þar unn yfir Breiðavaðsblá. Ofan vegar eru blautar blár, en ásar, sund og brekkur, er dregur að Tókastaðamörkum. Túnið er að mestu í aflíðandi höllum neðan við bæ, en nokkur í framræstum mýrum ofar. Engar voru aðallega í blám innan við bæ, samfelldar og heygóðar, dálítið þúfðar og oftast slegnar árlega. Þar er nú tún. ...Gamla túnið var hólótt og þýft, en sæmilega grasgefið." SJM II, 237.

SM-014:009 *Skógagerðisvað* heimild um vað 65°20.049N 14°23.634V

Vað var um kílómetur suðvestan við Breiðagerðisbæinn Farið var niður (vestur) fyrir tún á því sem heimildamaður kallar Skógagerðisvað.

Klappir eru neðan við túnið og aflíðandi bakka. Litlar lerkjaplöntur vaxa á bakkanum á þessum stað.

Klettur er við fljótið og er vaðið aðeins sunnar en hann, milli 40-50 m. Á þessum stað var farið yfir í Skógagerði.

SM-014:014 *Stekkjargróf* örnefni stekkur 65°19.648N 14°23.358V

"Grafningsnes er við Lagarfljót fremst og neðst í Breiðavaðslandi. Þar er Grafningskíll, er rennur í Fljótið og tekur við vatni úr Stekkjargróf." segir í örnefnalýsingu. Stekkjargrófin liggur austur-vestur sunnan túns, suðvestur af bæ og undir fljótsbökkum. Sunnan við er Grafningsnes. Tættarnar eru 80-100 m fjarlægð frá fljóti. Í túnjaðri, hefur að töluverðu leyti verið sléttað.

Ógreinilegar tættur, stærð er 3 X 4 m.

Heimildir: Ö-Breiðavað, 3

SM-014:022 *Ranavað* heimild um vað 65°19.677N 14°23.464V

50 m neðan túns og um 100 norðvestan við stekk. Heimildamaður segir að Breiðavað hafi verið á svipuðum slóðum og Ranavað eða að farið hafi verið út á svipuðum slóðum þótt komið væri að landi á tveimur mismundandi stöðum vestan megin fljóts.

Grasi vaxinn fljótsbakki.

Þegar farið var yfir á Ranavaði var farið á ská og upp við þar sem er klettur, vestan fljóts.

Heimildir: Helgi Gíslason. "Um vöð og ferjur á Lagarfljóti", 8

SM-015 Mýnes

20 hdr. 1695, 1847. 1179: "Nicholas kirkia j mynese a x hundruð j lande" DI I 249. Jarðarinnar er getið í Droplaugasonasögu og Fljótsdælu. IF XI, 144, 240. 1494: Í testamentisbréfi Páls Brandssonar á Möðruvöllum er Ketilsstaða á Völlum, Kollsstaða og Mýness getið. DI VII, 233. 1506: Selur Þorvarður þrjár Þorvarði Bjarnasyni Mýnes í Eiðakirkjusókn DI VIII, 119-120. 1546: Selur Vigfús Þorsteinsson Margræti Þorvarðardóttur Mýnes fyrir Hjartarstað. DI XI, 471. 1564: Í títundarreikningum í Múlaþingi: "Jon Skulason xtigir hundrud med Jorvijk oc Mynese. gollidid tæpar ellefu alner vadmalsz vanntar halfa adra alin." DI XIV, 325.

Þrándarstaðir hjáleiga ásamt Glúmsstöðum sem ekki er minnst á í jarðabókum. Hálfkirkja á jörðinni. HÞ: Mýnes eldra en Mýrnes. Árbók 1923, 93. "Bærinn stendur neðan þjóðvegur, og land nær neðan frá Lagarfljóti og upp á fjall. Mörk við Breiðavað eru á Krosshöfða (63 m, ónafngreindur en sýndur á korti) og liggja þvert austur og upp til fjalls, um 300-500 m utan (norðan) við Glúmsstaði og áfram sama horf upp Hálsa. Mörk milli jarða ekkiljós í Hálsu, þ.e. fjallendinu upp af innbæjum í Eiðaþinghá." SJM II, 234.

1918: Tún 5 ha, garðar 627 m². "Frá fljóti og upp á Svartás spöl neðan við bæ er móa- og ásaland mjög vaxið sortulyngi, en víða með mýrablettum og valllendi um botna og bakka. Þar voru víða mjög heygóðir og drjúgir slægjublettir. Milli bæjar og Svartáss var mýrarflæmi, yfirleitt blautt og rótlítið víða og illt yfirferðar sem hesta. Það er nú framræst að mestu og nokkuð af því ræktað." SJM II, 235.

SM-015:033 kolagröf 65°18.592N 14°22.366V

Vegaslóði liggur frá þjóðvegi og niður undir fljót. Slóðinn greinist frá þjóðvegi nokkuð sunnar er bærinn á

Mýnesi. Vegurinn liggur í gegnum sand- og malarnámu og fylgir bakka Fljótsins en sveigir aftur upp norðan þeirra. Gengið með fljóti frá bugðunni á veginum, nokkur hundruð metra.
Í lyngivöxnum móa við fljótið eru kolagrafir.
Fjölmarginar grafir eru á þessu svæði.

SM-018 Finnastaðir

20 hdr. 1695, 16 hdr. 1847. Finnsstaða er getið í Fljótsdælasögu IF XI, 244. 1564: Í tíundarreikningum í Múlapingi: "Einar með Finnstodum 12c oc 20 ecki gollidid." DI XIV, 325.

1847 hjáleiga Finnastaðasel. "Þess hefur verið getið til, að jörðin hafi upphaflega verið skipt úr Mýneslandi og að bærinn Mýnes dragi nefn af Finnastaðanesi, er þá hafi kallast Mýnes. Frá F. byggðist Fossgerði, hjáleiga í öndverðu, og Finnastaðasel. Jörðin nær frá Lagarfljóti og austur á vatnaskil á Kötluhrauni. Suðurmörkum við Egilstaði, Eyvindará og Uppsali er lýst þar, en norðurmörk eru við Mýnes við Járnsíðulæk, sem er rétt utan við Leirtjörn í Finnastaðanesi og Kvígutjörn, þar beygja þau til suðurs skammt fyrir neðan Þjóðveg nær inn undir Finnastaðaveg, síðan þvert upp (austur) í foss í Uppsalaá fram af Fossgerði og áfram til fjalls með Stóralæk rétt innan við Finnastaðasel." SJM II, 226-227.

1918: Tún 5,9 ha, garðar 606 m². "Finnastaðanes er niður við Lagarfljót og Eyvindará, mestallt svo lágt yfir vatnsborð fljótsins, að lítið má hækka, svo að það færast í kaf. Þar eru Kílar (farvegir) og tjarnir með stór. Nesinu er lýst svo í F'18: "Engjarnar eru á hinu svokallaða Finnastaðanesi, sem er grasgefið, heygott og nærtækt, en víða er það mjög þúft og sums staðar blautt, utan hinir svonefndu Bakkar, sem eru þurrir og greiðfærir. Venjulega flæðir Lagarfljót og Eyvindará vor hvert yfir nesið." SJM II, 227. "Túnið á Finnastöðum var í upphafi ekki stórt og allþýft, en var allt þakslétt og mikið útfært á þann hátt frá 1880-1938. Auk þess svoköllið "Móslétta", grædd upp með færikvíum ...Túnið var grasgefnasta tún sveitarinnar, enda jarðdjúpt, vel unnið og hirðing þess góð. Þar var ávalt haustbreitt, áburðurinn mulinn niður að vori með viðarslóða - síðar með heimasmíðuð blakkaherfi - síðan hreinsað með sköfum, röstin mulin með þeim og fótum, kallað að sköfubreiða." Ingvar Guðjónsson: "Finnastaðir í Eiðapinghá, Suður-Múlasýslu, 63-64.

SM-018:038 heimild um rétt

65°17.769N 14°23.719V

Í Finnastaðarnesi, norður af Finnastöðum II og um 50 m suðaustur af þar sem Eyvindará fellur nú í Fljótið.

Slétt að eynes en malarvegur liggur þar meðfram Eyvindará og að Fljótinu.

Engin ummerki réttarinnar eru nú greinileg.

SM-028 Höfði

20 hdr. 1695, 1847. Jarðarinnar er getið í Droplaugasonasögu. IF XI, 160. Vitnisburðarbréf um 10 hdr í Höfða á Völlum. Jarðabréf, 272. 1660, er til landamerkjalyfing um merki milli H og Kollastaða. Jarðabréf, 278. HP: Höfði. Samkvæmt Droplaugasonasögur lítur helzt út fyrir, að jörð sú, sem þar er nefnd Öngulsá, hafi verið sama jörðin og Höfði (Sbr. Safn til s. Ísl. II, 461). En samt þykri mér [HP] varasamt að setja það sem forna nafnið á Höfða, enda gat bærinn at Öngulsá hafa farið af og verð fluttur þangað, sem Höfði er nú. Árbók 1923, 92. Sbr. Árbók 1967, 92. "Höfðaland nær frá Lagarfljóti þvert austur yfir Háls og austur á Eyvindarárdal að Eyvindará. Á suðurmörkum eru þessir viðmiðunarstaðir: Höfðaá, Ytri-Stekkjarlækur uppi undir Hábrekku framanverða, Hjallabryr á hæsta stað, Miðhnúta og Eyvindará. Norðurmörk, sem jafnframt eru nú hreppamörk við Egilstaðahrepp, liggja frá Lagarfljóti 1-1,5 km innan við Þórsnes, suðaustur milli Kollstaðagerðir og Höfðasels og austur í Hnútulækjarfoss og Eyvindará." SJM II, 185.

1918: Tún 4,4 ha, garðar 3340 m². "Gamla túnið var kargþýft og sumt deiglent, grasgefið, engjar að mestu þýfðar, allvíðlendar hálfdeigjur og mýrar, í Höfðavatninu var stararheyskapur, "munu fást úr því að jafnaði 100 hestar af stór, ef vatnið er allt slegið" (F'18). Ræktunarskilyrði eru mikil á lyngmóum og mýrum." SJM II; 185.

SM-028:017 tóft naust

65°14.176N 14°28.137V

Við Fljótið er vík sem nefnd er Hrafnsvík. Í þessari vík eru tvær rústir (017 og 018). Mjög norðarlega í henni og 20-30 m austan við fljótið er einföld tóft sem e.t.v. gæti verið af bátaskýli eða naust.

Tóftin stendur neðst í aflíðandi brekku að fljótinu. Í lyngivöxnum móa.

Tóftin er einföld og flöng. Op hennar er í vestur og er hún 9 X 4,5 m að stærð. Tóftin er vaxin lyngi og fjalldrapa og er fornleg.

SM-028:018 garðlag

65°14.141N 14°28.160V

Við Fljótið er vík sem nefnd er Hrafnsvík. Í þessari vík eru tvær rústir (017 og 018). Efst í víkinni er klettabelti og brekka niður af því að fljóti. Frá Klettabeltinu sem er fremur sunnarlega í víkinni er hleðslu- eða garðrústir.

Hleðslurnar eru frá klettabelti og niður brekkuna sem er grasi gróin, þar vex nokkuð af sóleyjum og vallengtingu.

Hlaðið er eins og lítið byrgi eða hró við klettinn, það er um 5 X 7 m að stærð og er óreglulega þríhyrnt í lögun.

Niður frá því er hleðsla úr steinum og niður af henni breiður gróinn veggur og stefnir hann meira til norðvestur en steinhleðslan. Hornrétt á þennan vegg er mjórri veggur sem er 8-9 m langur. Hugsanlegt er að þarna hafi verið aðhald fyrir skepnur og/eða kálgarður.

SM-029 Ketilsstaðir

50 hdr um 1570. 40 hdr 1847. 1367: "clviii. Christfiarjordunne a ketilstodum fylger xij ær. þriar kyr. hundrad j virdingarfie. þar a ad vera þriggia marka omage". DI III 232 1397: Getið í máldaga Vallaneskirkju. DI IV, 204. 1494: Í testamentisbréfi Páls Brandssonar á M gefur hann jarðirnar Ketilsstaði á Völlum, Kollsstaðir og Mýnes. DI VII, 233. 1550: Ketilsstaðir á Völlum nefndir í festingabréfi Bjarna Marteinssonar og Guðríðar Þorsteinsdóttur. DI XI, 796-797. 1570 og síðar er máldagi hálfkirkjunnar á Ketilsstöðum, þá er garðurinn 50 hdr. DI XV, 685. 1572: "Guðríður Þorsteinsdóttir á Ketilsstöðum lýsir yfir því, að hún gefi Vallaneskirkju tvö hundruð faðma rekasand fyrir Héraðsflóa. Hinn helmingurinn heyrir áfram undir Ketilsstaði. Þetta geldur hún kirkjunni fyrir þann reka, 2 hdr. faðma. sem fylgja átti Víðastöðum, en sú jörð var lögð Vallanesstað fyrir tíundir og lýsistolla, þegar gerð var hálfkirkja á Ketilsstöðum." Jarðabók 277. Hjáleigur Kelduhólar, Hallberuhús og Útnyrðingstaðir. "Hallberuhús voru í túninu og fyrr afbýlin Hraukur, Kinn, Oddagerði og Steinagerði, en Sigurðagerði frá bæ. Hjáleigan var í ábúð 1872, en afbýlin fram á 18. Og 19. öld. Nú hafa verið byggð úr Ketilsstaðalandi þrjú nýbýli: Unalækur, Stangarás og Langahlíð. Mörk K ásamt nýbýlunum eru nú í stórum dráttum þessi: Að norðan talið frá fljóti: Höfðaa upp að þjóðvegi, þar 300-400 m suður með vegi og austur á Völusteinsás, suður hann og sa. mitt á milli Lönguhlíðar og Kelduhóla og upp á brúnir nálægt Timburhöfðalæk (sem fellur niður hjá Kelduhólum), síðan na. Í Eyvindará 30-400 m norðan við Köldukvíslarós rétt neðan við Fagradalsbraut. Austur mörk eru við Eyvindará og Fagradalsá, um 3-3,5 km inn frá Köldukvísl á mótis við Innri-Sauðahnjúk. Einhverja hólma eiga K vestan við núverandi aðalkvísl Grímsár þar voru fyrr þrætuland K og Vallaness. Ennfremur eiga K Hjallaskóg í landi Beinargerðis." SJM II, 176-177.

1918: Tún 12,6 ha, garðar 6256 m². "K eru landkostajörð og hentar vel til búskapar nú sem fyrr, en hefur tæplega slíka umframkosti yfir fjöldann af öðrum jörðum sem áður. Það gerðu fyrst og fremst engjarnar." SJM II, 177.

SM-029:020 tóft beitarhús

65°13.288N 14°28.810V

"Beitarhús. Beinavammur rétt utan við Grímsárós, aflögð f. '40." segir í Sveitum og jörðum. Niður með Unalæk að norðan er vegaslóði og liggur hann að sumarbústað á norðurbakka lækjarins. Þegar gengið er niður með fljóti frá þeim bústað og yfir kletthæð er komið í grasi vaxinn bala og þar standa beitarhúsin.

Húsin eru nærri bakka, u.þ.b. 10 m. Greinilegar eru 5-6 tóftir.

Tvær nýlegar og stórar beitarhúsatóftir eru greinilegastar og eru þær önnur þeirra (a) 28 X 12 m að stærð en hin (b) 20 X 7 m. Báðar eru tvískiptar (innan við) og annað hólf stærra með garði eftir endilöngu. Op eru á vesturhlíð tóftanna. Mitt á milli þessara tófta tveggja og aðeins vestar er (b) gróin, einföld tóft sem er með op til norðurs. Fast sunnan við austurenda b er lítill ferhyrnd tóft sem er um 3 X 2 m að stærð (d). Fast sunnan við a er alveg útlöft tóft eða garðlag sem er um 7 X 3 m að stærð (e). 9 m suðaustan við syðri tóftanna tveggja (a og b) er mjög gróin tóft (f) sem er þrjú hólf og 9 X 3 m að stærð. Í báðar beitarhúsatóftirnar (a og b) eru tvístæðuhús og í því nyrðra standa hleðslur uppi sem eru allt að 2 m háar.

Heimildir: SJM II, 177; Ö-Ketilstaðir, 3-4

SM-029:023 tóft mylla

65°13.109N 14°28.806V

"Myllutóft við Unalæk" segir í Sveitum og jörðum. "Skammt frá [027] heitir Mylluhvammur við Unalæk. Þar var kornmylla." segir í örnefnalýsingu. Niður með Unalæk, um 80-100 m ofan við Sumarbústað sem er á nyrðri bakka lækjarins sjást myllutóftirnar enn. Tóftirnar eru um 300-400 m neðan við þjóðveg og um 200-250 m ofan við fljót.

Klettur er í norðurhlíð gilsins sem lækurinn fellur í. Myllan er neðan við lítinn foss í læknum.

Ferhyrnd tóft. Skarð er í norðurvegg hennar sem að læknum snýr. Tóftin 4 X 4 m að stærð og hærri að innan sunnan megin. Tóftin er vaxin grasi og ljónsleppa.

Heimildir: SJM II, 177; Ö-Ketilstaðir, 4

SM-029:027 *Kiðustekkur* tóft stekkur

65°12.966N 14°29.191V

"Innan við Stangarásinn er Unalækur. Innan við lækinn, skammt frá Lagarfljóti, eru gamlar tættur, sem heitja Kiðustekkur. Þar er nú sumarbústaður Elísar Guðnasonar, kaupmanns á Eskifirði." segir í örnefnalýsingu. Frá þjóðvegi liggur vegaslóði sunnan við Unalæk að sumarbústað Elísar Guðnasonar.

Sumarbústaðurinn stendur á hól nálægt þar sem Grímsá fellur í Lagarfljót. Hóllinn er ræktarlegur og hafa rústirnar líklega staðið þar áður.

Líklegt er að sumarbústaður hafi verið reistur þar sem stekkjartættur voru, á lítilli hólbungu vel gróinni, efst á melhól.

Heimildir: Ö-Ketilstaðir, 4

SM-040 Vallanes

Kirkjustaður, 24 hdr. 1695. c 1200: Kirkjan nefnd í kirknaskrá Páls, DI XII 4. Í máldaga frá um 1270 segir "... [Kirkjan] a vallaness land alltt og vijkings stada land alltt; oc hvammland alltt ... selfor j Eyvindardal. Fiogur hus ad syngia til:" DI II, 83. Jarðarinnar er getið í Droplaugasonasögu og í Fljótsdælu. IF XI, 140, 244. Í máldaga 1367/1376 segir: "Kirkia hins heilaga johannis baptiste j vallanesi a heimaland allt oc huamsland sauðdaga land allt oc vikingstada land afrett j fagradal oc under skagafello selför at tunguseli j eyuindardal ..." Kirkjustaðir, hjáleigur Vallaneshjáleiga, Hvammur, Sauðhagi og Víkingstaðir. 1847: "Prestur telur hér mörg ítök skógar, trjá- og hvalreka, en skýrir eigi frá tekjum prestsins eptir þau, en telur nokkur af þeim upprætt og eydd, og viti menn eigi hvar sum þeirra eru eða hafa verið sem um er rædt í máldögum." "Land jarðanna beggja [Vallanes og Jaðars] takmarkast af Lagarfljóti að vestan og Grímsá að austan (sjá þó Ketilstaði), en að innan (sunnan) liggja mörk við Hvamm og Víkingsstaði austan frá Grímsá gegnt Sauðalækjarósi, yfir Hvammsmóa við Iðavelli (samkomuhús á korti - þar er óskipt land á stykki) og áfram vestur yfir Uxalæk og Vallaneshálsi í fljót. Skammt innan við Vallanesbæ hækkar landið, þar er Vallanesháls með kalpparholtum víða og lynggróðri, en austan við hann í blá er Uxalækur - einnig nefndur Öxnalækur í Landnámu. Við hann takmarkaðist landnám Graut-Atla, sem "nam hina eystri strönd Lagarfljóts allt á milli Giljár og Vallanes fyrir vestan Öxnalæk". Uxalækjur kemur sunnan úr Hallormsstaðahálsi um það bil á móts við Hafursá, heitir ýmsum nöfnum t.d. Torfavallarlækur og Selhalalækur, á rás sinni og markar mörk milli ýmissa jarða austan og vestan hálsins. ... Kirkjujarðir: Strönd í Vallahr., Viðarstaðir, Bóndastaðir, ós "með afbylinu Heyskála" og Rauðholt í Hjaltastaðapinghá, Höfn í Borgarfirði og Hafranes og Vattarnes í Reyðarfirði. Auk þess eru taldar skyldur, ítök og hlunnindi: Afrétt á Fagradal fyrir ofan Afréttará og undir Skagafell" (heimajörðin eða hjáleigunum fylgir ekki áfast upprekstrarland), viðreki á þremur stöðum á Héraðssöndum, hvalreki í og kringum Borgarfjörð, skógarreitir í Sandfelli." SJM II 151-153.

1918: Tún 9,1 ha. garðar 800 m². "Eftirfarandi upplýsingar um V er að finna í Brauðmati 1854, og fær jörðin þar furðuhraklega umsögn: "Jörðin hefur stórt tún, en mjög þýft, ekki grasgefið. Með góðri hirðingu fóðrar það 10 kýr. Engjar víðlendur, þýfðar og graslitlar. Beitiland lítið og magurt, svo búsmali er arðlítill á sumrum ..." SJM II, 152.

SM-040:018 *Hólmavað* heimild um vað 65°13.050N 14°31.539V
"Hólmavað út undir Fljóti", segir í örnefnalýsingu. Vaðið er á Grímsá sem rennur á mörkum Ketilsstaða og Vallaness/Jaðars.

Grófur sandur á bökkum. Áin rennur hér í kvíslum um nokkra hólma og hefur að sögn heimildamanns breytt sér talsvert síðustu 20 árin.

Heimildir: Ö-Vallanes, 9

SM-040:021 náma mógrafir 65°11.728N 14°33.421V

5-700 m suður af Jaðri, í brún ofan við vík í Lagarfljóti, eru tvær mógrafir.

Valllendismýri, ekki mjög blaut.

Tvær aflangar, samhliða mógrafir, almennt 2-3 m breiðar. Önnur er einfalt hólf en hin myndar "L". Allt að 1,4 m djúpar en lítið vatn í botni. Bakkar mjög reglulegir.

SM-040:022 *Stekkatjörn* tóft stekkur 65°12.935N 14°31.705V

"Úr Grímsá ganga kílar upp í nesið: Fremst er Stekkakíll, þar norður af er Stekkatjörn, þá er Krókakíll og Sefkíll." segir í örnefnalýsingu. 250-300 m suður af Hólmavaði (018) er tóft á bakka Grímsár.

Gróinn árbakki. Vestan við er há sandalda sem hefur myndast af framburði fljótsins.

Einföld tóft og sigin, 6 x 3 m, snýr norðvestur-suðaustur með dyr í SA. Veggir allt að 1,5 m þykkir. Aðeins sést þetta eina hólf en hugsanlega er áin búin að brjóta af tóftinni, enda í 0,5 - 1 m fjarlægð og mjög hefur grafið undan bökkum. Tóftin lítur út fyrir að vera gömul og er ekki grænni en umhverfið. Ekkert grjót sést í veggjum. Hleðsluhæð mest um 0,8 m. Líklega stekkurinn sem tjörnin og kíllinn eru kennd við.

Heimildir: Ö-Vallanes, 7

SM-040:023 gata leið 65°12.761N 14°32.214V

Gamlar götur liggja meðfram fljótinu úti á sjálfu Vallanesi. Sjást t.d. vel rúma 500 m suður af stekknun (022).

Slétt og gróið nes, nokkrar tjarnir. Jarðvegur harður og leirborinn.

Á þessum stað liggja göturnar yfir þetta og hálfgróna moldarbakka, allt að 8-9 samhliða paldrar. Líklegast er að þær hafi legið að vaðinu á Grímsá (018).

SM-040:024 heimild um ferju 65°12.192N 14°32.772V

"Mónes nær inn að Krossbrekkumýri. Innan við Mónes er Skipakíll, þar var ferjustaður áður fyrr", segir í örnefnalýsingu. Skv. heimildamanni er Skipakíll fyrsti kíllinn sem komið er að þegar gengið er með árbakkanum til norðurs frá Jaðri.

Kíllinn gengur nú ekki alveg út í fljótið því að sandalda lokar fyrir, mikill malarframburður er úr fljótinu.

Engin mannvirki sjáanleg.

Heimildir: Ö-Vallanes, 8

SM-045 Strönd

12 hdr 1695, 1847, Vallaneskirkjueign. "S er innsti bær á Völlum með Lagarfljóti (Sauðhagi við Grímsá innar), en svo nefnist hin gamla Vallanessókn. Bærinn stendur við fljótið, þar sem heitir Innri- og Ytriströnd og mun draga nafn af þeim örnefnum. ... Mörk eru eftirtalin kennileiti talin réttisælir frá fljótinu: Skjólkambur í Merkilág að norðan, úr Merkilág í Grástein í Votateig að austan og að sunnan úr Gunnlaugsstaðaás í Einbúa við fljótið." SJM II, 148.

1918: tún 2,8 ha, garðar 583 m². "Stærsta samfellda mýrin er sv af túni. Austan hennar er Tjarnarás, fyrr aðalheyskaparland jarðarinnar. ... Gamla túnið "er harðlent og graslítið í þurrkatíð" (F '18), engjar "snöggar, þýfðar, þurrar, nærtækar og samfelldar" (F '18) ("þurrar" kemur illa heim við jarðarlýsingu, mýrarland hafa ef til vill ekki verið slegnar). Beitiland er í meðallegi, heldur þröngt, en snjólétt og skjólgott." (F'18)." SJM II, 148-149.

SM-045:001 *Strönd* bæjarhóll bústaður 65°10.265N 14°35.781V

Gamli bærinn mun hafa staðið þar sem nýrra íbúðarhúsið á Strönd stendur nú.

Íbúðarhúsið stendur ofan við þjóðveg, sunnan við kletthól sem nefndur er Eldhúshóll (003).

Heimildir: Túnakort 1918

SM-045:003 *Eldhúshóll* örnefni eldhús 65°10.281N 14°35.768V

"Milli íbúðarhúsanna á Strönd er hóll sem heitir Eldhúshóll." segir í örnefnalýsingu. Eldra íbúðarhúsið sem stendur á Strönd er tvílyft á hölhjalla en það syðra og yngra er einlyft og stendur á kletthól.

Kletthóll, syðri hluti vaxinn grasi en klöppin sést að norðan.

Ávalur hóll, grasi vaxinn að sunnan. Hóllinn er um 30 X 10 m að stærð.

Heimildir: Ö-Strönd á Völlum, 2

SM-045:009 *blómsturvellir* þjóðsaga huldufólksbústaðu 65°10.254N 14°35.725V

"Í túninu rétt austur (suðaustur) af nýja húsinu á Strönd er kollóttur kletthóll og heita þar Blómsturvellir. Þar eiga að vera álfar." segir í örnefnalýsingu. Um 30 m suðaustur af nýrra íbúðarhúsinu sem stendur á Strönd er hóll með klöppum í sem gengur undir nafinu Blómsturvellir.

Hóll með klettum utan í.

Heimildamaður man ekki eftir að hafa heyrt talað um huldufólk á þessum stað.

Heimildir: Ö-Strönd á Völlum, 3

SM-045:010 *Réttarklettur* örnefni rétt 65°10.351N 14°35.699V

"Þar sem þjóðvegurinn og heimkeyrslan heim í Strönd mætast er klettur neðan vegar. Þórarinn segist hafa heyrt hann nefndan Réttarklett." segir í örnefnalýsingu. Fast neðan (vestan) við þjóðveginn, til móts við þar sem heimreiðin liggur upp að Strönd var Réttarklettur áður en nú er hann lítið áberandi og hefur verið skemmdur við vegagerð. Síðustu leifar klettarins má þó greina í vegakannti. Milli Réttarkletts og annarra kletta norðar var áður rétt. Engin ummerki hennar eru nú merkjanleg. Réttin hefur verið um 50 m ofan við fljótið.

Á þessum stað hefur grasbali verið en þar er nú skógrækt og nokkuð er síðan allar kletturinn var skemmdur og réttin hvarf. Svæðið er skógi vaxið og þar er elting og lyng.

Heimildir: Ö-Strönd á Völlum, 2

SM-045:011 *hleðsla* 65°10.373N 18°35.713V

Fast við Löginn og um 60 m neðan við þjóðveg er grunnur hellisskúti og hleðsla út frá honum í fljóts-málinu. Hleðslan er um 40 m norðar en heimreiðin að Strönd og í fjöruborðinu.

Á þessum stað er um 10-20 m breitt klettasvæði upp frá fljótinu en þar fyrir ofan tekur við skógrækt upp að þjóðvegi.

Hleðslan liggur í eins konar boga. Hún er hrunin og nokkuð ólöguleg og mynduð úr steinum af ýmsum gerðum og stærðum. Helst er á að giska að þarna hafi verið eins konar uppsátur.

SM-046 Mjóanes

20 hdr. 1695, 1847. Jarðarinnar er getið í Droplaugasögu. IF XI, 145. 1397: Getið í máldaga Hallormsstaðakirkju. DI IV, 208. 1581: Koðrán Jónsson, Halldóra Jónsdóttir móðir hans og sr. Ólafur Árnason föðurbróðir hans selja Eiríki Árnasyni hálfa Eyjófsstaði fyrir Mjóanes." Jarðabréf, 276. Hjáleiga Gunnlaugsstaðir. "Mörk við Hafursá og Freyshóla eru úr Þrætutanga í Freyshólafell norðanvert. Við Sauðhaga ræður Torfavallalækur og við Gunnlaugsstaði Gunnlaugsstaðalækur upp að beygju rétt framan við tún þar ... Land jarðarinnar frá fljóti að fjallsrótum er mestmegnir hallalítlar hálfdeigjumýrar með litlum klettaholtum og melhryggjum. Fjallshlíðin er með óreglulegum hjöllum vöxnum mýrar- og vallendisgróðri og hvarvetna snögglendir. Brúin sem hæst ber frá næ að líta, heitir hryggur. Austan við hann eru mýrarflóar og síðan holt vaxin lyngi og fjalldrapa að Sauðhagamörkum." SJM II, 145.
1918: tún 5,4 ha, garðar 813 m². "Gamla túnið var fremur harðlent, engjar nærtækar að mestu, þýfðar og þurrleNDAR, beitoland snjólétt." SJM II, 145.

SM-046:017 varða landamerki

65°08.704N 14°40.019V

"Að innan (framan) milli Freyshóla og Mjófaness eru landamerki: Úr vörðubroti á svokölluðum Þrætutanga ..." segir í örnefnalýsingu. Niður frá þjóðvegi, um 1,2 km sunnan við Mjóanesbæinn er slóði í gegnum skóglendi sem er á þessu svæði. Slóðinn liggur niður að mel þar sem heimamenn hafa staflað timbri. Ógreinilegri slóði heldur áfram þaðan og til suðurs en endar við mýrlendi sem er utan skógar svæðisins. Ef gengið er með mýrlendinu niður að fljóti er komið á Þrætuklöpp.

Á þessum stað gengur klöpp út í fljótið. Ekki er hægt að greina vörðu á henni en nokkrir lausir steinar eru ofan í klöppinni.

Heimildir: SJM II, 145

SM-046:019 tóft mylla

65°09.235N 14°38.325V

"Myllutótt við Mjóaneslæk neðan túns." segir í Sveitum og jörðum. Neðan við þjóðveg og um 100 m norðaustan við sumarbústað í landi Mjóaness eru leifar myllu. Tóftirnar eru um 300 m norðvestur af íbúðarhúsinu og um 150 m ofan við fljót.

Tóftin stendur á grasi grónum lækjarbakka, í birkiskógi.

Vestast er ferhyrmd tóft, 4 X 4 m að stærð og með op á norður og austurhlíð. Um 5 m suðaustar er önnur tóft sem samanstendur af þremur veggjum en er opin til suðurs. Þessi tóft er einnig 4 X 4 m að stærð. Skammt austan við tóftina er garðlag sem gengur í lækinn greinanlegt. Garðlag þetta er svo merkjanlegt (í austur-vestur) langleiðina að sumarbústað og er það 70-100 m að lengd en 0,4 m á hæð.

Heimildir: Ö-Mjóanes, 2

SM-048 Hafursá

20 hdr. 1695, 1847. 1554: Gafn séra Einar Arnason syni sínum jörðina Hafursá. DI XII, 711-712. 1568: Afhendingabréf fyrir H. DI XV, 62.

"Hafurárland nær innan frá Hafursánni örskammt innan við bæ, reiðgötur á mörkum austur yfir Hallormsstaðaháls innan við Sandhóla (451 m). Uppi á hálsinum ráða hreppaskil mörkum við Vað í Skriðdal norður undir Hreyshólafell og þaðan nv. og niður framan við túnfót Freyshóls. Auk þess á H 500-600 m breiða spildu meðfram fljóti úr að Mjóanesmörkum." Um 1944 keypti Tilraunaráð jarðræktar Hafursá, en síðar keypti Skógrækt ríkisins jörðina og hóf þar skógrækt 1967. Búsetu á Hafursstöðum lauk 1973 og er jörðin nú runnin saman vð Hallormsstað. SJM II, 141.

1918: tún 6,4 ha, garðar 578 m². "Í matsgerðinni 1928 (F '18) er búskaparskilyrðum lýst á þessa leið: "Túnið er harðlent og snögglent, greiðfært, óvíða slétt alveg. Engjarnar eru snöggar, mýrlendar og ósamfelldar um bithaga. ógreiður engjavegur. Beitoland ergott sauðaland til fjalls, á láglandi allgíð hestabeit, en lakari fyrir nautfé." SJM II 141.

SM-048:007 heimild um leið

65°08.265N 14°40.440V

"Innan við [Þrætutanga] er Stóra-vík, upp af henni Bakkar. Ofan við Bakka heitir Stóramýri, innar Götumýri, milli þeirra er Götumýrarhall." segir í örnefnalýsingu. Götumýrarhall er ofan við þjóðveg, fast norðan við heimreiðina að Freyshólum. Mýrinn var kennd við göturnar sem lágu þarna á svipuðum stað og þjóðvegurinn gerir nú. Utar lágu þær vestar og er þar enn slóði í gegnum skóginn. Göturnar hafa á þessu svæði verið í um 150 m fjarlægð frá fljótinu.

Göturnar voru alls staðar í mikilli hæð ofan við fljótið og því er hætta vegna virkjunar ekki mikill auk þess sem vegagerð síðustu áratuga hefur útmáð merki elstu gatnanna á þessum slóðum.

Heimildir: Ö-Hafursá, 2

SM-048:008 Vörðuhraun örnefni

65°08.145N 14°40.746V

"Ofan við [Timburlágartanga] er Vörðuhraun." segir í örnefnalýsingu. Um 20-30 m neðan við þjóðveg og um

1500 m norðan við Hafursá varða þessi. Hún er um 500 m sunnan við Freyshóla. Varðan er rétt ríflega 100 m ofan við fljót á háu klettabelti. Vörðuhraun er nú komið á kaf í skógrækt en varðan er þó vel greinanleg frá þjóðveg. Reyndar hafa verið tvær vörður á þessum stað en sú nyrðri er alveg hrunin.

Vörðuhraun er klettabelti sem liggur norður-suður og er töluvert hærra en fljótið. Á þessu svæði er skógrækt.

Í Vörðuhrauni eru 2 vörður en er sú nyrðri nær alveg hrunin. Um 5 m eru á milli varðanna. Ytri varðan er um 0,3 m á hæð en sú syðri stendur enn uppi og er 1,5 m á á og um meter á hverja hlið.

Heimildir: Ö-Hafursá, 1

SM-048:009 *Stekkjarnes* örnefni stekkur

65°07.961N 14°41.339V

"Innan við Timburlágartanga niður við Fljót er Stekkjarvík og Stekkjarnes innan við hana. Ofan við Stekkjarnes er Stekkjarklettur og ofan við hann flatur melur, Sandskeið, neðan við Hraunin." segir í örnefnalýsingu. Barrskógur er við Stekkjarklett en neðan við hann er raskað svæði og þjóðvegur. Skógræktarland tekur við neðan þjóðvegur og að fljóti. Tóftin hefur verið um 150 m ofan við fljót og um 700-800 m norðan við Hafursá, nokkru neðar. Hún var neðan við Stekkjarklett en ofan við þjóðveg en hún var flött út vegna malarnáms og vegagerðar 1976.

Raskað svæði milli kletta og þjóðvegur.

Heimildir: Ö-Hafursá, 1

SM-048:026 heimild um tóft

65°07.917N 14°41.252V

Fast sunnan við Stekkjarklett var áður tóft sem sléttuð var þegar tún voru gerð á þessum stað. Stekkjarklettur er fast ofan við þjóðveg og um 700-800 m norðan við Hafursá. Fast sunnan í þessum kletti, þar sem nú taka við sléttuð tún, man heimildamaður eftir óljósri tóft. Stekkjarkletturinn stendur enn en við hann hefur nokkuð malarnám átt sér stað. Hún hefur verið um 200 m ofan við fljót.

Sléttuð tún.

SM-050 Hallormsstaður

Kirkjustaður, 14 hdr. 1695. 1179: Þar er kirkjustaður sem Þorlákr bp nær ekki undir sig; Þorlákssaga yngri. Bsk I, 282. Staður. Skjögrastaðir hjáleiga 1847, en 1760 og 1804 voru Titlingsssel og Ormsstaðir hjáleigur að auki.

c. 1200: graftarkirkja; Kirknaskrá Páls, DI XII 4 Jarðarinnar er getið í Droplaugasonasögu. IF XI, 144. Kirkjustaður. Hallormsstaður og hjáleigur áttu aftrétt á Gilsárdal og Buðungavallaheiði, nú aftrétt hreppsins. "Kirkjujarðir voru. Mýrar og Geirólfsstaðir í Skriðdal, Áreyjar í reyðarfirði og hálfir Hrollaugsstaðir í Hjaltastaðapinghá, og helstu ítök; Péturssandur, hálfur Hrollaugsstádasandur, báðir við Héraðsfloa, og hólminn í Skriðuvatni. Tekjur eru taldar "fyrir skógar" og afréttarlán". Rekaítökin lentu undir Vallanes, vafalaust er brauðin voru sameinuð. ... H á ásamt hjáleigunum land utan frá Hafursá og inn að og upp með Gilsá, Gilsárdalsaftrétt og Hraungarð að vatnaskilum allt suður á Hornbrynju, þar sem landið gengir í odd milli Skriðdals- og Fljótsdalsaftrétt. Heimalandið liggur í mjúkum boga með eystri strönd og innsta hluta lagarfljóts utan frá Hafursánni við skógarmörkin og inn undir Gilsá. Landið horfir mót norðvestri, og því hallar öllu af Hallormsstaðahálsi niður að fljóti. Segja má, að neðan fjalls sé það mishæðótt hlíð. Á skiptast hjallar og hólar, og aflíðandi spildur frá fjalli að fljóti. Víða ganga höfðar og háar klettabríkur fram í fljót, en á milli vikur og vik, með fjöru úr ljósri líparítmöl kringum Ormsstaði. ... Mýrlandi var allmikið, en nú þurrkað að mestu af birkiskógi og framræslu. SJM II, 126, 133.

1918: tún 6,6 ha, garðar 760 m². "[F 1918]Þriðjungur túns sléttuð, ræktunarskyldi góð. Engjar grasgefnar, greiðfærar, þurrar, nærtækar, samfelldar. beitiland kjarnagott og snjólétt, fjárgeymsla erfið, fé fjallsækið." SJM II, 134.

SM-050:011 *Ormsstaðir* bæjarstæði býli

65°06.360N 14°43.344V

"Neðst við Lagarfljót er eyðibýlið Ormsstaðir, rétt utan við Hesthúslæk, sem rennur þar í túninu. Þetta býli fór í eyði fór í eyði 1937 [...]. Bærinn stóð rétt við þjóðveginn, sem nú er, sunnan í hól, sem kallaður er Ormsstaðahóll." segir í örnefnalýsingu. "O eru hjáleigu frá Hallormsstað, fornþýli frá söguöld og er getið í Droplaugasona sögu og Fljótsdælu og nefnast þar Oddsstaðir. Þar bjó Helgi Ásbjarnarson er hann missti Droplaugu komu sína í fljótsvök á Þrælavík innan við höfðann, sem bærinn stóð austan í. Í Brandkrossa þætti er frásögn af Oddi sindra, er fyrstur valdi sér þar bústað. Á O var búið allt til 1935 en jörðin þó ekki á jarðaskrá í J '47. Frá 1907 voru ábúendur starfsmenn hjá Skógrækt ríkisins á Hallormsstað og höfðu búskapinn sem aukagetu. Í F '18 er býlið metið með Hallormsstað. Býlið var utarlega í Hallormsstaðalandi, bær og tún á höfða, sem gengur fram í fljótið, en engjar aðallega á mýrum austan við. Mýrarnar voru ræstar fram 1954 og 1958 og eru nú mjög vaxnar skógi og bæjarhús molduð að fullu." Segir í Sveitum og jörðum. Stór, grasi vaxinn hóll vestan við þjóðveg, um 5 km norðan við Hallormsstað.

Hár grasi vaxinn hóll og vaxa tré í honum vestanverðum.

Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,5; SJM II, 140-141

SM-050:012 *Hesthúsagrund* tóft hesthús 65°06.386N 14°43.389V
"Í túni á Ormsstöðum hét Reiðbali og ofarlega í túni Hesthúsgrund." segir í örnefnalýsingu. Vestan við Þjóðveg, um 5 km norðan við Hallormsstað er stór, grasi gróinn hóll og á honum er Hesthúsgrund. Hár, grasi vaxinn hóll og vaxa tré í honum vestanverðum. Austast er ílöng tóft sem er 9 X 7 m að utanmáli. Dyraop er að austan. Um 5 m vestan við hana er regluleg dæld, e.t.v. ógreinileg tóft (7 X 3 m). 12 m vestar er hólbunga sem gæti verið af tóftum en ekki sjást þær glögg. 5 m vestar eru leifar af byggingu.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,6

SM-050:018 heimild um leið 65°06.073N 14°44.139V
"Næst Fljóti, innan við Ormsstaðavík innri, er klettur, sem heitir Ormsstaðaklettur (venjulega nefnt Klif). [...]. Innan við Klifið tekur við svæði, sem heitir Gatnaskógur." segir í örnefnalýsingu. Þjóðvegurinn liggur á þeim stað er göturnar voru. Rétt áður en komið er að Hallormsstað liggur vegurinn upp brekku og sést þar fyrir götunni. Mótar fyrir reiðgötum í brekkunni.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,7

SM-050:021 heimild um áfangastað 65°06.145N 14°43.938V
"Í Gatnaskógi eru uppsprettulindir, sem heita Vínlækir, þar er talið að hafi verið áningarstaður." segir í örnefnalýsingu. Uppsprettulindin var við leiðina sem enn er á svipuðum stað. Skógi vaxnar brekkur. Mæling tekin við veginn eða um 400 m sunnan Ormsstaða.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,8

SM-050:030 *Barnahellir* heimild um leikvöll 65°06.056N 14°44.410V
"Framan og neðan við Sandskeið er Kvíabali, óvíst hvar hann er, því að þetta svæði er vaxið þéttum skógi. Þar niður af er hellisskúti við Fljótið, sem heitir Barnahellir, þar var leiksvæði barna." segir í örnefnalýsingu. Hellisskútinn hefur verið ofan við víkina milli Þurshöfða og Ferjutanga. Í fjörunni og ofar hennar er enginn hellir en þar ofan við tekur við fremur bratt svæði sem er á kafi í trjám. Enginn almennilegur hellir er í skóginum en lítil skúti eða klettaveggur er á svæðinu miðju og verður líklegast að teljast umræddur Barnahellir þó ekki sé um mikinn helli að ræða. Skútinn er ofan við fjöru og líklega 30-40 m ofan við fljótið, fremur sunnar en fyrir miðri vík. Skógi vaxið svæði og umhverfis hellisskútan er burkni og nokkuð mosavaxið. Hellisskútinn er í raun bara klettabelti sem skjagar út og myndar þannig skjól eða skúta.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,10

SM-050:031 *Ferjutangi* örnefni ferja 65°06.077N 14°44.546V
"Framan og neðan við Sandskeið er Kvíabali, óvíst hvar hann er, því að þetta svæði er vaxið þéttum skógi. Þar niður af er hellisskúti við Fljótið, sem heitir Barnahellir, þar var leiksvæði barna. Þar fyrir innan er Ferjutangi." segir í örnefnalýsingu. Ferjutangi er klettatangi sem gengur út í Lagarfljót. Er mitt á milli lækjar sem rennur út í Fljótið (sunnan) og Þurshöfða (að norðan). Ferjuhöfði er klettatangi en á honum er mosagróður, lágvaxið gras og lyng og ein birkihrísla. Tanginn er um 12 m á lengd en um 5 m á breidd. Hann stendur um 2,5 m upp úr fljótinu. Engin ummerki um ferju-umferð eru nú merkjanleg.
Heimildir: Ö-Hallormsstaður.a.,10

SM-050:053 *Lambaból* heimild um tóft 65°05.808N 14°45.065V
Þar sem leiðir heitir Lambaból, norðvestur af athafnasvæði skógræktarmanna og vestan við göngustíg sem liggur frá Atlavík og að vegslóða er liggur frá Þjóðveg að fljóti. Á þessu svæði man heimildamaður eftir tættum, líklega af útihúsi en svæðið er nú komið á kaf í gróður og ekki tókst að finna tættarnar. Skógur, allþéttur, hátt gras og annar gróður. Torfvelt var að greina tóftir.

SM-050:054 tóft tóft 65°05.044N 14°47.559V
Um 500 m sunnan við afleggjara upp að Sólheimum er, neðan við veg, skógarsvæði sem sker sig úr birkiskóginum allt í kring. Á þessu svæði er eingöngu lerki. Inn í skóglundinum voru eitt sinn greinilegar tóftir og enn má sjá merki þeirra fremur sunnarlega á blettinum og um 20 m ofan við fljót. Um 5 m sunnan við tóftina hefur greinileggur árfarvegur runnið í gegn sem nú er uppþornaður. Botn lækjarins er grjóthella og hefur e.k. brú

verið gerð yfir hann hjá tóftinni, þ.e. nokkrum steinum hefur verið raðað þannig að auðvelt hefur verið að stika yfir lækinn.

Tóftin virðist vera um 5 X 3 m að stærð og op hefur verið á vesturvegg hennar. Veggir hafa verið um 0,3 m á hæð en tóftin er nú all-ógreinileg enda mjög þéttur skógur allt í kring og ofan í tóftinni.